












# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**7. janúar 2012**
6. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí – september 2011




**Ekki í mér að látast**
*Valgeir Guðjónsson fagnar sextugsafmælinu en segir sjötugsaldurinn víðsfjarri.*
**tónlist 22**

**Sest í leikstjórastólinn**
*Valdimar Örn Flygering kafar í karlmannssálina*
**leikhús 56**



**Vixen, Keva og Sith**
*Fyrstu netpóstföng fólks hafa haft ýmsar afleiðingar.*
**tækni 36**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Heilsa | Allt | Allt atvinna






**HORFT YFIR ÚLFLJÓTSVATN** Ástríðuljósmyndarinn Olgeir Andrésson beið í nokkra klukkutíma eftir réttu birtunni og stemningunni áður en hann náði þessari fallegu mynd við Úlfljótsvatn á dögunum. Biðin borgaði sig, en Olgeir bar sigur úr býtum í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis, þar sem þemað var vetrarríkið. Á myndinni má sjá Úlfljótsvatnskirkju og Búrfell í fjarska í vetrarskrúða. **Sjá síðu 24** MYND/OLGEIR ANDRÉSSON

# LÍ vill byggja í miðborginni

**Landsbankinn ætlar að reisa nýjar höfuðstöðvar fyrir árið 2015, samkvæmt áætlunum bankans. Vilji er fyrir því að þær rísi í miðborginni. Bankinn telur hagsmuni sína og borgarinnar fara saman í málinu.**

**SKIPULAGSMÁL** Í áætlunum Landsbankans kemur fram að reisa eigi nýjar höfuðstöðvar hans fyrir árið 2015. Vilji bankans er að þær rísi í miðborg Reykjavíkur. Þetta kemur fram í umsögn Landsbankans um atvinnustefnu Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í borgarráði á fimmtudag.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir verkefnið enn vera á hugmyndastigi. „Bankinn er með starfsemi í fjórtán byggingum í miðborginni. Margt af því húsnæði er mjög óhentugt. Það hefur legið fyrir í áratugi að Landsbankinn, hvort sem hann hefur verið ríkis- eða einkabanki, myndi hugsa sér til hreyfings og koma starfseminni undir eitt þak.“

Í umsögninni segir að Landsbankinn leggi „mikla áherslu á að bankinn eigi kost á því að halda höfuðstöðvum bankans í miðborginni“ og að hann telji að hagsmunir borgarinnar og bankans fari saman í því máli. Þar kemur einnig fram að verði hugmyndin að veruleika muni Landsbankinn „standa fyrir mjög mannaflsfrekum aðgerðum og samtímis skapa ákjósanlegar aðstæður í miðborginni til að byggja upp aðstöðu fyrir margvíslega aðra starfsemi þegar bankinn flytur sig um set“.

Fyrir bankahrun voru uppi áform hjá Landsbankanum að byggja upp nýjar höfuðstöðvar á tveimur af þeim byggingareitum sem tilheyra sömu lóð og ráðstefnu- og tónlistarhúsið Harpa stendur á. Umræddir reitir voru á þeim tíma í eigu Landsbankans en ríkið og Reykjavíkurborg eignuðust þá eftir að bankinn fór í þrot.

Að sögn Kristjáns kemur allt eins til greina að horfa til þeirrar lóðar, gangi áformin eftir. Hann segir hins vegar engar viðræður hafa farið fram við borgaryfirvöld um lóðamál. **- þsj**









## SPURNING DAGSINS



*Sigtryggur, ert þú ekki með sérþekkingu á meiki?*

„Jú, ég er einmitt með meikdolluna í vasanum."

Sigtryggur Baldursson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri ÚTÓN, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Hlutverk ÚTÓN er að markaðssetja íslenska tónlist erlendis.

Forstjóri Skeljungs segir það mistök að greina ekki fyrr frá miklu kadmíum í áburði:

# Átti að tala við bændur strax í júní

**LANDBÚNAÐUR** Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, segir í svari til Fréttablaðsins að greina hefði átt bændum og öðrum kaupendum áburðar frá því fyrr að kadmíum innihald vörunnar væri of hátt.

Fréttablaðið spurði af hverju Skeljungur ákvað að selja áburðinn þó fyrir lægi að hann uppfyllti ekki reglugerðir og af hverju ekki var greint frá því strax hvers kyns var.

Einar segir að þrír tímapunktar hafi gefist til að Skeljungur útskýrði fyrir viðskiptavinum hvernig í málinu lá. „Í fyrsta lagi í lok maí, þegar vísbendingar berast um að ekki sé allt með felldu. Næst, í júní, þegar staðfesting fæst á kadmíuminnihaldinu, og loks í desember, þegar Matvælastofnun hafði lokið sinni vinnu.



EINAR ÖRN ÓLAFSSON

Í byrjun var margt enn óljóst í málinu, og þegar við það bætist að málið var ekki talið það alvarlegt að Skeljungi væri gert af yfirvöldum að grípa til aðgerða, þá tel ég að óráðlegt hefði verið að aðhafast þá strax. Eftir á að hyggja tel ég það hins vegar mistök af hálfu Skeljungs að hafa ekki strax í júní komið skilaboðum um hvers kyns var, til viðskiptavina félagsins."

Aðspurður um hvort bótakrafa hafi borist frá viðskiptavinum Skeljungs segir Einar ekki svo vera en komi fram bótakröfur með rökstuddri greiningu á tjóni, hljóti Skeljungur að bregðast vel við. „Sem betur fer fyrir Skeljung, en ekki síst bændur og alla landsmenn, þá teljum við afar litlar líkur á tjóni," segir Einar. - shá

Konur undirbúa málsókn:

# Skoða aðkomu ríkis að sílíkoni

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráðuneytið íhugar að tryggja íslenskum konum með PIP sílíkonpúða brjóstaskoðun og að greiða fyrir aðgerðir þar sem púðarnir verði fjarlægðir.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær, þar sem rætt var við Guðbjart Hannesson velferðarráðherra. Mótaðar tillögur um viðbrögð verða kynntar eftir helgi. Hópur íslenskra kvenna hefur falið lögfræðingi að undirbúa málsókn á hendur lýtalækninum sem helst notaði púðana. - þeb



**Í ALMANNAGJÁ** Sprungan á Kárastaðastíg hefur stækkað mikið frá því að hún kom í ljós.

Sundurlyndi í Þingvallanefnd:

# Samkeppni um lokun hyldýpis

**ÞJÓÐGARÐAR** Þingvallanefnd hefur efnt til samkeppni um gerð og hönnun öruggrar gönguleiðar um Kárastaðastíg þar sem djúp gjóta opnaðist í stíginn ofan í Almannagjá í fyrra.

„Gjótan sem opnaðist í stígnum vorið 2011 kom öllum mjög á óvart, enda er hún allt að tíu metrar á dýpt og nokkrir tugir metra á lengd," segir í tilkynningu um samkeppnina sem haldin er í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Fram kemur að ekki sé einhugur í Þingvallanefnd um frágang gjótunnar. „Vonast er til að samkeppnin leiði fram einfalda og snjalla lausn á gerð gönguleiðarinnar." - gar

Atvinnublað í miðju blaðsins:

# Metfjöldi auglýsinga um atvinnu

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnublaðið í miðju Fréttablaðsins í dag er það langstærsta frá því fyrir hrun. Ekki er víst að jafnstórt blað hafi heldur komið út fyrir árið 2008.

Blaðið er 32 síður í dag, og segja umsjónarmenn blaðsins það greinilega merki um jákvæða þróun í atvinnumálum. Margs konar fyrirtæki og stofnanir auglýsi eftir starfsfólki nú, en oft sé meira um auglýsingar af þessu tagi eftir áramót en á öðrum tímum. - þeb / sjá miðju blaðsins

# 25 heimili yfirgefin í fyrra vegna svepps

**Að minnsta kosti 25 heimili voru yfirgefin í lengri eða skemmri tíma á síðasta ári vegna myglusvepps. Ráðgjafafyrirtæki fær allt að 20 fyrirspurnir á viku. Nauðsynlegt að skoða málið betur ef tölur eru réttar, segir Umhverfisstofnun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á síðasta ári þurftu 25 fjölskyldur og einstaklingar að yfirgefa heimili sín í lengri eða skemmri tíma, og sumir fluttu alfarið burt, vegna myglusvepps. „Og það gerir enginn nema tilneyddur," segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur og stofnandi fyrirtækisins Hús og heilsa, sem sérhæfir sig í rannsóknum á húsnæði vegna raka og þeirra lífvera sem þrífast þar.

Sylgju er kunnugt um þessi 25 tilfelli og tekur fram að þau geti vitaskuld verið mun fleiri án þess að þau hafi komið inn á borð til hennar. Hún segist fá allt upp í 20 fyrirspurnir á viku vegna myglusvepps í húsum.



SYLGJA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR

Nauðsynlegt sé þó að hafa í huga að í flestum tilfellum er hægt að leysa vandann á einfaldan hátt með réttum aðferðum. Mikilvægast er að fyrirbyggja raka í húsnæðinu áður en myglan myndast.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að talið er að allt að 50 þúsund hús, eða um 20 til 30 prósent allra húsa á Íslandi, séu sýkt.

„Það kemur mér ekkert á óvart," segir Sylgja, og bætir við að þótt ekki séu til neinar íslenskar rannsóknir um hlutfall sýktra húsa, geti það þó verið hærra hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin, sé litið til evrópskra sjálfsmatsrannsókna, sem sýna yfirleitt mun lægra hlutfall á raka í húsum en það er í raun.



**MYGLA** Fyrirtæki sem sérhæfir sig í myglusvepp í húsum hér á landi fær allt að 20 fyrirspurnir á viku frá íbúum.

Fyrirtæki Sylgju var stofnað vegna þess að hún og fjölskylda hennar lentu sjálf í því að búa í húsnæði með myglusvepp fyrir sjö árum. Myglan hafði áhrif á heilsufar hennar sjálfrar og fjölskyldu hennar og eru þau enn að kljást við afleiðingarnar.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Hannes Petersen yfirlæknir að ekki væri hægt að sanna með óyggjandi hætti að mygla í húsum hafi áhrif á heilsu. Sylgja bendir á að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) telji að faraldsfræðirannsóknir hafi með óyggjandi hætti sýnt fram á tengsl séu á milli myglusvepps í húsum og heilsufars, en orsakasambandið sé ekki þekkt.

Fjöldi húsa á Íslandi kom Katrínu Hilmarsdóttur, sérfræðingi á sviði hollustuhátta hjá Umhverfisstofnun, þó verulega á óvart.

„Þetta er stór tala og ef satt reynist þá þarf virkilega að skoða þetta betur," segir hún. Umhverfisstofnun gefur út viðmiðanir um inniloft í öllu húsnæði samkvæmt WHO.

Heilbrigðiseftirlit landsins komi að eftirliti og öðru, sé þess óskað. Katrín segir alltaf eitthvað um að fólk hringi og biðji um ráð.

sunna@frettabladid.is

# Sigurður Bjarnason látinn

Sigurður Bjarnason frá Vigur, fyrrverandi alþingismaður, sendiherra og ritstjóri Morgunblaðsins, er látinn, 96 ára að aldri. Hann lést í Reykjavík á fimmtudag.



Sigurður var fæddur 18. desember 1915. Hann var lögfræðingur að mennt. Hann var alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn um árabil og starfaði lengi sem sendiherra. Hann var einnig blaðamaður og ritstjóri, lengst af á Morgunblaðinu.

Sigurður lætur eftir sig eiginkonu, Ólöfu Pálsdóttur myndhöggvara. Þau eignuðust tvö börn, Hildi Helgu og Ólaf Pál.

Fyrsti áfangi nýs spítala:

# Víðtækar umferðarráðstafanir óþarfar

**SKIPULAGSMÁL** Fyrsti áfangi nýja Landspítalans sem fyrirhugað er að taka í notkun 2017 er ekki það stór að gera þurfi víðtækar ráðstafanir í gatnakerfinu hans vegna. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt skýrslunni mun fyrsti áfanginn leiða af sér aukna umferð sem nemur um 4.000 bílum á sólarhring að og frá götum við spítalann. Til lengri tíma litið gerir aðalskipulag Reykjavíkur ráð fyrir Öskjuhlíðargöngum og stokk á Miklubraut. Björn Zoëga, forstjóri LSH, og Jóhannes M. Gunnarsson verkefnisstjóri skrifa grein um málið í blaðið í dag. - ibs / sjá síðu 13


## Viltu léttast og líða betur?

**Heilsulausn - Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, ofþyngd, hjartasjúkdóma og /eða sykursýki. Sér hópur fyrir 16-25 ára.**

**Kynningarfundur þri. 10. jan kl. 19.**
**Allir velkomnir**
**Ný námskeið hefjast 16. janúar**

Skráðu þig núna
í síma 560 1010 eða á
mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is


Sex hross drápust á bænum Eystra-Fróðholti í Landeyjum:

# Grunur um heiftarlega hræeitrun

**DÝRAHALD** Sex hross drápust á bænum Eystra-Fróðholti í Landeyjum í fyrradag. Þetta voru fjögur folöld, ung hryssa og önnur eldri, allt vel ættaðir gripir. Getgátur eru um að dauði hrossanna stafi af svæsinni hræeitrun.

Ársæll Jónsson, bóndi á Eystra-Fróðholti, fór með eitt hrossið að Keldum þar sem það verður krufið og rannsakað. Niðurstöður eiga að liggja fyrir eftir viku til hálfan mánuð.

„Ef smádýr, svo sem fugl eða mús, liggja dauð í heyrúllu getur myndast rosaleg eitrun, að því er dýralæknir hefur tjáð mér," segir Ársæll. Hann hafði nýverið gefið 30 hrossum tvær heyrúllur og telur ýmislegt benda til að eitthvað af heyinu hafi ekki verið í lagi.

„Ég sá að hrossin sex voru orðin veik og ætlaði að reyna að koma þeim heim undir læknishendur, en þau drápust á leiðinni. Það er oft erfitt að bjarga hrossum ef þau verða veik á annað borð."



**EITRUN** Hræeitrun getur oðið í heyi ef dautt smádýr er í því þegar það er verkað.
MYND ÚR SAFNI.

Ársæll kveðst hafa tekið heyið strax frá hrossunum, þar sem hann hafi grunað að í því leyndist eitrun. Hann var að koma frá því að gefa hrossunum, sem eftir lifðu, þegar Fréttablaðinu ræddi við hann í gær og kvað hann þau hafa verið spræk og einkennalaus. „Ég verð bjartsýnni með hverjum deginum sem líður og allt virðist með eðlilegum hætti," segir Ársæll. - jss


Kringlan
Opið 10-18 í dag
ÚTSALA
115 verslanir
Mesta úrvalið
á einum stað
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS

**GENGIÐ 06.01.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,32 | 123,9 |
| Sterlingspund | 191,07 | 191,99 |
| Evra | 157,78 | 158,66 |
| Dönsk króna | 21,218 | 21,342 |
| Norsk króna | 20,539 | 20,659 |
| Sænsk króna | 17,85 | 17,954 |
| Japanskt jen | 1,5987 | 1,6081 |
| SDR | 188,61 | 189,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,7061

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bíður dóms fyrir ætlaða sölu læknadóps í verslun sinni við Rauðarárstíg:

# Júlli búinn að opna Drauminn

**FÓLK** Júlíus Þorbergsson, kaupmaður í Draumnum við Rauðarárstíg, hefur opnað verslun sína á nýjan leik. Hún hefur verið lokuð í eitt og hálft ár, síðan lögregla gerði húsleit þar og innsiglaði hana sumarið 2010.

„Ég er búinn að vera hérna í nokkra daga, opnaði fyrir áramót," segir Júlíus. „Það er ekki nóg að gera, en það er reytingur. Fólk er komið aftur og það er ánægt að sjá mig."

Júlíus bíður nú dóms í málinu sem leiddi af húsleitinni sumarið 2010. Í Draumnum, á heimili hans og víðar fundust um þúsund töflur af lyfseðilsskyldum lyfjum, lítilræði af kókaíni og mikið magn af munn- og neftóbaki og var honum gefið að sök að hafa ætlað að selja það allt í Draumnum. Tveir konur báru vitni um að hafa keypt þar læknadóp.

Aðalmeðferð málsins lauk fyrir jól. Júlíus hefur frá upphafi neitað sök. Hann hafi aðeins geymt læknadópið fyrir vinkonu sína og aldrei selt nokkuð af því í Draumnum.

Lögreglan taldi sig ekki geta haldið versluninni lokaðri eftir útgáfu ákæru og tilkynnti Júlíusi um það síðla sumars. Hann hóf þá strax að undirbúa opnun búðarinnar á ný. **- sh**



**FYRIR DÓMI** Júlíus mætti til eigin réttarhalda í Héraðsdómi Reykjavíkur í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rannsókn á meintri nauðgun:

## Málið sent til ákærusviðs

**DÓMSMÁL** Rannsókn kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á meintri nauðgun, þar sem átján ára stúlka kærði Egil Einarsson og unnustu hans, lauk í gær. Málið hefur verið sent til ákærusviðs lögreglu höfuðborgarsvæðisins, sem tekur ákvörðun um framhald þess.

Nauðgunin er sögð hafa átt sér stað á heimili Egils aðfaranótt föstudagsins 25. nóvember, eftir gleðskap sem fólkið hafði sótt. Málið var kært til lögreglu 1. desember. **- jss**

# Náttúrufræðingar krefjast allt að þrefalt hærri launa

**Félag íslenskra náttúrufræðinga vill ekki að félagsmenn sínir taki að sér stundakennslu við háskóla nema launin tvö- til þrefaldist. Rektor HÍ viðurkennir að launin séu mjög lág en segir kröfur félagsins óraunhæfar.**

**MENNTAMÁL** Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur útbúið viðmiðunartaxta fyrir stundakennslu við háskóla og beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna að taka ekki að sér slíka kennslu fyrir lægri laun. Taxtinn er langtum hærri en það kaup sem Háskóli Íslands býður stundakennurum, svo munar allt að 182 prósentum.

„Það sem Háskólinn er að bjóða er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Það eru ekki boðleg laun," segir Páll Halldórsson, formaður FÍN, sem er aðildarfélag Bandalags háskólamanna.



PÁLL HALLDÓRSSON



KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR

Páll segir að sérstök lögmál gildi um stundakennslu við háskóla. „Um hana er ekki samið heldur hafa háskólayfirvöld komist upp með að ákvarða taxtann einhliða," segir hann.

Tilmælin séu sprottin af áhuga félagsmanna. „Þeir eru farnir eru að leita til okkar og spyrja hvort þetta séu eðlileg laun og við getum ekki sagt þeim að svo sé."

Þess vegna hafi félagið ákveðið að finna út viðmiðunartaxtann, en hann byggir á grunni stofnanasamnings FÍN við Háskóla Íslands.

„Við höfum í sjálfu sér ekkert vald í þessu efni en við getum bent á hvað okkur þykir eðlilegt. Við værum alveg tilbúin að ræða við Háskólann og reyna að semja við hann um eitthvað, en þar hafa menn tekið því þannig að þeir hafi í raun alræðisvald í þessu máli."

Hann segir að fyrir utan að með þessu sé gengið á rétt stundakennaranna sjálfra hafi aðildarfélög BHM lengi litið á þetta fyrirkomulag sem hrein undirboð. „Það er verið að reka Háskólann að verulegu leyti á ódýrri stundakennslu og þannig kemst háskólinn upp með að vera með mun færri fasta kennara. Þetta gengur bara ekki."

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, viðurkennir að greiðslur til stundakennara, sem taka mið af dagvinnulaunum lektora, séu vissulega mjög lágar. „Og við vonumst til að geta bætt úr því um leið og svigrúm myndast." Það sé hins vegar ekki hægt núna.

„Því miður eru þessir taxtar FÍN óraunhæfir og útilokað fyrir okkur að bjóða stundakennslu á þessum taxta í núverandi árferði," segir Kristín en leggur þó áherslu á að starfskraftar stundakennara séu afar dýrmætir.

Nú sinni hins vegar um 2.000 manns stundakennslu við skólann og ef þeir fengju allir greitt samkvæmt viðmiðunartaxta FÍN þýddi það 400 milljóna kostnaðaraukningu fyrir háskólann á ári.

Spurð hvort hún óttist ekki að félagsmenn FÍN fari að tilmælunum segir hún að það verði einfaldlega að láta reyna.

stigur@frettabladid.is



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Stundakennarar eru lausráðnir starfsmenn, ráðnir til starfa í upphafi hvers kennslumisseris til að kenna stök námskeið eða hluta af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**111 til 182 prósenta munur á launum og kröfum**

| Menntun stundakennara | Tímakaup HÍ | Kröfur FÍN | Munur |
|---|---|---|---|
| Nemi | 1.013 krónur | 2.853 krónur | 182% |
| BA- eða BS-próf | 1.513 krónur | 3.187 krónur | 111% |
| Meistarapróf | 1.655 krónur | 3.717 krónur | 125% |
| Doktorspróf | 1.812 krónur | 4.103 krónur | 126% |



**BJÖRT FRAMTÍÐ** Heiða Kristín Helgadóttir og Guðmundur Steingrímsson tilkynntu stofnun félags áhugafólks um bjarta framtíð fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýr stjórnmálaflokkur:

## Fékk nafnið Björt framtíð

**STJÓRNMÁL** Nýr stjórnmálaflokkur Guðmundar Steingrímssonar og Besta flokksins hefur fengið nafnið Björt framtíð – BF. Þetta var tilkynnt í gær.

Aðstandendur flokksins efndu til nafnasamkeppni og sendu tæplega tvö þúsund manns inn tillögur. Sex sendu inn tillöguna sem varð fyrir valinu.

Í tilkynningu frá flokknum segir að nafnið nái vel utan um markmið hins nýja flokks. Næst á dagskránni sé að halda formlegan stofnfund flokksins. Að honum loknum hefst málefnavinna. **- þeb**

**LEIÐRÉTTING**

**Framleitt úr áli á Íslandi**

Vegna fréttar í blaðinu um gær um framleiðslu á vörum úr áli skal tekið fram að tvö fyrirtæki hérlendis framleiða ýmsar vörur úr unnu og innfluttu áli. Ekki er þó smíðað úr hrááli sem framleitt er hér. Fyrirtækin tvö eru Járnsteypan og Málmsteypan Hella.

**HALDIÐ TIL HAGA**

Forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda heitir Huld Magnúsdóttir.




Hefst 9. janúar

Bakleikfimi

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar

í sundlaug Hrafnistu við Laugarás.

Með sambaívafi í Heilsuborg og Sporthúsinu.

Innritun í síma 897 2896

www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN


**VEÐURSPÁ**



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**UMHLEYPINGAR**

Í dag verður hægviðri og léttir til er líður á daginn, einkum S-til. Seint í kvöld kemur lægð upp að SV-ströndinni með vaxandi SA-átt. Á morgun má búast við töluverði rigningu S-til í fyrstu, síðan skúrum. Á mánudag kólnar á ný.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 9° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -3° |
| París | 7° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Brynja Gunnarsdóttir brynjag@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI

# HYUNDAI VANN TOYOTA

GÆÐAKÖNNUN AUTOBILD 2011
1
HYUNDAI

## ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ Í GÆÐAKÖNNUN AUTOBILD!




| Rang | Hersteller | Note (1-5)* |
|---|---|---|
| 1. | Hyundai | 2,43 |
| | Honda | 2,50 |
| 2. | Mazda | 2,50 |
| | Toyota | 2,50 |
| 5. | Skoda | 2,57 |
| | Audi | 2,71 |
| 6. | BMW | 2,71 |
| | Mercedes | 2,71 |
| 9. | Mitsubishi | 2,80 |
| | Seat | 2,83 |
| 10. | Suzuki | 2,83 |
| 12. | VW | 2,86 |
| 13. | Nissan | 3,00 |
| | Ford | 3,14 |
| 14. | Kia | 3,14 |
| | | 3,16 |
| | | 3,29 |

### GÆÐAKÖNNUN AUTOBILD OG TÜV

Annað árið í röð fær Hyundai bestu útkomu allra bílaframleiðenda sem prófaðir voru í gæðakönnun þýska tímaritsins AutoBild. Góður árangur í könnuninni er sérlega eftirsóttur því hún byggir nefnilega ekki eingöngu á mati sérfræðinga heldur áliti 8610 þýskra bifreiðaeigenda sem prófa og skila niðurstöðum um það sem miður fer í bílum á öllum aldri.

Auto Bild QUALITÄTS REPORT 2011




i30 dísil kostar frá 3.290.000 kr.

Fjórhjóladrifinn ix35 dísil kostar frá 5.590.000 kr.



**INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000**

ENNEMM / SÍA / NM49656

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að fylgjast með íslenska karlalandsliðinu á EM í handbolta?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 64,4% |
| NEI | 35,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Grunar þig að heimili þitt sé sýkt af sveppum?*

vísir

Landhelgisgæslan hefur gert 5.000 tundurdufl óvirk síðustu áratugina:

# Tundurdufli eytt á Héraðssandi

**ÖRYGGISMÁL** Tundurdufli var eytt á Héraðssandi á Austurlandi á miðvikudagskvöld af sprengjusveit Landhelgisgæslunnar. Gæslan hefur gert um fimm þúsund tundurdufl óvirk af þeim rúmlega 100 þúsund sem Bretar lögðu úti fyrir Austfjörðum í seinni heimsstyrjöldinni.

Tundurdufl fannst við Selfljótsós á sunnanverðum Héraðssandi á miðvikudag og fékk sprengjusveit Gæslunnar sendar myndir sem staðfestu að um var að ræða dufl frá seinni heimsstyrjöldinni. Talið var nauðsynlegt að fara á staðinn til að eyða því.

Í duflinu reyndist vera virkt sprengiefni og var það sprengt á staðnum með dínamíti og plastsprengiefni. Ekki sáust fleiri dufl í sandinum að þessu sinni.

Að sögn sprengjusérfræðinga geta tundurdufl varðveist vel í sandi ef þau eru alveg grafin niður en koma upp á yfirborðið við breytingar í sandinum – eins geta þau horfið skyndilega. Mikilvægt er fyrir sprengjusérfræðinga að vera fljótir á vettvang eftir að tilkynning um dufl hefur borist til þeirra. Best er að hafa samband við 112, segir í frétt frá LHG. **- shá**



**DUFL Á HÉRAÐSSANDI** Sprengjusérfræðingur kannar hér innihald duflsins. Héraðsflóinn breiðir úr sér að baki hans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR ÁSGRÍMSSON

Rúmlega þrítugur ákærður:

# Stal búnaði og hangikjötslæri

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir þjófnaði og fjársvik.

Manninum er gefið að sök að hafa stolið upptökuvélum, spjaldtölvu og hangikjötslæri úr þremur verslunum. Samtals var þýfið að verðmæti um 275 þúsund krónur. Þá stal maðurinn greiðslukorti. Með því verslaði hann í níu verslunum fyrir tæpar 70 þúsund krónur. Gerðar eru kröfur á manninn fyrir hönd þriggja af þeim verslunum sem hann stal vörum úr. **- jss**






# Grunaðir eru alls ekki allir ákærðir

**Réttarstaða sakbornings þýðir ekki að viðkomandi hafi framið glæp. Í Exetermálinu voru þrír ákærðir af tólf með þá réttarstöðu. Staðan veitir mönnum aukin réttindi og sérstakur saksóknari segir hana ekki notaða óhóflega.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað þýðir það að hafa réttarstöðu sakbornings í rannsóknum sérstaks saksóknara?

Fleiri en hundrað einstaklingar hafa réttarstöðu sakbornings í rannsóknum sérstaks saksóknara á málum tengdum bankahruninu. Sumir þeirra eru grunaðir í fleiri málum en einu.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum var Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, sem var yfirmaður hjá Kaupþingi fyrir hrun og hefur nú réttarstöðu sakbornings, nýverið ráðinn framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar.

Stjórnarformaður Atvinnuþróunarfélagsins hefur sagt að Þorvaldur Lúðvík sé saklaus uns sekt er sönnuð eins og aðrir og því sé ekkert athugavert við ráðninguna.

Alþingismenn hafa nokkrum sinnum beint þeirri fyrirspurn til sérstaks saksóknara hversu margir hafa réttarstöðu sakbornings í rannsóknum hans. Síðasta svar barst í mars í fyrra og var talan þá 216.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir þá tölu ekki segja alla söguna, því þá séu þeir margtaldir sem komi við sögu í fleiri málum en einu. Sé hver einstaklingur einungis talinn einu sinni lækki talan um rúmlega helming. Engu að síður hafi sakborningum fjölgað verulega síðan þá, einkum í síðustu rassíu tengdri Glitni í lok árs.

Embættinu hefur gjarnan verið borið á brýn að stimpla menn sakborninga af litlu tilefni. Þetta segir Ólafur Þór ekki standast skoðun.

„Það er látið með þetta úti í samfélaginu eins og við séum að skreyta menn með þessu að óþörfu, en við teljum að við séum bara að fylgja lögunum,“ segir hann. „Við erum algjörlega meðvituð um að það sé þungbært að vera í þeirri stöðu að vera sakborningur en við sjáum ekki annað en að lögin setji okkur ákveðnar leikreglur í þeim efnum.“

Hann bendir á að lög kveði á um að þeir skuli fá réttarstöðu sakbornings sem viss grunur sé um að hafi átt aðild að refsiverðri háttsemi. Ekki þurfi að vera uppi rökstuddur grunur um að þeir hafi sjálfir gerst sekir um afbrot. Þetta sé skýrt í lögum.

„Í okkar málum erum við oft með fjármálagerninga sem ganga gjarnan á milli mjög margra manna innan fjármálastofnunar áður en þeir eru á endanum afgreiddir, þannig að það eru mjög margir sem eiga aðild að verknaðinum með einhverjum hætti,“ segir hann.

Alls ekki allir grunaðir eru á endanum ákærðir fyrir afbrot. Ólafur bendir á svokallað Exetermál, þar sem tólf höfðu réttarstöðu sakbornings við lok rannsóknar en einungis þrír voru ákærðir.

Enn fremur segir Ólafur að réttarstaða sakbornings færi mönnum aukin réttindi við skýrslutökur. „Þeir þurfa þá ekki að fella sök á sjálfa sig með framburði, þeim er ekki gerð refsing þó að þeir beri rangt og eiga rétt á að hafa viðstadda verjendur,“ segir hann. **stigur@frettabladid.is**



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Ólafur Þór Hauksson vísar því á bug að embætti hans skreyti menn með sakborningsstimpli að óþörfu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON**


FAAS

**FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund fimmtudaginn 12. janúar nk. Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn í Mörk – hjúkrunarheimili, Suðurlandsbraut 66, 108 Reykjavík**

**Dagskrá:**

- Fréttir af starfi FAAS: Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður.
- Kynning á hjúkrunarheimilinu: Ragnhildur G. Hjartardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar
- Magnús Jóhannsson, sálfræðingur heldur erindi sem hann nefnir: *Væg vitræn skerðing: hvar liggja mörkin milli eðlilegs minnistaps og byrjandi heilabilunar?*
- Umræður og fyrirspurnir

Mörk – hjúkrunarheimili býður fundargestum kaffiveitingar. Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta. Allir eru velkomnir.

Bestu kveðjur
Stjórn FAAS


Ný íslensk heilbrigðisrannsókn á nýrnafrumukrabbameini vekur heimsathygli:

# Batahorfur mun betri en áður

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurstöður íslenskrar rannsóknar um bættar horfur sjúklinga með nýrnafrumukrabbamein hafa vakið heimsathygli.

Læknar við Læknadeild Háskóla Íslands og skurðdeild Landspítala birtu grein í gær í einu virtasta vísindariti innan þvagfæraskurðlækninga, Journal of Urology. Þá var hún forsíðufrétt í blaðinu Renal & Urology News.

Þar er bent á að rúmlega helmingur nýrnafrumukrabbameina á Íslandi greinist nú fyrir tilviljun, en 1971 var hlutfallið um 11 prósent. Þessi þróun hefur leitt til þess að horfur sjúklinga með nýrnafrumukrabbamein hafa vænkast umtalsvert hér á landi. Í tilkynningu um málið segir að ástæðan fyrir þessari hröðu aukningu tilviljanagreininga er útbreidd notkun tölvusneiðmynda og ómskoðanir.

„Hér á landi er aðgengi sjúklinga að þess konar rannsóknum óvenjugott, bæði á sjúkrahúsum og einkareknum læknastofum,“ segir í tilkynningunni.

Nýrnafrumukrabbamein er langalgengasta illkynja æxlið sem greinist í nýrum en hér á landi greinast hátt í 30 einstaklingar árlega með sjúkdóminn. Nýrnafrumukrabbamein er óvíða algengara í heiminum en hér á landi og er ástæðan fyrir því óþekkt. **- sv**



**AÐGERÐ** Nýrnafrumukrabbamein er óvíða í heiminum eins algengt og hér á landi.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

vísir

# LEIKFANGA ÚTSALA





# 30%-70%

## afsláttur af völdum leikföngum


OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Sannginisbætur
## Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:
**heimavistarskólanum að Jaðri**

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á vistheimilinu Silungapolli á vegum barnaverndar Reykjavíkur einhvern tíma á árabilinu 1950-1969 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 20 apríl 2012. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila..

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. apríl 2012 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Hverfisgötu 4a-6a, þriðju hæð, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045. Veffang er www.tengilidur.is.

Siglufirði 6. janúar 2012
**Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður**

Spænsk stjórnvöld hugðust hindra breytingar á fiskveiðistefnu ESB:

# Vildu ekki banna brottkast fisks

**SPÁNN** Rodriguez Zapatero, fyrrverandi forsætisráðherra Spánar, vildi koma í veg fyrir að fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistefnu Evrópusambandsins fælu í sér bann við brottkasti fisks.

Þetta fullyrðir breska dagblaðið Guardian, sem hefur undir höndum leyniskjal frá spænsku stjórninni sem dagsett er 2. nóvember. Stjórnin missti reyndar völdin í þingkosningum fáeinum vikum síðar, 20. nóvember.

Spánn er helsta fiskveiðiþjóð Evrópusambandsins, þannig að andstaða Spánverja við breytingarnar á fiskveiðistefnunni myndu hafa mikið um það að segja hvort af þeim verður.

Í skjalinu segir að algert bann við brottkasti sé ekki raunhæft og þess í stað er lagt til að smám saman verði dregið úr brottkasti.



**MARIA DAMANIKI OG ELENA ESPINOSA** Sjávarútvegsstjóri ESB og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Spánar á fundi í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki er vitað hvort ríkisstjórn hægriflokkanna, sem tók við, hyggst styðja brottkastsbannið.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt áherslu á að brottkast verði bannað. Það sé lykilatriði í því að styrkja fiskstofna aðildarríkjanna. - gb

Synjað um lifrarsjúkdómaskrá:

# Ekki hægt þótt skráin gagnist

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn má ekki reka gagnagrunn um alla sjúklinga með skorpulifur og lifrarsjúkdóm á lokastigi.

Persónuvernd segir að þótt gagnagrunnurinn geti þjónað góðum tilgangi og haft hagrænan og faglegan ávinning þá standist hann ekki persónuverndarlög. Stofnunin geti ekki heimilað gerð gagnagrunna með viðkvæmum persónuupplýsingum til varðveislu á persónugreinanlegu formi til frambúðar. Af dómi Hæstaréttar frá árinu 2003 megi ráða að til rekstur slíkra skráa þurfi lagaheimild.

„Skráin er meðal annars notuð til að fá yfirsýn yfir árangur læknisfræðilegra inngripa og lifrarígræðslna og gæðaeftirlit," sagði í skýringum Landspítalans til Persónuverndar. - gar



**EYÐILEGGING** Sprengjan sprakk fyrir utan lögreglustöð í höfuðborg Sýrlands. NORDICPHOTOS/AFP

# Sjálfsvígsárás í Damaskus

**Önnur sjálfsvígsárásin á tveimur vikum í höfuðborg Sýrlands kostaði á þriðja tug manns lífið. Arababandalagið óttast að allt sé að fara úr böndunum.**

**SÝRLAND, AP** Á þriðja tug manna létu lífið í sprengjuárás á fólksflutningabifreið í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, í gær. Bifreiðin var full af lögreglumönnum, en meðal hinna látnu voru einnig margir almennir borgarar.

Tvær vikur eru síðan tvær svipaðar sprengjuárásir voru gerðar nær samtímis í borginni, og kostuðu þær samtals 44 manns lífið. Eins og þá var sjálfsvígsárásarmaður að verki í gær.

Muhammed Shaar innanríkisráðherra segir að árásarmaðurinn hafi „sprengt sjálfan sig í loft upp með það að markmiði að drepa eins margt fólk og mögulegt var".

Skemmdir urðu einnig á lögreglustöð rétt hjá.

Árásirnar eru til marks um að átökin í landinu hafi harðnað verulega, nú þegar eftirlitsnefnd frá Arababandalaginu er komin til landsins til að kynna sér aðgerðir stjórnarhersins gegn mótmælendum.

„Þetta er það sem við óttumst núna, að ástandið fari úr böndunum og að landið stefni í áttina að átökum eða borgarastyrjöld," segir Ahmed bin Helli, framkvæmdastjóri Arababandalagsins. Hann fordæmir árásina og segir þetta hættulega þróun.

Sameinuðu þjóðirnar fullyrða að aðgerðir stjórnarhersins hafi kostað þúsundir manna lífið síðustu mánuðina. Frá því stuttu fyrir jól hafa hátt í 400 manns látið lífið í átökunum, sem síðustu vikurnar eru farnar að taka æ meir á sig svip hömlulausrar borgarastyrjaldar.

Bashir al-Assad forseti hefur statt og stöðugt haldið því fram að mótmælin, sem hófust snemma á síðasta ári, séu gerð að undirlagi hryðjuverkamanna og erlendra afla.

Ríkisfjölmiðlar segja að Al Kaída beri líklega ábyrgð á sprengjuárásunum fyrir hálfum mánuði og hryðjuverkamenn er sagðir hafa staðið að árásinni í gær, án þess að það hafi verið útskýrt nánar.

Liðhlaupar úr sýrlenska hernum, sem á síðustu vikum hafa gengið til liðs við mótmælendur, þvertaka fyrir að bera ábyrgð á þessum sjálfsvígsárásum.

Átök og óeirðir í landinu hafa til þessa einkum verið utan höfuðborgarinnar Damaskus, þar sem öryggisgæsla hefur verið ströng og stuðningsmenn forsetans fjölmennir í borginni.

gudsteinn@frettabladid.is




Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í heimabönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum eða boðgreiðslur af greiðslukortum.

**Á vef Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur:**

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2012 (eftir 23. jan. nk.) og alla breytingaseðla þar á eftir
- afpantað álagningarseðla og breytingaseðla með pósti
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda til 18. janúar 2012
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-69 ára

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is

# FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT




# NÝTT
# MINNI REYKINGAR
# MEIRA TROPICAL FRUIT

## AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT

**Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins**

Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.
Nicotinell lyfjatyggigúmmí inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínpólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmí er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmí eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

oculis

## Klínísk lyfjarannsókn

Leitað er að þátttakendum í rannsókn á nýjum augndropum. Rannsóknin heitir: „Dorzolamíð augndropar einu sinni á dag“.

Í rannsókninni er skoðuð verkun og öryggi nýrra dorzolamíð augndropa og borið saman við hefðbundna dorzolamíð augndropa. Tilgangur meðferðar er að lækka augnþrýsting.

Leitað er eftir þátttakendum á aldrinum 18 – 80 ára, sem hafa hækkaðan augnþrýsting eða grun um hækkaðan augnþrýsting og eru ekki á glákumeðferð. Tuttugu einstaklingar munu taka þátt í rannsókninni og varir þátttaka í um 4 vikur (með hléum).

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er próf. Einar Stefánsson augnlæknir, augndeild Landspítala. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar og Lyfjastofnunar.

Þeir sem telja sig vera með hækkaðan augnþrýsting og hafa áhuga á þátttöku í þessari rannsókn geta fengið frekari upplýsingar hjá gudrun@ocul.is.

Ekki er greitt fyrir þátttöku í rannsókninni en komið er til móts við þátttakendur hvað varðar óþægindi og ferðakostnað.

Tekið skal fram að þeir sem hafa samband eru með því aðeins að lýsa yfir áhuga sínum á því að fá frekari upplýsingar, ekki að skuldbinda sig til þátttöku. Þeir sem taka þátt í rannsókninni geta hvenær sem er dregið sig út úr rannsókninni án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Ný fjármögnun fyrir sprotafyrirtæki

## Meistaradeild sprotafyrirtækja í Evrópu

10. janúar kl. 8:30-10:30 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök iðnaðarins og Rannís halda opinn kynningarfund um **Eurostars**, áætlun fyrir fyrirtæki í Evrópu sem vinna sjálf að rannsóknum og þróun.

**Fundurinn er opinn öllum** en væntanlegir umsækjendur Eurostars-verkefna og starfsmenn fyrirtækja í Samtökum sprotafyrirtækja eru sérstaklega hvattir til að mæta.

**Dagskrá**

- Umsóknar- og matsferli *Eurostars*
- Vinna alþjóðlegu valnefndarinnar sem metur og forgangsraðar umsóknum
- Eurostarsverkefnið *MicroFeed*
- Eurostarsverkefnið *FIIA-Forensic Image Identifier and Analyzer*
- Þjónusta *Enterprise Europe Network* fyrir sprotafyrirtæki og tækifæri á samstarfi erlendis

Fundarstjóri er *Davíð Lúðvíksson*, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.

Léttur morgunverður í boði.

Nánari upplýsingar og skráningarform er að finna á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands: ***www.nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands rannís SI enterprise europe network eurostars


BYLGJAN 989 25 ÁRA

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

## FRÉTTASKÝRING: Staða ríkisstjórnarinnar



**NÝ RÍKISSTJÓRN** Alþingi kemur saman á ný 16. janúar. Fljótlega eftir það má búast við að vantrauststillaga á ríkisstjórnina verði lög fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Semja um stuðning í einstökum málum

**Stjórnarflokkarnir munu ræða við Hreyfinguna um stuðning í einstökum málum. Ólíklegt er að Samfylkingin haldi aukalandsfund. Nokkrar óánægjuraddir hafa heyrst innan Vinstri grænna. Stefnt að kvótafrumvarpi í vor.**

Alþingi kemur saman á ný 16. janúar. Búast má við því að fljótlega komi fram tillaga um vantraust á ríkisstjórnina, raunar væri fráleitt ef stjórnarandstaðan léti ekki reyna á styrk stjórnarinnar. Stjórnarliðar sem Fréttablaðið ræddi við óttuðust þó ekki slíka tillögu og töldu að stjórnin mundi standa hana af sér.

Ekkert er þó gefið í þeim efnum, þó líklegt verði að teljast að sú verði raunin. Ljóst er að Jón Bjarnason er ekki ánægður með að hafa verið bolað út úr ríkisstjórn, en það að styðja ekki ríkisstjórn gegn vantrausti mundi jafngilda því að segja sig úr Vinstrihreyfingunni – grænu framboði. Ólíklegt verður að teljast að hann geri það.

**Evrópumálin**

Jón hefur hins vegar boðað það að hann muni vinna að endurreisn Vinstri grænna, en hann telur það að hann sé ekki lengur ráðherra hafa höggvið stórt skarð í trúverðugleika Vinstri grænna. Jón og stuðningsmenn hans hafa klætt brotthvarf hans í búning þægni við samstarfsflokkinn vegna umsóknar að Evrópusambandinu. Sú söguskýring beið nokkurn hnekki við það að Jón var ekki eini ráðherrann sem yfirgaf ríkisstjórnina. Árni Páll Árnason verður seint sakaður um andstöðu við Evrópusambandið.

Þá má velta því upp hvort í raun sé mikill munur á afstöðu Jóns og eftirmanns hans í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu gagnvart Evrópusambandinu. Þó Steingrímur J. Sigfússon sé á þeirri skoðun að klára eigi aðildarviðræðurnar og bera samninginn undir þjóðaratkvæði, telst hann trauðla til stuðningsmanna ESB. Evróputengingin við brotthvarf Jóns verður því frekar að skoðast í ljósi almennrar andstöðu innan Vinstri grænna um hvernig málum er háttað varðandi ESB.

Fjölmörgum flokksmönnum mislíkar að sitja í ríkisstjórn sem á í aðildarviðræðum við sambandið. Margir nefndu við Fréttablaðið að flokksforystan þyrfti að átta sig á þeirri stöðu og koma málunum í einhvern farsælan farveg. Það þýddi ekki að draga ætti umsóknina til baka; mun fremur að afstaða flokksins gagnvart aðild yrði skýrari og markmið með viðræðunum ljósari.

**Minnihlutastjórn?**

Haft hefur verið á orði að stjórnin virki eins og minnihlutastjórn og það má að sumu leyti til sanns vegar færa. Hún hefur þurft að semja um einstök málefni og ekki getað reitt sig á vísan stuðning allra þingmanna.

Viðræður áttu sér stað við Hreyfinguna fyrir hátíðirnar um stuðning þingmanna hennar. Þeim lauk ekki en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða þær teknar upp að nýju fljótlega. Munu þær snúast um stuðning við framgang einstakra mála, ekki endilega um vörn gegn vantrausti. Þar á meðal eru mál sem Hreyfingin hefur barist fyrir, svo sem lýðræðisumbætur og stjórnarskrármál.

Deilt var um tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í síðustu viku. Hún var þó á endanum samþykkt með 77 atkvæðum gegn 28, meðal annars eftir að Árni Páll Árnason hvatti til að hún yrði samþykkt.

**Óljós sýn**

Staða Árna Páls eftir breytingarnar er óljós. Heimildir Fréttablaðsins herma að ein hugmynd væri að hann tæki við sem þingflokksformaður, nú þegar Oddný G. Harðardóttir er orðin ráðherra. Það hvernig hann tekur á breyttri stöðu sinni ræður miklu þar um. Einnig kemur til greina að varaformaður þingflokksins, Magnús Orri Schram, taki við stöðunni og því verði ekki kosið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þótti mörgu Samfylkingarfólki skorta sýn með breytingunum. Vinstri græn væru að fá risastórt ráðuneyti atvinnuvega gegn því að Samfylking fengi fjármálaráðuneytið. Haft var á orði að Steingrímur hefði greinilega ljósa sýn með sínum hugmyndum; fjármálaráðuneytið væri gefið eftir en í staðinn fengist stórt ráðuneyti atvinnuveganna.

Fjármálaráðuneytið færist yfir til Samfylkingarinnar, en það að því ætti að stýra umrædd Oddný í sjö mánuði og svo annar taka við þótti sumum hins vegar draga úr mikilvæginu. Ekki að Oddný stýrði því, heldur að um það væri þetta hringl. Ef fjármálaráðuneytið væri svo mikils virði að samstarfsflokkurinn fengi yfirráð yfir öllum atvinnuvegum landsins gegn þessu eina ráðuneyti, þá þyrfti að vera skörp sýn á það hvernig fjármálaráðuneytinu yrði stýrt.

**Kvótanum breytt**

Innan Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs ríkir meiri ánægja með breytingarnar. Flokkurinn hefur fengið öflugt ráðuneyti og betri möguleika á að koma málefnum sínum á framfæri.

Þar ber hæst breytingar á kvótakerfinu, en fullur hugur ríkir á að koma fram með frumvarp þess efnis á vorþinginu. Óánægja með hvernig Jón Bjarnason hélt á þeim málum var kornið sem fyllti mælinn varðandi kröfuna um brotthvarf hans. Ætli ríkisstjórnin að breyta kerfinu verður hún að koma fram með frumvarp í vor. Næsta fiskveiðiár hefst 1. september og kosningar verða vorið 2013. Tæplega væri það þægilegt að fara í kosningar án þess að breytingarnar væru komnar til framkvæmda, að einhverju leyti í það minnsta.

Vissulega á Jón Bjarnason sína stuðningsmenn og óánægja er um brotthvarf hans víðs vegar í flokknum. Sú óánægja hefur hingað til verið bundin við einstaklinga og ekki síst menn sem þekktir eru af harðri gagnrýni á flokkinn. Það eru ekki síst andstæðingar Evrópusambandsins sem hafa gagnrýnt brotthvarfið og tengt það þjónkun Vinstri grænna við Samfylkinguna í þeim málum, líkt og áður er sagt.

Flokkurinn hélt landsfund í haust og þar var andstaðan við Evrópusambandsaðild ítrekuð. Ekki var þó samþykkt að slíta viðræðunum og því hefur forystan umboð til þess að halda þeim áfram. Flokkurinn verður því sem fyrr í þeirri stöðu að vera í viðræðum um aðild að bandalagi sem hann vill ekki vera í.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Vöruskipti við útlönd jákvæð:

# Jöfnuður minni en á síðasta ári

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskipti við útlönd voru jákvæð um 112 milljarða króna á síðasta ári samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Þetta er heldur lakari vöruskiptajöfnuður en á síðasta ári, þegar hann nam ríflega 120 milljörðum króna.

Á síðasta ári voru fluttar inn vörur fyrir 513,6 milljarða en út fyrir 625,6 milljarða króna samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Á árinu 2010 voru fluttar inn vörur fyrir 440,8 milljarða en út fyrir 561 milljarð króna. - bj

Tillaga starfshóps sjávarútvegsráðherra um skiptingu veiðileyfagjalds fellur í grýttan jarðveg í Hveragerði:

# Sættast ekki á skertan hlut af auðlindum

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Hveragerðis segist harma hugmyndir starfshóps sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun veiðileyfagjalds vegna fiskveiða við Ísland.

Samkvæmt hugmynd starfshópsins, sem skipaður var af Jóni Bjarnasyni, þáverandi sjávarútvegsráðherra, á 50 prósent af veiðileyfagjaldinu að renna í ríkissjóð, 40 prósent til sjávarbyggða og 10 prósent til þróunar- og markaðssmála í sjávarútvegi.

„Það er álit bæjarráðs að allar auðlindir Íslands eigi að vera sameign landsmanna. Því er með öllu óskiljanlegt hvers vegna starfshópurinn gerir ráð fyrir skiptingu auðlindagjalds með það að markmiði að einungis hluti þjóðarinnar njóti. Slíkt munu íbúar þeirra sveitarfélaga sem skarðan hlut bera frá borði ekki sætta sig við,“ segja Hvergerðingar sem veittu málinu athygli í síðasta mánuði er þeim barst ályktun sveitarstjórnar Skagafjarðar.

Ólíkt Hvergerðingum fagna Skagfirðingar tillögum starfshópsins. Þær séu viðurkenning „á þeirri miklu tilfærslu fjármagns sem við lýði er frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og styður þá viðleitni sem í tillögunum er að finna til að tekjurnar komi til baka, að minnsta kosti að hluta til.“ - gar



**HVERAGERÐI** Veiðileyfagjald á að renna til ríkisins, sjávarbyggða og markaðsmála í sjávarútvegi. Hvergerðingar telja sig hlunnfarna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**FRÁ SKAGASTRÖND** Bylting verður í sveitarfélaginu með nýrri hitaveitu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hitaveita til Skagastrandar:

# Tengja fyrstu hús árið 2013

**ORKUMÁL** Sveitarfélagið Skagaströnd og RARIK ohf., hafa gert samning um lagningu hitaveitu til Skagastrandar. Samningurinn felur í sér framlag sveitarfélagsins til RARIK sem mun leggja stofnæð og dreifiveitu um byggðina á Skagaströnd og tengingu við hitaveitu Blönduóss.

Með framlagi sveitarfélags og sérstöku framlagi á fjárlögum ríkisins hefur arðsemi af veitunni verið tryggð, kemur fram í frétt frá RARIK.

Gert er ráð fyrir að fyrstu hús munu tengjast haustið 2013 og að öll hús hafi möguleika á tengingu haustið 2014. - shá



**FLÓÐVARNARGARÐAR STYRKTIR** Tugir manna unnu að því að styrkja garðana með sandpokum. NORDICPHOTOS/AFP

Flóðahætta í Hollandi:

# Rýma þurfti átta þorp

**HOLLAND, AP** Fjögur þorp í norðanverðu Hollandi, samtals með um 800 íbúa, voru rýmd í gær af ótta við að flóðvarnargarðar myndu bresta. Miklar rigningar síðustu daga og hvassviðri hafa orðið til þess að mikla vinnu hefur þurft að leggja í að styrkja garðana með sandpokum og öðrum ráðum.

Litlar líkur eru reyndar sagðar á því að varnargarðarnir bresti, en fari svo myndi allt að 1,5 metra djúpt vatn flæða yfir hundruð hektara lands.

Fjórðungur Hollands er neðan sjávarmáls og talið er að 55 prósent landsins séu í flóðahættu. Flóðvarnargarðarnir, sem halda vatninu í skefjum, eru þúsundir kílómetra að lengd samtals. - gb




nýr

Kári Hólmar Ragnarsson hefur bæst í hóp eigenda Réttar, þeirra Ragnars Aðalsteinssonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Arnars Þórs Jónssonar.

réttur
ráðgjöf & málflutningur

Klapparstíg 25-27 | 101 Reykjavík | sími 511 1206
rettur@rettur.is | www.rettur.is

ZEBRA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fækkun ráðuneyta er skref í rétta átt:

## Gangið lengra

Sitjandi ríkisstjórn efndi vilyrði úr stjórnarsáttmála sínum á gamlársdag þegar hún fækkaði ráðuneytum í níu og kynnti áform um að fækka þeim í átta. Opinberar umræður um þessa aðgerð hafa að mestu snúist um persónur þeirra sem þurftu að standa upp úr ráðherrastólum sínum og þá meintu pólitísku óvild sem bjó að baki brottvikningu þeirra. Mun minna hefur verið rætt um hversu skynsamlegt það er að ráðast í skipulagsbreytingar í íslensku stjórnkerfi. Og enn minna um hversu nauðsynlegt er að halda þeim áfram.

SKOÐUN

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Á Íslandi búa 318 þúsund manns. Þorri þeirra er tiltölulega einsleitur hópur búinn til úr bræðingi af Keltum og Norðmönnum. Útflutningur okkar er 95,5% sjávarafurðir og iðnaðarvörur, aðallega ál sem er framleitt með íslenskri orku. Þriðja hjólið undir vagninum er ört vaxandi ferðaþjónusta, en á síðasta ári komu um 540 þúsund manns hingað. Hér ríkir sæmileg þjóðarsátt um tilveru velferðarkerfis, gildi menntunar, stuðning við réttarríkið og virðingu fyrir mannréttindum. Með öðrum orðum þá er þetta tiltölulega einfalt samfélag byggt á fáum en gríðarlega mikilvægum stoðum.

Samt voru hér tólf ráðuneyti fyrir ekki alls löngu, eitt fyrir hverja rúmlega 26 þúsund Íslendinga. Í byrjun árs 2010 voru um 200 opinberar stofnanir á Íslandi. Útgjöld ríkissjóðs tvöfölduðust í krónum talið á árunum 1999-2007. Þetta dreifða og veika kerfi gerði sérhagsmunaöflum mjög auðvelt fyrir að halda heilu málaflokkunum í herkví og koma fólki að sínu skapi inn á þær hillur sem skipta þau mestu máli.

Í samtakamættinum og stærðarhagkvæmninni sem fylgir fækkun ráðuneyta felst viðspyrna gegn slíku ástandi. Með henni spörum við líka peninga og sköpum betri grundvöll fyrir lýðræðislega kjörin stjórnvöld til að koma þeim stefnumálum sem þau eru kosin til að framfylgja í framkvæmd. Neikvæðu hliðarnar á hagræðingunni eru þær að störf tapast. Ráðuneytis-, skrifstofu-, stofnana- og bílstjórum fækkar töluvert, en þeir voru einfaldlega allt of margir fyrir.

Samhliða þessum breytingum væri heiðarlegast að gera stjórnmálamönnum sem veljast til að stýra landinu hverju sinni kleift með lögum að taka með sér stærra pólitískt starfslið inn í ráðuneytin en einn aðstoðarmann eins og nú er. Það myndi gera þeim mun auðveldara að fylgja eftir sínum áherslum og takmarka um leið þann sóðalega leik að troða samherjum sínum í embættismannastörf undir fölsku flaggi tímabundinna ráðninga. Þegar viðkomandi stjórnmálamaður yfirgefur ráðuneytið myndi hið pólitíska starfslið fylgja með, án biðlauna eða kvaða um að því verði útveguð sambærileg störf á svipuðum kjörum innan vébanda hins opinbera.

Umræðan um tiltektina í íslensku samfélagi hefur að alltof miklu leyti snúist um uppsóp eftir fjármálakerfið eða nauðsyn þess að innleiða illa skilgreinda siðvæðingu. Hún hefur alltof lítið snúist um að ríkisbáknið, sem blés út á uppgangsárunum fyrir bankahrun, verði að aðlaga sig að raunveruleikanum og átta sig á að það gegnir þjónustuhlutverki gagnvart eiganda sínum, íslensku þjóðinni. Það verður að minnka, kosta minna og skilgreina betur hvaða þjónustu það þarf að veita. Skref hafa verið stigin í þessa átt. En það þarf að ganga miklu lengra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Komdu í Yoga



**Styrkur og jafnvægi,**

Góð slökun - rétt öndun - aukin liðleiki
-njótum andartaksins og dveljum í núinu

12. janúar hefst nýtt námskeið í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði. þriðjudaga kl. 18.20 og fimmtudaga kl. 18.20.
**Síma 6910381 – Kristin Björg**




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Skilaboð í umbúðum

Með breytingum á ríkisstjórninni á gamlársdag sendu formenn stjórnarflokkanna afgerandi pólitísk skilaboð. Breytingunum var hins vegar pakkað í umbúðir ágætra áforma um nýskipan stjórnarráðsins.

Ríkisstjórnin hefur staðið að óheppilegum smáskammtabreytingum á stjórnarráðinu. Í september þurfti forsætisráðherra að beita hótunum til þess að fá lagaheimild til að fjölga ráðherrum í fimmtán. Þremur mánuðum seinna þótti rétt að fækka þeim. Við næstu breytingu þar á undan var lögð ofuráhersla á að byggja upp sterkt efnahagsráðuneyti. Nú á að leggja það niður.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Burtséð frá þessum hringlandahætti verður að taka undir þau sjónarmið að skynsamlegt er að fækka ráðuneytum. Sameining atvinnuvegaráðuneytanna er löngu tímabær. Ýmis verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins eiga síðan með réttu heima í sameinuðu atvinnuvegaráðuneyti. Peningamálin og stjórnskipulega ábyrgð á Seðlabankanum er á hinn bóginn eðlilegt að fella undir fjármálaráðuneytið.

Um langan tíma hafa ráðherrar verið allt of margir. Brýnt er að koma meiri festu á skipan þeirra mála. Rétt væri að binda í stjórnarskrá að þeir yrðu aldrei fleiri en átta og ekki færri en fjórir. Á sama hátt má fækka þingmönnum niður í fjörutíu og níu. Ætla má að það myndi einnig auka festu og skilvirkni í störfum Alþingis.

## Frjálslyndi armurinn að falla á tíma

Kjarni málsins er þó sá að með þessum breytingum er verið að senda mjög skýr skilaboð um að Samfylkingin haldi áfram að færa sig málefnalega í átt að VG. Það er kosningamarkmiðið enda hefur Steingrímur Sigfússon í reynd verið leiðtogi ríkisstjórnarsamstarfsins.

Þverstæðan er sú að Jóhanna Sigurðardóttir hefur á sama tíma verið áhrifaríkur foringi inn á við í Samfylkingunni. Hún lagði strax þá línu að færa Samfylkinguna lengra til vinstri meðal annars með því að biðja þjóðina afsökunar á daðri forvera hennar við svokallaðan Blairisma sem var síðbúin aðlögun breskra jafnaðarmanna að hugmyndafræði sem norrænir jafnaðarmenn hafa lengi fylgt.

Á síðasta landsfundi voru þessi pólitísku hamskipti staðfest, sem styrkti stöðu Jóhönnu. Því fylgdi hún eftir með gagnkvæmum yfirlýsingum með formanni VG um að flokkarnir ættu í framtíðinni að starfa saman annað hvort í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu. Með því var samstarf við Sjálfstæðisflokkinn útilokað. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar einnig samstarfi við Samfylkinguna. Hvorugur flokkurinn virðist hafa áhuga á að slást um miðjufylgi hins.

Sú málefnalega fótfesta sem Jóhanna Sigurðardóttir náði á síðasta landsfundi gaf henni styrk nú til að víkja Árna Páli Árnasyni úr ríkisstjórninni. Árið áður losaði hún sig við Kristján Möller. Frjálslyndari armur Samfylkingarinnar er því orðinn áhrifalítill. Nokkur ólga bendir til að hann vilji ná vopnum sínum fyrir kosningar en er trúlega að falla á tíma.

Sagt er að brottvikning Jóns Bjarnasonar úr ríkisstjórn eigi að auðvelda framhald aðildarviðræðnanna. Steingrímur Sigfússon hefur að sönnu verið lagnari en Jón Bjarnason að teygja lopann í þeim efnum en staðfesta hans gegn aðild er þó engu minni. Ekki er því á vísan að róa að brottvikning Jóns breyti öllu í þessu efni þegar á reynir. Úr brottvikningu Árna Páls Árnasonar má allt eins lesa þau skilaboð að samstarfið við VG sé Samfylkingunni mikilvægara en aðildarstefnan.

## Slökunarstefnan staðfest

Það var þáttur í vinstrihugmyndafræði Jóhönnu Sigurðardóttur að slá markmiðinu um jöfnuð í ríkisfjármálum á frest um eitt ár. Brottvikning Árna Páls Árnasonar úr stóli efnahagsráðherra auðveldar forystumönnum ríkisstjórnarflokkanna að halda þessari slökunarstefnu áfram.

Í því ljósi verður að líta á ráðherrabreytingarnar sem skýr skilaboð um að horfið sé frá þeirri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum sem ákveðin var í samstarfssamningnum við AGS. Fyrstu yfirlýsingar Oddnýjar Harðardóttur af stóli fjármálaráðherra benda til að hún fylgi þessari nýju slökunarstefnu. Seðlabankinn varaði sem kunnugt er við hugsanlegum afleiðingum hennar þegar í vetrarbyrjun.

Slökunarstefnan deyfir vonina um afnám gjaldeyrishafta, veikir velferðarkerfið til lengri tíma, dregur fjármagn frá atvinnulífinu og minnkar líkurnar á að Ísland geti uppfyllt skilyrði um aðild að evrópska myntbandalaginu. Hættan á að Ísland sogist inn í vítahring verðbólgunnar á ný fer vaxandi.

Efnahagslegar afleiðingar þeirra skilaboða sem formenn stjórnarflokkanna eru að senda blasa þannig við. Hitt er óljósara hvort eða hvernig stjórnarandstöðuflokkarnir hyggjast hagnýta sér þá breyttu pólitísku stöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýr Landspítali: Rétt staðsetning – annað væri sóun!

Nýr Landspítali

Jóhannes M. Gunnarsson
læknisfræðilegur verkefnisstjóri nýs Landspítala

Björn Zoëga
forstjóri Landspítala

Allstórt svæði sunnan gömlu Hringbrautar hefur verið ætlað til uppbyggingar Landspítala samkvæmt skipulagi Reykjavíkurborgar frá árinu 1976. Það er því ekki nýlunda að byggja eigi upp sjúkrahússtarfsemi á lóðinni við Hringbraut.

Megintilgangur nýbyggingarinnar er að flytja starfsemina úr Fossvogi og sameina hana starfseminni á Hringbraut. Hafa þarf í huga að nú þegar er helmingur af starfsemi Landspítala við Hringbraut, fjórðungur er í Fossvogi og fjórðungur annars staðar. Stærstur hluti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er þegar við Hringbraut.

**Hringbraut hagkvæmasti kosturinn – staðsetningin ákveðin árið 2002**

Eftir sameiningu spítalanna í Reykjavík árið 2000 fór fram mat á framtíðaruppbyggingu Landspítala. Ráðherraskipuð nefnd skilaði skýrslu árið 2002 um staðarval. Samráð var haft við Reykjavíkurborg. Samdóma álit nefndarinnar var að lóðin við Hringbraut hentaði best. Þungt vó að á Landspítalalóðinni er fyrir 60.000 m² sjúkrahúsbyggingar sem sumar nýtast spítalanum til langrar framtíðar svo sem barnaspítalinn.

Reykjavíkurborg útilokaði að hægt væri að byggja tengingar Borgarspítalalóðarinnar við stofnbrautir borgarinnar og nú hefur stór hluti þeirrar lóðar verið tekinn til annarra þarfa. Samningur ríkis og Reykjavíkurborgar um lóðina við Hringbraut var undirritaður 2004. Möguleikar til frekari þróunar spítalans eru til staðar á 22 hektara lóð.

Landspítalinn er mikilvægur hlekkur í þeim þekkingarklasa sem hefur myndast við Vatnsmýrina. Nálægð við Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur, Hús Íslenskrar erfðagreiningar og fyrirhugaða Vísindagarða styrkir þekkingarmiðju borgarinnar á þessu svæði.

**Umræða um umferðaröngþveiti stórlega yfirdrifin**

Frá þeim tíma að samningur um lóðina var undirritaður hafa borgaryfirvöld lagt vaxandi áherslu á þéttingu byggðar vestan Elliðaáa. Með því færist miðja íbúabyggðar í vesturátt, en hún mun nú vera nálægt miðju Fossvogshverfisins. Ekki hafa komið fram ábendingar um stað fyrir spítala sem betur tengist almenningssamgöngum eða stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins. Gerð hafa verið umferðarmódel, kannanir um ferðavenjur starfsmanna spítalans, sjúklinga og heimsóknargesti svo og könnun á búsetu starfsmanna.

Niðurstöður alls þessa benda eindregið til að tal um umferðaröngþveiti kringum spítalann nú og í framtíðinni sé stórlega yfirdrifið. Rúmlega 55% sjúklinga og gesta sem erindi eiga á spítalann komast þangað á minna en 10 mínútum og 84% á minna en 20 mínútum. Tæpum 90% starfsmanna finnst auðvelt að komast til og frá vinnustað. Samkvæmt skýrslu Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar frá 16. desember 2011 er umferðaraukningin eftir 1. áfanga nýs Landspítala ekki af þeirri stærðargráðu að gera þurfi víðtækar ráðstafanir í gatnakerfinu.

**Uppbygging „annars staðar" margfalt dýrari og kallar á mikla umferðaraukningu**

Hugmyndir eru um að best sé að byggja spítalann upp á alveg nýjum stað. Bent hefur verið á aðra staði sem hugsanlega kosti. Ef slíkur kostur væri valinn þarf að byggja spítalann í heild sinni frá grunni og verður ekki gangsettur fyrr en allt er fullbyggt. Áætlað er að slík fjárfesting sé margföld sú sem nú er áformuð.

> Samkvæmt skýrslu Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar frá 16. desember 2011 er umferðaraukningin eftir 1. áfanga nýs Landspítala ekki af þeirri stærðargráðu að gera þurfi víðtækar ráðstafanir í gatnakerfinu.

Þegar talað er um staðarval er mikilvægt að bornir séu saman aðrir raunverulegir valkostir til að geta metið kosti og galla. Ef Landspítalinn færi hins vegar mjög austarlega í borgina yrði það til þess að svo til allir starfsmenn þyrftu að koma til vinnu á einkabíl í stað tæpra 70% nú, með enn stærri bílastæðaþörf og auknum akstri um höfuðborgina. Samanburður á ólíkum valkostum bendir ávallt á Hringbraut sem hagkvæmasta kostinn.

Þessu til viðbótar má nefna að sameinaður Landspítali verður um 4.500 manna vinnustaður, hann mun auka fjölbreytileika mannlífsins í miðborg Reykjavíkur og styrkja hana sem íbúa- og þjónustusvæði.

Vinna nefndar um staðsetningu spítalans var vönduð vinna á sínum tíma og hefur staðist tímans tönn. Þegar allir þættir máls eru skoðaðir og þær upplýsingar sem fyrir liggja notaðar, er niðurstaðan að besti staðurinn sé við Hringbraut.





Opnir kynningarfundir Arion banka

—

Haltu áfram að spara

**Arion banki býður þér á opinn kynningarfund þar sem farið verður yfir tímabundna lækkun viðbótarlífeyrissparnaðar úr 4% í 2% sem tók gildi nú um áramótin.**

Til að ráðstöfunartekjur haldist óbreyttar við starfslok er mikilvægt að halda áfram að spara í innlánum eða sjóðum í kjölfar lækkunarinnar. Einnig verður farið yfir úrval sparnaðarleiða sem standa viðskiptavinum til boða.

Haldnir verða tveir fundir þriðjudaginn 10. janúar kl. 12:00 og kl. 17:30 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

**Allir velkomnir og léttar veitingar í boði.**

Skráning fer fram á arionbanki.is eða hjá þjónustuveri í síma 444-7000.

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki



VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

# ALLTAF LÁGT VERÐ - ALLA DAGA

Í 50 ár höfum við byggt upp með fólki eins og þér – frá smæstu einingu til stærstu verka. Við fögnum þessum tímamótum og horfum til næstu 50 ára með það sígilda markmið að koma til móts við þarfir og óskir viðskiptavina okkar. Þess vegna vinnum við nú með nýjar áherslur sem haldast í hendur við breytta tíma:

- Við lækkum verðið.
- Við veitum verðvernd sem tryggir lægsta verðið.
- Við einföldum kjörin – fastur afsláttur til einstaklinga fellur niður en almenn verðlækkun kemur í staðinn – og rúmlega það!
  Markmiðið er að bæta kjör allra viðskiptavina.

Í BYKO borgarðu minna. Komdu og upplifðu hvernig lægra verðlag okkar býr í haginn fyrir heimili þitt.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

H:N Markaðssamskipti / SÍA

# Misskilningur í kjöri á Íþróttamanni ársins 2011?

**Íþróttir**

**Leifur Geir Hafsteinsson,**
PHD, eigandi og yfirþjálfari CrossFit Sport



Allmargir virðast á þeirri skoðun að Anníe Mist Þórisdóttir hafi unnið íþróttaafrek á árinu 2011,sem verðskuldi sæti á meðal 10 efstu manna í kjöri á Íþróttamanni ársins 2011, sem framkvæmt er af Samtökum íþróttafréttamanna. Sú umræða virðist hafa strandað á því að Anníe var ekki talin gjaldgeng í kjörinu þar sem íþróttin CrossFit heyrir ekki undir ÍSÍ.

Nánari skoðun á reglugerð um kjör íþróttamanns ársins leiðir hins vegar í ljós að þetta er leiður og óheppilegur misskilningur. Þau atriði reglugerðarinnar (sjá http://sportpress.is/logfelagsins.htm) sem koma þessu máli við segja:

**Í 1. grein:** „Samtök íþróttafréttamanna (SÍ) kjósa ár hvert íþróttamann ársins sem skarað hefur framúr.“

**Í 2. grein:** „Við val á íþróttamanni ársins skulu atkvæðisbærir félagar innan SÍ taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, prúðmennsku og framfara.“

**Í 4. grein:** „Aðeins íþróttamenn sem tilheyra sérsambandi innan ÍSÍ koma til greina í kjörinu. Ef íþróttamaður utan ÍSÍ fær atkvæði er sá atkvæðaseðill ógildur.“

Í fyrstu greininni kemur fram að verðlauna á þann íþróttamann sem skarað hefur fram úr, án skilyrðis um hvort íþróttagreinin sem afrekið var unnið í, heyri undir ÍSÍ eða ekki.

Það verður ekki annað séð en að Anníe uppfylli öll skilyrði annarrar greinar. Fyrir utan að vinna heimsmeistaramót í sinni íþróttagrein, er Anníe til fyrirmyndar í reglusemi, ástundun og prúðmennsku. Hún hefur sýnt jafnar og stöðugar framfarir undanfarin ár, og það undirstrikar reglusemi hennar og ráðvendni að hún fór í tvö lyfjapróf á árinu 2011, annað framkvæmt af lyfjanefnd ÍSÍ. Í hvorugt skiptið fundust nein merki um ólöglega lyfjanotkun.

Í fjórðu greininni kemur fram að þeir íþróttamenn sem kosnir eru þurfa að tilheyra sérsambandi innan ÍSÍ. Þessi góða grein er líklega sett til að tryggja það meðal annars að íþróttamaður ársins undirgangist regluverk ÍSÍ hvað varðar lyfjanotkun og lyfjaprófanir. Það er hins vegar lykilatriði að það kemur ekkert fram í fjórðu greininni, né annars staðar í reglugerðinni, um að íþróttaafrekið sem verðlaunað er fyrir þurfi að vera í íþrótt sem heyri undir ÍSÍ. Með öðrum orðum: Það að íþróttin CrossFit heyri ekki undir ÍSÍ kemur málinu ekki við, svo lengi sem íþróttamaðurinn sjálfur tilheyri sérsambandi innan ÍSÍ. Anníe Mist gerir það. Hún tilheyrir sérsambandi innan ÍSÍ, Lyftingasambandi Íslands, og var valin lyftingakona ársins 2011 eftir að hafa sett þrjú Íslandsmet og orðið Íslandsmeistari í 69 kg þyngdarflokki kvenna 2011.

Niðurstaða mín er því sú að Anníe Mist hafi verið gjaldgeng til kjörs á Íþróttamanni ársins 2011, og annað af tvennu hafi gerst:

1) Íþróttafréttamenn vissu að Anníe var gjaldgeng en veittu henni ekki atkvæði sín.
2) Íþróttafréttamenn gerðu sér ekki grein fyrir því að Anníe var gjaldgeng í kjörinu, og kusu hana því ekki.

Því miður grunar mig að seinni möguleikinn sé sá rétti. Ef svo er, er ljóst að um leiðan misskilning er að ræða, sem vonandi verður leiðréttur hið fyrsta, þannig að Anníe Mist og aðrir keppendur í CrossFit sem jafnframt tilheyra sérsambandi innan ÍSÍ komi til greina í kjöri á íþróttamanni ársins 2012.

# Athugasemd vegna ummæla NS

**Erfðabreyttar lífverur**

**Birgir Þórðarson**
náttúrufræðingur



Á vefsíðu Vísis og í Fréttablaðinu 3. janúar sl. var viðtal við Jóhannes Gunnarsson, formann Neytendasamtakanna, NS, vegna greinargerðar, sem Jóhannes vill meina að ekki hafi verið borin formlega undir né samþykkt af Neytendasamtökunum. Þar sem ég er aðili að umræddri greinargerð, sem fjallar um landnám erfðabreyttra lífvera að Reykjum í Ölfusi og mótmæli nokkurra íbúa, stofnana og félagasamtaka vegna þessa landnáms og þar sem ég kynnti málið einnig fyrir Neytendasamtökunum, vil ég koma eftirfarandi á framfæri í fyrrnefndum fjölmiðlum.

Umrætt málefni var upphaflega kynnt Neytendasamtökunum þann 1. desember sl. og síðan sett á dagskrá starfshóps Neytendasamtakanna, sem fjallar um Umhverfi, matvæli og siðræna neyslu, á fundi sem fram fór þann 8. desember sl. Í umræddum starfshópi eru sérfræðingar á ýmsum sviðum, m.a. í umhverfismálum og um erfðabreyttar lífverur. Kynnti ég málið formlega þarna á fundinum fyrir félögum mínum, þ.m.t. Jóhannesi formanni.

Var málið kynnt ítarlega við góðar undirtektir starfshópsins og formaður kvaðst mundu skrifa forstjóra Umhverfisstofnunar og leggja málið einnig fyrir stjórn Neytendasamtakanna á þriðjudaginn (væntanlega þann 13. desember). Eins og fram kemur hér að framan voru Neytendasamtökunum áður send drög að greinargerðinni, ekki komu athugasemdir, fyrr en rétt fyrir fundinn að Jóhannes kom með athugasemdir og var greinargerðinni breytt í samræmi við þær athugasemdir. Var orðalag í lokadrögum í greinargerð okkar á þá leið; unnið í samstarfi eftirfarandi aðila, og m.a. Neytendasamtökin talin þar upp.

Bent er á að starfsleyfi það, sem málið fjallar um, er dagsett þann 30. nóvember sl. Frestur til athugasemda til Umhverfisstofnunar var til 30. desember. Ljóst var því að nokkuð þyrfti að hraða málinu og gera athugasemdir fyrir tilskilinn frest. Formlegt samþykki stjórnar Neytendasamtakanna hefur enn ekki borist og nafn samtakanna því ekki með á greinargerðinni, sem send var forstjóra Umhverfisstofnunar.

Málið er nokkuð sérstakt, m.a. vegna þess að Neytendasamtökin hafa um árabil haldið uppi fræðslu um erfðabreyttar lífverur og nauðsyn þess að neysluvörur, sem innihalda slíkt séu merktar, m.a. meir en nokkur annar opinber aðili hér á landi, bæði á þingum sínum, mörgum fundum og í hinu ágæta Neytendablaði, sem og með málflutningi í öðrum fjölmiðlum. Neytendasamtökin eru jafnframt aðilar að og einn helsti stuðningsaðili Kynningarátaks um erfðabreyttar lífverur. Bendi ég öllum á að kynna sér málefnið á vefsíðunni www.erfdabreytt.net.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK



NÁMSKEIÐ VORÖNN 2012
www.myndlistaskolinn.is

ALMENN NÁMSKEIÐ

teikning

09.00-11.45 mán. Teikning 1 Þóra Sigurðard.
17.30-21.30 mán. Teikning 1 Þóra Sigurðard.
17.30-21.30 mið. Teikning 1 Eygló Harðardóttir
17.30-21.30 þri. Teikning 2 Sólveig Aðalsteinsd.
09:00-11:45 fim. Teikning 2 Katrín Briem
09.00-11.45 mán. Módelteikning Katrín Briem
17.45-21.30 mán. Módelteikning Margrét H. Blöndal
17.45-20.30 mið. Módelteikning frh. Katrín Briem

málun - vatnslitun

17.30-20.15 mán. Málun 1 - Birgir Snæbj./Sigurður Árni fullbókað
17.30-20.15 fim. Málun 2 - Sigtryggur B. Baldvinsson
09.00-11.45 mið. Málun 3 - Sigtryggur B. Baldvinss. örfá laus pláss
17.30-20.15 þri. Málun 4 - Mynd af mynd frjáls úrvinnsla Einar Garibaldi Eiríksson
10.00-12.45 lau. Málun 4 - Módel- og Portrettmálun örfá laus pláss Birgir Snæbjörn Birgisson og Karl Jóhann Jónsson
13.15-16.00 fös. Frjáls málun - Sigtryggur B.Baldvinsson
17.30-21.00 mán. Litaskynjun - Eygló Harðardóttir
17.30-20.15 þri. Vatnslitun framhald - Hlíf Ásgrímsd. örfá laus pláss
09.00-11.45 mið. Vatnslitun /Teikning - Hlíf Ásgrímsd. örfá laus pláss
14.30-17.00 þri. Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða Margrét H. Blöndal / Eygló Harðard. örfá laus pláss

form - rými

17:30-20:40 fim. Form, rými og hönnun Þóra Sigurðard. Sólveig Aðalsteinsd. og Guja Dögg Hauksd.

keramik

17.30-20.15 mán. Leirkerarennsla Guðbjörg Kárad. örfá laus pláss
17.30-20.25 þri. Leirmótun / rennsla Guðný Magnúsd.
18:00-22:00 mið. Grundvallaratriði í keramiki - KEV173 Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Kárad.

ljósmyndun

lau og þri Ljósmyndun svart/hvít Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson
lau og þri Ljósmyndun svart/hvít II Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgiss.
mán og lau Ljósmyndun stafræn Vigfús Birgiss. örfá laus pláss
mán og lau Ljósmyndun stafræn II Vigfús Birgisson

indesign - photoshop

5 daga InDesign-Photoshop Magnús Valur Pálsson

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

4 - 5 ára

15.15-17.00 þri. 4 - 5 ára Guðrún Vera Hjartardóttir fullbókað
10:15-12:00 lau. 4 - 5 ára Sigríður Helga Hauksdóttir fullbókað
12:30-14:15 lau. 4 - 5 ára Sigríður Helga Hauksdóttir fullbókað

6 - 12 ára

15.15-17.00 má. 6 - 9 ára Brynhildur Þorgeirsdóttir örfá laus pláss
15:15-17:00 má. 6 - 9 ára Ína Salóme Hallgrímsdóttir fullbókað
15.15-17.00 þri. 6 - 9 ára Ína Salóme Hallgrímsdóttir fullbókað
15.15-17.00 þri. 6 - 9 ára Brynhildur Þorgeirsdóttir fullbókað
15.15-17.00 mi. 6 - 9 ára Guðrún Vera Hjartardóttir fullbókað
15:15-17:00 fim. 6 - 9 ára Guðrún Vera Hjartardóttir örfá laus pláss
15:15-17:00 fim. 6 - 9 ára Ragnheiður Gestsdóttir örfá laus pláss
15:15-17:00 fös. 6 - 9 ára Ragnheiður Gestsdóttir
10:15-12:00 lau. 6 - 9 ára Ragnheiður Gestsdóttir og Karlotta Blöndal örfá laus pláss
15.00-17.15 fim. 8 - 11 ára Leirrennsla og mótun Guðbjörg Káradóttir fullbókað
15.00-17.15 mið.10 - 12 ára Þorbjörg Þorvaldsdóttir
15:00-17:15 fim. 10 - 12 ára Teikning-Málun-Grafík Þorbjörg Þorvaldsd. fullbókað
15.00-17.15 fös. 10 - 12 ára Myndasögur Jean Posocco fullbókað
10.00-12.15 lau. 10 - 12 ára Leir og Skúlptúr Guðbjörg Kárad./Anna Hallin örfá laus pláss

ungt fólk

18.00-20.55 þri. 13 - 16 ára Tölvuleikir og Vídeólist NÝTT
Kolbeinn Hugi Höskuldss. Rakel Sölvadóttir og Hannes Högni Vilhjálmsson
18.00-20.55 fim. 13 - 16 ára Teikning-Málun-Grafík Þorbjörg Þorvaldsdóttir fullbókað
16.00-18.55 fös. 13 - 16 ára Leirmótun Guðný Magnúsd. Anna Hallin fullbókað
10:00-12.55 lau. 13 - 16 ára Myndasögur Jean Posocco örfá laus pláss

Grafarvogur / Bakkastaðir

15.15-17.00 fim. 6 - 9 ára Brynhildur Þorgeirsd.
15:00-17:15 mið. 10 - 12 ára Brynhildur Þorgeirsd. örfá laus pláss

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ
www.myndlistaskolinn.is
sími 551-1990
skrifstofutími mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16



# ego dekor

-25%



GOTCHA horn/tungusófi
Stærð: 302x213x152
Verð: 288.000,-
ÚTSÖLUVERÐ
216.000.-

-30%



ATH! BREYTANLEGUR Í
3JA SÆTA SÓFA OG SKEMIL

ACE tungusófi
Stærð: 240x157
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
118.930.-

-30%



Borð - Hvítt háglans
Stærð: 180x100
Verð: 83.000,-
ÚTSÖLUVERÐ
58.100.-

KANSAS
Leðurstólar

-30%

-20%



með lágu baki
ÚTSÖLUVERÐ:
11.830,-

með háu baki
ÚTSÖLUVERÐ:
13.230,-

TWIST leðurstóll
ÚTSÖLUVERÐ
13.520,-

## ÚTSALAN ER HAFIN 20-50% AFSLÁTTUR

-20%



TV skenkur - natural eik
Breidd: 183cm Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 79.920.-

Skenkur - Dökk eik
Stærð: 150 cm
Verð: 129.900,- ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-

-25%



-30%

Stækkanlegt borð
Dökk eik Stærð: 160(248)x100
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
97.930.-

-25%



GOTCHA hornsófi
Stærð: 280x190 Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 193.500,-

-50%



AURORA sófaborð – Hvítt háglans
Stærð: 120x70 Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 24.950.-

-25%



MERCURY tungusófi
Stærð: 290x165 Verð: 249.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 187.425,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 17:00 Sun 13:00 - 17:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

# Íþrótta- og tómstundaráð 25 ár í fararbroddi



Íþrótta- og æskulýðsstarf

Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi og fv. formaður ÍTR

Öflugt æskulýðsstarf fer fram í félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Félagsmiðstöðvarnar eru nú 23 talsins og þar til nú hefur ÍTR annast rekstur þeirra. Allir á aldrinum 10-15 ára eru velkomnir í félagsmiðstöðvarnar og þar er m.a. leitast við að gefa þeim einstaklingum kost á heilbrigðum og uppbyggilegum frístundum, sem ekki taka þátt í íþróttastarfi félaga eða félagsstarfi í skólum. ÍTR stendur fyrir ýmsu öðru æskulýðsstarfi og má þar nefna Hitt húsið, sem nýtt er af ungmennum á aldrinum 16-25 ára, Ungmennaráð fyrir 13-18 ára, Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna og siglingaklúbbinn Siglunes í Nauthólsvík.

### Öflugt æskulýðs- og frístundastarf

Í Reykjavík eru starfræktar sex frístundamiðstöðvar, 34 frístundaheimili og fjórir frístundaklúbbar fyrir fötluð börn. 6-9 ára börn fara í frístundaheimili að loknum hefðbundnum skóladegi og á síðustu ellefu árum hefur ÍTR unnið sleitulaust að uppbyggingu og þróun þessa frístundastarfs með góðum árangri.

### Farsæl starfsemi ÍTR

Stjórnmálamenn koma og fara. Í 25 ára sögu Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur hafa sjö einstaklingar gegnt þar formennsku. Allir hafa þeir haft ríkan metnað fyrir hönd ráðsins og komið mörgu góðu til leiðar. Ekki er hægt að fjalla um stjórnun málaflokksins án þess að víkja að Ómari Einarssyni, sem verið hefur framkvæmdastjóri ÍTR frá upphafi. Hefur Ómar gegnt því starfi allan tímann af miklum krafti og einurð með vaskan hóp starfsmanna sér við hlið. Eru fáir embættismenn ef nokkrir, sem gera sér jafngóða grein fyrir því að þeir eru fyrst og fremst í þjónustu fólksins í borginni og leggja sig fram við að leysa af lipurð mörg aðsteðjandi vandamál en láta þó ekki undan ósanngjörnum kröfum og heimtufrekju gagnvart skattgreiðendum, sem embættismenn borgarinnar standa einnig frammi fyrir í ríkum mæli.

Í aldarfjórðung hafa Reykvíkingar verið afar ánægðir með starfsemi ÍTR. Í viðhorfs- og þjónustukönnunum hefur ÍTR ætíð verið í fremstu röð og oftast verið sú borgarstofnun, sem hæstu ánægjueinkunn hefur fengið meðal borgarbúa. Á starfstíma ÍTR hafa starfsmenn þess hvað eftir annað gripið tækifærið til að bæta starfsemina og náð miklum árangri á því sviði. Það hefur ekki verið á forsendum þess að breyta þurfi breytinganna vegna, heldur á grundvelli vandaðra vinnubragða og viðurkenndrar breytingastjórnunar.

> Það olli því furðu og vonbrigðum þegar núverandi meirihluti Samfylkingarinnar og Besta flokksins ákvað á afmælisárinu, án haldbærra skýringa, að kljúfa starfsemi ÍTR...

### Undarleg afmælisgjöf

Það olli því furðu og vonbrigðum þegar núverandi meirihluti Samfylkingarinnar og Besta flokksins ákvað á afmælisárinu, án haldbærra skýringa, að kljúfa starfsemi ÍTR, þar sem borgarfulltrúi Besta flokksins fer með formennsku, í herðar niður og færa stóran hluta starfseminnar til annars ráðs borgarinnar, þar sem Samfylkingin heldur um stjórnartauma. Um er að ræða sex frístundamiðstöðvar, 23 félagsmiðstöðvar, 34 frístundaheimili og fjóra frístundaklúbba fyrir fötluð börn. Voru þessar breytingar unnar með ótrúlega óvönduðum hætti af hálfu meirihlutans. Var þeim síðan hrint í framkvæmd í andstöðu við vilja mikils meirihluta starfsmanna og án þess að þeir eða notendur þjónustunnar fengju á því skýringar eða væri gefinn tími til að tjá sig um breytingarnar með eðlilegum hætti. Ráðist var í breytingarnar án þess að stefnumörkun eða framtíðarsýn lægi fyrir eða að sýnt væri fram á með nokkrum hætti að þær skiluðu hagræðingu. Lét meirihlutinn sjálfsagðar ábendingar starfsmanna og annarra fagaðila um mikilvægi eðlilegrar undirbúningsvinnu, áður en ákvarðanir um breytingar yrðu teknar, sem vind um eyru þjóta. Ríkti lítil afmælisstemmning hjá starfsfólki ÍTR á afmælisárinu vegna þessa, en sem fyrr lagði það sig þó allt fram í störfum sínum.

Vil ég af heilum hug þakka öflugu starfsliði ÍTR undanfarinn aldarfjórðung fyrir gott starf að íþrótta-, æskulýðs- og tómstundamálum, í þágu uppvaxandi kynslóðar borgarbúa, og vona að framtíð málaflokksins sé björt. Landsmönnum öllum óska ég gleðilegs árs og friðar.

# Sameining ráðuneyta í fimm



Stjórnmál

Ólafur Reynir Guðmundsson
lögfræðingur

Það er mikil áskorun að efla opinberan rekstur á tímum niðurskurðar. Þó má ekki láta deigan síga því rangar ákvarðanir valda tjóni. Við þurfum að leita allra leiða til að fara betur með opinbert fjármagn og gera stjórnun ríkisins skilvirkari. Með því að sameina ráðuneyti úr tíu í fimm værum við einu skrefi nær þessu markmiði.

Stjórnarráð Íslands er veikburða. Ráðuneytin eiga fullt í fangi með að afgreiða erindi og kærur innan lögbundinna fresta, stefnumótun takmarkast við einstök svið, algengt er að starfsmenn fái verkefni sem henta þeim illa, sérhæfingu skortir víða og lykilþekking er því oft bundin við fámennan hóp starfsmanna – stundum aðeins einn starfskraft.

Vandi okkar stjórnsýslu er að stjórna tiltölulega fáum einstaklingum, sem oft eru hlaðnir verkefnum. Raunveruleg yfirsýn verður því afar takmörkuð. Orðið „forgangsröðun“ verður hjóm eitt, þar sem ekkert annað er í „forgangi“ en hefðbundin (dagleg) verkefni. Á meðan er erfitt að líta til framtíðar og ákveða hvernig verja má opinberu fjármagni á sem bestan hátt.

Það er engin töfralausn að fækka ráðuneytum. Þó er ljóst að um leið og ráðuneytin yrðu fimm talsins snarbreyttist allt samhengi Stjórnarráðsins og ákvarðanataka yrði vandaðri. Einingar Stjórnarráðsins yrðu stærri og hægt væri að setja á stofn fleiri og fjölmennari vinnuhópa um tilgreind verkefni, sameining stofnana yrði markvissari, allsherjar stefnumótun væri möguleg enda allt ákvarðanaferli heildstæðara, mun auðveldara væri að ljúka eiginlegum forgangsverkefnum, einfaldara yrði að skipuleggja átaksverkefni, frí og veikindi starfsmanna hefðu minni áhrif á verkefnastöðu, þekkingu mætti miðla betur milli starfsmanna og jafnframt yrði auðveldara að finna starfsmönnum verkefni sem hæfa menntun þeirra og reynslu.

Enginn vafi er á því að starfsmenn Stjórnarráðsins gera sitt besta í öllu sem þeir takast á hendur. Ábyrgð hins opinbera eykst hins vegar dag frá degi, breidd verkefna er meiri en áður og kröfur um bætt eftirlit verða æ háværari. Sameining ráðuneyta ásamt innri skipulagsbreytingum, s.s. gjörbreyttri umgjörð kærumála (þ.m.t. kærunefnda), er leið sem við verðum að skoða betur.

Margir álíta vafalaust að hugmynd um fimm ráðuneyti sé óraunhæf. Ríkið er hins vegar nánast lamað vegna fjárhagsþrenginga og bætt stjórnun er lykilatriði allrar enduruppbyggingar.

Það er enn fremur ekkert lögmál að ráðuneyti verði að vera fleiri heldur en færri.

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

**Orlofshúsnæði sumarið 2012**

Frá Orlofssjóði KÍ

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands óskar eftir að taka á leigu vandað húsnæði til endurleigu sumarið 2012 fyrir félagsmenn. Bæði íbúðarhúsnæði og orlofshús koma til greina.

Húsnæðið þarf að vera vel búið húsgögnum og uppfylla kröfur um góðan húsbúnað. Leigusali þarf að hafa reglulegt eftirlit með húsnæðinu á leigutímanum. Fastur leigutími eru 8 vikur á tímabilinu 8. júní til 17. ágúst 2012.

**Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja:** Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnplássa. Einnig er nauðsynlegt að senda góðar myndir. Tilboð berist til skrifstofu Orlofssjóðs KÍ Laufásvegi 81 og á netfangið orlof@ki.is **fyrir 20. janúar n.k.**
Öllum tilboðum verður svarað.

*Orlofssjóður Kennarasambands Íslands,*
*Laufásvegi 81*
*101 Reykjavík*

Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Þórisdóttir í síma 595-1111, netfang: orlof@ki.is , fax: 595-1112.

**Vellíðan án lyfja**
**með verkfærum sálfræðinnar**





Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýtist vel samhliða annarri meðferð.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir**
sérfræðingar í klíniskri sálfræði

Verð kr. 54.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 23. janúar 2012.

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110, 8220043 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Nánari uppl□singar : www.kms.is




Rauði kross Íslands auglýsir eftir umsóknum á sendifulltrúanámskeið sem haldið verður vikuna 18. – 23. mars 2012. Þátttaka á sendifulltrúanámskeiði er forsenda þess að fá starf á vegum Rauða kross Íslands á alþjóðavettvangi.

Þátttökuskilyrði eru m.a. fagmenntun og minnst þriggja til fimm ára starfsreynsla í viðkomandi fagi eftir nám. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði og færni í frönsku, arabísku, rússnesku eða spænsku er mikill kostur. Sérstaklega hvetjum við ljósmæður og kvensjúkdómalækna til að sækja um.

Umsóknir berist með tölvupósti til Gunnhildar Sveinsdóttur verkefnisstjóra hjá Rauða krossinum (gunnhildur@redcross.is) fyrir 22. janúar næstkomandi.

Umsóknareyðublað má finna á heimasíðu félagsins www.raudikrossinn.is auk nánari upplýsingar um námskeiðið og þátttökuskilyrði.

Öllum umsóknum verður svarað.

Rauði kross Íslands

toyotakopavogi.is




# Jeppadagar

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota Betri notuðum bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á betri kjörum. Allir jepparnir hafa staðist 125 punkta gæðaeftirlit Toyota og þeir eru allir í ábyrgð, að lágmarki í 12 mánuði.

**Auka- og varahlutaverslun Toyota er opin í dag frá kl. 10.00 - 14.00**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn 133.000 km
Verð: 4.800.000 Raðnr. 110771
**Betra verð:4.390.000 kr.**




**Lexus RX400H EXE**
3300 Bensín/Rafmagn, sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 63.000 km
Verð: 5.400.000 Raðnr. 997997
**Betra verð: 4.750.000 kr.**




**Lexus RX350 EXE**
3500 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 5.290.000 kr. Raðnr. 997848
**Betra verð: 4.650.000**




**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn 121.000 km
Verð: 4.990.000 Raðnr. 997328
**Betra verð: 4.790.000 kr.**




**Lexus RX400H Luxury**
3300 Bensín/Rafmagn, sjálfsk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 81.000 km
Verð: 7.150.000 Raðnr. 997927
**Betra verð: 6.400.000 kr.**




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn: 56.000 km
Verð: 4.550.000 kr. Raðnr. 997833
**Betra verð: 3.990.000 kr**




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 93.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Raðnr. 120623




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 05/11 Ekinn: 28.000 km
Verð: 9.350.000 kr. Raðnr. 998029

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Opið í dag laugardag frá kl. 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

ergo

**Betri** notaðir bílar

TOYOTA

# Skattar, gjöld og

## Staðgreiðsla

Staðgreiðsla skatta 2012 er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **Af fyrstu 230.000 kr.** | **37,34%** |
| **Af næstu 474.367 kr.** | **40,24%** |
| **Af fjárhæð umfram 704.367 kr.** | **46,24%** |

Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 46.532 kr. á mánuði.

Sjómannaafsláttur er 493 kr. á dag.

### Frádráttur vegna iðgjalda í séreignarsjóð

Heimill frádráttur vegna greiðslu launþega í séreignarsjóð lífeyrisréttinda breytist úr 4% í 2% frá og með 1. janúar 2012.

### Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að passa að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 230.000 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 40,24% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, eða eftir atvikum 46,24%.

### Tryggingagjald

Tryggingagjald er 7,79% og lækkar frá fyrra ári.

### Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 20%.

## Framtal og álagning

### Barnabætur

Barnabætur með fyrsta barni hjóna eru 152.331 kr. og með hverju barni umfram eitt 181.323 kr. Bætur með fyrsta barni einstæðra foreldra eru 253.716 kr. og með hverju barni umfram eitt 260.262 kr.

Skerðingarmörk vegna tekna eru 3.600.000 kr. hjá hjónum og 1.800.000 kr. hjá einstæðum foreldrum. Bæturnar skerðast um 3% af tekjum umfram þessi mörk fyrir eitt barn, 5% fyrir tvö börn og 7% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Viðbótargreiðsla með hverju barni yngra en 7 ára er 61.191 kr. og skerðist um 3% af tekjum umfram ofangreind mörk.

### Vaxtabætur

Hámark vaxtabóta er 400.000 kr. fyrir einhleyping, 500.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 600.000 kr. fyrir hjón/sambúðarfólk.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarkaupa og að hámarki 800.000 kr. hjá einhleypingi, 1.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Skerðing vegna tekna er 8% af tekjustofni.

Vaxtabætur einhleypinga og einstæðra foreldra byrja að skerðast við nettóeign 4.000.000 kr. og falla niður þegar hún nær 6.400.000 kr.

Vaxtabætur hjóna og sambúðarfólks byrja að skerðast við nettóeign 6.500.000 kr. og falla niður þegar hún nær 10.400.000 kr.

### Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Til viðbótar við hefðbundnar vaxtabætur kemur sérstök niðurgreiðsla vaxta.

Vaxtaniðurgreiðslan er 0,6% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, þó að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. fyrir hjón, sambúðarfólk og einstæða foreldra.

Vaxtaniðurgreiðslan er ekki tekjutengd, en eignatengd og byrjar að skerðast þegar nettóeign einstaklings fer yfir 10.000.000 kr. eða nettóeign hjóna, sambúðarfólks og einstæðra foreldra fer yfir 15.000.000 kr. og fellur niður við tvöfalt hærri fjárhæð.

Vaxtaniðurgreiðsla er greidd út í tvennu lagi, 1. maí og 1. ágúst.

### Auðlegðarskattur

Á nettóeign einhleypings umfram 75 milljónir kr. og að 150 milljónum kr. og nettóeign hjóna umfram 100 milljónir kr. og að 200 milljónum kr. er lagður 1,5% auðlegðarskattur. Á nettóeign umfram þessar fjárhæðir er lagður 2% auðlegðarskattur.

Auðlegðarskattur er ekki lagður á félög.

# bætur




## Fjármagnstekjuskattur

Frítekjumark vegna vaxtatekna er 100.000 kr. á mann.

Frítekjumark vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði er 30% af leigutekjum.

Frítekjumark gildir ekki um arð, söluhagnað og leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði.

## Skattlagning lögaðila

Tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga verður 20% við álagningu 2012.

Tekjuskattur annarra lögaðila verður 36% og gildir það m.a. um sameignar- og samlagsfélög, þrotabú og dánarbú.

# Allir vinna

Í framtali 2012 er veitt lækkun á tekjuskattsstofni manna vegna vinnu við endurbætur og viðhald á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota. Frádrátturinn er 50% af vinnu, án vsk., þó að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi og einstæðu foreldri og 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Skilyrði er að sótt hafi verið um frádráttinn, með umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, fyrir 1. febrúar 2012 (sjá eyðublaðið RSK 10.18).

# Nýir skattar og gjöld

## Gistináttaskattur

Frá 1. janúar 2012 ber þeim sem selja gistingu og eru á virðisaukaskattsskrá að innheimta og skila í ríkissjóð gistináttaskatti að fjárhæð 100 kr. á hverja selda gistináttaeiningu. Skattskyldum aðilum ber að tilkynna sig inn á stofnskrá gistináttaskatts á þjónustusíðu ríkisskattstjóra *www.skattur.is*.

## Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur er 5,45% og er lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk Íbúðalánasjóðs.

Skatturinn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu, í fyrsta skipti 1. apríl 2012 (vegna jan., febr. og mars).

## Sérstakur fjársýsluskattur

Við álagningu 2013 verður lagður á sérstakur 6% fjársýsluskattur á tekjuskattsstofn umfram 1.000.000.000 kr. hjá aðilum sem greiða fjársýsluskatt. Greiða skal fyrirfram upp í skattinn mánaðarlega á árinu 2012, í fyrsta skipti 1. apríl 2012 (vegna jan., febr. og mars).

## Viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki

Við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 leggst til viðbótar við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki 0,0875% skattur. Gjaldstofninn er heildarskuldir samkvæmt skattframtali. Gjalddagi er 1. nóvember á gjaldári og fyrirframgreiðsla 1. nóvember á tekjuári.

## Sérstakt gjald á lífeyrissjóði

Við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 skal 0,0814% gjald lagt á lífeyrissjóði. Skattstofninn er hrein eign til greiðslu lífeyris. Gjalddagi er 1. nóvember. (Lífeyrissjóðir bera ekki fjársýsluskatta.)

Fyrirframgreiðsla vegna 2012 var 31. desember 2011 og fyrirframgreiðsla vegna 2013 er 1. nóvember 2012.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar á ***www.rsk.is***

# Í kjörþyngd og líka á kjöraldri

**Tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson fagnar sextugsafmæli sínu síðar í mánuðinum með útgáfu þriggja platna safnplötu og stórtónleikum í Hörpu. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá lögunum, félögunum og fráleitri reikningsaðferð á aldri.**



**VENJULEGUR MAÐUR** „Það er ekki í mér að látast eða þykjast vera nokkur annar en ég er,“ segir hinn bráðlega sextugi Valgeir Guðjónsson, hér með tíkinni Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki hef ég nú gert á því neina hávísindalega könnun, en þarna eru að minnsta kosti nokkur lög sem náð hafa eyrum fólksins í landinu. Það er alltaf frábær tilfinning þegar það gerist, en á móti jafn leiðinlegt þegar lög sem manni finnst að ættu að ná til fólks gera það ekki. Þetta hefði hæglega getað orðið fimm diska safn með rúmlega hundrað lögum,“ segir Valgeir Guðjónsson, inntur eftir því hvort viðlíka safn risapoppsmella liggi eftir nokkurn annan Íslending. Hann fagnar sextugsafmæli sínu síðar í mánuðinum með útgáfu þriggja platna safnplötu með vinsælustu lögum tónlistarmannsins og stórtónleikum í Hörpu.

Í öllu falli er ljóst að síðan Valgeir lét fyrst að sér kveða á tónlistarsviðinu með frumútgáfu Stuðmanna fyrir rúmum fjórum áratugum hafa lög hans og textar átt greiðari leið að hugum og hjörtum Íslendinga en flestra annarra. Sjálfur segist hann alla tíð hafa verið drifinn áfram af því að semja, fremur en syngja og spila. „Ég hef alltaf haft mikla trú á þeim hugmyndum sem ég hef fengið og þær koma gjarnan fljótt til mín, svo mörg laga minna hafa orðið til á mjög skömmum tíma. Sá sem er með gítarinn getur líka oft frekjast meira en aðrir. En ég hef aldrei sóst eftir því að syngja þegar ég hef verið með mér betri söngvurum, og þannig hefur það oftast verið nema þegar ég hef verið einn. Söngurinn hefur löngum verið hliðarbúgrein hjá mér, oft óhjákvæmileg.“

### Tónlistargyðjan hörð húsfreyja

Safnplata Valgeirs ber titilinn Spilaðu lag fyrir mig eftir einu téðra laga Valgeirs sem varð til á örskömmum tíma, um þremur mínútum, í Atlavík forðum daga. Lagið, sem merkilegt nokk kom fyrst út sem aukalag þegar platan Á gæsaveiðum með Stuðmönnum kom út á geisladiski árið 1987, var fyrsta uppástunga að titli á safnplötuna og samþykkt samstundis enda einkar viðeigandi.

„Stefnan var strax tekin á að þetta yrði fyrst og fremst höfundaplata. Ég er ekki skrifaður einn fyrir öllum lögunum, en þetta eru þau lög þar sem ég keyrði hjólbörurnar“ útskýrir Valgeir, en auk fjölda Stuðmanna-, Spilverks þjóðanna- og sólólaga Valgeirs er að finna á plötunni útgáfur nokkurra helstu tónlistarmanna þjóðarinnar á lögum hans, eins og Helga Björnssonar, Valgerðar Guðnadóttur, reggísveitarinnar Hjálma og Todmobile. Fágætið og forvarnalagið Vopn og verjur með Varnöglunum, Stella í Orlofi sem Diddú syngur og Gerum okkar besta, hið lífseiga stuðningslag handknattleikslandsliðsins, eru á sínum stað svo dæmi séu tekin, en líka glænýtt lag sem Valgeir flytur ásamt ungstirninu Jóni Jónssyni, Spánný djúsí vinátta.

„Ég og Jón vorum fengnir til að taka þátt í glæsilegri tónlistarveislu sem grunnskólar og tónlistarskóli Akraness standa fyrir árlega undir yfirskriftinni Ungir/Gamlir. Ég var auðvitað þessi gamli og Jón sá ungi, fyrir utan auðvitað alla glæsilegu Skagakrakkana. Við Jón vorum þarna saman í einn og hálfan dag og með okkur tókust góð kynni, sem ég samdi þetta lag um. Ég vona að það fari að hljóma í útvarpinu fljótlega, sem merki um það að ég er ennþá að og ætli mér ekki að breyta því. Tónlistargyðjan er ansi kröfuhörð húsfreyja sem heimtar sitt,“ segir Valgeir og bætir við að upptökur á fleiri nýjum lögum séu á döfinni. Í þeim hyggst hann nýta sér nýjustu tækni eins og í samvinnunni við Jón Jónsson, enda sé himnasending að geta verið sjálfum sér nógur upp að ákveðnu marki með gítar, hljómborð, hljóðnema og tölvu að vopni.

### Miskunnarlaus tónlistarheimur

Raunar hefur Valgeir áður nýtt sér tölvutækni í tónlistarsköpun sinni, til að mynda þegar hann vann að tónlist fyrir heimildar- og sjónvarpsmyndir í Bandaríkjunum í kringum aldamótin, og enn fyrr í tilfelli lagsins Það sem enginn sér sem hlaut ekkert stig í lokakeppni Eurovision árið 1989 eins og frægt er orðið.

> Ég á enn bágt með að hlusta á sum lögin frá áratugi hinna þungu högga, þeim níunda, þegar sneriltromman varð aðalmálið í tónlistinni. Meira og minna allt var forritað og hljómurinn varð jafn tilgerðarlegur og asnalegur og hártíska og herðapúðar tímabilsins.

„Þetta lag átti nú aldrei að vinna forkeppnina hér heima,“ rifjar Valgeir upp. „Sex höfundar voru handvaldir til að semja lögin, þar á meðal Bubbi Morthens sem sagði strax nei og ég sem ætlaði að neita líka því ég hafði ekki áhuga. Ég var hins vegar í erfiðri aðstöðu sem forsvarsmaður Samtaka tónskálda og textahöfunda og Hrafn Gunnlaugsson, þáverandi dagskrárstjóri RÚV, sagði mér að ef ég yrði ekki með yrði hreinlega hætt við þátttöku Íslands í Eurovision. Svo fór lagið í keppnina úti, fékk ekkert stig, þjóðin fór á meiri bömmer en ég og ég var í raun og veru gengisfelldur sem tónlistarmaður út á þetta blessaða núll. Íslendingar tóku þessu eins og persónulegri móðgun á meðan aðrar þjóðir grínuðust með slakt gengi sinna laga. Þetta var eiginlega alveg stórundarlegt svona eftir á að hyggja.“

Aðspurður segir Valgeir afdrif lagsins í Eurovision fyrst og fremst hafa haft þær afleiðingar að eftirspurn eftir kröftum hans sem tónlistarmanns hafi snarminnkað í kjölfarið. „En ég fyrirgaf þjóðinni og fór bara að gera eitthvað annað. Svona getur nú blessaður tónlistarheimurinn verið, miskunnarlaus og óútreiknanlegur.“

### Spilverkið bruggi launráð

Auk útgáfu safnplötunnar heldur Valgeir stórtónleika í Hörpu þann 22. janúar, daginn fyrir stórafmælið. „Ég á afmæli á mánudagi og mánudagur er víst til mæðu en sunnudagur til sigurs. Eða er hann til sælu? Hvort heldur sem er þá ætla ég mér að halda persónulega og vonandi glaðlynda tónleika með góðum gestum, meðal annarra mínum gömlu félögum úr Spilverkinu og Stuðmönnum. Tónleikarnir verða auðvitað talsvert sögulegir að því leytinu til. Þrír fjórðu af Spilverkinu voru í Stuðmönnum en svo hætti Sigurður Bjóla, ég hætti honum til samlætis og byrjaði aftur en hætti svo aftur, svo ég er sá meðlimur Stuðmanna sem hefur hætt oftast og byrjað oftast,“ segir Valgeir og hlær. „Ég hlakka til þessara tónleika eins og barn.“

Spilverkið vinsæla hafði einmitt boðað til tónleika í Hörpu og útgáfu sinnar fyrstu breiðskífu í þrjátíu ár á síðasta ári en hvorugt hefur litið dagsins ljós. Aðspurður segir Valgeir hvort tveggja enn í vinnslu.

„Við höfum tekið upp heilmikið af efni en platan vannst ekki nægilega hratt. Ég var upptekinn á einum tíma, einhver annar á öðru skeiði og þar fram eftir götunum. Við höfum öll þróast í ólíkar áttir og þurfum að finna grundvöll þar sem okkur líður öllum vel í músíkinni. En hópurinn er sannarlega í standi til að koma frá sér flottri afurð. Vonandi verða þessir tónleikar mínir til þess að við setjumst niður saman og bruggum einhver launráð.“

### Ekki hægt að herma eftir mér

Félagi Valgeirs í Stuðmönnum, Jakob Frímann Magnússon, gaf fyrir jólin út ævisögu sína þar sem Valgeir kemur, eðli málsins samkvæmt, talsvert við sögu. Meðal annars kemur Jakob Frímann inn á það í bókinni að í lok níunda áratugarins hafi Valgeir verið þvílíkur ástmögur þjóðarinnar og mikið í umferð að sjálfum hafi honum þótt sér betur borgið á eigin vegum en með Stuðmönnum og því sagt skilið við sveitina.

„Útgáfa Jakobs af sögunni er gjörólík minni. Þetta var allt miklu flóknara og persónulegra og ég verð þá bara að leiðrétta það þegar þar að kemur,“ segir Valgeir, en gefur þó upp að tónlistarlegur ágreiningur hafi leikið hlutverk í þeirri ákvörðun hans að hætta í Stuðmönnum. „Ég á enn bágt með að hlusta á sum lögin frá áratugi hinna þungu högga, þeim níunda, þegar sneriltromman varð aðalmálið í tónlistinni. Meira og minna allt var forritað og hljómurinn varð jafn tilgerðarlegur og asnalegur og hártíska og herðapúðar tímabilsins.“

Hann segist þó ekki hafa í hyggju að rita sína eigin ævisögu, eins og Jakob Frímann hefur þegar gert og Egill Ólafsson hefur á prjónunum. „Bæði er minnið mitt gloppótt og ég man nánast eingöngu það sem ég á ekki að muna, og svo finnst mér líf mitt ekki endilega vera svo mikið í frásögur færandi. Þótt ég hafi verið töluvert í sviðsljósinu hef ég alltaf verið áfram um að vera venjulegur maður. Það er ekki í mér að látast eða þykjast vera nokkur annar en ég er. Sumir minna gömlu félaga eru til dæmis í miklu uppáhaldi hjá eftirhermum, en ég held að það sé ekki hægt að herma eftir mér því ég er svo venjulegur. Það er ekki af neinu að taka.“

### Ekki á sjötugsaldri

Hvernig tekur svo einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar sjötugsaldrinum sem nálgast óðfluga?

„Í fyrsta lagi er þetta gjörsamlega fráleit reikningsaðferð hjá íslensku þjóðinni,“ segir Valgeir og skellir upp úr. „Ég hef alls ekki í hyggju að tala um sjálfan mig sem mann á sjötugsaldri heldur á sextugsaldri, því ég verð sannarlega á sjötta tugnum og allar þjóðir nema Íslendingar hugsa málið þannig. Það er hálfgert þjóðarböl að bæta heilum áratugi við, því þetta hefur sínar huglægu skírskotanir. En í raun hefur mér aldrei liðið eins og ég sé á neinum ákveðnum aldri og finnst ég hafa breyst lítið sem ekkert svo áratugum skiptir. Kannski er ég orðinn latari um ýmsa hluti og nenni ekki lengur að finna eitthvað áhugavert í öllu eins og ég var vanur. En svo er ég að uppgötva ýmislegt skemmtilegt eins og hvers kyns raunvísindi, sem ég hataðist við sem máladeildarnemi í menntaskóla.

Eins er með þessa gömlu íslensku söngvara sem mér leiddust ógurlega hér áður fyrr. Þegar ég flakka á milli útvarpsstöðva í bílnum í dag vel ég frekar Alfreð Clausen en Rolling Stones, svo ég nefni dæmi. En þessi aldursmælikvarði skiptir mig engu máli. Ég hef meiri áhyggjur af því hvað ég er þungur en gamall. Ég er sem stendur í kjörþyngd. Og líka á kjöraldri.“



# Heillakeðja barnanna!

**Blómaval er samstarfsaðili Barnaheilla. Af því tilefni renna 40 kr. af hverri greiðslufærslu í Blómavali til Barnaheilla í janúar. Komdu og gerðu góð kaup um leið og þú styrkir frábært málefni!**

## Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna í dag!



### Börnin rækta

**– í Blómavali um allt land**

Öll börn sem koma í Blómaval í dag fá gefins blómapott og fræ. Börnin fá leiðsögn við gróðursetninguna.



### Teiknisamkeppni

**– í Blómavali um allt land**

Keppt í þremur flokkum: 5 ára og yngri, 6 til 11 ára og 12 ára og eldri. Vegleg verðlaun fyrir þrjár bestu myndirnar í hverjum flokki.



### Andlitsmálun

SKÚTUVOGI, LAUGARDAG

kl. 13 - 16

Komið með börnin í andlitsmálun fyrir Heillakeðjuna.



### Kanínuklapp

SKÚTUVOGI, LAUGARDAG

kl. 13 - 16

Allir krakkar fá að klappa kanínunum okkar!

## Túlipanavöndur Barnaheilla

Komdu og náðu þér í fallegan túlípanavönd á

**1.990** kr.

Allur ágóði rennur óskertur til Barnaheilla.



**Heillakeðja barnanna verður mynduð við Reykjavíkurtjörn kl. 16 í dag.**




blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

DYNAMO REYKJAVIK



**2. SÆTI** Tunglið lýsti upp vetrarkvöldið þegar Ásta Magnúsdóttir tók þessa mynd af fossinum Faxa í Tungufljóti í Bláskógabyggð í nítján stiga frosti í desember. Hún hafnaði í öðru sæti í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis og fékk að launum tvo miða í Borgarleikhúsið. MYND/ÁSTA MAGNÚSDÓTTIR

# Frosin augnablik

Hátt í tvö hundruð ljósmyndir bárust í samkeppni Fréttablaðsins og Vísis, þar sem þemað var vetrarríkið sem fæstir Íslendingar hafa farið varhluta af að undanförnu. Hér gefur að líta þær ljósmyndir sem dómnefnd taldi bera af.



**4.–5. SÆTI** Vetrarklæðin nýtast hestunum vel þessa dagana, rétt eins og mönnunum, eins og þessi mynd eftir Þorstein Kjartansson sýnir. MYND/ÞORSTEINN KJARTANSSON



## 1. sæti Olgeir Andrésson

„Ég var búinn að vera í fjóra tíma á svæðinu. Svo komu um 10 mínútur af mjög ákveðinni birtu og stemningu. Þá náði ég þessari mynd," segir Olgeir Andrésson, sem bar sigur úr býtum í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis, þar sem þemað var vetrarríkið. Myndin prýðir forsíðu Fréttablaðsins í dag. Olgeir er mikill ástríðuljósmyndari og hefur sérhæft sig í að mynda dans norðurljósanna. Myndir hans má skoða á vefsíðunni http://olgeir.zenfolio.com.

Verðlaunin fyrir 1. sætið eru stafrænn Philips myndarammi frá Sjónvarpsmiðstöðinni og tveir miðar í Borgarleikhúsið.



**3. SÆTI** Á gamlársdag hittust eigendur sleðahunda og léku sér á sleðum á Reykjavíkurtjörn og nágrenni. Helgi Skúlason fylgdist með leiknum og fangaði þetta augnablik þegar sleðahundarnir Ívan, Kanuck, Koda og Chivas gáfu heppnum farþegum salíbunu um Hljómskálagarðinn. Mynd Helga hafnaði í þriðja sætinu í ljósmyndasamkeppninni og fékk hann tvo miða í Borgarleikhúsið að launum. MYND/HELGI SKÚLASON



**4.–5. SÆTI** Fátt er notalegra en að ylja sér við eld í köldu veðri og ekki skemmir kakó og kleina stemninguna. Craig Downing tók þessa mynd við Reykjavíkurtjörn. MYND/CRAIG DOWNING



# LANGUR LAUGARDAGUR

## LAUFLÉTT ÚTSÖLUSTEMNING Í MIÐBORGINNI!
## VERSLUNAREIGENDUR BJÓÐA GLAÐBEITTIR
## SÍN ALLRA BESTU VERÐ Á MARGVÍSLEGRI GÆÐAVÖRU

## ÚRVALIÐ SPANNAR ALLT LITRÓFIÐ

EINS OG KERLINGIN SAGÐI:"EF ÞÚ FÆRÐ ÞAÐ EKKI Í MIÐBORGINNI FÆRÐU ÞAÐ HVERGI!"

VERÐLAUNAHLJÓMSVEITIN WHITE SIGNAL VERÐUR Á FARALDSFÆTI
FRÁ GÖMLU HÖFNINNI KL. 13:30 AÐ HALLGRÍMSKIRKJU OG HLEMMI

VELKOMIN Í MIÐBORGINA OKKAR. ÁVALLT!

BORGUN

MIÐBORGIN OKKAR

# Salgados Portúgal

# Nýr draumastaður



## Salgados

VITA hefur aldrei boðið betri gistingu á öðru eins verði. Stórglæsileg raðhús og íbúðir með frábærri aðstöðu, aðeins spottakorn frá ströndinni.
Portúgal hefur heillað Íslendinga sem þekkja hið veðursæla Algarve hérað.
Sjór, klettar, sandur og sól í bland við fallegt og fjölbreytt mannlíf. Frábær gæði og gott verð gera **Salgados** að vænlegum kosti.





FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA



RAÐHÚS MEÐ EINKASUNDLAUG


Vildarklúbbur

**Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur**

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# fjölskyldunnar

## Algjör lúxus á ótrúlegu verði!

**Verð frá 98.300 kr**

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð m/2 svefnherb. fyrir 4, í 7 nætur, 22. maí. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð án Vildarpunkta 108.300 kr. Verð m.v. 2 fullorðna 121.960 kr. án Vildarpunkta.






Salgados býður upp á:

- Frábært verð
- Ný glæsileg gisting
- Rúmgóð gisting sem tekur 8 manns
- Við ströndina
- Alvöru matvörubúð, ekki sjoppa
- Morgunverður og 1/2 fæði í boði
- Frítt í stóra líkamsræktarstöð
- Barnaklúbbur og tennisvellir
- 18 holu golfvöllur, fjölskyldutilboð

Skammt frá Salgados:

- Albufeira, veitingastaðir og djamm
- Vatnsrennibrautargarður
- Sjávardýragarður
- Verslunarmiðstöðvar; stutt í H&M



LÚXUSGISTING



GOLFVÖLLUR Á SVÆÐINU

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



**BESSASTAÐIR Í VETRARRÍKI** Húsbændur á þessu gamla höfuðbóli Íslendinga hafa haft mismunandi sýn á eigin völd og sitt stjórnskipulega hlutverk. Engin einstök ákvörðun forseta Íslands hefur þó haft eins mikil áhrif á embættið og synjun Ólafs Ragnars Grímssonar á fjölmiðlafrumvarpinu árið 2004. Með því voru öll tvímæli tekin af því að forsetinn hefði sannarlega völd til að synja lögum staðfestingar og vísa til þjóðaratkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fyrsta synjunin breytti embættinu

Ef fram fer sem horfir verður nýr forseti kjörinn í sumar. Ólafur Ragnar Grímsson, sem hefur gefið sterklega til kynna að hann hyggist snúa sér að öðrum störfum eftir sextán ár í embætti, hefur sannarlega sett sitt mark á embættið sem verður vart hið sama héðan í frá. ***Þorgils Jónsson*** kynnti sér pólitísk völd **forseta Íslands** og hvernig þeim hefur verið beitt í gegnum tíðina.

Afdrifaríkasta einstaka ákvörðun í sögu forsetaembættisins var tekin sumarið 2004 þegar Ólafur Ragnar Grímsson ákvað að staðfesta ekki fjölmiðlalög ríkisstjórnarinnar og vísaði þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þrátt fyrir að lögin hafi verið dregin til baka áður en til kasta almennings kom, markaði þessi gjörningur tímamót því að þarna hafði forseti í fyrsta sinn beitt fyrir sig málskotsrétti sem 26. grein stjórnarskrárinnar kveður á um. Ólafur Ragnar átti síðar eftir að beita þessu tæki tvisvar í viðbót í umræðu um Icesave-samningana, en allt frá árinu 2004 hefur verið deilt um raunveruleg og formleg völd forseta.

### Tekist á um hlutverk og vald

Við lýðveldisstofnun var einnig deilt um hlutverk, valdsvið og ekki síst val forseta. Stjórnmálafræðingurinn Svanur Kristjánsson segir svo frá í grein sinni í Skírni frá árinu 2002 að nefnd Alþingis, sem hafði það að markmiði að breyta stjórnskipunarlögum Íslands með lýðveldisstofnun í huga, hafi lagt til, árið 1943, að forseti yrði kjörinn af Alþingi. Þá var lagt til að forseti hefði ekki synjunarvald yfir lögum þingsins – danski konungurinn hafði slíkt vald – heldur gæti hann eingöngu vísað lagafrumvörpum sem Alþingi hafði þegar samþykkt, til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Björn Þórðarson, sem var forsætisráðherra í utanþingsstjórn sem Sveinn Björnsson þá ríkisstjóri hafði skipað, lagði hins vegar til að forseti hefði frestandi synjunarvald, en á endanum varð núgildandi málskotsréttur ofan á, þar sem forseti getur hafnað lögum samþykktar, þau taka samt gildi en eru lögð í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Svanur rekur almenna þjóðfélagsumræðu um forsetann á þessum árum, sem var afar eindregin í þá átt að forsetinn ætti að vera þjóðkjörinn og með mikil völd. Var tiltrú almennings á Alþingi enda afar takmörkuð á þessum tíma, eftir margra ára óstöðugleika og karp á þingi og innan forystu flokkanna.

Það er því niðurstaða Svans að forsetanum hafi sannarlega verið ætlað töluvert vald innan stjórnskipunarinnar, en Sigurður Líndal lagaprófessor hefur haldið því sama fram í ræðu og ritum.

„Staðreyndin er sú að pólitíkusar hafa ekki getað þolað forsetanum að hafa nokkur völd og þola ekki takmörkun á sínu valdi. Ég hef hins vegar alltaf haldið því fram að öll stjórnskipunarsaga Vesturlanda einkennist af skiptingu valds. Þetta hefur alltaf verið eðlilegur hluti af stjórnskipan þar sem kveðið er á um jafnvægi milli þjóðhöfðingja og þings. Þannig hefur þróunin verið á Vesturlöndum allt frá miðöldum og er til dæmis mun eldra en hugmyndir um þrískiptingu ríkisvaldsins og má finna slík dæmi allt aftur í Gamla sáttmála og jafnvel lengra aftur,“ segir Sigurður.

Hann bætir því við að ákvæði stjórnarskrár um völd forseta séu algerlega skýr og ekki hægt að tala um að stjórnarskrárákvæði séu „dauður bókstafur“ eins og oft var sagt um synjunarvald forseta.

„Í öllu því tali er litið fram hjá því að þetta var alla tíð lifandi veruleiki í huga þjóðarinnar. Það var margoft skorað á forseta að beita þessu valdi og jafnvel safnað undirskriftum í þeim tilgangi. Þetta var alltaf í þjóðarvitundinni og þess vegna er rangt að halda því fram að þetta hafi verið dauður bókstafur. Lagabókstafur er ekki dauður þó að hann hafi aldrei verið notaður. Í lögum eru til dæmis sérstök viðurlög við því að ráðast á þjóðhöfðingja eða myrða hann. Það hefur aldrei komið til kasta þeirra, sem betur fer, en er þá um dauðan bókstaf að ræða? Það dettur engum í hug.“

> Tiltrú almennings á Alþingi var afar takmörkuð í aðdraganda lýðveldisstofnunar, eftir margra ára óstöðugleika og karp.

### Þaulreyndur í faginu

Alþingi kaus Svein Björnsson forseta við stofnun lýðveldisins árið 1944, en hann hafði starfað í stjórnmálum um árabil. Meðal annars var hann sendiherra og síðar ríkisstjóri og tók sem slíkur virkan þátt í stjórnmálum, meðal annars með því að skipa áðurnefnda utanþingsstjórn sem Björn Þórðarson fór fyrir.

Sveinn tók ekki síður þátt í stjórnarmyndunum í hlutverki sínu sem forseti, enda var full ástæða til þar sem þingflokkunum gekk afar illa að mynda starfhæfar meirihlutastjórnir. Í grein Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings frá árinu 2006 segir svo frá að Sveinn hafi tvisvar skipað tólf manna nefndir með fulltrúum allra flokka, árin 1944 og 1947, til að liðka um fyrir stjórnarmyndunarviðræðum, en þær skiluðu ekki tilætluðum árangri. Í ljósi eigin fordæmis við myndun utanþingsstjórnar árið 1942, leit hann á það sem skyldu forseta að grípa til þess ráðs ef stjórnarmyndun drægist fram úr hófi.

Segir Guðni að Sveinn hafi í tvígang verið kominn á fremsta hlunn með að mynda slíkar stjórnir árin 1947 og 1950. Þess vegna megi segja að Sveinn hafi tekið afar virkan þátt í hringiðu stjórnmálanna og beitt þar fyrir sig valdi sem forseta er gefið í stjórnskipun landsins. Sveinn gegndi embætti á miklum umrótstímum í íslensku samfélagi þar sem tvær umdeildar lagasetningar standa upp úr, annars vegar ákvörðunin um aðild að NATO árið 1949 og hins vegar staðfesting varnarsamningsins við Bandaríkin tveimur árum síðar. Í þeim tilfellum heyrðust raddir um að málunum yrði vísað til þjóðarinnar, en ekkert bendir til þess að Sveinn hafi íhugað alvarlega að grípa til þess.

### Guðfaðir Viðreisnarstjórnarinnar

Ásgeir Ásgeirsson var kjörinn forseti árið 1952 og átti, eins og Sveinn, langan bakgrunn í stjórnmálum þar sem hann var meðal annars forsætisráðherra á árunum 1932 til 1934. Hann var ekki síður þáttakandi í stjórnmálunum en forveri hans í embætti og beitti þar fyrir sig stjórnarmyndunarumboðinu.

Forseta er frjálst að veita umboðið hverjum þeim stjórnmálaleiðtoga sem honum sýnist á meðan enginn flokkur hlýtur meirihluta á þingi og nýtti Ásgeir sér það.

Guðni segir frá því í áðurnefndri grein að framganga Ásgeirs í stjórnarmyndunarviðræðum árið 1958 hafi farið í skapið á Ólafi Thors formanni Sjálfstæðisflokksins. Ásgeir hafi verið andsnúinn því að Framsóknarflokkur og sósíalistar kæmust í

FRAMHALD Á SÍÐU 30

## FORSETI MUN EKKI FRAMAR GETA STAÐIÐ UTAN STJÓRNMÁLANNA

### Synjunarvaldið nú orðið staðreynd

**Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur**



Bæði Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir höfðu komist að þeirri niðurstöðu að þjóðhöfðinginn hefði í raun ekki slíkt vald í þingræðisríki. Þetta væri arfur frá fyrri tíð,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur.

„Að því leyti var synjun Ólafs Ragnars á staðfestingu fjölmiðlalaganna árið 2004 bylting á túlkun forseta á eigin valdi. Þrátt fyrir miklar deilur og leikfimisæfingar lögfræðinga efast enginn nú um að þessi forseti og hinn næsti hefur þetta vald.“

Það hafi því ekki komið á óvart að forseti hafi synjað í Icesave-málunum þar sem um var að ræða eitthvert umdeildasta mál lýðveldistímans.

Aðspurður hvort þetta geti orðið helsta arfleifð Ólafs Ragnars í embætti segir Guðni að svo megi vel fara.

„Það má fullyrða að komi einhvert forsetaefni fram og lýsi því yfir að hann hyggist ekki nota þetta vald, ætti hann varla tækifæri á kjöri því að almenningur virðist hlynntur því að forsetinn hafi þetta vald.“

Er forsetinn sem sameiningartákn íslensku þjóðarinnar, á friðarstóli utan pólitíkur, þá liðin tíð?

„Það fer eftir því hvers konar frambjóðendur koma fram í næstu kosningum og hvað Íslendingar svo kjósa. En að mínu mati mun enginn forseti geta staðið utan eldlínu stjórnmálanna líkt og Vigdís og Kristján gerðu, og Ásgeir líka lengi vel. Í tíð Ólafs hefur forsetaembættið gerbreyst bæði fyrir hans tilstilli og svo hafa tímarnir líka breyst. En hann mun nær örugglega fá sinn sess í sögunni sem einn umdeildasti forsetinn hingað til. Það er á hreinu.”



# VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT í að opna nýju byggingavöruverslunina okkar í Reykjavík?

**Í vor opnum við stolt byggingavöruverslunina okkar í Reykjavík. Við leitum því að dugmiklu fólki í eftirfarandi stöður:**

## Sölufulltrúi

***Sinnir þú viðskiptavininum allra manna best?***

Í BAUHAUS fær viðskiptavinurinn ótakmarkaða athygli og því mun helsta verkefnið þitt, sem sölufulltrúi okkar, verða að leiðbeina og þjónusta alla sem eiga erindi til okkar. Þú þarft að hafa gaman af því að umgangast fólk, sem væntir þess allt að vera afgreitt hratt, örugglega og vingjarnlega, og þú þarft að njóta þess veita þjónustu sem laðar fram í fólki bæði bros og þakkir.

Við leitum að sölufulltrúum í fullt starf og í hlutastörf í eftirfarandi deildum:

- ***Timbur***
- ***Lagnir***
- ***Garðaland***
- ***Litir og lýsing***
- ***Verkfæri/Smávörur***
- ***Baðheimur***

## Birgðahaldari

***Sem tryggir að réttar vörur séu til staðar í öllu húsinu!***

Í stórri og glæsilegri verslun er mikilvægt að réttu vörurnar séu alltaf í hillunum. Hlutverk birgðahaldara, í samstarfi við deildarstjóra, er umsjón með vörubirgðum sem eru milljónavirði. Þú kemur til með að vinna með pantana- og vörustöðuverkfærin okkar daglega og þarft að tryggja að vinsælar vörur séu aldrei uppseldar og að nægar vörur séu í versluninni, án þess þó að liggja með of mikið á lager.

## Skreytir

***Getur þú lífgað upp á verslunina og skrifað falleg skilti?***

Í stórri og glæsilegri verslun er mikilvægt að vörurnar séu rétt merktar. Sem skreytir, þá mun þitt verk verða að handskrifa skilti, panta inn, hengja upp og festa allar skreytingar – bæði inni í versluninni og á svæðum utandyra. Þú munt einnig halda um taumana á ýmsum ólíkum verkefnum þessu tengd í versluninni, árið um kring.

## Starfsmaður á skrifstofu

***Getur þú bæði talað og skrifað dönsku og líkar þér við fjölbreyttan vinnudag?***

Í stórri og glæsilegri verslun er mikilvægt að öll verk séu unnin hratt og vel. Starfsmaður á skrifstofu er mikilvægur hlekkur í þeim verkum sem eru unnin á skrifstofunni og snúa að daglegum rekstri vöruhússins, enda munu verkefni þín koma úr ólíkum áttum. Þú þarft að þýða lítil og stór verk, þú kemur að daglegum rekstri og þú sérð um að koma ýmsum verkefnum af skrifstofunni og út í verslunina. Þú verður sem sagt með hendurnar í öllu mögulegu og mjög sýnileg/ur á vinnustaðnum. Þess utan, þá verður eitt af verkum þínum að fara yfir fylgiskjöl frá vörumóttökunni og þú verður tengiliður við birgjana okkar, bæði íslenska og erlenda.

## Vaktstjóri vörumóttöku – Hægri hönd vörumóttökustjórans

***Kannt þú að meta fjölbreyttan vinnudag?***

Verkefnin þín verða mörg og ólík, en þau eru allt frá því að tæma gáma og taka á móti vörum, yfir í að sinna gæðaeftirliti með sendingum sem berast og að sjá til þess að unnið sé rétt og skipulega í vörumóttökunni. Þegar vörumóttökustjórinn er fráverandi, þá ert það þú sem berð ábyrgð á allri starfseminni í vörumóttökunni.

## Starfsfólk í vörumóttöku

***Sem fær hjólin til að snúast!***

Í stóru og glæsilegu vöruhúsi er mikilvægt að réttu vörurnar séu alltaf í hillunum. Verkefni þín munu verða fjölbreytt og eru allt frá því að taka á móti vörum þegar þær berast, í að tryggja gæði sendinganna, og svo að koma vörunum á sinn stað í hillum verslunarinnar.

## Þjónustufulltrúar

***Getur þú veitt viðskiptavinum okkar bestu þjónustuna í byggingavörugeiranum?***

Í BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf miðpunktur athyglinnar og okkar markmið er að veita honum bestu þjónustuna í byggingavörugeiranum. Sem þjónustufulltrúi mun þitt mikilvægasta verk vera að veita viðskiptavininum framúrskarandi þjónustu með bros á vör.

## Afgreiðslufólk

***Ert þú með ríka þjónustulund og blítt bros?***

Í BAUHAUS fær viðskiptavinurinn ótakmarkaða athygli og okkar markmið er að veita honum bestu þjónustu sem hugsast getur. Eitt af mikilvægustu verkefnum þínum er að geta veitt framúrskarandi þjónustu með bros á vör, en á sama tíma þarftu einnig að geta afgreitt vörur, bæði hratt og rétt í hvert einasta sinn.

## Vöruáfylling

***Hefur þú gott verkvit, skipulagið í lagi og ert dugnaðarforkur?***

Í stórri og glæsilegri verslun er mikilvægt að réttu vörurnar séu alltaf í hillunum. Aðalverksvið þitt mun því verða að koma vörum á réttan stað í hillum verslunarinnar. Þar að auki þarftu að geta tekið á móti vörum þegar þær berast, farga umbúðum, halda snyrtilegu og passa að hlutirnir séu hreinir og beinir á vinnustaðnum.

## Aðstoðarfólk – undir 18 ára

***Sem getur látið hendur standa fram úr ermum!***

Í stórri og glæsilegri verslun er mikilvægt að allir gangar séu snyrtilegir og að vörur séu á réttum stað í hillunum. Aðstoðarfólkið okkar vinnur við ýmis verkefni, eins og að raða vörum í hillur, hjálpa viðskiptavinum að koma vörunum sínum í bílinn, sækja kerrur, henda rusli, ásamt því að taka til og halda almennt hreinu. Þú kemur eiginlega til með að gera bara allt mögulegt.

## Yfirmaður sölu til fyrirtækja og fagaðila

***Þú þarft að hafa mikla yfirsýn og haldbæra þekkingu á öllu sem snýr að þjónustu við fagaðila á stórnotendamarkaðnum.***

Sem yfirmaður sölu til fyrirtækja og fagaðila þarft þú að geta beint sjónum fagmanna á markaði markvisst til okkar, þannig að þú sért sá sem þeir leita til þegar þá vantar samstarfsaðila eða góð ráð. Staðan gefur kost á miklu sjálfstæði í starfi, en það er jafnframt rík krafa um árangur. Þú munt sinna ýmsum verkum, eins og tilboðsgerð, pöntunum og að veita þeim stórnotendum sem eru í viðskiptum við okkur góð ráð á hverjum einasta degi. Þú ert sölumaður með mikla samskiptahæfileika og þú veitir öllum okkar viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu, hvort sem það er verkfræðingurinn, litli verktakinn, eða iðnaðarmaðurinn sem eru að leita ráða hjá þér.

## Hefur þú áhuga og langar til að vita meira um störfin?

***Þú getur einnig kíkt á heimasíðuna okkar á www.bauhaus.is og lesið meira um störfin.***
***Þú getur svo sótt beint um stöðurnar inni á heimasíðunni.***

## Við hlökkum til að heyra í þér!

BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

## FRUMKVÖÐULLINN VAR ÞAULREYNDUR Í STJÓRNMÁLUM



MYND/VIGFÚS SIGURGEIRSSON

### Sveinn Björnsson

**1944-1952**

Var kosinn í embætti af Alþingi og var endurkjörinn án mótframboða árin 1945 og 1949. Lést í embætti.

**Helstu átakamál:**
Stjórnarmyndanir árin 1947 þar sem hann skipaði tólf manna nefndir og lét í veðri vaka að hann myndi skipa utanríkisstjórn ef flokkar næðu ekki saman.
Ekki kom þó til þess og aldrei kom alvarlega til máls að Sveinn synjaði lögum staðfestingar.

## FYRRUM RÁÐHERRA KJÖRINN FORSETI

### Ásgeir Ásgeirsson

**1952-1968**

Kjörinn í embætti með 46,7% atkvæða, Bjarni Jónsson var í öðru sæti með 44,1%. Ásgeir var endurkjörinn án mótframboðs árin 1956, 1960 og 1964.

**Helstu átakamál:**
Í stjórnarmyndunarumræðum 1958 sniðgekk Ásgeir Framsóknarflokk og Sósíalistaflokk varðandi stjórnarmyndunarumboð þrátt fyrir stjórnarkreppu. Hann allt að því skikkaði Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokk til að mynda stjórn sem hélt svo velli til 1971.



MYND/VIGFÚS SIGURGEIRSSON

## LÉT TIL SÍN TAKA Á ÁTAKATÍMUM



MYND/GVA

### Kristján Eldjárn

**1968-1980**

Kjörinn í embætti með 65% atkvæða og lagði þar Gunnar Thoroddsen að velli. Kristján var endurkjörinn án mótframboðs árin 1972 og 1976.

**Helstu átakamál:**
Í stjórnarkreppunni eftir kosningar árin 1978 og 1979 þurfti Kristján fyrst að beita sér fyrir alvöru á stjórnmálasviðinu. Þegar hvorki gekk né rak í stjórnarmyndunum þrýsti hann á um að flokkarnir kæmust sem fyrst að niðurstöðu, ella myndi hann skipa utanþingsstjórn. Stjórn Gunnars Thoroddssen var mynduð árið 1980.

## ÞURFTI AÐ TAKA ERFIÐA ÁKVÖRÐUN Á KVENNADAGINN

### Vigdís Finnbogadóttir

**1980-1996**

Kjörin í embætti með 33,6% atkvæða en Guðlaugur Þorvaldsson kom henni næstur með 32,2%. Hún var endurkjörin án atkvæðagreiðslu árið 1984 og sigraði með miklum yfirburðum í kosningum árið 1988. Hún var svo endurkjörin án mótframboðs árið 1992.

**Helstu átakamál:**
Vigdís þurfti ekki að skipta sér mikið af stjórnarmyndunum, en í tvígang kom upp umræða um synjunarvaldið. Fyrst við staðfestingu laga gegn verkfalli flugfreyja, sem bar upp á kvennadaginn árið 1985, og svo við staðfestingu EES-samningsins árið 1993. Þá var meiri þrýstingur en áður hafði tíðkast en hún taldi ekki ástæðu til að synja samningnum samþykkis.



MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## MARKAÐI TÍMAMÓT Í SÖGU FORSETAEMBÆTTISINS



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ólafur Ragnar Grímsson

**1996-2012***

Kjörinn í embætti með um 41% atkvæða en Pétur Kr. Hafstein kom honum næstur með 29%. Ólafur var endurkjörinn án mótframboðs árin 2000 og 2008, en árið 2004 var hann endurkjörinn með 67,5% atkvæða. Baldur Ágústsson kom honum næstur með 12,5%.

**Helstu átakamál:**
Ólafur Ragnar hefur lítið sem ekkert þurft að skipta sér beint af stjórnarmyndunum í sinni embættistíð, en hann varð fyrstur allra forseta til að synja lögum staðfestingar, árið 2004. Hann greip til þess ráðs á ný árin 2010 og 2011 í Icesave-málinu og vísaði þeim lögum til þjóðarinnar, sem neitaði í bæði skiptin.

** Í nýársávarpi sínu gaf Ólafur til kynna að hann hygðist snúa sér að öðrum störfum, en hann hefur ekki tilkynnt opinberlega að hann muni ekki sækjast eftir endurkjöri.*

FRAMHALD AF SÍÐU 28

stjórn og var því farinn að ýja að því að hann myndi frekar mynda utanþingsstjórn. Alþýðuflokkur myndaði loks minnihlutastjórn með stuðningi Sjálfstæðisflokks, og í kosningum árið eftir mynduðu flokkarnir stjórn saman, Viðreisnarstjórnina. Hélst það samstarf út embættistíma Ásgeirs.

**Hinn ópólitíski forseti**

Eftir tvo pólitískt virka forseta var stemning í samfélaginu fyrir að taka nýja stefnu í forsetakjörinu árið 1968. Þar hafði fræðimaðurinn Kristján Eldjárn sigur gegn Gunnari Thoroddsen, einhverjum fremsta stjórnmálaskörungi sinnar kynslóðar. Umræða í kosningabaráttunni um völd forseta snerist að mestu um stjórnarmyndunarhlutverk hans, enda hafði bein stjórnmálaþátttaka fyrri forseta verið á þeim vettvangi.

Kristján vildi ekki meina að reynsluleysi væri ókostur í þeim efnum, heldur gæti ópólitískur forseti þvert á móti átt auðveldara með að ávinna sér traust og miðla málum.

Fyrstu tvær stjórnarmyndanirnar í embættistíð Kristjáns, 1971 og 1974, kröfðust ekki mikillar aðkomu hans þar sem hann lét stjórnmálamenn um stjórnarmyndun.

Ástandið var hins vegar öllu flóknara eftir kosningarnar árið 1978 þar sem Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag fengu afar góða kosningu. Stjórnarmyndunarumboð gekk frá flokki til flokks án árangurs þar til A-flokkarnir gengu loks til samstarfs með Framsóknarflokknum. Það samstarf sprakk þó haustið eftir og í ljósi þess hve illa hafði gengið árið áður setti Kristján Sjálfstæðisflokki og Alþýðuflokki þá afarkosti að mynda minnihlutastjórn tímabundið fram að kosningum, ella myndi hann skipa utanþingsstjórn. Hið sama var uppi á teningnum eftir kosningarnar í desember 1979 þar sem engum flokkanna tókst að mynda stjórn og að því er segir í áðurnefndri grein Guðna lá utanþingsstjórn í loftinu þegar Gunnar Thoroddssen hjó á hnútinn og myndaði stjórn í febrúar 1980. Í þessum tilfellum nýtti Kristján sér svipuð meðul og fyrirrennarar hans í embætti, þrátt fyrir trú sína á að forseti ætti ekki að skipta sér af stjórnmálavafstri nema algjör nauðsyn krefði. Hann virðist þó hafa skipt um skoðun. Í grein sinni vitnar Guðni í vangaveltur Kristjáns þar sem forsetinn spyr sig hvort jafnvel geti komið til greina, við stjórnarmyndun, að forseti stingi upp á einhvers konar stjórnarmunstri við leiðtoga flokkanna, til að „styrkja þá móralskt“.

Kristjáni var á ferli sínum ekki aðsópsmikill í argaþrasi stjórnmálanna í samanburði við þá Svein og Ásgeir, en líkt og þeir var hann sannarlega meðvitaður um að það var hans hlutverk sem forseti að leysa stjórnarkreppur og hann var tilbúinn til að beita fyrir sig myndun utanþingsstjórna til að slá í klárana í stjórnarmyndunarviðræðum.

**Synjunarvald kom til tals**

Kristján Eldjárn var eftirmanni sínum, Vigdísi Finnbogadóttur, mikil fyrirmynd og leitaðist hún við að fylgja hans fordæmi hvað varðar stjórnmálaafskipti. Erfiðlega gekk að mynda stjórn eftir kosningarnar árið 1987, en Vigdís hélt sig að mestu til hlés. Stjórn var þó mynduð á endanum þótt hún félli ári síðar og þrátt fyrir töluvert umrót reyndist ekki þörf á því að hún stigi með beinum hætti inn í stjórnarmyndunarferli á sínum ferli.

Það var hins vegar á valdatíð Vigdísar sem synjunarvaldið kom aftur upp í samfélagsumræðuna sem raunverulegt verkfæri forseta í íslenskri stjórnskipan. Fyrst var það árið 1985 þegar stjórnvöld samþykktu að setja lög til að stöðva verkfall flugfreyja. Þannig vildi til að lögin bárust Vigdísi á kvennadaginn, 24. október, sem þótti táknrænt séð óheppilegt fyrir frumkvöðul í kvennahreyfingunni.

Vigdís beið með að staðfesta lögin í nokkrar klukkustundir, en það velti upp möguleikanum á því að hún myndi synja þeim staðfestingar. Ríkisstjórnin, einhverjir ráðherrar hið minnsta, brugðust ókvæða við og lét Matthías Bjarnason samgönguráðherra þau orð falla við Morgunblaðið að „hann hefði hiklaust sagt af sér ráðherradómi ef undirskrift forsetans hefði dregist fram eftir degi“.

Vigdís sagði sjálf að í raun hafi aldrei annað staðið til en að skrifa undir lögin. Þessi þó stutti umþóttunartími hafi verið hennar leið til að undirstrika mikilvægi kvennadagsins í sínum huga. „Það sér hver hugsandi maður að það þarf miklu meira til en setningu kjaralaga einnar stéttar að forseti Íslands leggi undir þjóðaratkvæðagreiðslu ákvarðanir lýðræðiskjörins Alþingis og ríkisstjórnar landsins,“ sagði Vigdís í Morgunblaðinu, en í þeim orðum felst bæði staðfesting á því að í hennar huga var um virkt stjórntæki að ræða, en það ætti aðeins að nota í ýtrustu tilfellum.

Sama afstaða kom í ljós í yfirlýsingu Vigdísar eftir að hún staðfesti samninginn um Evrópska efnahagssvæðið árið 1993. Þar sagði hún að forsetaembættið hafi styrkst með að vera óháð flokkapólitík. „Glöggt vitni um það eðli embættisins er að enginn forseti hefur gripið fram fyrir hendur á lýðræðislega kjörnu Alþingi sem tekið hefur ákvarðanir sínar með lögmætum hætti.“

> Notkun Ólafs á synjunarvaldi forseta mun hafa í för með sér varanlegar breytingar á embættinu.

**Ófyrirséð örlagaskref**

Samkvæmt ofansögðu varð ákveðin eðlisbreyting á embætti Forseta Íslands með ákvörðun Ólafs Ragnars að synja fjölmiðlalögunum staðfestingar árið 2004. Stjórnarskráin heimilaði forseta að grípa til þessa úrræðis, en aldrei hafði nokkur forseti séð ástæðu til að grípa til þess. Í umræðum um synjunarvaldið í aðdraganda forsetakosninganna árið 1996, voru frambjóðendur almennt á því að synjunarvaldið væri til staðar, en enginn þeirra lýsti því nákvæmlega hvers lags aðstæður gætu kallað á að til þess bragðs yrði tekið.

„Menn gerðu í raun ekki ráð fyrir því, í gegnum tíðina, að forseti myndi nokkru sinni beita synjunarvaldinu nema við mjög óvenjulegar aðstæður,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

„Ólafur Ragnar sagði meira að segja sjálfur í riti árið 1977 að á meðan forseti beiti ekki neitunarvaldi væri það dauður bókstafur.“

Gunnar Helgi segir að notkun Ólafs á synjunarvaldi forseta muni hafa í för með sér varanlegar breytingar á embættinu og það muni koma í ljós strax í næstu kosningum.

„Héðan í frá geta forsetaframbjóðendur ekki komist hjá því að svara spurningum um hvers konar aðstæður þeir telji kalla á beitingu synjunarvaldsins og hvaða rök þurfi að liggja þar að baki. Þeir þurfa að gera grein fyrir sinni afstöðu og þá verður notkun þessa valds síður háð persónulegu mati forseta frá einu máli til annars. Með því má segja að Ólafur Ragnar hafi sett sinn varanlega svip á forsetaembættið. Að minnsta kosti á meðan ekki er samþykkt ný stjórnarskrá sem breytir hlutverki forseta.“

*Heimildir: Guðni Th. Jóhannesson: „Leikstjóri, leikari eða áhorfandi – Forsetinn og stjórnarmyndanir“, Svanur Kristjánsson: „Stofnun Lýðveldis – Nýsköpun lýðræðis“, Morgunblaðið, DV.*

# 2 lyfjaform samtímis
## geta skilað árangri fyrr

Margir sem vilja hætta að reykja nýta sér stuðning nikótínlyfja. Reynslan sýnir þó að sumir geta þurft meiri hjálp en aðrir. Samsett meðferð Nicorette felst í að nota saman Nicorette forðaplástur og annaðhvort 2 mg Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí eða innsogslyf.




**Kostir lyfjaformanna sameinaðir**
Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótíngjöf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“, stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi.

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette
nicotin

# Lýðræðinu reistar skorður

**Viktor Orban,** forsætisráðherra Ungverjalands, hefur verið stórtækur í breytingum á stjórnarskrá og öðrum mikilvægum lögum. Allt til að tryggja sjálfum sér og flokki sínum lítt takmörkuð völd til frambúðar, segja gagnrýnendur. *Guðsteinn Bjarnason* skoðar afrek Orbans, sem fyrir tuttugu árum var í fararbroddi lýðræðisbyltingar gegn þáverandi kommúnistastjórn landsins.



**NÝRRI STJÓRNARSKRÁ FAGNAÐ** Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, flytur ræðu í Ríkislistasafninu í Búdapest, þar sem gildistöku nýju stjórnarskrárinnar var fagnað með viðhöfn mánudaginn 2. janúar. NORDICPHOTOS/AFP

Viktor Orban hefur verið líkt við Vladimír Pútín, sem hefur notið mikilla vinsælda í Rússlandi, en um leið gætt þess að hafa „taumhald á lýðræðinu" til að geta haldið í völdin sem lengst.

Orban hefur verið stórtækur í breytingum á bæði stjórnarskrá og öðrum mikilvægum lögum landsins, að því er virðist með það markmið helst að tryggja sjálfum sér völdin til frambúðar.

Mannréttindasamtök gagnrýna breytingarnar harðlega, segja alþjóðasamninga brotna og lýðræðið laskað. Leiðtogar Evrópusambandsins og annarra aðildarríkja þess fylgjast með í forundran en hafa hikað við aðgerðir.

### Evrópusambandið

Nú í vikunni, eftir að ný stjórnarskrá tók gildi um áramót, hafa þó þrír þingflokkar á Evrópuþinginu krafist aðgerða: Þinghópar frjálslyndra demókrata, sósíalista og græningja hvetja yfirstjórn Evrópusambandsins til þess að samþykkja refsiaðgerðir gegn Ungverjalandi.

Guy Verhofstadt, fyrrverandi forsætisráðherra Belgíu, segir fulla ástæðu til að beita nú refsiaðgerðum sambærilegum þeim sem beitt var gegn þjóðernissinnanum Jörg Haider í Austurríki árið 2000 þegar Frelsisflokkur hans tók þátt í samsteypustjórn landsins og hætta þótti á mannréttindabrotum af þeim sökum.

### Mótmæli

Á mánudaginn komu tugir þúsunda Ungverja saman í miðborg Búdapest þegar forsætisráðherrann og fleiri ráðamenn landsins fögnuðu gildistöku nýju stjórnarskrárinnar í Ríkislistasafninu.

Mótmælendur sögðu stjórnvöld full af hræsni, stjórnarskráin grafi undan lýðræði og mannréttindum og stjórnmálamenn taki sér æ meiri völd, meðal annars yfir fjölmiðlum, trúfélögum, dómstólum landsins og seðlabankanum.

Þeir kölluðu forsætisráðherrann Viktator, þar sem steypt er saman nafni hans, Viktor, og orðinu diktator eða einræðisherra. Þeir sögðu hann hafa keyrt landið niður í „ruslflokk", með tilvísan í sífellt lægra lánshæfismat ríkisins.

### Umdeilt

Meðal umdeildra ákvæða í nýju stjórnarskránni eru meðal annars beinar tilvísanir til þjóðernisstolts, kristinnar trúar og hinnar „heilögu krúnu" ríkisins. Þá er hjónaband skilgreint sem samband karls og konu og kveðið á um að vernda beri líf í móðurkviði allt frá getnaði.

Auk stjórnarskrárinnar hafa fjölmiðlalög, sem sett voru á síðasta ári, verið harðlega gagnrýnd fyrir það að þrengja of mikið að fjölmiðlafrelsi. Meðal annars var sett á stofn sérstök eftirlitsstofnun með fjölmiðlum, sem hefur vald til að leggja háar fjársektir á fjölmiðla ef umfjöllun þeirra telst – að mati nýja fjölmiðlaeftirlitsins – annaðhvort vera óhlutdræg eða ósiðleg.

Síðastliðið sumar samþykkti ungverska þingið einnig með yfirgnæfandi meirihluta ný kirkjulög sem veita einungis 14 af þeim 358 trúfélögum sem til eru í landinu formlega viðurkenningu sem opinber trúfélög. Þetta hefur verið gagnrýnt fyrir að þrengja um of að starfsemi annarra trúfélaga en þeirra, sem fengið hafa opinbera viðurkenningu, og þar með brot á trúfrelsisákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga.

### Dómstóll

Stjórnarskrárdómstóll landsins komst reyndar í desember að þeirri niðurstöðu að nokkur ákvæði í fjölmiðlalögunum og kirkjulögunum standist ekki stjórnarskrá. Hins vegar er óljóst hvaða gildi úrskurður dómstólsins hefur í reynd nú þegar breytt stjórnarskrá hefur tekið gildi aðeins fáeinum vikum síðar. Stjórnlagadómstólnum hafa nú verið settar skorður og fari málið þrátt fyrir það aftur fyrir dómstólinn gæti niðurstaðan orðið þveröfug, enda eru í nýju stjórnarskránni ákvæði sem beinlínis kalla á breytt lög um fjölmiðla, trúfélög og aðrar helstu stofnanir ungversks samfélags.

### Fall kommúnismans

Fidesz er íhaldsflokkur, stærsti flokkur landsins og var upphaflega stofnaður árið 1988 af ungum og frjálslyndum stjórnarandstæðingum. Liðsmenn voru framan af einkum námsmenn sem höfðu sætt ofsóknum af hálfu kommúnistastjórnar landsins vegna stjórnmálaskoðana sinna.

Þessi öflugi hópur námsmanna stóð framarlega í lýðræðisbaráttu almennings í Ungverjalandi sem efldist hratt með þeim árangri að kommúnistastjórnin féll haustið 1989 á svipuðum tíma og stjórnvöld annarra Austantjaldsríkja.

Núverandi leiðtogi flokksins, Viktor Orban, stóð framarlega í þeirri baráttu, þá 25 ára gamall nýútskrifaður lögfræðingur. Þann 16. júní árið 1989 flutti hann fræga ræðu á Hetjutorginu í Búdapest þar sem hann krafðist frjálsra kosninga og brotthvarf sovéska hersins.




**MÓTMÆLI** Meðan Orban flutti ræðu sína í listasafninu höfðu tugir þúsunda Ungverja safnast saman fyrir utan listasafnið til að mótmæla nýju stjórnarskránni, sem tók gildi um áramótin. NORDICPHOTOS/AFP

### Íhaldsstefna

Í fyrstu náði Fidesz samt ekki miklu flugi í kosningum og hlaut innan við tíu prósenta fylgi í fyrstu tvennum kosningum eftir fall kommúnismans. Það var ekki fyrr en Viktor Orban hafði tekið við forystu flokksins sem fylgið tók að vaxa verulega. Undir forystu Orbans breytti flokkurinn um áherslu, lagði af frjálslyndið og tók upp íhaldssama hægristefnu. Við nafn flokksins, Fidesz, sem er skammstöfun og stendur fyrir Bandalag ungra lýðræðissinna. var bætt orðunum; Borgarabandalag Ungverjalands.

Þetta skilaði flokknum 28 prósentum atkvæða árið 1998 og sama ár varð Orban forsætisráðherra í samsteypustjórn með öðrum forystuöflum úr lýðræðisbyltingunni árið 1989.

Árin 2002 til 2010 var Orban í stjórnarandstöðu, þrátt fyrir ríflega 40 prósent fylgi í kosningunum 2002 og 2006. Árið 2010 vann Fidesz síðan stórsigur og fékk samtals 53 prósent atkvæða í kosningabandalagi með Kristilegum demókrötum, litlum flokki sem lengi hefur átt í nánu samstarfi við Fidesz.

### Efnahagskreppa

Það var ekki síst bágborið efnahagsástand sem varð til þess að kjósendur flykktust að Fidesz, íhaldsflokki Orbans, sem hafði verið í stjórnarandstöðu í tvö kjörtímabil.

Vinstristjórn landsins hafði keyrt efnahagslífið í kaf með lántökum og spillingu. Einstaklingar og fyrirtæki höfðu einnig tekið allt of mikið af lánum í erlendri mynt. Alþjóðakreppan kom á versta tíma fyrir Ungverja, svo vart er annað í stöðunni en að fá aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Viðræður stjórnvalda við sjóðinn um aðstoð hafa reyndar gengið brösuglega en eiga að fara aftur í gang á næstunni.

### UMDEILD ÁKVÆÐI Í NÝJU STJÓRNARSKRÁNNI

**Úr aðfaraorðum**

- Við erum stolt af því að heilagur Stefán konungur reisti ungverska ríkið á traustum grunni og gerði land okkar að hluta af kristilegri Evrópu fyrir þúsund árum.
- Við erum stolt af framúrskarandi vitsmunalegum afrekum ungversku þjóðarinnar.
- Við viðurkennum hlutverk kristninnar í varðveislu þjóðernis.
- Við heiðrum árangur sögulegrar stjórnskipunar okkar og við heiðrum hina heilögu krúnu sem er holdgun stjórnskipunarlegrar samfellu ungverska ríkisins og einingar þjóðarinnar.

**Úr fyrsta kaflanum, sem nefnist Grundvöllur:**

- Með það í huga að til er ein ungversk þjóð, skal Ungverjaland bera ábyrgð á örlögum þeirra Ungverja sem búa utan landamæra þess og skal létta undir með afkomu og þróun samfélaga þeirra.
- Ungverjaland skal vernda hjónabandið sem samband karls og konu, stofnað af frjálsri ákvörðun, og fjölskylduna sem grundvöll framtíðartilveru þjóðarinnar.
- Líf fósturvísa og fósturs skal njóta verndar frá getnaði.

nicorette
Nýárstilboð
20%
afsláttur
af öllum pakkningastærðum af:



Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
Nicorette invisi plástur
Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk.,innsogslyf - 12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# HANDVERKSHÚSIÐ

## ÞÚ ÁTT LEIK!

### *Skráðu þig á námskeið!*

- **Silfurleir** – 3 kvöld eða helgi
- **Brýnsla** – 1-2 kvöld
- **Fersk tálgun** – 1 kvöld + laugardagur
- **Gler - Tiffany`s** – 2 kvöld
- **Tréútskurður** – 1 kvöld + laugardagur
- **Hnífasmíði** – 3 kvöld
- **Tálgun - fígúrur** – 2 kvöld
- **Íslenskir steinar** – 1 kvöld
- **Myndrista** – 1 dagur
- **Emelering málma** – 1 kvöld
- **Málmskart** – laugardagur
- **Tifsögun** – laugardagur
- **Víravirki** – 2 kvöld
- **Fatatölur** – laugardagur
- **Yfirborðsefni - Viður** – 2 kvöld
- **Gler - mósaík** – 2 kvöld
- **Swarovski skart** – 1 kvöld












Opnunartilboð á handverkshusid.is




Verðdæmi:
Tálgusett
**25% afsláttur**
Verð: 4.460 kr.




## Skráning í síma 555-1212

Handverkshúsið Bolholti 4 — Opið 10-18 og 12-16 laugardaga

# LÁGT VERÐ FYRIR ALLA!




## Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

**– með verðvernd!**

**Með lægsta lága verði Húsasmiðjunnar og verðvernd tryggjum við viðskiptavinum okkar ávallt lágt verð – allan ársins hring.**

Ef þú finnur sömu vöru ódýrari en lægsta lága verð Húsasmiðjunnar annars staðar, endurgreiðum við mismuninn.
Vörurnar í þessum verðflokki eru án Kjaraklúbbsafsláttar enda það allra ódýrasta sem við bjóðum.

## Kjaraklúbburinn

**Sérkjör sem bjóðast hvergi annars staðar!**

Kjaraklúbbur Húsasmiðjunnar og Blómavals er frábær kostur fyrir þá sem vilja njóta afsláttar á yfir 40.000 vörum, auk sértilboða og fríðinda hjá Húsasmiðjunni og Blómavali.

**Skráðu þig í Kjaraklúbbinn á husa.is eða í næstu heimsókn í Húsasmiðjuna og Blómaval og njóttu sérkjara sem bjóðast hvergi annars staðar.**

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN

*Nánar á husa.is*



74.890
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
Þvottavél
EWF106410W,1000 snúninga
85x60x60 cm, 6 kg.
1805650
3.799
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Rafhlöðuborvél
PowerPlus, 14,4V, 2 rafhlöður
5245309
2 rafhlöður fylgja!
4.995
VERÐ VERND
10 ltr.
Innimálning
10 ltr, beinhvít.
7119963
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
1.479 kr/m²
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Veggflís Blanco Rústico 20x25 cm
Hvít glansandi m/bugðóttu yfirborði.
8611001
3.899 kr/m²
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Þarf ekki að líma
Viðarparket Eik
Fjögurra stafa eik Rustic, fallegt og líflegt viðarparket frá BARLINEK.
Með krækju ekkert lím.
146900
BARLINEK
10 stk.
690,-
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Perur Osram
Glóperur glærar.
10 stk. í pakka.
OSRAM
549
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Málningarfata
12 ltr, 25 cm.
7006205
5.995
VERÐ VERND
Hjólatjakkur
Lyftir tveimur tonnum.
5023979
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
1.299
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Handsög
5001640
685
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Hamar
16 oz.
5003077
4.590
VERÐ VERND
Magaþjálfi
Með stafrænum teljara.
3899547
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Þrekhjól
YK B-19, hljóðlátt, segulviðnám, mælir sem sýnir tíma, vegalengd, hraða.
Þyngd á tæki 26 kg.
3899530
26.900
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Fjölþjálfi
Segulmótstaða, sterk og öflug grind, púlsmælir, skeiðklukka, vegalengdamælir, hraða og kaloríumælir, þyngd 39 kg.
3899531
32.900
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
1.5 ltr
3.690
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Blandari
Bomann, 500W.
1850037
HÚSASMIÐJAN

# Fyrstu netföngin eftirminnileg

Tölvupóstur og internet þykja hversdagslegir hlutir í dag en mörgum er í fersku minni ýmislegt sem tengist árdaga þessara tækninýjunga. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* og *Kjartan Guðmundsson* fræddust um fyrstu reynsluna hjá nokkrum.

## ■ MEÐ BÍLNÚMER ANDRÉSAR ANDAR

**Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi**

Það var mamma Hólmfríðar Önnu Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa UNICEF á Íslandi, sem upplýsti hana um að það væri hægt að senda bréf í gegnum tölvuna. „Ég man að þetta vakti með mér ótrúlega undrun. Hún kenndi mér að senda bréf til þáverandi ísraelsks kærasta míns, sem var bylting, því ég hafði skrifast á við hann í langan tíma með mikilli fyrirhöfn. Hins vegar á ég enn tugi ástarbréfa einhvers staðar í kassa, en tölvupóstsamskiptin eru horfin í svarthol internetsins.“

Hún valdi sér netfangið hab313, sem er bílnúmer Andrésar andar. Það er hins vegar annað netfang sem Hólmfríður Anna hefur sérstakt dálæti á og notar enn í dag fyrir persónuleg samskipti. „Snemma árs 2008 var ég á leiðinni til Gíneu-Bissá á vesturströnd Afríku til starfa hjá UNICEF í þrjá mánuði. Ég átti 30 ára afmæli í lok árs 2007 og þá gáfu vinkonur mínar mér meðal annars bloggsíðu, svo ég gæti bloggað um ferðina mína. Til þess að stofna bloggið urðu þær líka að stofna gmail reikning, svo vinkonur mínar eiga allan heiðurinn af tölvupóstfanginu afrikudrottningin@gmail.com.“

Þegar hún lenti Gíneu-Bissá var kona á flugvellinum með spjald þar sem á stóð „African Queen“. „Ég hélt auðvitað að þær eða samstarfsfólk mitt heima væri eitthvað að grína í mér og spurði hvort hún væri að leita að mér. Það reyndist ekki vera og það var vægast sagt vandræðalegt að snúa til baka í vegabréfsröðina með almúganum.“



**BYLTING** Það var bylting í lífi Hólmfríðar Önnu Baldursdóttur þegar hún fór að geta sent ísraelskum kærasta bréf í gegnum internetið. Núna eru þau hins vegar horfin í svarthol internetsins. FRÉTTABLAÐIÐ/

## ■ NETFANGIÐ VARÐ AÐ GÆLUNAFNI

**Kristín Eva Þórhallsdóttir, dagskrárgerðarmaður**

Fyrsti tölvupósturinn sem ég sendi var til kærastans míns, en hann var sá eini sem ég þekkti sem var með tölvupóstfang árið 1994. Ég þurfti að læra aðeins á UNIX til að komast í póstinn en tölvuskjárinn var svartur með appelsínugulum stöfum og mér þótti þetta alveg hrikalega spennandi,“ segir Kristín Eva Þórhallsdóttir, þegar hún rifjar upp fyrstu kynni sín af tölvupóstsamskiptum.

„Fyrsta tölvupóstfangið mitt fékk ég svo hjá Margmiðlun, en það var þeim takmörkunum háð að það mátti aðeins innihalda níu stafi, en nafnið mitt hefur tíu. Þá var brugðið á það ráð að skammstafa nafnið mitt Keva og netfangið varð keva@margmidlun.is Þegar fleiri en kærastinn minn fengu tölvupóstfang og ég sendi fleiri pósta fóru formlegheitin af bréfaskriftunum hallandi fæti og ég skrifaði Keva undir alla pósta sem ég sendi. Í kjölfarið varð þetta að gælunafni mínu og margir kalla mig Kevu í dag.“



**KEVA** Kristín Eva Þórhallsdóttir dagskrárgerðarmaður sendi sinn fyrsta póst til kærastans síns árið 1994. Hún þurfti fyrst að læra aðeins á UNIX-stýrikerfið, en tölvuskjárinn var svartur með appelsínugulum stöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ■ SJÚKLEGA TÖFF TÓFA



**Íris Kristjánsdóttir, tölvunörd**

Íris Kristjánsdóttir tölvunörd fékk sitt fyrsta tölvupóstfang árið 1997, en löngu áður hafði hún fyrst frétt af þeirri nýjung að hægt væri að senda rafræn bréf í sjónvarpsþættinum Nýjasta tækni og vísindi. „Enginn af vinum mínum var nörd þannig að það eina sem mér barst voru Microsoft fréttabréf. Ég las þau bara af því þetta var allt svo merkilegt og hátæknilegt, gat ekki hætt að tala um þetta og var nánast sett í sóttkví af foreldrum mínum þar sem allir voru með stjarfaklofa af leiðindum.“

Fyrsta netfang Írísar var iris_vixen@hotmail.com, sem hún notar enn þann dag í dag. „Vixen þýðir tófa eða kvenkyns refur. Ég man að mér fannst það sjúklega töff, eins og beint úr myndinni Hackers. Mér fannst þetta tilvalið netfang ef ég skyldi gerast tölvuþrjótur, en svo hélt ég bara áfram að lesa Microsoft fréttabréf,“ segir hún og hlær. „Ég ætti kannski að endurskoða hversu smart það er, núna þegar ég er komin á fertugsaldurinn og er í atvinnuleit.“

## ■ ALLTAF MEÐ LEIÐINDI



**Steindi Jr., grínisti**

Þegar ég var fimmtán ára spurði ég Karl Tómasson, trommara í Gildrunni, hvort ég gæti ekki fengið að sjá um opnu fyrir ungt fólk í blaðinu Sveitungi, sem Karl ritstýrði og kom út í Mosfellsbæ. Ég fékk það í gegn og opnan fékk heitið Leiðindi, en þar bullaði ég einhver ósköp og skáldaði viðtöl við fólk. Í gegnum þessa opnu fékk ég netfangið leidindi@hotmail.com, sem ég skipti síðan yfir í leidindi@gmail.com. Þetta er bara netfangið mitt og ég hef aldrei viljað breyta því,“ segir grínistinn Steindi Jr, en bætir við að á stundum komi þetta óvenjulega netfang illa við fólk. „Til dæmis þegar fólk er að segja mér frá einhverjum óáhugaverðum hlutum og ég gríp fram í og segi: „Hentu þessu bara á leidindi@gmail.com! Ég gæti allt eins gefið þeim einn „gúmoren“ á'ann,“ segir hann og skellir upp úr.

Grínistinn man það eins og gerst hafi í gær þegar hann fór í fyrsta sinn á internetið: „Ég þurfti að hringja inn internetið, sem brast í gang með miklum óhljóðum, og ég beið í um fjörutíu mínútur eftir að mynd af Pamelu Anderson í bikiníi birtist hægt og rólega á skjánum. Það var mikill metnaður í þessu hjá mér. Ég var svo skotinn í henni á þessum tíma og biðin var vel þess virði. Ég veit ekki hvort svona bið eftir mynd af Pamelu yrði þess virði í dag.“

## ■ EITTHVAÐ FRUMLEGT OG ÖÐRUVÍSI



**EISTLA GREIP** Það er ekki víst að allir tölvupóstar til Brynhildar Björnsdóttur dagskrárgerðarmanns hafi skilað sér á þeim árum þegar hún notaði netfangið eistlagreip@yahoo.com. Það tók hana iðulega langan tíma að fá fólk til að muna það og stafsetja það rétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Brynhildur Björnsdóttir, dagskrárgerðarmaður**

Eftirminnilegasta neftangið mitt, bæði fyrir mig og aðra held ég, er eistlagreip@yahoo.com,“ segir Brynhildur Björnsdóttir dagskrárgerðarmaður. Nafnið má rekja til menntaskólaáranna. „Þegar ég var í MH, löngu fyrir tíma alnetsins, vantaði mig einhverntíma listamannsnafn fyrir einhverja uppákomu og ákvað, eins og sannur menntskælingur, að leita í Snorra Eddu að einhverju nógu frumlegu og öðruvísi. Og mér tókst það held ég ágætlega, þar fann ég systurnar Eistlu og Greip sem eru tvær af níu mæðrum Heimdallar. Þetta fannst mér alveg gráupplögð samsetning og notaði nafnið Eistla Greip Soebeck við ýmis tækifæri, og skrifaði það á ótaldar greiðslukortakvittanir. Þótti því alltaf vænt um nafnið.“

Hún stofnaði hins vegar ekki eigin tölvupóst fyrr en tiltölulega seint, eða um tíu árum eftir stúdentspróf. „Þá var allt sem tengdist nafninu mínu meira eða minna upptekið og ekki nennti ég að vera brynhildurbjornsdottir245@hotmail.com. Rifjaðist þá upp fyrir mér mín gamla góða vinkona, Eistla, og ég ákvað að hleypa henni út á víðlendi veraldarvefsins og stofnaði netfangið eistlagreip@hotmail.com. Ég þarf svo ekki að fara út í það í smáatriðum hvað það var alltaf léttleikandi að gefa netfangið mitt munnlega, fá fólk til að muna það og skrifa rétt. En bót í máli var að útlendingar hefðu sennilega ruglast meira í brynhildurbjornsdottir354.“

## ■ ÖFUNDUÐ AF STJÖRNUSTRÍÐSAÐDÁENDUM



**SITH** Stjörnustríðsaðdáendur voru sérstaklega hrifnir af netfangi Sigurbjargar Þrastardóttur rithöfundar, þegar hún vann á Morgunblaðinu, sith@mbl.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Sigurbjörg Þrastardóttir, rithöfundur**

Ég man vel hvernig netfangið sem ég nota í dag, kom til. Það eru fjöldamörg ár síðan,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur. „Ég tók þátt í leikþáttasamkeppni sem Borgarleikhúsið efndi til og skipulagið var þannig að fólk átti að senda handritin inn rafrænt – en samt undir dulnefni. Eina ráðið var því að búa sér til netfang sem ekki var rekjanlegt, gaf hvorki upp nafn né vinnustað. Ég bjó í fljótheitum til hotmail-reikning og valdi ávöxt af handahófi, prófaði ananas, epli og appelsínur en þau voru öll upptekin. Það fyrsta sem reyndist laust var sitronur@hotmail.com og ég stökk á það. Þetta furðulega netfang er ennþá einkanetfangið mitt, því ég sá fljótt ótvíræða kosti við að eiga einkanetfang en láta ekki öll erindi fara í gegnum Moggapóstinn, þar sem ég starfaði.“

Netföng starfsmanna á Morgunblaðinu voru kapítuli út af fyrir sig að sögn Sigurbjargar. „Yfirleitt voru netföngin mynduð úr tveimur fyrstu stöfum skírnarnafns og tveimur fyrstu stöfum eftirnafns. Mitt var þannig sith@mbl.is, sem Stjörnustríðsaðdáendum bæjarins þótti mjög smart, enda kom á svipuðum tíma út myndin Revenge of the Sith. Stundum gegndi ég jafnvel nafninu Sith á göngum hússins og svipað gilti um fleiri – netföngin festust við starfsfólkið.“

Netföng tveggja samstarfskvenna Sigurbjargar á Mogganum eru henni sérstaklega minnisstæð. „Fríða Björg Ingvarsdóttir var með fbi@mbl.is, sem vakti lukku erlendra viðmælenda. Þá er ógleymanlegt netfangið eyrun@mbl.is, sem Eyrun Magnúsdóttir átti og varð tilefni margra brandara um eyru, eyrnaverki og fleira. Það var engu líkara en að innan Moggans væri sérdeild sem tæki við kvörtunum á: eyrun@mbl.is.“

# SÍÐUSTU DAGAR LAGERSÖLUNNAR
**7. – 9. janúar**

66° NORÐUR

UNGBÖRN

Fleiri litir



**SVALA hettupeysa**
ÁÐUR: 5.800 kr. **NÚ: 2.500 kr.**

KRAKKAR

Einnig í grænu



**MAGNI úlpa**
ÁÐUR: 24.500 kr. **NÚ: 9.000 kr.**

KRAKKAR



**BRAGI dúnvesti**
ÁÐUR: 15.800 kr. **NÚ: 7.000 kr.**

KRAKKAR



**MAGNI jakki**
ÁÐUR: 12.800 kr. **NÚ: 4.500 kr.**

**50 - 75% afsláttur**

**Flísteppi 3.000 kr.**

**Húfur & vettlingar frá 1.000 kr.**

DÖMUR

Einnig í dökkbláu



**KALDI peysa**
ÁÐUR: 19.800 kr. **NÚ: 6.000 kr.**

DÖMUR



**LAUGAVEGUR dúnvesti**
ÁÐUR: 28.000 kr. **NÚ: 12.000 kr.**

HERRAR



**FROST hettupeysa**
ÁÐUR: 21.000 kr. **NÚ: 6.500 kr.**

DÖMUR



**FROST jakki**
ÁÐUR: 21.000 kr. **NÚ: 6.500 kr.**

**Faxafen 12, 108 Reykjavík:** Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16 I Mán. 9 - 18
**Glerárgata 32, 600 Akureyri:** Lau. 11 - 16 I Sun. Lokað I Mán. 9 - 18

# Deilt um Kennedy-fjölskylduna

Nýlegir sjónvarpsþættir um **Kennedy-fjölskylduna** voru umdeildir áður en fyrsti tökudagur rann upp. *Sigríður Björg Tómasdóttir* kynnti sér deilurnar og áhugann á fjölskyldunni sem stundum hefur verið kölluð bandaríska konungsfjölskyldan.

Fyrir réttu ári tilkynnti bandaríska sjónvarpsstöðin History Channel að hún hefði hætt við að sýna sjónvarpsþáttaröðina The Kennedys – átta þátta röð sem fjallaði um fjölskylduna frá því að John F. Kennedy varð forseti Bandaríkjanna og þangað til Robert bróðir hans var myrtur. Bandaríkjamenn hafa löngum verið heillaðir af Kennedy-fjölskyldunni og því ekki að undra að ný þáttaröð um fjölskylduna vekti athygli og eftirvæntingu.

Það vakti hins vegar strax blendnar tilfinningar á meðal aðdáenda fjölskyldunnar að framleiðandi þeirra og meðhöfundur var kunnur repúblikani, Joel Surnow, en hann er þekktastur fyrir að eiga heiðurinn af fyrstu þáttaröðum 24-sjónvarpsþáttanna. Hvers vegna kunnur íhaldsmaður var að vasast í að fjalla um erkidemókrata var spurning sem margir veltu fyrir sér. Sumir brugðust harðar við en aðrir. Ted Sorensen, ræðuskrifari John F. Kennedy, gagnrýndi þættina harðlega eftir að hafa lesið handrit að þeim og sagði þá draga upp ranga mynd af atburðum og fólki. Leikstjórinn og samfélagsrýnirinn Robert Greenwald tók viðtöl við fræðimenn sem hafa sökkt sér ofan í sögu Kennedy-fjölskyldunnar og skeytti saman í mynd sem hann setti á netið. Fræðimennirnir áttu það sameiginlegt að gagnrýna meðferð höfunda þáttanna á sögunni.

„Það var öllu breytt í ómerkilega sápu af verstu gerð,“ sagði Greenwald í viðtali við New York Times á síðasta ári. Viðtalið var tekið áður en tökur á þáttunum hófust og Stephen Kronish, handritshöfundur þáttanna, sagði við blaðið í sömu grein að honum þætti gagnrýnin heldur ótímabær, gagnrýnendurnir hefðu ófrágengið handrit í höndunum.

### Arfleifðin mikilvæg

Deilurnar áður en þættirnir voru settar á laggirnir sýna að arfleifð Kennedy-fjölskyldunnar skiptir enn máli. „Deilur um [sjónvarpsþætti byggða á sögulegu efni] snúast yfirleitt frekar um áhuga stuðningsmanna á að varðveita ímynd hetjanna sinna en um áhrif þáttanna á söguna,“ sagði í gagnrýni vikuritsins Time um þættina og fleiri tóku í sama streng. Þess má geta að þættirnir um Kennedy-fjölskylduna eru ekki fyrstu þættir um bandaríska stjórnmálamenn sem sjónvarpsstöð hættir við að sýna. Árið 2003 höfðu áhrifamiklir íhaldsmenn erindi sem erfiði þegar þeir lögðust gegn því að CBS-stöðin sýndi sjónvarpsþætti um Ronald Reagan og fjölskyldu, The Reagans.

Kennedy-fjölskyldan hefur sannarlega talist til bandarískra hetja og stundum haft á orði að hún sé ígildi konungsfjölskyldu Bandaríkjamanna. Aðdáun á fjölskyldunni og endalaus áhugi á sér margvíslegar skýringar. Barátta fyrir mannréttindum og velferð er hluti af pólitískri arfleifð fjölskyldunnar en John F. Kennedy þótti líka afar glæsilegur forseti og hann og eiginkona hans Jackie voru stöðugt umfjöllunarefni fjölmiðla. JFK hafði mikinn sjarma og ein skýring á naumum sigri hans í forsetakosningunum 1960 var hversu miklu betur hann stóð sig í sjónvarpskappræðum en andstæðingurinn Richard Nixon. Rétt eins og sigurinn var efniviður í samsæriskenningar – en sagt var að mafían hefði tryggt Kennedy sigurinn – var sviplegt andlát hans uppspretta fjölmargra kenninga sem hafa getið af sér bækur og myndir og ýtt undir áhuga á fjölskyldunni.

Nokkrum árum síðar féll Robert Kennedy einnig fyrir hendi morðingja en hann barðist þá fyrir kjöri sem forseti Bandaríkjanna. Þar endar sagan í sjónvarpsþáttaröðinni The Kennedys en Kennedy-fjölskyldan hefur sem kunnugt er verið áhrifamikil og áberandi í Bandaríkjunum til dagsins í dag.

Meðal kunnra skyldmenna eru þingmaðurinn margreyndi og einn helsti máttar-stólpi demókrata um langt skeið, Ted Kennedy, en þessi yngri bróðir Johns og Roberts lést haustið 2009. Systurdóttir þeirra Maria Shriver er þekkt, bæði fyrir fréttamennsku en kannski einkum fyrir að hafa verið gift Arnold Schwarzenegger um árabil. Sonur JFK, John F. Kennedy yngri, haslaði sér völl í útgáfu en hann lést í flugslysi 1999. Nú í vikunni rataði framboð Josephs P. Kennedy III, sonarsonar Roberts, í fréttir um allan heim. Það þykir sæta tíðindum að Kennedy-fjölskyldan muni mögulega eiga fulltrúa á þinginu eftir nokkurra ára hlé.

> Aðdáun á fjölskyldunni og endalaus áhugi á sér margvíslegar skýringar.

### Bölvun fjölskyldunnar

Dramatíkin í sögu Kennedy-fjölskyldunnar er stór þáttur í því hversu saga fjölskyldunnar hefur heillað marga. Ættfaðirinn Joseph Kennedy var afkomandi fátækra írskra innflytjenda en sjálfur var hann vellauðugur. Hann og eiginkona hans Rose voru metnaðargjörn fyrir hönd barna sinna, og mesta traustið var sett á elsta soninn, Joseph Jr. Hann féll hins vegar í heimsstyrjöldinni síðari, sem var eitt fyrsta áfallið sem dundi yfir fjölskylduna en alls ekki það síðasta, stundum hefur verið sagt að bölvun hljóti að hvíla á henni.

Eftir að History Channel hætti við að sýna þættina í janúar síðastliðnum þá tók ReelzChannel-sjónvarpsstöðin við keflinu og sýndi þættina í apríl. Skýring History Channel á því hvers vegna hætt var við að sýna þættina var sú að þeir féllu ekki að dagskrárstefnu stöðvarinnar. Sú skýring var léttvæg fundin af mörgum sem töldu líklegra að áhrifamenn og aðdáendur fjölskyldunnar hefðu haft þar hönd í bagga, áðurnefnd Maria Shriver hefði til að mynda beitt áhrifum sínum.

Gagnrýnendur hafa sumir gert lítið úr þeirri skýringu, sagt líklegra að þáttaröðin hafi einfaldlega ekki þótt nægilega góð. Þrátt fyrir þekkta leikara, Tom Wilkinson leikur ættföðurinn Joseph Kennedy, Greg Kinnear JFK, Katie Holmes Jackie Kennedy og Barry Pepper leikur Robert Kennedy, og reynda höfunda og framleiðendur hafa dómar um þættina verið upp og ofan. Sýning þáttanna hefst á Stöð 2 á sunnudagskvöldið.



**Í HLUTVERKI FORSETAHJÓNANNA** Katie Holmes í hlutverki Jackie Kenndety og Greg Kinnear í hlutverki Johns F. Kennedy. Holmes er sögð hafa verið eyðilögð þegar sýningu þáttanna var frestað.

### ÓÞRJÓTANDI UPPSPRETTA KVIKMYNDA OG ÞÁTTA

Fjölmargir þættir hafa verið gerðir um Kennedy-fjölskylduna og einnig kvikmyndir. Óvísindaleg rannsókn á Kennedy-myndum sýnir að áhugafólk um fjölskylduna gæti gert margt vitlausara en að horfa á þessar myndir:

- Primary (1960). Heimildarmynd um baráttu John F. Kennedy og Hubert Humphrey í forkosningunum árið 1960. Kvikmyndagerðarmenn fylgdu keppinautunum eftir sólarhringum saman og áhorfendur komast í návígi við Kennedy, áður en hann varð forseti.
- Kennedy (1983). Sjónvarpsþættir frá árinu 1983 þar sem Martin Sheen þykir fara á kostum sem John F. Kennedy.
- JFK (1991). Leikstjórinn Oliver Stone var ekki feiminn við að sækja í brunn samsæriskenninga í mynd sinni um morðið á John F. Kennedy og rannsókn þess.
- Thirteen Days (2000). Mynd um Kúbudeiluna sem átti sér stað árið 1962. Bruce Greenwood leikur John F. Kennedy.
- Bobby (2003). Emilio Estevez leikstýrði þessari mynd sem segir frá áhrifum dauða Roberts Kennedy á líf nokkurra einstaklinga.





# HEILSA

LAUGARDAGUR **7. JANÚAR 2012**

**Kynningarblað**



Margt í boði fyrir börn
Góð ráð gegn streitu
Heilsurækt á vinnustaðnum
Hressandi drykkir
Tækninýjungar
Hollt og gott í gogginn










# Enn einu metárinu lokið

**Baðhúsið er meira en líkamsræktarstöð. „Þetta er líka klúbbur fyrir konur sem vilja gera sér gott í amstri dagsins. Hér geta þær slakað á, farið í gufu og pott, gluggað í blöð og látið líða úr sér," segir eigandinn Linda Pétursdóttir.**

Í Baðhúsinu er notaleg aðstaða fyrir konur til að rækta líkama og sál. „Við erum með fjölbreytt úrval af tímum sem henta konum sem eru að stíga sín fyrstu skref inn á líkamsræktarstöð og líka þeim sem eru lengra komnar. Við leggjum ríka áherslu á persónulega, góða þjónustu þannig að viðskiptavinum okkar líði vel og finnist notalegt að koma," segir Linda Pétursdóttir, eigandi Baðhússins. „Við erum líka alltaf að betrumbæta með það að leiðarljósi að Baðhúsið sé ekki staður fyrir stutt stopp. Konur koma hingað til að stunda líkamsrækt en þetta er líka klúbburinn þeirra þar sem þær geta slakað á, farið í pottinn, gufurnar og í hvíldarhreiðrið. Þær geta fengið sér vatn, te og kaffi, kíkt í blöðin og sumar koma jafnvel til að leggja sig og fá þannig hvíld frá amstri dagsins. Þá erum með frábæra barnagæslu fyrir þær sem það þurfa."

Linda stofnaði Baðhúsið árið 1994 og nú var enn einu metári að ljúka. „Fjölmargir viðskiptavinir hafa verið hér svo árum skiptir og er viðkoma í Baðhúsinu partur af þeirra lífsstíl."

Með því að skrá sig í KK klúbbinn fá viðskiptavinir hagstæðustu kjörin en innan hans eru fjórar mismunandi áskriftarleiðir. Þrjár eru með tíu til tólf mánaða binditíma en ein er án binditíma. „Þannig teljum við okkur koma til móts við þarfir flestra en auk þess erum við með staka tíma, mánaðarkort og ýmsa fleiri möguleika. Hér er því eitthvað fyrir alla, óháð aldri og getu."

Á nýju ári verður áfram fjölbreytt tímaúrval og verður enn meiri áhersla lögð á Zumba sem hefur notið sérstakra vinsælda á undanförnum misserum. „Zumba fitness verður á sínum stað en svo erum við að bæta við stelpu Zumba fyrir stelpur á aldrinum fimm til átta ára og níu til tólf ára og Zumba gold fyrir byrjendur og konur á besta aldri. Þá erum við með margar jógakonur og bjóðum bæði almennt jóga og hot jóga sex daga vikunnar. Um miðjan mánuðinn hefst svo sex vikna námskeið í jóga gegn kvíða.

Linda segir konur eiga gæðastundir í Baðhúsinu og að mörgum hafi tekist að gera líkamsrækt að lífsstíl. Hún vísar í ummæli Hrafnhildar Pétursdóttur 72 ára tannfræðings sem hefur verið í Baðhúsinu frá árinu 1998. „Baðhúsið er aðgengilegt og þægilegt og umgengni frábær. Það er alltaf verið að laga og gera Baðhúsið betra. Ég var staðráðin í því þegar ég kom fyrst í Baðhúsið árið 1998 og skráði mig í KK klúbbinn að það væri fyrir lífstíð. Ég ætla mér að standa við það."



## NÝJUNGAR OG TILBOÐ



**Boðið er** upp á tvo nýja Zumbatíma í Baðhúsinu; stelpu-Zumba og Zumba Gold. „Zumbakennarinn okkar, Hjördís Zebitz, hefur verið dugleg að sækja sér ný Zumbaréttindi og ég hef ekki séð þetta annars staðar," segir Kristjana Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri líkamsræktar hjá Baðhúsinu.

**Stelpu-Zumbað er** tvískipt. Það er annars vegar hugsað fyrir fimm til átta ára og hins vegar níu til tólf ára. „Þarna geta þær fengið útrás fyrir dansgleðina við skemmtilega tónlist án þess að vera beinlínis í ströngu dansnámi. Við höfum áður boðið upp á stelpujóga en þetta er í takt við það að viðskiptavinir okkar eru alltaf að yngjast og koma jafnvel með mæðrum sínum á stöðina. Þörf barna fyrir hreyfingu með tilliti til holdafars hefur sömuleiðis aukist og stundum dugar skólaleikfimin ekki til," segir Kristjana.

Zumba Gold eru hægari Zumba-tímar fyrir þær sem treysta sér ekki í Zumba fitness. „Þar er kominn þéttur kjarni sem getur verið fráhrindandi fyrir þær sem hafa aldrei prófað. Þetta geta verið konur sem eru komnar á efri ár en líka konur sem eru að byrja og langar að dansa."

**Meðlimir KK** klúbbsins fá ókeypis aðgang í öll heilsuátök í Baðhúsinu. Þetta geta verið tabata námskeið, hot jóga námskeið, fit pilates námskeið og fleira í þeim dúr. Því er ljóst að KK klúbburinn margborgar sig.

**Þessa daga** er sérstakt inngöngutilboð í KK klúbbinn en allar sem skrá sig fram til 10. Janúar fá frítt nudd. Einnig er tilboð á sex mánaða kortum og er boðið upp á frían prufutíma til 10. janúar.



## GÓÐ RÁÐ FYRIR ÚTIHLAUP

**Klæðist þunnum** æfingafatnaði innst sem hleypir svita frá líkamanum. Varist bómullarföt.

Yst skal klæðast vindþéttum hlífðarfatnaði sem andar, til dæmis úr næloni eða goritex.

Ef mjög kalt er í veðri skaltu fara í þriðja lagið þarna á milli, til dæmis flísfatnað.

Um 30 prósent af líkamshita sleppa út um hendur og fætur. Þegar kalt er skaltu vera í vettlingum og ullarsokkum. Passaðu þó að sokkarnir séu ekki of þykkir í skóna.

Vertu með húfu. Þegar mjög kalt er skaltu vera með trefil yfir munn til að hita loftið sem þú dregur að þér.

Varastu að klæða þig of mikið. Þér hlýnar þegar þú leggur af stað.

Ekki gleyma að drekka vatn.

*Heimild: www.about.com/running&jogging*

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

Hvernig byrja ég?

Frí ráðgjöf
Pantaðu tíma í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

Við leiðbeinum þér með næstu skref



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is



Fólk á öllum aldri finnur æfingakerfi við sitt hæfi í Heilsudrekanum í Skeifunni. MYND/ANTON

# Eflir heilsu og hamingju

**Í Heilsudrekanum, Skeifunni 3j, er boðið upp á námskeið í ævafornum kínverskum leikfimikerfum fyrir alla aldurshópa og eiga þau öll sameiginlegt að efla andlegt og líkamlegt jafnvægi.**

Kínversku íþróttirnar sem við bjóðum upp á eru fyrir alla, bæði börn og fullorðna á öllum aldri," segir Qing, eigandi Heilsudrekans í Skeifunni. „Markmiðið er að ná líkamlegu og andlegu jafnvægi. Kung Fu-námskeiðið fyrir krakkana snýst til dæmis um að auka orkuflæði, æfa einbeitingu og auka kraft og úthald. Námskeiðin fyrir fullorðna fólkið, Tai Chi og Qi Gong, snúast um að auka orku og liðleika og koma á jafnvægi og æfingarnar hafa lækningamátt. Þetta eru ævafornar kínverskar æfingar sem jafna orkuflæði til líffæra og hafa heilunarmátt."

Qing segir hugrænu teygjuleikfimina einnig hafa lækningamátt, þar sem tekið sé á vandamálum eins og bakverkjum, gigt og vöðvabólgu. „Þetta eru allt rólegar æfingar sem byggja upp styrk smátt og smátt og margir verða undrandi á því hversu gott form þeir komast í þrátt fyrir að átökin séu svona lítil. Allar þessar æfingar hafa verið rannsakaðar og komið hefur í ljós að ástundun þeirra gagnast fólki með sykursýki, hjartasjúkdóma, æðavandamál, magavandamál og ótalmarga aðra sjúkdóma. Öll þessi æfingakerfi miða að því að samræma andlegt og líkamlegt jafnvægi, efla heilsu og hamingju."

## LIÐKA OG DRAGA ÚR VERKJUM

**Ármann Ágústsson** hefur stundað Tai Chi og teygjuæfingar í Heilsudrekanum í sex ár. Hann segir áhugann upphaflega hafa komið til vegna áhuga á austurlenskum bardagaíþróttum en árangurinn hafi verið svo góður að hann geti ekki hugsað sér að hætta. „Í grunninn er Tai Chi bardagaíþrótt sem miðar að því að auka einbeitingu og andlega ró og það er engin vanþörf á því í nútímasamfélagi þar sem áreitið er alls staðar," segir Ármann.

Ármann vinnur kyrrsetustarf og segir mikilsvert að stunda æfingar sem liðka og styrkja líkamann auk þess að draga hugann frá hinu daglega amstri. „Auk þess er ég með brjósklos í baki og æfingarnar hafa hjálpað mér mikið við að liðka bakið og minnka verkina. Ég hef dregið mikið úr öðrum líkamlegum æfingum, kínverska leikfimin gagnast mér fullkomlega."



Ármann Ágústsson.

# Hressandi drykkir

**Eftir ljúfa jóladaga tekur hversdagurinn við og mörgum okkar reynist erfitt að snúa baki við kræsingum. Það má gera það auðveldara með bragðgóðum ávaxtadrykkjum sneisafullum af vítamínum sem koma okkur gegnum dimma janúardaga.**



**Morgunhristingur:**
1/2 bolli frosin bláber
1 ferskja skorin í bita
Nokkur hindber og jarðarber
1/4 bolli vanillujógúrt
1/4 bolli ávaxtasafi
1 bolli léttmjólk
Sett í blandara

**Seinnipartshressing:**
1 bolli vanillusojamjólk
1/2 bolli eplasafi
1 bolli bláber eða brómber
1 banani
1 bolli mulinn klaki
Sett í blandara





**Orkudrykkur fullur af vítamínum milli mála:**
Þrjár gulrætur
Tvö epli óskræld
Lítill biti af engiferrót
Sett í safapressu

**Ferskur og hressandi drykkur:**
3 kíví skræld
1 pera skræld
Sítrónubátur afhýddur
Klaki
Sett í blandara







Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal




## Eplaedik
### með krómi

# 20%
## afsláttur +

Vatnslosandi
Eykur brennslu
Jafnar blóðsykur
Dregur úr hungurtilfinningu
Örvar losun úrgangsefna
Öflug hjálp í baráttunni við aukakílóin




**2.238 kr.**
Áður ~~2.798 kr.~~

## Regenovex

# 20%
## afsláttur +

Regenovex er árangursrík, fljótleg og náttúruleg lausn gegn eymslum og óþægindum í liðum líkamans. Gel, plástrar og perlur til að taka inn.
Þú finnur árangurinn samstundis.




| Plástur | Hylki | Gel |
|---|---|---|
| **524 kr.** | **4.282 kr.** | **2.280 kr.** |
| Áður ~~655 kr.~~ | Áður ~~5.353 kr.~~ | Áður ~~2.850 kr.~~ |

## Omron
### fitumælingarvog

# 15%
## afsláttur +

Ertu að fara í átak á nýju ári?
Omron fitumælingarvogin hjálpar þér að fylgjast með árangrinum. Hefur minni fyrir 4 notendur og hentar fyrir 18-80 ára. Vogin er klínísk og mælir: þyngd, líkams-fitu og BMI (body mass index).



**13.260 kr.**
Áður ~~15.600 kr.~~

## Metasys

# 20%
## afsláttur +

Metasys er frábær hjálp í stríðinu við aukakílóin, 100% náttúrulegt.




120 stk.
**4.392 kr.**
Áður ~~5.490 kr.~~

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# TAI CHI

STYRKUR · JAFNVÆGI · SLÖKUN · FLÆÐI

10 vikna námskeið hefst 9. janúar að Hæðargarði 31

- **SÍÐDEGISTÍMAR**
  mánudaga og miðvikudaga kl. 17.30–18.45
  Leiðbeinendur: Svanlaug D. Thorarensen og S. Hafdís Ólafsdóttir
- **MORGUNTÍMAR** hefjast 10. janúar
  þriðjudaga og föstudaga kl. 9.00–10.00
  Leiðbeinandi: Guðný Helgadóttir





| Hafdís | Svanlaug | Guðný |
|---|---|---|
| s. 861 5958 | s. 663 9103 | s. 860 1921 |
| hafdis@slf.is | svanlaugt@simnet.is | dunnahelg@hotmail.com |


# GOTT Í GOGGINN

**Þeir sem ætla að uppfæra matseðilinn með hollustu í huga ættu að gefa eftirfarandi atriðum gaum. Á netinu er þeim oftar en ekki spáð vinsældum á nýju ári.**

Fyrir tæpum tíu árum fóru heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum af stað með átak sem gengur undir heitinu „meatless mondays“ eða kjötlausir mánudagar. Það miðaði að því að fá landsmenn til að minnka neyslu kjöts og draga þannig úr offitu og tengdum kvillum. Fylgismönnum átaksins hefur fjölgað jafnt og þétt þar í landi og því er spáð að það muni ná vinsældum um allan heim.



Í Bandaríkjunum hefur markvisst verið unnið að því að minnka kjötneyslu almennings með það fyrir augum að draga úr offitu og fylgikvillum hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

Glútenlausu fæði er spáð auknum vinsældum á nýju ári. Ef lesendur eru í vafa um hvað glúten er þá er það að finna í kornmeti, hveiti, byggi, haframjöli, pasta og fleiru og gefur því loftkennda áferð. Sumir eru haldnir glútenóþoli sem lýsir sér í því að fæða fer hratt gegnum þarmaveggi og næring skilar sér ekki út í líkamann. Þetta getur valdið ýmsum óþægilegum einkennum, þreytu, lystarleysi og fleiru. Fyrrnefnt glútenlaust fæði er talið slá á einkennin en undir það falla ávextir, grænmeti, mjólkurvörur, kjöt, fiskur, hnetur, fræ, olíur og smjör og svo glútenfrítt brauð og kökur.



Reiknað er með að á næstu mánuðum muni sífellt fleiri færa sér í nyt svokölluð „apps“ eða smáforrit í tölvur og farsíma, þar sem áhersla er á fræðslu um næringu, hollt mataræði, heilsusamlegar uppskriftir, upplýsingar um matarkúra og margt fleira.

Sjálfsagt kætast margir við að heyra að egg eru ekki lengur á svörtum lista næringarfræðinga. Að minnsta kosta gefa vissar rannsóknir til kynna að kólesteról í eggjarauðu hafi ekki eins mikil áhrif á kólesteról í blóði fólks eins og talið var. Egg er álitin algjör næringar- og prótínbomba.



Egg er aftur í náðinni.


Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands kynnir:

LÍFSHLAUPIÐ 5 ÁRA



Landskeppni í hreyfingu

# Lífshlaupið

Skráðu þig
- Vinnustaðakeppni
- Hvatningarleikur í skólum
- Einstaklingskeppni

Skráning og nánari upplýsingar á:
www.lifshlaupid.is

Lífshlaupið byrjar 1. febrúar!

Lífshlaupið þín heilsa – þín skemmtun

Lífshlaupið er fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ fyrir alla aldurshópa. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum embættis landlæknis um hreyfingu og gera hreyfingu að föstum lið í lífsstíl sínum, hvort sem er í frítímanum, við heimilisstörfin, í vinnunni, skólanum eða við val á ferðamáta. Vinnustaðir, skólar og einstaklingar eru hvattir til að taka þátt og nota tækifærið til að efla líkama og sál með því að hreyfa sig daglega.

Ísland á iði Hreyfa sig!

100 1912-2012

Samstarfsaðilar

Ávaxtabíllinn Fersk sending · RÁS 2 · Velferðarráðuneytið · Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Embætti landlæknis · SKÝRR

Ólympíufjölskyldan

Íslandsbanki · Icelandair · Sjóvá · Valitor

ÍSLENSKA/SIA.IS/ISI 57522 12/11




## TÆP 19 PRÓSENT REYKJA DAGLEGA EÐA SJALDNAR

**Tíðni daglegra** reykinga fullorðinna á aldrinum 15 til 89 ára hélst nokkuð óbreytt árið 2011 miðað við árið á undan. Þetta sýna nýjar tölur yfir umfang reykinga á Íslandi fyrir árið 2011 sem birtar voru í Talnabrunni Landlæknisembættisins.

Árið 2011 reyktu að meðaltali 14,3 prósent fullorðinna daglega en 4,6 prósent sögðust reykja sjaldnar en daglega. Samtals reyktu því 18,9 prósent fullorðinna daglega eða sjaldnar. Til samanburðar reyktu að meðaltali 19,0 prósent fullorðinna daglega og 3,5 prósent sjaldnar en daglega árið 2007, en það ár tók bann við reykingum á veitingahúsum gildi. Undanfarin ár hefur dregið verulega úr tíðni daglegra reykinga.

Ofangreindar tölur eru niðurstöður sem birtust í nýútkominni skýrslu Capacent-Gallup, en fyrirtækið sér um árlegar kannanir á umfangi reykinga fyrir embætti landlæknis.

**Barnaheill – Save the Children** á Íslandi mun í dag ýta úr vör átakinu Heillakeðja barnanna 2012. Börn eru beðin að mæta klukkan 15.45 við Iðnó. Þar fá þau neonljós áður en þau mynda keðju í kringum Tjörnina.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Unnsteinn Manuel Stefánsson, tónlistarmaður í Retro Stefson, sér fram á annasama helgi fram undan.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kann vel við einveru

Ef mætir mér rasistalegur gæi segist ég vera frá Íslandi, en við vingjarnlega stelpu segist ég alltaf vera frá Angóla,“ segir Unnsteinn Manuel sem fæddist í Portúgal fyrir bráðum 22 árum og hefur aldrei upplifað kynþáttafordóma í sinn garð á Íslandi.

„Pabbi er íslenskur en mamma frá Angóla í Suður-Afríku. Þau kynntust á strætóstoppistöð í Portúgal þegar pabbi starfaði þar við skipasmíðar og innflutning á traktorum,“ útskýrir Unnsteinn sem fluttist til Íslands á fimmta árinu.

„Ég væri virkilega til í að vera rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, en það kemur ekki eins auðveldlega til mín og tónlist. Setjist ég niður til að skrifa skáldsögu er ekki kominn stafur á blað áður en ég er búinn að opna tónlistarforritið aftur. Tónlistinni fylgir líka svo mikil stærðfræði, í samanburði við aðrar listgreinar, og rétt eins og að reikna heimadæmin þarf maður þjálfun og æfingu til að gera eitthvað merkilegt í tónlistarsköpun,“ segir Unnsteinn sem semur langflestar lagasmíðar hljómsveitarinnar Retro Stefson.

„Mér finnst ríkja misskilningur með mikilvægi innblásturs í tónsmíðum. Aðalmálið er nefnilega að fá stundarfrið og næði,“ segir Unnsteinn sem á komandi þorra ætlar að vera meira og minna einsamall með tíkinni Lunu og frændtík hennar Unu á afskekktu bóli í Bjarnarfirði á Ströndum.

„Ég kann vel við einveru í afskekktum firði. Mér er sama hvernig viðrar fyrir vestan því ef hann rignir er bara kósí að vera inni við, skíni sólin er gaman að fara út úr húsi og spennandi ef kyngir niður snjó. Þá kem ég til með að vera innilokaður en finnst það alls ekki óþægilegt og verð vitaskuld bíllaus því ég er ekki með bílpróf. Í staðinn tek ég rútuna til Hólmavíkur frá BSÍ,“ segir Unnsteinn með tilhlökkun.

Í mars hefst upphaf margra fyrirhugaðra tónleikaferða Retro Stefson utan landsteinanna á árinu, en fyrst er það tónlistarhátíðin South by Southwest í Texas.

„Mýtan um ólifnað innan hljómsveitarbransans byggir á miklum misskilningi,“ upplýsir Unnsteinn. „Maður fær sér til dæmis ekki drykk á hverjum degi nema ætla að aflýsa ferðinni strax. Tónleikahald er ótrúlega stíf vinna sem kemur flestum á óvart sem lenda í því. Því er nauðsynlegt að halda sér heilbrigðum ef maður ætlar að túra í langan tíma,“ segir Unnsteinn sem um helgina ætlar í afmælisveislur, á hljómsveitaræfingu, í upptökustúdíó, að spila á árshátíð og sem plötusnúður í kveðjuhófi vinar síns.

„Ég hef lengi þeytt skífum en nenni því minna í dag. Því fylgir mikil viðvera á næturklúbbum og að díla við drukkið lið í skammdegisþunglyndi er ekkert gaman. Í staðinn borða ég alltaf hjá pabba, kaupi mér engin föt og eyði tímanum uppi í sveit,“ segir hann hlæjandi og strýkur Lunu.

„Nei, ég strengdi engin áramótaheit en finnst gaman að fylgjast með öfgunum í allar áttir þegar þjóðin hefur aldrei verið feitari á sama tíma og vitundarvakning um hollt líferni litar heitin. Hins vegar þori ég ekki að strengja áramótaheit því ég vil ekki svíkja sjálfan mig.“

*thordis@frettabladid.is*

> „Ef kyngir niður snjó kem ég til með að vera innilokaður en finnst það alls ekki óþægilegt og verð vitaskuld bíllaus því ég er ekki með bílpróf."

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233


Útsala - útsala
allt að 50% afsláttur
Kápan kostaði áður 28.900,-
en kostar núna 14.450,-
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
www.topphusid.is
TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
NÆG BÍLASTÆÐI


VETRARÚTSALAN HAFIN
MOKKAJAKKAR
ULLARKÁPUR
DÚNÚLPUR
PEYSUR- BOLIR –BUXUR
OG GLÆSILEGUR
SPARIFATNAÐUR
FRÁ GERRY WEBER
Skoðið sýnishornin á laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422


ÚTSALA
allt að 50% afsláttur
sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220

**Hugrún Þorsteinsdóttir** safnakennari leiðir skapandi teiknismiðju og leiðsögn um Hafnarhús á sunnudaginn klukkan 15. Leiðsögnin er sérstaklega sniðin fyrir börn á aldrinum 5 til 10 ára en þátttöku foreldra er líka vænst.



Tilboð á völdum vörum frá Bellora.,



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

# Minnast sextugsafmælis Péturs W. Kristjánssonar

**Pétur Wigelund Kristjánsson rokksöngvari hefði orðið sextugur í dag. Af því tilefni verða minningartónleikar á Spot í kvöld þar sem einvalalið söngvara og tónlistarmanna flytur lög hans.**

„Umfram allt ætlum við að hafa þetta skemmtilegt kvöld í anda Péturs. Það voru sjaldan leiðindi í kringum þann mann,“ segir Jóhann Ásmundsson bassaleikari, einn þeirra sem standa fyrir minningartónleikum um Pétur Wigelund Kristjánsson rokksöngvara, sem hefði orðið sextugur í dag, á skemmtistaðnum Spot í kvöld. Flutt verða lög frá löngum, litríkum og fjölbreyttum ferli Péturs. „Það kemur þarna hópur af söngvurum, bæði ungum og eldri, og syngur lögin hans Péturs,“ segir Jóhann. „Einnig verða sýnd myndbönd og myndir frá ferli hans á stórum skjá. Það er Ágúst Harðarson sem hefur sett þessi myndbrot saman en hann vann lengi með Pétri sem rótari og hljóðmaður.“

Allur ágóði þessa kvölds fer í Minningarsjóð Péturs sem úthlutað verður úr á Músiktilraunum á meðan sjóðnum endist fé. „Pétur kom úr bílskúrshljómsveitum og með stofnun sjóðsins getum við haldið nafni hans á lofti hjá tónlistaræsku landsins,“ segir Jóhann.



Pétur Wigelund Kristjánsson var einn vinsælasti rokksöngvari Íslandssögunnar. Í kvöld verða flutt nokkur lög frá ferli hans á Spot í Kópavogi.



Jóhann Ásmundsson bassaleikari

Pétur starfaði í hinum ýmsu hljómsveitum frá 1966, meðal annarra Pops, Náttúru, Svanfríði, Pelikan, Paradís, Póker, Picasso og Dúndrinu.

Hljómsveitirnar Pops og Náttúra áttu sinn þátt í að móta unglingsár heillar kynslóðar íslenskra ungmenna. Pétur var sjálfur einungis fjórtán ára er hann byrjaði að leika á bassann hjá Pops og átján ára er hann tók við sem söngvari Náttúru árið 1970. Bruninn í Glaumbæ árið 1972 þar sem Náttúra missti öll sín hljóðfæri dró ekki þróttinn úr liðsmönnum sveitarinnar og Pétur stofnaði sveitina Svanfríði ásamt öðrum og síðar Pelíkan og Start. Pétur lést þann 3. september 2004.

Hljómsveitina sem leikur í kvöld skipa, auk Jóhanns sem leikur á bassann, þeir Ásmundur Jóhannson trommuleikari, Ingvar Alfreðsson hljómborðsleikari, Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari og Davíð Sigurgeirsson gítarleikari. „Þetta er svona feðgaband,“ segir Jóhann. „Ásmundur er sonur minn og Davíð er sonur Sigurgeirs. Þannig að þarna koma saman tvær kynslóðir og heiðra minningu Péturs.“

Söngvarar kvöldsins eru meðal annarra Bjartmar Guðlaugsson, Jóhann G. Jóhannsson, Magni Ásgeirsson, Matthías Matthíasson og Stefán Hilmarsson og gestagítarleikarar verða Björgvin Gíslason, Guðmundur Jónsson og Birgir Hrafnsson. Kynnir tónleikanna er Þorgeir Ástvaldsson.

*fridrikab@frettabladid.is*

ÚTSALAN HAFIN
40-60%
af allri útsöluvöru
10% afsl. af annari vöru
mayoral
Gleðilegt nýtt ár
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

ÞÚ SKIPTIR MÁLI!
Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum.

Rauði krossinn í Kópavogi leitar að hópstjórum í verkefni á nýju ári.

**Okkur vantar hópstjóra fyrir:**
- Heimsóknavini.
- Heimsóknavini með hunda.
- Sönghópa.
- Fatabúðir.
- Föt sem framlag.
- Viltu tala meiri íslensku?
- Ungmennastarf.

Við leitum að duglegu fólki sem hefur góðan tíma aflögu og vill gefa af sér. Hópstjórar bera ábyrgð á hluta framkvæmdar og eftirfylgni verkefnanna. Hlutverk hópstjóranna eru margvísleg en þeir þurfa að hafa leiðtogahæfileika og góða samstarfs-, skipulags- og samskiptahæfni.

**Hópstjórarnir gegna sjálfboðnu starfi með hugsjónir Rauða krossins að leiðarljósi.**

Nánari upplýsingar fást hjá Rauða krossinum í Kópavogi í síma 554 6626 eða á netfanginu kopavogur@redcross.is.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur



# Sérfræðingur í ráðningum

## Vegna aukinna verkefna á sviði ráðninga í sérfræði- og stjórnunarstörf óskar Intellecta eftir að fjölga starfsmönnum

### Helstu verkefni

- Samskipti við viðskiptavini og umsækjendur
- Yfirferð og flokkun ferilskráa
- Undirbúningur og framkvæmd viðtala
- Fyrirlögn prófa og verkefna
- Gerð ráðningasamninga
- Greinargerðir og rökstuðningur fyrir ráðningu
- Virk þátttaka í notkun upplýsingakerfa Intellecta og eftirfylgni með ráðningarferlum
- Bein leit (head hunting)

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði félagsvísinda eða viðskipta
- Reynsla af starfi í mannauðsmálum er kostur
- Jákvæðni og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Þekking og reynsla af þjónustu- og markaðsstörfum og sölu verkefna er mikill kostur
- Góð færni í íslensku og ensku
- Hæfni til að miðla upplýsingum

*Intellecta var stofnað árið 2000. Fyrirtækið hefur frá þeim tíma unnið með stjórnendum við að bæta rekstur og auka verðmæti fyrirtækja. Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki sem starfar á þremur megin sviðum sem eru: Rekstrarráðgjöf, ráðningar og rannsóknir.*

*Við höfum sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og þróa og innleiða lausnir sem skila árangri.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.intellecta.is***

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta

▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir



Orkuveita Reykjavíkur

# SKJALASTJÓRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

## ORKUVEITA REYKJAVÍKUR AUGLÝSIR STARF SKJALASTJÓRA LAUST TIL UMSÓKNAR

Skjalastjóri gegnir lykilhlutverki í stefnumótun og eftirfylgni með skjalastjórnun Orkuveitunnar. Starfið heyrir beint undir forstjóra. Leitað er að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Þróun skjalastefnu og eftirfylgni
- Mótun verklags við skjalastjórnun fyrir fyrirtækið í heild
- Umsjón með aðgangsstýringu skjala
- Gerð skjalavistunar- og grisjunaráætlunar og eftirfylgni
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn varðandi skjalamál
- Ábyrgð á að reglugerðum og stöðlum um skjalastýringu sé framfylgt

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði
- Víðtæk reynsla af skjalastjórnun
- Góð almenn tölvufærni
- Þekking á SharePoint verkefnavef og skjalavistunarkerfum er kostur
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 23. janúar**

capacent

**Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa:**
Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningu.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Orkuveita Reykjavíkur er veitufyrirtæki og þjónustufyrirtæki í eigu almennings sem sér um 200.000 notendum fyrir húshitun, drykkjarvatni, rafmagni og fráveitu. Hjá Orkuveitunni vinnur traustur hópur starfsmanna sem hefur lagt hart að sér í ólgusjó síðustu ára.

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi

www.or.is

# Skrifstofustarf

GEYSIR

**565940**
**Geysir óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu til að sjá um birgðamál.**

Í starfinu felst að halda utan um erlend innkaup, vöruskráningar og millifærslur á lagernum ásamt tilfallandi verkefnum.

Leitað er að einstaklingi sem er drífandi, nákvæmur og skipulagður. Viðkomandi þarf að vera góður í ensku og hafa unnið með Navision. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst.

Geysir rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu ásamt veitingastað og verslun í Haukadal.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í HUGBÚNAÐARGERÐ

intelscan

Intelscan er tólf ára gamalt sprotafyrirtæki sem þróar og framleiðir rauntíma rakanema og sjálfvirknilausnir sem notaðar eru í iðnaði um heim allan. Nánari upplýsingar um fyrirtækið á intelscan.is

**Intelscan óskar eftir að ráða til sín öflugan hugbúnaðarsérfræðing í þróunardeild og mun hann bera ábyrgð á hugbúnaðarlausnum fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**
- Forritun á notendaviðmóti (Application)
- Þróun notendaviðmóts
- Þróun lausna Intelscan
- Skjölun og gerð leiðbeininga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í hugbúnaðargerð eða sambærileg menntun
- A.m.k. þriggja ára reynsla í forritun
- Þekking á forritun í .Net, C# og hugbúnaðar arkitektúr (MVVM kostur)
- Skilningur á uppbyggingu forrita og gæðastýringu þeirra
- Mjög góð tök á ensku; rit- og talmál
- Lærdómsfús, býr yfir frumkvæði og góður í hópavinnu
- Áhugi á að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækis i vexti

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# MARKAÐSMÁL OG VIÐBURÐASTJÓRNUN

Kringlan

**Kringlan óskar eftir að ráða einstakling í fjölbreytt og krefjandi starf innan markaðsdeildar fyrirtækisins. Leitað er að metnaðargjörnum og árangursdrifnum einstaklingi sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum, áhuga á sölu, viðburðahaldi og markaðsmálum. Starfið heyrir undir markaðsstjóra Kringlunnar.**

**Starfssvið:**
- Innri markaðsmál og skipulagning viðburða
- Samskipti og samvinna við verslunareigendur
- Notkun samfélagsmiðla sem markaðstækis
- Þátttaka í daglegu markaðsstarfi deildarinnar
- Samskipti við auglýsingastofur og prentfyrirtæki
- Önnur verkefni í samráði við markaðsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði markaðsmála
- Reynsla af markaðsmálum s.s. störfum á auglýsingastofu og/eða markaðsdeild
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skapandi hugsun og geta til að tileinka sér nýjungar
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Þekking, reynsla og áhugi á Internetinu sem markaðs- og sölutæki
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR/AÐSTOÐAR-FRAMKVÆMDASTJÓRI

FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd tók til starfa 1. september 2011. Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem annast eftirlit samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

**Fjölmiðlanefnd óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa, sem mun jafnframt vera aðstoðarframkvæmdastjóri nefndarinnar.**

**Starfssvið:**

- Almenn lögfræðistörf
- Uppbygging og þátttaka í stefnumörkun
- Samskipti við stjórnsýslu
- Þátttaka í norrænu og evrópsku samstarfi

Um starfskjör starfsmanna fjölmiðlanefndar fer að samningum opinberra starfsmanna, samanber 9. gr. laga nr. 38/2011.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði skilyrði (lokið 5 ára laganámi)
- Góð þekking á stjórnsýslulögum og stjórnskipunarrétti
- Starfsreynsla innan stjórnsýslunnar æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Rík áhersla er lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum

Umsjón með ráðningu í starfið hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum á að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI Í FARARBRODDI

HB GRANDI

## Spennandi störf í boði hjá markaðsdeild HB Granda.

### SÖLUSTJÓRI

**Starfið felur í sér** ábyrgð og umsjón með sölu á afurðum fyrirtækisins. Sölustjóra er ætlað að verða gjörkunnugur mörkuðum fyrir vörur fyrirtækisins, markaðssetja þær á völdum mörkuðum, gera sölusamninga og sjá um samskipti við kaupendur og sjá um flutninga á erlenda áfangastaði.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á sjávarútvegi. Góð tölvukunnátta er skilyrði og þekking á Navision (Wise Fish) er kostur. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti, er skilyrði. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður, hafa áhuga á markaðsstarfi og samskiptum við aðila utan og innan fyrirtækisins.

### SKJALAVINNSLA Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI

**Starfið felur í sér** gerð útflutningsskjala svo sem sölureikninga, vottorða og flutningsfyrirmæla. Starfinu fylgja mikil samskipti við erlenda viðskiptavini og þjónustuaðila.

**Leitað er að** einstaklingi með viðskiptamenntun og mikla reynslu í gerð útflutningsskjala. Góð tölvukunnátta sem og reynsla af NAVISION (Wise Fish) eða sambærilegu kerfi er skilyrði. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti, er skilyrði. Kunnátta eða þekking á bókhaldi er nauðsynleg. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður og búa yfir mikilli hæfni til samskipta við aðila utan og innan fyrirtækisins.

### SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI MARKAÐSRANNSÓKNA

**Starfið felur í sér** að rannsaka núverandi og nýja markaði fyrir vörur HB Granda og greina bestu markaðstækifærin í því skyni að hámarka verðmæti afurða félagsins.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun í markaðsfræðum eða öðrum greinum sem nýtast. Viðkomandi þarf að búa yfir greiningarhæfni og reynslu af rannsóknarvinnu. Mjög góð tölvukunnátta og kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti, er skilyrði. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður og hafa brennandi áhuga á samskiptum við aðila utan og innan fyrirtækisins.

HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og hefur skipað sér í röð fremstu fyrirtækja á sínu sviði. Reynsla og þekking í nýtingu auðlindar og framleiðslu sjávarafurða endurspeglast í öllu starfi HB Granda. Lögð er rík áhersla á háþróaða tækni við veiðar og vinnslu og stöðuga þróun framleiðslunnar. Fyrirtækið framleiðir verðmæta gæðavöru úr fersku hráefni sem aflað er úr hafinu við Ísland. Lögð er áhersla á góða umgengni við auðlindina og ábyrgar fiskveiðar. HB Grandi stundar veiðar og vinnslu á botnfiski og uppsjávarfiski. Hjá fyrirtækinu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða, en helstu markaðir eru Evrópa, Norður og Suður Ameríka, Asía og Afríka.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FJÁRMÁLASTJÓRI

GEYSIR

Geysir rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu ásamt veitingastað og verslun í Haukadal.

Marel leitar að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af upplýsingamiðlun til að þróa og halda utan um samskipti við aðila á fjármálamarkaði, þar á meðal innlenda og erlenda hluthafa, fjárfesta og greinendur. Viðkomandi mun einnig hafa umsjón með almannatengslum og samskiptum við fjölmiðla.

**Starfssvið**

- Undirbúningur ársskýrslu og aðalfundar
- Tilkynningar til Kauphallar Íslands og markaðsaðila
- Samskipti við hluthafa, fjárfesta, greinendur og fjölmiðla
- Undirbúningur kynninga á ársfjórðungslegri afkomu
- Umsjón með fjárfestahluta heimasíðu Marel
- Umsjón með heimsóknum viðeigandi markhópa
- Þróun og ábyrgð á heildarstefnu samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði. Framhaldsnám er kostur
- Framúrskarandi ensku- og íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði, forgangsröðun verkefna og sjálfstæð vinnubrögð
- Starfsreynsla í alþjóðlegu umhverfi kostur og þekking á sviði fjármála er skilyrði

*Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2012. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**.*

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur Örn Guðmundsson framkvæmdastjóri markaðs- og kynningarmála í síma 563 8118.*

## Margmiðlun og leikstjórn í alþjóðlegu umhverfi

Marel leitar að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi til að þróa og halda utan um reglulega viðburði sem ná til starfsmanna um allan heim. Gerðar eru kröfur um að notast sé við helstu möguleika í margmiðlunartækni og sífellt fundnar nýjar leiðir til að sameina og þjálfa starfsmenn, ásamt því að tengja þá við viðskiptavini í alþjóðlegu umhverfi.

**Starfssvið**

- Skipulagning viðburða í tengslum við kynningar á nýjum vörum
- Handritsgerð, textaskrif og gerð margmiðlunarefnis
- Þjálfun starfsmanna í framsögn og framsetningu kynninga
- Þátttaka í gerð námsefnis fyrir fjarkennslu
- Aðkoma að stefnumótun og samræmingu sölu- og þjónustuþjálfunar

**Hæfniskröfur**

- Bakgrunnur í kvikmyndavinnslu, handritsgerð og leikstjórn
- Þekking í margmiðlunartækni er skilyrði
- Færni í gerð rafræns kynningar- og kennsluefnis
- Reynsla af fræðslu og þjálfun starfsmanna
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
- Starfsreynsla í alþjóðlegu umhverfi æskileg, sem og vilji til að ferðast erlendis

*Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2012. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**.*

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Gunnlaugsson yfirmaður innri samskipta í síma 563 8097.*



Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.



marel

# Spennandi tækifæri hjá alþjóðlegu fyrirtæki

***Betware er metnaðarfullt hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í að hanna og þróa hágæða lausnir fyrir leikjaiðnaðinn***

### Verkefnastjóri

Við leitum að drífandi verkefnastjóra til að stýra hugbúnaðarverkefnum samkvæmt Agile hugmyndafræði í krefjandi alþjóðlegu umhverfi. Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi er nauðsynleg.

### Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi með brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð og ánægju af því að vinna í metnaðarfullu teymi við að hanna og þróa leikjalausnir í Java. Háskólanám í tölvunarfræði skilyrði og starfsreynsla er kostur.

### Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

Við leitum að skipulögðum einstaklingi með mikla greiningarhæfni til að framkvæma prófanir og gæðaeftirlit á lausnum Betware. Háskólanám sem nýtist í starfi og/eða reynsla af hugbúnaðarprófunum er skilyrði.



***Hönnun og þróun á framúrskarandi Mobile lausnum sem notaðar eru daglega af þúsundum notenda***

### Mobile hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að reynslumiklum og færum Mobile hugbúnaðarsérfræðingi til að starfa í Mobile teymi Betware við að hanna og þróa heimsklassa Mobile lausnir. Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á tækninni til að taka virkan þátt í hönnun og arkítektúr á Mobile lausnum Betware. Frumkvæði og skapandi hugsun eru eiginleikar sem nýtast vel í þessu starfi. Mjög góð kunnátta á JavaScript, HTML og CSS er skilyrði. Android, iOS SDK (native) eða Java reynsla er kostur.

### Mobile vefforritari

Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum Mobile vefforitara til að starfa í Mobile teymi Betware við að hanna og þróa Mobile lausnir. Auk þess að hafa brennandi áhuga á Mobile vefforritun leitum við að einstaklingi sem hefur löngun til að vinna í skapandi teymi og leggja sitt af mörkum við stöðugar umbætur á lausninni okkar. Háskólanám í tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði auk kunnáttu í JavaScript, HTML og CSS.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá með heitið á stöðunni sem sótt er um í titli fyrir 22. janúar 2012 á netfangið: ***applications@betware.com***

*Betware er framsækið íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki á sviði leikja- og hugbúnaðarlausna með yfir 15 ára reynslu á sínu sviði með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í Danmörku, Spáni, Kanada og Póllandi. Allt frá stofnun hefur fyrirtækið lagt áherslu á að þróa leikjalausnir fyrir leikjafyrirtæki (t.d. ríkislotterí) sem gerir þeim kleift að auka tekjur sínar með sölu leikja í gegnum Internet og farsíma. Meðal viðskiptavina Betware eru framsæknustu leikjafyrirtæki heims og eru um 2 milljónir notenda að lausnum fyrirtækisins.*

*Hjá Betware starfa rúmlega 100 einstaklingar sem leggja allir sitt af mörkum við að skapa skemmtilegan og vinalegan vinnustað. Unnið er í teymum eftir Agile aðferðafræði þar sem rík áhersla er lögð á nýsköpun og þróun. Betware er góður vinnustaður og var fyrirtækið í fjórða sæti yfir Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2011 hjá VR.*

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2011

Frumkvöðull ársins 2010 Viðskiptablaðið

Betware – the best bet

# Ert þú framúrskarandi?

## Rue de Net leitar að metnaðarfullum forritara



**Við leitum að aðila sem hefur reynslu af:**

- Microsoft Dynamics NAV forritun
- Forritun viðskipta- og verslunarkerfa
- Almennri forritun í bókhaldi

**Einnig er kostur ef viðkomandi þekkir:**

- Microsoft SQL og vinnslu gagnagrunna
- Forritun í Microsoft .NET umhverfinu (Visual Studio og C#)
- Almennri vefforritun og vefþjónustum Microsoft (ASP.NET og WCF)

Við leitum að aðila sem hefur brennandi áhuga á forritun og ef eitthvað vantar uppá reynsluna er gott umhverfi til að læra hjá okkur.
Við leggja áherslu á fjölskylduvænt vinnuumhverfi og gerum vel við fólkið okkar.

Ekki hika við að hafa samband en allar nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is.
Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar nk. Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, talent.is.

REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF

Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

rue de net

www.ruedenet.is

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavik - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is

## Húsasmíðameistari

óskar eftir atvinnu. Er vanur stjórnun á stórum og smáum verkum.
Fyrirspurnir sendist á hafnarsport@simnet.is

## ERT ÞÚ DUGLEGUR SÖLUMAÐUR ?

Vegna aukinna verkefna getur Viðskiptatorg / Leiguhús bætt við sig sölumanni.

Sölumaður þarf að vera m.a samviskusamur, duglegur, sjálfstæður og metnaðarfullur. Laun eftir árangri. Umsóknir sendist á gjy@vidskiptatorg.is fyrir 11. jan 2012

LEIKSKÓLAR STÚDENTA

## LEIKSKÓLASTJÓRI OG AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI

Leikskólar stúdenta eru forystuskólar á vettvangi High/Scope stefnunnar.

Við leitum að leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra sem hafa áhuga á að taka þátt í metnaðarfullu frumkvöðlastarfi og mótun nýrrar stefnu fyrir ungbarnaleikskóla, sem er fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Stephensen, leikskólafulltrúi í síma 570-0888 eða sigridur@fs.is

Háskólatorgi, 3. hæð Sæmundargötu 4 Sími 570 0700 fs@fs.is www.fs.is

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar við Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta, Stúdentamiðlun og Hámu. Starfsmenn FS eru um 120 talsins.

Félagsstofnun stúdenta á og rekur leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands. Leikskólarnir eru Leikgarður, Mánagarður og Sólgarður. FS er með virka starfsmannastefnu. Starfsfólk leikskólanna nýtur sömu kjara og starfsfólk almennra leikskóla og að auki sömu hlunninda og annað starfsfólk FS. Í skólanum stendur nú yfir vinna við að innleiða High/Scope-stefnuna sem leggur ríka áherslu á virkt nám.

ALÞINGI

## Lögfræðingur

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir lögfræðingi, nefndaritara, í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

háfell Við lifum á jörðinni!

## Vélvirki/bifvélavirki

Háfell ehf óskar eftir að ráða starfsmann til viðgerða á tækjum og bílum á verkstæði fyrirtækisins.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Vélvirkjun, bifvélavirkjun eða mikil reynsla er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 863-9994 og umsóknir óskast sendar í tölvupóst gunnar@hafell.is

VESTURBYGGÐ

## Forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti

**Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur auk stjórnar Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti auglýsir eftir forstöðumanni Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti.**

Hlutverk safnstjóra fylgir núgildandi safnalögum nr. 106/2001 og nýjum safnalögum nr. 141/2011 sem taka gildi þann 1. janúar 2013. Auk þess verður hlutverk safnstjóra mótun stefnu safnsins til framtíðar og móta samstarf við sveitarfélögin, önnur söfn, hagsmunaaðila og stjórn. En mikil tækifæri felast í stofnun þjóðgarðs á Látrabjargi og samstarfi við söfnin við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Umsækjandi skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Starfstöð verður á Patreksfirði.

Óskað er eftir því að viðkomandi geti tekið til starfa strax.
Nánari upplýsingar veita: Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar, asthildur@vesturbyggd.is s. 450-2300 og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti Tálknafjarðarhrepps, oddviti@talknafjordur.is s. 456-2539.

*Á sunnanverðum Vestfjörðum eru 3 samfélög, Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur. Þar búa um 1300 manns. Á svæðinu eru starfandi 4 skólar, 3 leikskólar og framhaldsdeild Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Fjölmörg tækifæri eru á framtíðarstörfum á svæðinu. Mikill vöxtur er í laxeldi, námuvinnslu, ferðaþjónustu og sjávarútvegi og fjöldi tækifæra fyrir langskólagengið fólk.*







Laust starf hjá Arion banka

## **Þjónusturáðgjafi** óskast til starfa í útibú **Arion banka** á Höfða

**Arion banki** leitar að öflugum einstaklingi í útibú bankans að Höfða. Við viljum fá til liðs við okkur fólk sem getur **unnið sjálfstætt** og **hefur metnað** til að ná árangri.

**Helstu verkefni eru:**
- Að veita viðskiptavinum þjónustu, upplýsingar og faglega ráðgjöf um þjónustuþætti bankans
- Að framfylgja þjónustu- og sölustefnu bankans hverju sinni
- Að stuðla að framþróun bankans með þátttöku í umbótaverkefnum

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða stúdentspróf og góð reynsla á vinnumarkaði

**Við bjóðum:**
- Krefjandi og skemmtileg verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi þar sem framtak einstaklingsins fær að njóta sín

Nánari upplýsingar um starfið veita Brynja B. Gröndal í starfsmannaþjónustu, s. **444 6386**, netfang **brynja.grondal@arionbanki.is** og Ragnheiður Jóhannesdóttir, aðstoðarútibússtjóri í síma **580 3504**, netfang **ragnheidur.johannesdottir@arionbanki.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2012**

Umsækjendur sæki um á vef bankans www.arionbanki.is

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

Reykjavíkurborg
Mannauðsskrifstofa

# Mannauðsráðgjafi

## Mannauðsskrifstofa Reykjavíkurborgar

Laust er til umsóknar starf mannauðsráðgjafa á Mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og veitir ráðgjöf og upplýsingar um þau. Hún hefur forystu um stefnumótun og nýsköpun á sviði starfsmannamála, hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd og útfærslu starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og kjarasamninga. Mörg spennandi verkefni eru í þróun í mannauðsmálum hjá Reykjavíkurborg. Leiðarljós mannauðsskrifstofu í daglegum störfum eru: áreiðanleiki, fagmennska og samvinna.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
Almenn ráðgjöf við fagsvið og stjórnendur á sviði mannauðsmála, svo sem um val og ráðningu nýrra starfsmanna, fræðslu og starfsþróun, samskipti á vinnustöðum, stjórnendaþjálfun, skýrslugerð og upplýsingagjöf.

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf í mannauðsmálum og/eða háskólamenntun sem nýtist í mannauðsmálum
- Reynsla og þekking á sviði starfsmannamála
- Góð hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi

**Frekari upplýsingar um starfið**
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til **20. janúar 2012.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Ragnar Stefánsson, deildarstjóri ráðgjafadeildar Mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar í síma 693 9327 eða með því að senda fyrirspurn á *arni.ragnar.stefansson@reykjavik.is*

Sækja skal um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, *www.reykjavik.is*, undir: *Auglýsingar, Störf í boði.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Forstöðumaður Frístundaklúbbs, 50% starfshlutfall

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á menntavísindasviði og/eða félags vísindasviði sem nýtist í starfi
- Sjálfstæði í starfi og skipulagshæfni
- Leiðtogafærni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með börnum með sérþarfir æskileg
- Reynsla af stjórnunarstarfi æskileg

**Um Frístundaklúbbinn**
Frístundaklúbburinn er fyrir nemendur með fatlanir í 5.- 10. bekk í grunnskóla. Opnunartími, frá því skóla lýkur og til kl.17 virka daga. Megin markmið klúbbsins eru að efla og styrkja félagsleg tengsl og veita þátttakendum stuðning við almenn félagsstörf.

Umsóknarfrestur er til og með **21.janúar n.k.** Umsóknir berist til Rakelar Þorsteinsdóttur, ráðgjafarþroskaþjálfa, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, netfang rakel@arborg.is, merkt „Forstöðumaður Frístundaklúbbs“.

Nánari upplýsingar veita Rakel í síma: 480-1900, netfang: rakel@arborg.is og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsmálastjóri Árborgar í síma: 480-1900, netfang: gudlaugjona@arborg.is.

Launakjör samkvæmt samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

---

# SÖLUMAÐUR

**Leitum að kraftmiklum sölumanni í fyrirtækjaráðgjöf og verslun okkar í Reykjavík. Vantar bæði í fullt starf og hlutastarf í verslun.**

**Umsækjendur þurfa að hafa eftirfarandi eiginleika:**
- Brennandi áhuga og mikla þekkingu á tölvum og tækni
- Reynslu af sölu- og þjónustustörfum
- Metnað, jákvætt hugarfar og þjónustulund
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Tala bæði og skrifa íslensku reiprennandi
- Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu tölvubúnaðar til fyrirtækja

tl.is TÖLVU LISTINN

**Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á tölvupósti: starf@tolvulistinn.is**

**TÖLVULISTINN - 6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

---

# TÆKNIMAÐUR

**Leitum að öflugum tæknimanni á verkstæði okkar í Reykjavík.**

**Umsækjendur þurfa að hafa eftirfarandi eiginleika:**
- Hafa brennandi áhuga á tölvum og tækni
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Tala bæði og skrifa íslensku reiprennandi
- Í starfinu felst að bilanagreina og gera við tölvur og allan tengdan búnað
- Í starfinu felast samskipti við viðskipavini og starfsmenn innan fyrirtækisins

**Tölvuverkstæðið sinnir ábyrgðarviðgerðum fyrir marga af þekktustu tölvuframleiðendum heims eins og Toshiba, Acer, Asus og MSI.**

**Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á tölvupósti: starf@tvs.is**

# TÖLVUVERKSTÆÐIÐ

**SUÐURLANDSBRAUT 26 - 2. HÆÐ - Sími 414 1720**

---

REYKJALUNDUR endurhæfing

## Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausa stöðu til umsóknar

**Hjúkrunarfræðingur á geðsvið í 80 - 100% starf**
Laus er til umsóknar staða hjúkrunarfræðings á geðsviði Reykjalundar.
Umsækjandi þarf að hafa íslenskt hjúkrunarleyfi, viðbótarnám í geðhjúkrun og æskilegt er að hafa nám í hugrænni atferlismeðferð.

Laun samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings.

Umsóknir berist til Rósu Maríu Guðmundsdóttur, hjúkrunarstjóra geðsviðs (rosamaria@reykjalundur.is).

Upplýsingar um starfið veita Rósa María Guðmundsdóttir hjúkrunarstjóri (rosamaria@reykjalundur.is) og Lára M. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar (laras@reykjalundur.is).

**Umsóknarfrestur er til 22. janúar 2012 og þarf umsækjandi að geta hafið störf hið fyrsta.**

Öllum umsóknum verður svarað.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Óskað er eftir einstaklingum með færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu innan endurhæfingar.

*Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is*

# Sjúkraliði

Húðlæknastöðin ehf. óskar eftir sjúkraliða til starfa sem fyrst. Starfið er fjölbreytt og krefst sjálfstæðra vinnubragða og er starfshlutfall 70-80% aðallega í dagvinnu. Leitað er eftir röskum einstaklingi sem getur unnið undir álagi ef svo ber undir.

Umsóknum er hægt að skila á tölvupósti á póstfangið maria@hls.is eða bréflega til Húðlæknastöðvarinnar merkt „starfsmannastjóri".

**Húðlæknastöðin ehf. Smáratorgi 1, 201 Kópavogur**




# Toyota Kópavogi

**óskar að ráða starfsmann á Hraðþjónustu**

## Starfssvið

- Smurþjónusta bifreiða og minni viðgerðir

## Hæfniskröfur

- Starfsreynsla af smurstöð æskileg
- Reynsla af minni viðgerðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá kl. 8.00 - 17.00 mánudaga til fimmtudaga og 8.00 - 15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 16. janúar ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt „starfsmaður á Hraðþjónustu".

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

# Atvinna - Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar

Eyjafjarðarsveit óskar eftir að ráða forstöðumann Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar. Um er að ræða fullt starf sem veitist frá 1. mars n.k. eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með rekstri Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar, sem eru íþróttahús, sundlaug og íþróttavellir.
- Yfirumsjón með tjaldsvæði Eyjafjarðarsveitar.
- Starfsmannahald vegna ofanritaðs.
- Samstarf við félög og nefndir sem sinna íþrótta- og tómstundamálum í sveitarfélaginu.
- Samstarf við félög og nefndir sem sinna ferðamálum í sveitarfélaginu.
- Kynningarstarf og önnur verkefni sem lúta að rekstri á fyrrgreindum sviðum.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Umsækjandi þarf að búa yfir góðum samskiptahæfileikum.
- Hann þarf að geta unnið sjálfstætt.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja rekstrar- og stjórnunarreynslu.
- Tungumálakunnátta er æskileg.
- Umsækjandi þarf að standa þær hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsmanna sundstaða.

Umsóknarfrestur um starf þetta er til og með 15. janúar. Umsóknir skulu vera skriflegar og þeim fylgi upplýsingar um menntun og starfsreynslu. Umsóknir sendist á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar Skólatröð 9, 601 Akureyri. Nánari upplýsingar veitir Jónas Vigfússon, sveitarstjóri í síma 463 0600.

EYJAFJARÐARSVEIT

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Framkvæmdastjóri hjúkrunar Landspítala

Framtíðarsýn Landspítala er að vera í fremstu röð háskólasjúkrahúsa, eftirsóttur vinnustaður og stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna.

Auglýst er laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala. Leitað er eftir farsælum, kraftmiklum og metnaðarfullum stjórnanda. Framkvæmdastjóri hjúkrunar er leiðtogi hjúkrunar og situr í framkvæmdastjórn sjúkrahússins.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vera leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni og framkvæmd stefnu spítalans í samvinnu við forstjóra og aðra framkvæmdastjóra
- » Helga sig sýn og gildum spítalans til framtíðar
- » Samhæfa faglega þætti og stuðla að öryggi, gæðum og hagkvæmni
- » Stuðla að framþróun og innleiða nýjungar í starfsemina
- » Styrkja kennslu- og vísindastarf á spítalanum

## Hæfnikröfur

- » Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Akademískt hæfi
- » Leiðtogahæfileikar
- » Frumkvæði og áræðni
- » Stjórnunarreynsla í heilbrigðisþjónustu
- » Samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- » Reynsla af vísindastörfum

## Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2012. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2012, til 5 ára.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt ljósriti af birtum greinum og útdráttum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, mannauðssviði, Landspítala Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.
- » Upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, netfang erna@landspitali.is, sími 543 1343.
- » Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Landlæknisembættinu.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Frekari upplýsingar um ábyrgðarsvið og almennar kröfur til stjórnenda á Landspítala eru á vef Landspítala, www.landspitali.is. Varðandi faglega ábyrgð er vísað til 10 gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Fulltrúi í afgreiðsludeild

TOLLSTJÓRI

Staða fulltrúa í afgreiðsludeild á innheimtusviði er laus til umsóknar.

Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.



Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt körlum sem konum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veita Una Dagbjört Kristjánsdóttir, deildarstjóri afgreiðsludeildar, í síma 560-0300 og Ásdís Eir Símonardóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, í síma 560-0309.

Umsóknarfrestur er til 22. janúar nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir merktar „fulltrúi í afgreiðsludeild" ásamt ferilskrá skal skila til mannauðssviðs embættisins að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík.

## Starf fulltrúa felur m.a. í sér:

- Afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini.
- Upplýsingagjöf og úrlausn mála í tengslum við innheimtu skatta og gjalda.
- Fjölbreytta gjaldkeravinnslu.
- Símsvörun í þjónustuveri og skiptiborði.
- Afgreiðslu aðsendra erinda.
- Skráningu og afstemmningar í tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun.
- Staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Kurteisi og þjónustulund.
- Nákvæmni, traust vinnubrögð og stundvísi.
- Hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

# SÖLUMAÐUR

**Leitum að kraftmiklum sölumanni** í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á raftækjum og vera 22 ára eða eldri. Heiðarleiki, góð tölvukunnátta og rík þjónustulund skilyrði.

**Sjónvarpsmiðstöðin** er ein rótgrónasta raftækjaverslun landsins þar sem mikið er lagt upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á www.sm.is

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Leikskólinn Lundaból**

- Deildarstjóri

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

Olíudreifing

## Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða eftirfarandi iðnaðarmenn til starfa á Þjónustudeild í Reykjavík. Starfsvettvangur er allt landið og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land til skamms tíma í senn.
Um framtíðarstörf er að ræða.

### Rafvirkja / rafeindavirkja

Um fjölbreytt starf er að ræða við uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði fyrir eldsneytis-afgreiðslu og almenn rafvirkjastörf.

### Járniðnaðarmenn

**Vélvirkja/málmsmiði/suðumenn/pípulagningamenn**

Fjölbreytt verkefni við nýsmíði, lagnavinnu, uppsetningu
og viðhald á tækjabúnaði og ýmsa sérsmíði.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Árni Ingimundarsson forstöðumaður
Sími: 550 9940 arni@odr.is
Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10, 101 Reykjavík

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

*Valitor er framsækið alþjóðlegt fyrirtæki sem býður fyrirtækjum þjónustu á sviði rafrænna greiðslulausna.*



## Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

**Starfið felst í** greiningu, hönnun og forritun posalausna fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði tölvunar- eða kerfisfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla
- Reynsla af Agile/SCRUM og/eða Agile/Kanban hugmyndafræði er kostur
- Þekking og reynsla af C forritun
- Þekking og reynsla af C# .NET er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur** er til og með 22. janúar nk.
**Umsóknir** óskast fylltar út á www.hagvangur.is
**Nánari upplýsingar veitir:** Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR

**www.valitor.is**



TOYOTA

# Toyota Kópavogi

## óskar að ráða bifvélavirkja á Hraðþjónustu

### Starfssvið

- Almennar bílaviðgerðir

### Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund

Vinnutími er frá
kl. 8.00 - 17.00 mánudaga til fimmtudaga
og 8.00 - 15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund.
Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 16. janúar ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt „bifvélavirki á Hraðþjónustu“.

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**www.toyotakopavogi.is**

**heimili FASTEIGNASALA**

Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

## Sölumaður - Fasteignasala

Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða sem fyrst til starfa sjálfstæðan fasteignasala eða reynslumikinn sölumann. Algört skilyrði er að viðkomandi hafi starfsreynslu við sölu fasteigna. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknir sendist á netfangið heimili@heimili.is fyrir 15. jan 2012.

## Góður sölumaður óskast

Við hjá Íslensku Ölpunum, Faxafeni 8, Reykjavík, leitum eftir jákvæðum og góðum sölumanni/verslunarstjóra til starfa sem fyrst í framtíðarstarf. Íslensku Alparnir er útivistarverslun fyrir fólk á ferðinni, allt frá fjöru til fjalla.

Starfið snýst fyrst og fremst um sölumennsku og að þjónusta viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Stundvís, skipulagður og heiðarlegur
- Hefur gaman af sölustörfum
- Hefur gaman af lífinu og er jákvæður
- Stundar eða hefur þekkingu á útivist og skíðavörum
- Góður í mannlegum samskiptum og liðtækur í öllum þeim verkefnum sem tilfalla
- Æskilegur aldur er 25 ára og eldri

Tóbakslaus vinnustaður. Opnunartími verslunarinnar er frá 10 -18 virka daga og 10 - 16 laugardaga.

Vinsamlegast sendið ferilskrá með mynd fyrir 10 janúar 2012 á netfangið alparnir@alparnir.is merkt "GÓÐUR SÖLUMAÐUR"

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 RVK. • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunardeildarstjóri Líknardeild

Starf hjúkrunardeildarstjóra á líknardeild í Kópavogi er laust til umsóknar.
Um er að ræða nýja líknardeild sem verður til við sameiningu líknardeildarinnar í Kópavogi og líknardeildar aldraðra. Gert er ráð fyrir 13 legurúmum en auk þess verða fimm daga rúm og aðstaða fyrir dagdeildarsjúklinga. Flestir sjúklinganna eru með illkynja sjúkdóma.
Lögð er áhersla á að sinna sjúklingum sem þurfa á líknandi meðferð að halda óháð aldri. Markmiðið er að bæta lífsgæði sjúklinganna og fjölskyldna þeirra.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar á deildinni
» Ber ábyrgð á rekstri og áætlanagerð
» Stuðlar að aukinni þekkingu, gæðum og öryggi í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýtingar á rannsóknarniðurstöðum

### Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» A.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
» Reynsla í stjórnun
» Leiðtoga- og samskiptahæfni
» Framhaldsnám í hjúkrun er æskilegt
» Þekking á líknarmeðferð er æskileg

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2012.
» Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2012, til 5 ára.
» Upplýsingar veitir Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, netfang torghjal@landspitali.is, sími 825 5136.
» Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
» Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala.
» Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Þórgunni Hjaltadóttur, mannauðsráðgjafa lyflækningasviðs, LSH E-7, Fossvogi.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 112389

# Sölumaður í byggingadeild

Sindri leitar að starfsmanni í byggingadeild til að selja og þjónusta viðskiptavini Sindra. Starfið felur í sér sölu á bílskúrs- & iðnaðarhurðum, hliðslám og vöruhúsalausnum.




**Hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund og nákvæmni
- Öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð ensku- eða sænskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

**Upplýsingar** um starfið veitir Kristján Páll Hrafnkelsson í síma 575 0000 eða á **kph@sindri.is**.
Umsóknum skal skilað fyrir **16. janúar**.

Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla og verkfæra. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönning sem rekur, auk Sindra, verslunar- og þjónustufyrirtækin Johan Rönning, Rönning og Hebron. Hjá félaginu starfa 65 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi. Johan Rönning er þekktur fyrir að vera góður og eftirsóttur vinnustaður.

Byggingadeild | Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild

**www.sindri.is / sími 575 0000**

**SINDRI**

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

### Sérfræðingur á fjármálastöðugleikasviði – rannsóknir

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á fjármálasviðstöðugleikasvið bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík

Viðfangsefni fjármálastöðugleikasviðs lúta að öryggi og virkni fjármálastofnana og markaða, auk greiningar á grunnþáttum fjármálakerfisins.

**Helstu verkefni:**

- Rannsóknir í fjármálafræði og hagfræði.
- Rannsóknir á samspili efnahagsþróunar og fjármálalegs stöðugleika.
- Rannsóknir á sviði fjármálastöðugleika, með áherslu á rannsóknir sem lúta að því að finna möguleg viðvörunarmerki (e. early warning signals).
- Þátttaka í þróun greiningaraðferða fyrir þjóðhagsvarúð.
- Rannsóknir á sviði fjármálastöðugleika, með áherslu á að greina stýritæki og mögulega notkun þeirra til að bregðast við viðvörunarmerkjum.
- Skrif í rit bankans og þátttaka í kynningum.

**Hæfniskröfur:**

- Doktorspróf í hagfræði, fjármálafræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi.
- Þekking á tegundum fjármálaafurða, umhverfi og starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálamarkaða.
- Áhersla er lögð á framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður til að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs, netfang sb1@cb.is.

### Lögfræðingur á skrifstofu bankastjóra

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa, starfið heyrir undir aðallögfræðing bankans á skrifstofu bankastjóra. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík

**Helstu verkefni** lögfræðinga á skrifstofu bankastjóra er að annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggerninga og lánasamninga. Þeir veita bankastjóra og sviðum bankans lögfræðiþjónustu svo sem ráðgjöf og ritun lögfræðilegra álitsgerða. Þeir taka þátt í afgreiðslu erinda, umsagna og skjalagerð ásamt þátttöku í undirbúningi við reglusetningu bankans og undirbúnings lagafrumvarpa og reglugerða. Starfi þeirra fylgir einnig þátttaka í nefndum og samskipti við innlendar og erlendar stofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af löggjöf á fjármálamarkaði er nauðsynleg.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tungumálakunnátta í ensku.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur, í síma 569 9600.

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi sunnudaginn 22. janúar næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

# Viðskiptastjóri

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir öflugum starfsmanni í starf viðskiptastjóra á sölusviði.

**Helstu verkefni:**

- Myndun og stýring viðskiptatengsla
- Kynningar, söluráðgjöf, tilboðsgerð og eftirfylgni
- Þátttaka í sölu- og átaksverkefnum

**Hæfniskröfur:**

- Víðtæk reynsla af sölustörfum og gott orðspor um árangur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Drifkraftur ásamt áhuga, vilja og elju til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta
- Háskólamenntun er kostur

Um er að ræða framtíðarstarf á samhentum, traustum og metnaðarfullum vinnustað. Öryggismiðstöðin var í hópi Fyrirmyndarfyrirtækja VR árin 2010 og 2011.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið **atvinna@oryggi.is** merkt **„Viðskiptastjóri“**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Daði Þór Veigarsson, sviðsstjóri sölusviðs, í síma 570-2400.

**Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2012.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vakin er athygli á því að allir starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar þurfa að skila inn sakavottorði.

Öryggismiðstöðin er framsækið og kraftmikið þjónustufyrirtæki sem býður upp á lausnir á sviði öryggis og velferðar fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin leitast við að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk sem sýnir ábyrgð, mikla þjónustulund og frumkvæði í starfi og getur þannig stuðlað að framþróun fyrirtækisins. Lögð er áhersla á góða vinnuaðstöðu og tækifæri til starfsþróunar innan fyrirtækisins. Mannauðsstefna Öryggismiðstöðvarinnar byggir á gildunum: öryggi, kraftur og samheldni.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2011

ÖRYGGI VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 120013

## Starf hugbúnaðarsérfræðings
### hjá Landmælingum Íslands á Akranesi

Nákvæmni • Notagildi • Nýsköpun

Laust er til umsóknar starf hugbúnaðarsérfræðings hjá Landmælingum Íslands (LMÍ). Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun staðsett á Akranesi. Meginhlutverk hennar er að sinna landmælingum og vinnslu landupplýsinga ásamt vinnu við innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar og laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Hjá stofnuninni vinna 29 starfsmenn með hæfni sem byggir á öflugri liðsheild og hópavinnu.

***Starfssvið:***
- Vinna að vefþjónustum til að veita aðgang að gögnum LMÍ
- Vinna við uppbyggingu og viðhald gagnagrunna fyrir landupplýsingar
- Vinna að lausnum sem samræma notkun landupplýsinga hjá opinberum aðilum m.a. á grundvelli INSPIRE tilskipunar Evrópusambandsins
- Vinna að lausnum vegna innleiðingar laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi
- Vinna við ýmsar sértækar hugbúnaðarlausnir fyrir LMÍ

***Hæfniskröfur:***
- Háskólamenntun t.d. í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, landupplýsingafræðum eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun, gagnagrunnsvinnu og vefþjónustu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til **22. janúar** næstkomandi og skulu umsóknir er greina frá menntun og reynslu berast til Landmælinga Íslands fyrir þann tíma. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 1. apríl eða eftir samkomulagi. Um er að ræða 100% starf og eru laun samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jensína Valdimarsdóttir, starfsmannastjóri í síma 430 9000 eða með tölvupósti: jensina@lmi.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin.

**Landmælingar Íslands** Stillholti 16-18 - 300 Akranes
Sími 430 9000 - www.lmi.is




Jobconnect

# MECHANICAL ENGINEERS, ELECTRO ENGINEERS, PROGRAMMERS/SOFTWARE DEVELOPERS

***Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching on behalf of:***

National Oilwell Varco Norway AS, a worldwide leader in the design, manufacture and sale of comprehensive systems and components used in oil and gas drilling and production. The National Oilwell Varco Norway AS headquarter is in Kristiansand, with branch offices in Stavanger, Molde, Asker and Arendal and subdivisions in Tønsberg and Trondheim. www.nov.com

**• GENERAL QUALIFICATIONS AND SKILLS:**
We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Applicants should have a background as engineers (BSc. or MSc.). It is also important with good communication skills in English.

**• ONE OR MORE OF THE FOLLOWING POINTS IS A PLUS:**
Work experience from oil-related or other relevant technical fields.
Experience and knowledge of hydraulic systems, steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.

**• WE CAN OFFER:**
Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development and competitive conditions.

Please send your CV and transcript of grades as soon as possible to the contact person below.
Applications without transcripts of grades will not be considered.

*Contact: Karianne Haugom, Staffing Advisor Jobconnect | e-mail: karianne@jobconnect.no | www.jobconnect.no*




## Sölumaður óskast

Ein öflugasta fasteignasala landsins óskar eftir því að ráða vanan sölumann til starfa. Menntun sem löggiltur fasteignasali er góður kostur.

Á RE/MAX Lind vinnur hæfileikaríkt fólk sem myndar samheldin hóp sem leggur sig fram um að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu.

Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð og trausta þjónustu.

Í boði er skemmtilegur vinnustaður og góð vinnuaðstaða.

**Vinsamlegast hafið samband við Þórarin Jónsson thorarinn@remax.is eða Hannes Steindórsson hannes@remax.is**



# VAKA
# óskar eftir starfsfólki

## Deildarstjóri akstursdeildar

**Starfsvið:**
- Flutningur bíla og tækja
- Móttaka flutningsbeiðna
- Umsjón vakataskipulags
- Ábyrgð á ástandi bifreiða
- Uppgjör og reikningagerð

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Öguð vinnubrögð
- Tölvukunnátta

## Skrifstofustjóri

**Starfsvið:**
- Birgðabókahald
- Tímaskráningar
- Daglegt uppgjör
- Afstemmingar á sölu

**Hæfniskröfur:**
- Navison kunnátta
- Birgðabókhald
- Góð kunnátta á Excel
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

**Við bjóðum:** Fjölbreytt verkefni, gott starfsumhverfi og vel samkeppnishæf laun

Áhugasamir geta sótt um með því að senda umsókn á **starf@vakahf.is**

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins, nú bæði í **Skútuvogi** og á **Smiðjuvegi**.

Dekkjaþjónusta · Bifreiðaverkstæði · Varahlutir · Bifreiðaflutningar · Úrvinnsla bíla · Bón og þvottur

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG



**Barnaverndarstofa**

## Forstöðumaður Stuðla

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns Meðferðarstöðvar ríksins fyrir unglinga, Stuðla. Stuðlar skiptast í lokaða deild og meðferðardeild en fyrirhugaðar eru breytingar og frekari þróun á þjónustu Stuðla með áherslu á bætta bráðaþjónustu og aukna eftirfylgd.

Forstöðumaður Stuðla heyrir undir Barnaverndarstofu en ber ábyrgð á starfsmannahaldi, meðferðarstarfi, daglegum rekstri og samskiptum út á við. Forstöðumaður vinnur í nánu samstarfi við barnaverndarnefndir og önnur meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Einnig er mikilvæg samvinna við aðra sérfræðinga og stofnanir, skóla og aðra lykilaðila í meðferð og enduraðlögun fjölskyldu og barns.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættispróf í sálfræði. Háskólamenntun í félagsráðgjöf, uppeldisfræði eða hliðstætt nám með viðbótarmenntun kemur jafnframt til greina.
- Reynsla af meðferð barna með alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda og meðferð fjölskyldna þeirra.
- Staðgóð þekking á þroskaferli barna og unglinga og kenningum um þroska- og hegðunarraskanir.
- Áhugi og færni í að beita viðurkenndum aðferð um svo sem atferlismótun, hugrænni atferlis meðferð, þjálfun í félagsfærni, áhugahvetjandi samtalstækni, fjölskylduráðgjöf og -meðferð.
- Æskileg reynsla af stjórnun og rekstri.
- Lögð er áhersla á samskiptahæfni og einstaklingsbundna þætti sem að mati Barnaverndarstofu nýtast í starfi.

Umsóknarfrestur er til 23. janúar 2012. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknum skal skila til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Einnig má skila umsóknum rafrænt (ingibjorg@bvs.is).
Nánari upplýsingar veitir forstjóri Barnaverndarstofu eða Halldór Hauksson sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs í síma 530 2600.

Barnaverndarstofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum og framlengja umsóknarfrest ef umsækjendur uppfylla ekki skilyrði. Öllum umsóknum verður svarað skriflega þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og samgöngusvið

VOTTUN HF · IST ISO 14001 · GRÆN SKREF

## Heilbrigðisfulltrúar - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Laust er til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Matvælaeftirliti auk afleysingastarfa hjá Matvælaeftirliti og Umhverfiseftirliti.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar er eitt af fagsviðum borgarinnar og samanstendur af skrifstofum Samgöngumála, Neyslu og úrgangs og Náttúru og útivistar, auk Staðardagskrár 21, Bílastæðasjóði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk þess sem Heilbrigðiseftirlitið sér um vöktun umhverfisgæða og hundaeftirlit.

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda heilnæmt og ómengað umhverfi og tryggja sem kostur er að neysluvatn og matvæli borgarbúa séu örugg og heilnæm

Starf í boði er hjá Matvælaeftirliti sem sér um eftirlit með matvælum í fyrirtækjum og stofnunum, útgáfu starfsleyfa, umsagnir, fræðslu og sinnir kvörtunum, ásamt öðrum verkefnum. Afleysingastöður taka til tímabundinna starfa bæði hjá Matvælaeftirliti og Umhverfiseftirliti. Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

**Starfið felst m.a. í:**
- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerðum skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu. Beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, umhverfisfræða eða sambærileg menntun.
- Afburðahæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni. Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Góð hæfni að tjá sig á rituðu, jafnt sem töluðu máli.
- Réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi eru æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra náttúrufræðinga og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Helga Björg Ragnarsdóttir starfsmannastjóri, Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri og Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri Matvæleftirlits, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111.

Sótt er um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flipanum Störf í boði. Umsóknarfrestur er til 23. janúar 2012.

Reykjavík 6. janúar 2012
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar/ Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
Borgartún 12-14 105 Reykjavík www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Læknir óskast til starfa
## við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði

Læknir óskast til starfa við Heilsustofnun NLFÍ (HNLFÍ) í fullt starf eða hlutastarf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

HNLFÍ nær yfir breitt svið endurhæfingar og heilsueflingar og þar er lögð rík áhersla á að auka og efla þátt hugtakanna heilbrigði og heilsuvernd í umræðu og verkum.

Í 56 ára sögu starfseminnar hefur HNLFÍ forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni. Margskonar sérmenntun lækna nýtist til starfsins.

Fríar ferðir eru til og frá Reykjavík (Rauðavatn) til og frá vinnu. Heilsufæði, frír aðgangur að baðhúsi og tækjasal ásamt góðum vinnufélögum sem sameiginlega skapa góðan vinnustað.

Nánari upplýsingar fást hjá Ólafi Sigurðssyni framkvæmdastjóra, olafur@hnlfi.is, sími 896 5557 eða Erlu Gerði Sveinsdóttur yfirlækni, erla@hnlfi.is sími 860 1950.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2012. Umsóknir með ferilskrá sendist til: HNLFÍ – starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@hnlfi.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Heilsustofnun NLFÍ – Grænumörk 10 – 810 Hveragerði
Sími 483 0300 – www.hnlfi.is

# GÓÐIR LIÐSMENN ÓSKAST!

**Við hjá Expo auglýsingastofu leggjum höfuðáherslu á að þjóna viðskiptavinum okkar eins vel og kostur er því við trúum því að öflug samvinna og ánægðir viðskiptavinir skili árangursríkustu auglýsingunum. Síðustu tíu ár hefur Expo þjónað mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins og hjálpað þeim að auka markaðshlutdeild sína ár frá ári. Nánari upplýsingar um helstu verkefni Expo má finna á www.expo.is**

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í krefjandi starfsumhverfi þar sem hugmyndaauðgi, þekking og kunnátta starfsmanna skipta sköpum.

## Vefforritari

0101
1010
0101
1010

Starfssvið:

- Þátttaka í stefnumótun vefmála.
- Þróun og innleiðing á nýjum veflausnum.
- Vefgreining og leitarvélabestun.
- Almenn vefstjórn á vefjum fyrirtækisins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði tölvunarfræða eða sambærilegt.
- Reynsla og áhugi á PHP, XHTML, CSS og JS skilyrði.
- Þekking á joomla og/eða öðrum vefumsjónarkerfum.
- Þekking á hlutbundinni högun (MVC) kostur.
- Myndvinnsluhæfileikar (photoshop) kostur.
- Frumkvæði, vinnusemi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

## Sjónvarp

Starfssvið:

- Sjónvarpsgrafík og klipping fyrir sjónvarp.
- Hreyfimyndahönnun.
- Hljóðvinnsla fyrir útvarp.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af After Effects, Final Cut Pro, Pro Tools, Flash, Photoshop, Illustrator og Indesign.
- Vinnusemi og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi.

## Tengill

Starfssvið:

- Umsjón viðskiptatengsla stofunnar við viðskiptavini.
- Verkefnastjórnun.
- Tilboðs- og samningagerð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á auglýsinga- og prentmarkaði skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Þjónustulund, drifkraftur og léttleiki.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður.

EXPO AUGLÝSINGASTOFA

SÍMI: 515 4300
www.expo.is

Umsóknir sendast á expo@expo.is fyrir 16. janúar nk. Nánari upplýsingar í síma 690-1070.

Mata hf. • Sundagörðum 10 • 104 Reykjavík

## Mata hf/Salathúsið óskar að ráða starfsmann við uppraðanir í verslanir ofl.

**Starfssvið:**
- Uppröðun í verslunum á vörum fyritækisins.
- Birgðartalningar í verslunum.
- Útkeyrsla.
- Almenn lagerstörf.

**Við óskum eingöngu eftir starfsmanni sem er vanur á þessu sviði og íslenskumælandi.**

**Einnig óskum við eftir að ráða Bílstjóra.**

Starfssvið:
- Útkeyrsla
- Tiltekt pantana
- Almenn lagerstörf

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er skipulagður og sveigjanlegur og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

Mata/Salathúsið er rótgróin heildsala sem sérhæfir sig í dreifingu á ávöxtum,grænmeti og salötum.

Áhugasamir sendið inn skriflegar umsóknir á netfangið steinar@mata.is

ODIN

# VEFFORRITARI

**VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR! HVORT SEM ÞÚ ERT KARL EÐA KONA ÞÁ VILJUM VIÐ FÁ ÞIG Í VINNU**

**Svarar þú þessum spurningum játandi?**

- Ert þú vefforritari?
- Langar þig að vinna í vaxandi fyrirtæki í góðum hópi?
- Spilar þú Pool?
- Finnst þér gaman að hlusta á tónlist?
- Getur þú unnið að mörgum verkefnum í einu?
- Finnst þér cool að tala um HTML, CSS og JavaScript?
- Veist þú hvað Umbraco er?
- Langar þig að skipta um vinnu?

Ef svarið er já við flestum af þessum spurningum þá sendu okkur línu.

Við erum mjög hratt vaxandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í verkefnum fyrir ferðaþjónustuna. Við erum flottur hópur sem vinnur þétt saman og elskum að vera í vinnunni.
Við erum ODIN Software. Okkur vantar einn í hópinn sem er vefforritari og vill vera með okkur að gera flottustu ferðaþjónustu vefi á markaðnum.

ODIN Software er ört vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki sem vinnur eingöngu lausnir fyrir ferðaskrifstofur og ferðaþjónustu fyrirtæki á íslandi og erlendis. Við erum leiðandi á þessum markaði á íslandi og ætlum okkur að verða leiðandi á þessu sviðið á alþjóðlegan mælikværða innan mjög fárra ára.

Fyrirspurnir má senda á odin@odinsoftware.is
Umsóknum ásamt starfsferilskrá þarf að skila fyrir miðnætti 13. janúar 2012 á odin@odinsoftware.is

# Elskar þú tækni?

Ertu góður í IP umhverfi og kannt á símkerfi?

*Vegna aukinna verkefna leitar Svar tækni að hæfileikaríkum aðila með frábært þjónustuviðhorf og þekkingu á IP símkerfum og IP öryggismyndavélum*

## Starfið felur í sér

- Uppsetningu og rekstur símkerfa fyrir viðskiptavini
- Umsjón með hýsingarumhverfi símkerfa
- Aðkoma að rekstri og uppsetningu á myndavélakerfum á IP lagi.
- Önnur dagleg þjónustuverkni sem falla til

## Hæfnis og menntunarkröfur

- Framúrskarandi viðhorf til þjónustu og mannlegra samskipta
- Umtalsverð þekking og reynsla á Microsoft og Linux stýrikerfum
- Þekking á shell forritun er ótvíræður kostur
- Áhugi á að tileinka sér nýja tækni
- Tölvufræðimenntun og/eða námskeið með vottuðum gráðum æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar 2012.**
**Umsóknum, með góðri ferilskrá, skal senda á netfangið umsokn@svar.is**

svar:) tækni

# NORDIC VISITOR ER AÐ LEITA...

Nordic Visitor leitar nú að öflugum starfsmönnum í fjölbreytt og skemmtileg störf.

- Ferðaráðgjafar
- Sölustjóri - Norðurlönd
- Sumarstörf á skrifstofu

Nordic Visitor er ferðaskrifstofa sem skipuleggur fjölbreyttar og spennandi ferðir til allra Norðurlandanna. Nánari upplýsingar um þessi störf er að finna á vef Nordic Visitor: www.nordicvisitor.com/career/



# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Aðstoðarleikskólakennari** við leikskólann Grænatún
**Leikskólakennari** í sérkennslu við leikskólann Marbakka
**Leikskólakennari** við leikskólann Efstahjalla
**Stærðfræðikennari** við Hörðuvallaskóla
**Skólaliði** í dægradvöl við Hörðuvallaskóla
**Skólaliði** í dægradvöl við Lindaskóla
**Starfsmaður** við ræstingu við leikskólann Rjúpnahæð
**Starfsmaður** á heimili fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar ***www.kopavogur.is***

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst á ***www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

# ÍsAm Vörukynningar

- Skipulagning og framkvæmd

Við leitum að öflugum aðila til að skipuleggja, undirbúa og framkvæma vörukynningar/fræðslu í verslunum. Um er að ræða fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf með c.a. 50% starfshlutfall. Sveigjanlegur vinnutími að hluta en kynningarnar sjálfar eru yfirleitt fim-sun c.a. 4 klst pr. dag.

**Helstu verkefni**

- Skipulagning á kynningum með vörumerkjastjóra og sölustjóra
- Samskipti við verslanir við skipulagningu og framkvæmd
- Afla sér þekkingar á vörum/markaði og geta miðlað því á faglegan hátt
- Kynna vörur og fræða viðskiptavini í verslunum
- Skýrslugerð og eftirfylgni áætlana

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Söluhæfileikar og kostur ef reynsla af sölu og kynningum
- Framúrskarandi hæfileikar í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, áreiðanleiki og stundvísi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Gilt bílpróf og bíl til umráða

Nánari upplýsingar veitir Helga B.Helgadóttir starfsmannastjóri í síma 522 2700. Umsóknir skulu sendast á póstfangið helga@isam.is eða bréfleiðis til ÍsAm, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík, fyrir 15.janúar.

ÍsAm er eitt stærsta og öflugasta markaðs-og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendavörumarkaði. ÍsAm á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Kexsmiðjuna og Frón auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Gillette, Duracell, Pampers, Always, Ariel, BKI, Finn Crisp, Oscar, Marlboro, Ping ofl. Hjá fyrirtækinu starfa 330 manns. Stefna ÍsAm er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.

**Íslensk Ameríska • Tunguháls 11 • 110 Reykjavík • Sími 522 2700 • www.isam.is**

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# NETTÓ MJÓDD OPIÐ DAG OG NÓTT FRAMVEGIS

Við fengum frábærar móttökur við sólarhringsopnun okkar í Nettó Mjódd og vegna aukinna umsvifa óskum við því eftir öflugu starfsfólki 20 ára og eldra á kvöld og næturvaktir.

Um er að ræða líflegt og krefjandi starf hjá góðu og traustu fyrirtæki. Starfið er frábært fyrir háskólanema sem vilja vinna á kvöldin, nóttunni eða um helgar.

**Umsóknir sendist á mjodd@netto.is.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Bjarki Þór Árnason, verslunarstjóri í síma 895-0616**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar nk.**
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

nettó mjódd opið dag & nótt

Rekstrartækifæri

# Líkamsræktarstöð í Egilshöll

Til leigu fullbúin líkamsræktarstöð tilbúin til afhendingar metnaðarfullum aðila sem vill hefja eigin rekstur.

## Fullbúin líkamsræktarstöð

Um er að ræða spennandi rekstrartækifæri fyrir einstaklinga eða hóp sem vilja hefja eigin rekstur með **lágmarks fjárbindingu**. Í boði er aðstaða, tæki og búnaður undir líkamsræktarstöð í um 1.300 m² húsnæði með möguleika á viðbótar útiaðstöðu. Fjölbreytt líkamsræktartæki geta fylgt s.s. hlaupabretti, skíðavélar, spinninghjól, handlóð o.s.frv.

## Egilshöllin í Grafarvogi

Egilshöllin er stærsta afþreyingar- og íþróttamiðstöð á landinu með knattspyrnuvelli, íþróttasal, skautahöll, skotæfingasvæði, kvikmyndahúsi og keiluhöll. Daglega heimsækja á milli 2.500 og 4.000 manns Egilshöll.

**Nánari upplýsingar veita Gunnar Jónatansson (s. 664 6550, gunnar@egilshollin.is) og Ólafur Jóhannsson (s. 824 6703, olafur@atvinnueignir.is)**













Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Hagasmára 1
201 Kópavogi
sími 512 8900
reginn@reginn.is

**reginn.is**

---

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

---

**Styrkir**

Kraumur
Tónlistarsjóður | Music Fund

## Umsóknarferli fyrir árið 2012

Kraumur tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum fyrir verkefni á sviði íslenskrar tónlistar sem ráðgert er að eigi sér stað árið 2012.

Tónlistarmenn og hljómsveitir úr öllum geirum tónlistar geta sótt um stuðning fyrir sín verkefni. Umsóknarferlið er einnig opið fyrir viðburði og fræðsluverkefni. Umsækjendum er bent á að kynna sér markmið og samþykktir sjóðsins, og frekari upplýsingar um umsóknarferlið, á vefsíðu hans. Framkvæmdastjóri Kraums veitir frekari upplýsingar og ráðgjöf er varðar umsóknarferlið.

Kraumur er sjálfstæður sjóður og starfsemi á vegum Auroru velgerðasjóðs. Kraumur hefur það megin-hlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi og faglegri aðstoð við unga listamenn, auðvelda þeim að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri innanlands sem utan.

**Allar umsóknir skulu innihalda**
- Yfirlit yfir verkefnið og markmið þess
- Fjárhagsáætlun og upphæð sem sótt er um
- Æskileg fylgigögn s.s. tónlist og ferilskrá
- Netfang og símanúmer umsækjanda

**Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.**

Auglýst er sérstaklega eftir umsóknum fyrir verkefni sem eru ekki hafin áður en úthlutað er úr sjóðnum. Úthlutað verður um miðjan mars.
Umsóknum skal skila bréfleiðis:
Kraumur tónlistarsjóður
PO Box, 124, 121 Reykjavík
Frekari upplýsingar: **www.kraumur.is**

---

**Námskeið**



## Ertu í hljóði?

**Starfar þú við upptökur, hljóðvinnslu eða mögnun og hefur gert í nokkur ár?**

Kynningarfundur um raunfærnimat í hljóðvinnslu verður haldin á Stórhöfða 27 mánudaginn 16. janúar 2012 kl. 17:00. (Gengið inn Grafarvogs megin)

Markmið með raunfærnimatinu er að meta færni í hljóðvinnslu og gefa út staðfestingu á henni.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.fsraf.is eða í síma 580 5252**

## Til sölu

### Atvinnutækifæri/Viðskiptatækifæri

Til sölu þekktur og vinsæll veitingastaður í heilsugeiranum. Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja starfa sjálfstætt. Gott verð! Áhugasamir sendi email á: reykjavik_101@yahoo.com
Fullum trúnaði heitið.

## Útboð

### Útboð á Veiðirétti

A-deild Veiðifélags Skjálfandafljóts óskar eftir tilboðum í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins árin 2012 til 2015, að báðum árum meðtöldum.
Um er að ræða 6 laxveiðistangir og 10 silungsveiðistangir.

Umsjónarmaður útboðsins er Gunnar Sólnes hrl., Lögheimtan-Pacta, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri, sími: 440 7900, farsími 669 7964, netfang gsol@pacta.is

Útboðsgögn fást hjá honum gegn greiðslu kr. 25.000.
**Tilboðum skal skila fyrir 16. janúar 2012**, kl. 12.00, þá verða tilboðin opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

## ÚTBOÐ

### 15152 - Hönnunarsamkeppni fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Innanríkisráðuneytisins býður til opinnar hönnunarsamkeppni (framkvæmdasamkeppni) um byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík.
Um er að ræða nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga, aðstöðu fyrir afplánun skemmri fangelsisrefsinga og vararefsinga á Hólmsheiði í Reykjavík. Fangelsisbyggingin verður með 56 fangarýmum og u.þ.b. 3.700 m² að stærð.
Tvö fyrirspurnartímabil eru í samkeppninni og lýkur því fyrra 30. janúar 2012 en því síðara 26. mars 2012. Skilafrestur tillagna er 16. apríl 2012, fyrir kl. 16:00 hjá Ríkiskaupum.
Veitt verða þrenn verðlaun að heildarfjárhæð 10 milljónir kr.
Gert er ráð fyrir að hönnun verði lokið og útboðsgögn tilbúin fyrri hluta árs 2013 og að framkvæmdir hefjist vorið 2013 og þeim verði lokið vorið 2015.
Samkeppnin fer fram í samvinnu við Arkitektafélag Íslands og er auglýst á EES-svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna í samkeppnislýsingu sem er aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is útboðsnúmer 15152.
Til að nálgast ítargögn verður að skrá sig til þátttöku á vefnum en gögn verða einnig fáanleg, gegn framvísun staðfestingar á þátttöku og 3.500,- kr. greiðslu, hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík. Skrifstofa Ríkiskaupa er opin virka daga frá kl. 9:00 – 15:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## ÚTBOÐ

### 15164 -Hönnunarsamkeppni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Háskóla Íslands býður til opinnar hönnunarsamkeppni (framkvæmdasamkeppni) um byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
Um er að ræða u.þ.b. 4000 m² byggingu, en þar af er um 1000 m² bílageymsla neðanjarðar, sem hýsa mun Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og er staðsett vestan Suðurgötu í Reykjavík.
Tvö fyrirspurnartímabil eru í samkeppninni og lýkur því fyrra 19. janúar 2012 en því síðara 7. mars 2012. Skilafrestur tillagna er 22. mars 2012, fyrir kl. 16:00 hjá Ríkiskaupum.
Veitt verða þrenn verðlaun að heildarfjárhæð 10 milljónir kr.
Gert er ráð fyrir að hönnun verði lokið og útboðsgögn tilbúin í janúar 2013 og að framkvæmdir hefjist í maí 2013 og þeim verði lokið í ágúst 2014.
Samkeppnin fer fram í samvinnu við Arkitektafélag Íslands og er auglýst á EES.

Nánari upplýsingar er að finna í samkeppnislýsingu sem er aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is útboðsnúmer 15164.
Til að nálgast ítargögn verður að skrá sig til þátttöku á vefnum en gögn verða einnig fáanleg, gegn framvísun staðfestingar á þátttöku og 3.500,- kr. greiðslu, hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík. Skrifstofa Ríkiskaupa er opin virka daga frá kl. 9:00 – 15:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## verneglobal

VERNEGLOBAL.COM | THE DATA CENTER SOLUTION

### ÚTBOÐ Á AFHENDINGU OG FORGANGSAFHENDINGU Á ELDSNEYTI FYRIR VARAAFLSTÖÐVAR

Verne Real Estate II ehf. óskar eftir tilboði, annars vegar í afhendingu og hins vegar í forgangsþjónustu við afhendingu í neyðartilfellum á vélaolíu/litaðri díselolíu til reksturs varaaflstöðva við gagnaver Verne að Ásbrú í Reykjanesbæ.

Útboðsgögn eru tiltæk á ensku og fást afhent á rafrænu formi frá birtingu auglýsingar þessarar með því að hafa samband við Helga Helgason í síma 513-0025 á skrifstofutíma eða með því að senda tölvupóst á proposals@verneglobal.com. Útboðsgögnin innihalda nánari lýsingu og útboðsskilmála. Gefa skal upp nafn tilboðsgjafa, nafn tengiliðs, símanúmer og tölvupóstfang.

Tilboðunum skal skilað á ensku fyrir kl. 16:00 þann 19. janúar 2012, sjá nánari leiðbeiningar í útboðsgögnum. Tilboðin verða opnuð þann 20. janúar kl. 10:00 2012 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska að skrifstofu félagsins, Valhallarbraut 868 að Ásbrú í Reykjanesbæ.

## ÚTBOÐ

### Endurbætur á raflögnum í byggingum nr. 44, 126-128 og 286 og lögnum í byggingu nr. 286 Keflavíkurflugvelli ÚTBOÐ NR. 15183

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Landhelgisgæslu Íslands, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við breytingar á rafkerfum bygginga innan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar. Í þessum áfanga felst verkið í að breyta raflögnum í tilgreindum byggingum og laga þær að gildandi reglugerð um raforkuvirki og ÍST: 200:2006 – Raflagnir bygginga. Skipta skal um rafbúnað, innlagnarefni, tengla, rofa, lampa, setja upp og tengja nýjar töflur og breyta lömpum. Þá skal breyta vatnslögnum og búnaði fyrir núverandi loftræsisamstæður og setja upp nýtt stýrikerfi og stjórnbúnað fyrir núverandi loftræsikerfi. Byggingar eru geymslu- og skrifstofuhúsnæði á einni hæð og sérvarið varnarmannvirki á tveimur hæðum og eru misstórar frá um 140 m² til 2.000 m² að stærð. Byggingar þessar eru skammt suður af byggingu nr. 615 sem stendur við veg að nafni Þjóðbraut. Fara þarf inn um vaktaðhlið til þess að komast á verkstað og skulu starfsmenn verktaka fá aðgangsheimild inn á vinnusvæðið og fylgja öryggiskröfum Landhelgisgæslu Íslands og þeim reglum sem gilda á öryggis- og varnarsvæðum.

**Helstu magntölur eru:**

**Aftengja og fjarlægja:**

| | |
|---|---|
| Aðaltöflur og rafbúnað í greinatöflum | 16 stk |
| Rofa, tengla og nema | 660 stk |
| Ljós, lampa, rofa og reykskynjara | 390 stk |
| Lampabúnaður fjarlægður úr ljósum | 520 stk |
| Mótorar, dælur, viftur, spennar og tæki | 20 stk |

**Nýr búnaður, uppsetning og breytingar :**

| | |
|---|---|
| Aðaltafla og heimtaug | 5 stk |
| Greinatöflur | 9 stk |
| Pípur | 160 metrar |
| Tenglar og rofar | 500 stk |
| Strengir | 840 metrar |
| Ídráttavír | 1.580 metrar |
| Ýmiss búnaður fyrir loftræsikerfi o.fl. | 20 stk |
| Lampar | 315 stk |
| Breyta lömpum | 153 stk |

Vettvangsskoðun verður haldin 17. janúar 2012, kl. 10:00 til 11:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 30. apríl 2012.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 11. janúar 2012.
Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 24. janúar 2012, kl. 15:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Útboð

Fjallabyggð

**Fjallabyggð óskar eftir tilboðum í stækkun grunnskóla Fjallabyggðar við Tjarnarstíg 3 í Ólafsfirði.**

Um er að ræða viðbyggingu á tveimur hæðum, um 510 fermetrar og 2076 rúmmetrar að stærð. Byggingin er steinsteypt, einangruð og múrhúðuð að innan en múrhúðuð að utan á hefðbundinn hátt. Þak er stólað valmaþak ofan á einangraðri steyptri plötu. Innveggir eru ýmist steinsteyptir og múraðir burðarveggir eða hljóðeinangraðir gipsveggir. Skila skal byggingunni fullfrágenginni að utan og innan en lóðinni í kringum hana skal skila grófjafnaðri.
**Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2012.**
Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á krónur 5.000 á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði frá og með þriðjudeginum 10. janúar 2012. Tilboðin verða opnuð á sama stað hjá bæjartæknifræðingi Fjallabyggðar fimmtudaginn 26. janúar 2012 klukkan 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Landsvirkjun

### Forval nr. 20069 Skjalakerfi og kerfi fyrir ábendingar, úrbótaverkefni og innri úttektir

**Landsvirkjun óskar eftir þátttöku í samningskaupaferli vegna kaupa á eftirfarandi kerfum:**

Kerfislausn 1: Skjalakerfi fyrir almenn skjöl og gæðaskjöl fyrirtækisins.

Kerfislausn 2: Kerfi fyrir ábendingar og útbótaverkefni ásamt innri úttektum.

Heimilt er að bjóða í báðar fyrrgreindar kerfislausnir eða aðeins aðra þeirra. Leitað er eftir heildstæðri lausn sem uppfyllir þarfir fyrirtækisins og getur þróast með því.

Innkaupin fara fram með svokölluðu samningskaupaferli. Í samningskaupaferlinu taka þátt þeir bjóðendur sem valdir eru á grundvelli forvals.

Afhendingarstaður er höfuðstöðvar fyrirtækisins að Háaleitisbraut 68. Stefnt er að gangsetningu kerfanna eigi síðar en í maí 2012.

Forvalsgögn á íslensku eru til afhendingar í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 3.000 fyrir hvert eintak.

Óskum um þátttöku í samningskaupaferli skal skila á sama stað fyrir klukkan 11.00 föstudaginn 20. janúar 2012 þar sem nöfn umsækjenda verða lesin upp að viðstöddum þeim þátttakendum sem þess óska.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# Tilboð óskast



## Hestavað 5-7 í Norðlingaholti

Byggingarefni : Steinsteypa - Birt heildarflatarmál íbúða: 2.867,4m2 - Stærð lóðar: 4.227m2

Um er að ræða fjögurra hæða tveggja stigaganga fjölbýlishús með 27 3ja til 4ra herbergja íbúðum. Sérinngangar eru af svölum sem verða glerklæddar auk þess sem gert er ráð fyrir lyftum í stigahúsum. Núverandi staða verksins er sú að byggingin er að mestu tilbúin undir tréverk. Búið er að steypa upp húsið og glerja. Múrvinna er komin vel áleiðis ásamt raf- og pípulögnum. Frágangur á þaki er eftir og lóð er gróffjöfnuð.

Eignin selst í heilu lagi og í núverandi ástandi sem væntanlegir tilboðsgjafar eru beðnir að kynna sér rækilega. Möguleiki á seljendaláni fyrir hluta af kaupverði.





## Skerjabraut 1-3, Seltjarnarnesi („Iðunnar“ reiturinn)

Um er að ræða 2.763m2 byggingarlóð fyrir 22 íbúða fjölbýlishús í grónu hverfi. Nýtingarhlutfall lóðar er 1,20 eða 3373 m2 utan bílageymslu og fylgirýmis í kjallara.

Nánari upplýsingar fást hjá eignaumsýslu Dróma hf. að Lágmúla 6 Reykjavík milli 11-15. og á www.hlid.is. Fyrirspurnir er hægt að senda á tölvupóstfangið sala@dromi.is.

DRÓMI

LÁGMÚLI 6 108 REYKJAVÍK SÍMI 540-5000

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Húsaleigubætur

Athygli er vakin á að samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 skal endurnýja umsókn um húsaleigubætur árlega í upphafi árs og gildir umsóknin til ársloka.

Umsækjendur um húsaleigubætur í Reykjavík eru minntir á að skila umsókn fyrir árið 2012 til Þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í síðasta lagi 16. janúar næstkomandi.

Þeir sem eiga lögheimili í Vesturbæ hafi samband við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45-47, sími 411 1700.

Þeir sem eiga lögheimili í Miðbæ eða Hlíðum hafi samband við Þjónustumiðstöð Miðborgar / Hlíða, Skúlagötu 21, sími 411 1600.

Þeir sem eiga lögheimili í Laugardal eða Háaleiti hafi samband við Þjónustumiðstöð Laugardals / Háaleitis, Síðumúla 39, sími 411 1500.

Þeir sem eiga lögheimili í Breiðholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, sími 411 1300.

Þeir sem eiga lögheimili í Árbæ, Grafarholti eða Norðlingaholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Árbæjar / Grafarholts, Hraunbæ 115, sími 411 1200.

Þeir sem eiga lögheimili í Grafarvogi eða Kjalarnesi hafi samband við Þjónustumiðstöð Grafarvogs, Gylfaflöt 5, sími 411-1400.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

S.S.R Styrktarsjóður Susie Rutar

## Úthlutun styrkja

Styrktarsjóður Susie Rutar mun úthluta styrkjum til verkefna vegna vímuefnaforvarna þann 14. febrúar nk.
Fjárhæðir styrkjanna verða frá 100.000 kr. til 250.000 kr.
Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. febrúar nk. og má nálgast umsóknareyðublað með því að senda tölvupóst á styrktarsjodur@gmail.com. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni **www.styrktarsjodursusie.is**.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir til vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar vorið 2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til fyrirtækja eða stofnana sem taka nemendur í vinnustaðanám. Markmið styrkjanna er að hvetja fyrirtæki eða stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Umsækjendur skulu uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun um hæfi til þess að annast nemendur í starfsnámi. Þeir skulu hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila með náminu og leggja fram áætlun um vinnustaðanámið og fyrirsjáanlega framvindu þess.

Styrkir geta numið allt að 20 þús. kr. á viku og eru veittir til 24 vikna að hámarki. Styrkur er greiddur eftir því sem námi vindur fram.

Umsóknum er skilað á sérstöku eyðublaði sem er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis. Umsókn skal fylgja yfirlit um framvindu vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Grétar Kristjánsson í síma 545 9500 eða í tölvupósti á olafur.g.kristjansson@mrn.is

**Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2012.**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 4. janúar 2012.
menntamálaráðuneyti.is

## Tilkynningar

ÁS STYRKTARFÉLAG

**Vinningsnúmer í happdrætti Áss styrktarfélags 2011**

1. Ford Focus Trend 5 dyra að andvirði kr. 3.695.000. kom á miða númer 4017

2.-8. vinningur: Heimilistæki frá Bræðrunum Ormsson að andvirði 200.000. hver vinningur.
549 2527 4319 11114 11144 11422 16075

Upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.styrktarfelag.is

Félagið óskar landsmönnum gleðilegs árs og þakkar veittan stuðning.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2012

5. janúar 2012

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2012. Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 1/2011 um Framkvæmdasjóð aldraðra með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 1269/2011. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til velferðarráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til.

Við ákvörðun um úthlutun verður stefna velferðarráðherra í öldrunarmálum höfð til hliðsjónar, einkum varðandi fækkun fjölbýla á hjúkrunarheimilum. Skilyrði fyrir framlögum til byggingaframkvæmda, nauðsynlegra endurbóta og breytinga á húsnæði er að framkvæmdir taki mið af viðmiðum velferðarráðuneytis um skipulag hjúkrunarheimila.

Umsóknum ber að skila fyrir 1. febrúar 2012. Að gefnu tilefni er vert að benda á mikilvægi þess að vanda til umsókna og skila nauðsynlegum upplýsingum og fylgiskjölum innan tilskilins frests þar sem það getur haft áhrif á afgreiðslu umsóknar. Ekki verður tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að skila umsóknum rafrænt á umsóknavef Stjórnarráðsins http://umsokn.stjr.is Aðgangur að umsóknavefnum er gefinn á kennitölu umsækjanda eða tengiliðar hans. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Þorvaldsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, í síma 545 8100. Einnig má senda fyrirspurn í tölvupósti á postur@vel.is

**Samstarfsnefnd um málefni aldraðra**




## Fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Reyniberg - Einbýli**

**Opið hús í dag á milli 14 og 16**




Mjög gott ca. 200 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr ásamt garðskála (ca. 20 fm. sem er ekki í skráðum fermetrum). Fimm svefnherbergi, húsið er staðsett í lokaðri botngötu. Fallegur ræktaður garður er í kringum húsið með stórri timburverönd.
**Helgi sýnir húsið í dag, laugardag, á milli 14 og 16.**

# Heilsuréttir Nings

## ... og kroppurinn blómstrar

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Þeir innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

| | |
|---|---|
| 60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali | 1250 kr. / 1750 kr. |
| 61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristuðum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti | 1250 kr. / 1750 kr. |
| 62. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 1050 kr. / 1450 kr. |
| 65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 66. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti | 1250 kr. / 1750 kr. |
| 68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 80. Wok steikt lífrænt ræktað íslenskt bygg með kjúklingi og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 88. Tröllatrefjar með kjúklingi og grænmeti | 950 kr. / 1350 kr. |
| 231. Wakame-salat með kjúklingi og grænmeti | 1250 kr. |




Freyja Sigurðardóttir hugsar vel um strákana sína, enda vel að sér um næringu og heilsu. Freyja er margfaldur Fitnessmeistari og einkaþjálfari, hún velur heilsurétti Nings.

## Barna mat seðill

206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki 850 kr.

207. Kjúklingaleggir með hrísgrjónum 850 kr.

208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti 850 kr.

# NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

# Finnst ég hafa endurheimt lífið

**Hnéspelka sem fyrirtækið Össur framleiðir hefur reynst sem kraftaverk fyrir fólk sem þjáist af slitgigt eða öðrum vandamálum í hnjám. Þeirra á meðal er Helga Rún Pálsdóttir, klæðskerameistari, hönnuður og hattagerðarkona. Hún hefur athyglisverða sögu að segja.**

Mér finnst ég hafa endurheimt lífið með því að fá þessa spelku. Hún gerir mér kleift að gera ýmislegt sem ég var búin að útiloka, eins og að ferðast um heiminn," segir Helga Rún Pálsdóttir, klæðskerameistari um Unloader One hnéspelku sem fyrirtækið Össur framleiðir. Hún meinar greinilega hvert orð.

Helga er innan við fimmtugt en hefur átt við hnémeiðsli að stríða í mörg ár. Sextán ára gömul fór hún að fá verki í hægra hnéð, það átti til að bólgna upp og festast, líkt og hnéskelin gengi til, en á þeim tíma var hún að læra dans. Síðar vann hún á saumavél sem jók á verkina, svo hún segir hluta vandans áunninn. Hún fór í liðþófaaðgerð fyrir tveimur árum sem ekki gaf þann árangur sem vænst var og því var útlitið ekki bjart.

Nú er Helga Rún búin að vera með Unloader One spelkuna í hálft ár og segir lífið hafa breyst fljótlega eftir tilkomu hennar. „Eftir tíu daga notkun á spelkunni fór ég að finna mikinn mun á minni líðan," segir hún en viðurkennir þó að hafa líka fundið fyrir neikvæðum tilfinningum. „Mér fannst svolítið áfall að þurfa bera svona aðskotahlut og setti fyrir mig þætti eins og að þurfa að breyta klæðaburði – bara svona týpískt pjatt. Spurði einmitt stoðtækjafræðinginn minn hvort ég gæti ekki fengið annan lit þar sem ég gengi eiginlega aldrei í gráu! Mér finnst fyndið að hugsa til þess núna. Ég get ekki án spelkunnar verið í dag og þegar ég er spurð hvað ég sé með þá kalla ég þetta „minn hægri fót," segir Helga Rún og hlær.

Helga er menntaður klæðskerameistari, fatahönnuður, leikmynda-og búningahönnuður og hattagerðarkona. Vinnudagur hennar er oft langur við saumaskap og námskeiðahald í eigin fyrirtæki og vinnu í leikhúsum og sjónvarpi, jafnvel við útitökur í ólíkum aðstæðum, enda kveðst hún vera vinnualki eins og margur Íslendingurinn. „Þegar álagið var hvað mest og verkir í hnénu voru óbærilegir íhugaði ég að skipta um starf en tilhugsunin um það gerði mig dapra," segir hún og bætir við. „Ef ég hefði ekki fengið þessa frábæru spelku væri ég núna eflaust búin að þurfa að breyta mörgu í lífi mínu og væri komin á bætur."



„Þegar álagið var mikið og verkir í hnénu voru óbærilegir íhugaði ég að skipta um starf en tilhugsunin um það gerði mig dapra," segir Helga Rún.

## VERKJAMEÐFERÐ ÁN LYFJA

**Unloader One** hnéspelkan veitir stuðning og minnkar verki og gerir notendum kleift að ganga með hana allan daginn.

**Í Unloader One** spelkunni eru tveir borðar sem létta álagi af slitnum liðflötum og auðvelda fólki með verki í hnjám að stíga í fótinn. Borðarnir aðlagast hreyfingum sem gerir það að verkum að álagið flyst af slitna liðfletinum yfir á þann heila.



**Notendur Unloader One** hnéspelkunnar svitna síður af henni en öðrum sambærilegum hnéspelkum. Sá hluti spelkunnar sem liggur næst húðinni er gatað sílíkon sem hleypir lofti í gegn og gerir húðinni kleift að anda vel.

**Með notkun** sílíkons er Össur að styðjast við áralanga reynslu sína á því sviði. Nánari upplýsingar í síma 425 3400

*Heimild/ossur.is*

## ÞEGAR KULDINN BÍTUR

**Fyrir þá** sem stunda útivist að vetrinum er hlýr og góður klæðnaður lykilatriði. Fátt er meira niðurdrepandi á gönguför um ís og hjarn en kaldar tær og dofnir fingur. Þá er góð húfa líka lífsnauðsyn þegar kuldinn bítur.

Þeir sem eru aumir í hnjám mega illa við því að verða kalt svo legghlífar ætti að vera staðalbúnaður í þeirra útivistarfatnaði.







Námskeið vor ´12

LÆRÐU LÉTTA DANSSVEIFLU Á TVEIM DÖGUM!

**Svingnámskeið 4 þriðjudagskvöld:**
Hefst 17. jan.. og 14. feb.

**Verðum ballfær – Blandaðir dansar**
Hvert námskeið er 4 sunnud.kv.: kl. 20.3o – 22.30
Námskeiðin hefjast 15.jan. og 12. feb. og 11. mars

**Glidene gå - Blues boogie og Jump boogie**
8 kvölda námskeið mánudaga kl. 20.30 -22.30
Hefst mánud. 16. janúar

**Línudansar á miðvikudagskvöldum**
10 kvölda námskeið hefst 18.janúar

**Gamla góða tjúttið**
14. og 15. janúar kl. 13.30 - 15.30

**Sænskt Bugg**
28. og 29. janúar kl. 13.30 - 15.30

**Gömludansakvöld með IOGT**
3. febrúar og 16. mars

GJALDFRJÁLST kynningarkvöld
föstudaginn **13. janúar** kl. 20.00
sving, línudansar ofl.

SÍMI 557 7700

DANSHÖLLIN
Drafnarfelli 2 111 Reykjavík
kod@komidogdansid.is
www.komidogdansid.is


# Stundaðu heilsurækt og hollustu á vinnustaðnum

**Meirihluti fólks dvelur á vinnustað sínum mestan hluta dagsins. Flestir sem vinna á skrifstofum sitja við tölvuskjá allan daginn og það getur engan veginn talist sérlega heilsusamlegt. Með smá hugkvæmni er þó ýmislegt hægt að gera til að huga að heilsunni í vinnutímanum.**



Gerðu leikfimisæfingar við skrifborðið. Það kann að vekja hlátur vinnufélaganna til að byrja með og þú mátt búast við neyðarlegum athugasemdum en ef þú kippir þér ekki upp við slíkt er það margfaldlega þess virði. Ýmsar æfingar er hægt að gera sitjandi og hér eru nokkur dæmi:

### Axlir

Hreyfðu axlirnar í hringi fram og til baka, það mýkir vöðvana og losar um spennu.

### Úlnliðir og ökklar

Hreyfðu hendur og fætur í litla hringi. Að hreyfa úlnliðina er sérstaklega gott fyrir þá sem verja mestum tíma sínum pikkandi á lyklaborð. Snúningur um ökklana eykur blóðflæðið í fótunum og getur komið í veg fyrir blóðtappa.

### Magavöðvar

Það er auðvelt að æfa magavöðvana við skrifborðið án þess að nokkur taki eftir því. Dragðu vöðvana inn og haltu þeirri stöðu í nokkrar sekúndur og andaðu djúpt að þér á meðan. Slepptu og andaðu frá þér. Endurtaktu þetta nokkrum sinnum í einu nokkrum sinnum á dag.

### Drekktu mikið af vatni

Vatnsdrykkja kemur þér til góða á margan hátt.

Því meira vatn sem þú drekkur því ólíklegra er að þú látir freistast til að fá þér aukabita. Vatnið slær á svengdartilfinningu og vatnssopi gerir sama gagn og súkkulaðibiti ef ástæðan fyrir súkkulaðiátinu er eingöngu sú að þér leiðist.

Vatnsdrykkja getur komið í verk fyrir höfuðverk sem margir fá af því að stara á tölvuskjáinn tímunum saman.

Að ná í vatn gefur þér ástæðu til að standa upp og hreyfa þig.

Ef þú stenst ekki mátið að fá þér aukabita passaðu þá upp á að narta í eitthvað heilsusamlegt. Fáðu þér ávöxt eða heilsustöng í stað súkkulaðis eða kartöfluflagna.

### Taktu stuttar pásur

Stattu upp og gakktu um eða farðu út augnablik og andaðu að þér fersku lofti. Ef þú þarft að eiga samskipti við vinnufélagana stattu upp og gakktu til þeirra í stað þess að hringja eða senda tölvupóst. Það á eftir að koma þér á óvart hversu mikið munar um það að hreyfa sig pínulítið fyrir nú utan það að samskipti augliti til auglitis eru mun meira gefandi en þau vélrænu.

Kannski þykir mörgum þessi litlu skref ekki merkileg en ef þú prófar mun það koma þér á óvart hvað þér líður mikið betur í vinnunni.

# Sjálfsstyrking og slökun

**Regluleg slökun og hvíld er talin draga úr streitu og þreytu og vinna bug á ýmsum meinvöldum.**

### Hugleiðsla

Mörgum hefur reynst hugleiðsla árangursrík aðferð til að ná betri tökum á taugunum. Á hugleiðslu eru til margar skilgreiningar og er ein í þá veru að hún sé ákveðin tegund einbeitingar, þar sem athygli er beint að einhverju tilteknu, svo sem hlut, eigin andardrætti eða tónlist til að ýta streituvaldandi hugsunum til hliðar. Ásamt því að draga úr stressi er regluleg hugleiðsla talin bæta geð og svefn. Aðferðina er hægt að læra á sérstökum námskeiðum eða með aðstoð hljóðsnælda, dvd-eða geisladiska.





### Nudd

Nudd hefur um langt skeið verið notað til að viðhalda góðri heilsu og vinna bug á meinvöldum á borð við gigt, bakverk, meiðslum og síðast en ekki síst streitu. Til er sérstakt afbrigði nudds sem kallast einfaldlega slökunarnudd þar sem lagt er upp úr hægum og mjúkum strokum til að róa taugakerfið. Aðrar tegundir eru, sem dæmi, heildrænt nudd, íþróttanudd og sogæðanudd. Svo klikkar gamla góða herðanuddið sjaldnast þótt ekki þurfi að leita á náðir fagaðila en áhrifin á móti kannski takmörkuð.

### Jóga

Jóga er tegund aldagamalla andlegra og líkamlegra æfinga sem eiga uppruna sinn á Indlandi og hafa á síðustu áratugum verið að ryðja sér til rúms um allan heim. Óteljandi afbrigði eru til af jóga þar sem slökunaræfingar og líkamsrækt vega misþungt. Þá hafa verið þróaðar tegundir af jóga sem eru sniðnar að sérstökum hópum, svo sem börnum, unglingum og eldri borgurum. Jóga er gott að tileinka sér undir handleiðslu fagaðila á líkamsræktarstöðvum eða jógasetrum eða verða sér úti um mynddisk með jóga fyrir byrjendur.





### Hlátur

Löngum hefur verið sagt að hláturinn lengi lífið enda er hann talinn hafa bætandi áhrif á líkama og sál, losa um spennu, tilfinningar og fleira. Hægt er að sækja námskeið þar sem kenndar eru sérstakar aðferðir til að virkja hláturtaugarnar. Fleira er þó í boði fyrir þá sem veigra sér við tilhugsun um að hlæja eftir fyrirmælum, svo sem gamanmyndir, farsar eða bækur til að losa um hláturinn.

### Eitt og annað gagnlegt

- Góður göngutúr.
- Kría getur gert kraftaverk.
- Heimadekur; heitt bað, kertaljós og ilmolíur.
- Bókalestur (varist spennusögur).
- Heimsókn í heitu pottana.
- Kyrrðarstund (útilokið áreiti til dæmis með því að slökkva á farsíma, sjónvarpi og útvarpi).








Á leið á Hvannadalshnúk.



Kaffipása á leið á Snæfellsjökul.

# Viðburðaríkt ár framundan

**Dagskrá Ferðafélags Íslands er sneisafull af skemmtilegum og spennandi gönguferðum á nýju ári segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi því leiðin liggur bæði eftir auðveldum gönguslóðum í nærumhverfi borgarinnar og upp á hæstu tinda landsins.**

Nýtt ferðaár er að hefjast hjá Ferðafélagi Íslands, FÍ. Að sögn framkvæmdastjóra félagsins, Páls Guðmundssonar, er fjöldi spennandi viðburða framundan.

Fyrst ber að nefna verkefnið Eitt fjall á viku, sem eins og heitið gefur til kynna, gengur út á að fara á eitt fjall á viku. Byrjað er á léttari fjöllum í nágrenni Reykjavík en síðan verða fjöllin erfiðari og meðal annars er gengið á Hvannadalshnúk í maí. Í þessu verkefni er meðal annars boðið upp á grunnkennslu í fjallamennsku á námskeiðum í höfuðstöðvunum í Mörkinni 6, þar sem farið verður yfir öryggismál, búnað, rötun, nesti og fleira, en meðan á verkefninu sjálfu stendur kennum við fólki að fara í fjallgöngur á eigin vegum,“ segir Páll og getur þess að þetta sé þriðja sinn sem farið er af stað með verkefnið. Ekkert lát hafi orðið á vinsældum þess sem sjáist af því að árlega skrái um 150 manns sig til leiks.

„Þá höfum við einnig í samræmi við óskir þátttakenda farið af stað með bæði framhaldsnámskeið og önnur námskeið. Eitt kallast Eitt fjall á mánuði þar sem einu sinni í mánuði er gengið á fjöll af öllum stærðum og gerðum í nærumhverfi Reykjavíkur,“ tekur Páll sem dæmi og segir það henta þeim sem eru ekki tilbúnir í jafn mikla skuldbindingu og fylgir námskeiði eins og Einu fjalli á viku.

Að Páls sögn reynir talsvert meira á kunnáttu, þrek og úthald þátttakenda á tveimur öðrum námskeiðum sem Ferðafélagið býður upp á. „Stefnan er sett á stærri fjöll, mikið til í kringum Öræfajökul. Á öðru þeirra, Umhverfis Vatnajökul, er gengið kringum jökulinn í sex leiðöngrum á þremur árum. Það hefst í maí og takmarkaður fjöldi þátttakenda kemst að.“

Páll segir FÍ bjóða fjölda annarra áhugaverðra ferða, dagsferðir, helgarferðir, sumarleyfisferðir, allt frá einföldum gönguferðum um borgina upp í krefjandi jöklaferðir. Um þær megi fræðast í ferðaáætlun félagsins sem kemur út þann 21. janúar, sem verður á prentformi og netinu.

„Skíðafólk, jeppa- og sleðamenn hafa ærna ástæðu til að gleðjast þar sem útlit er fyrir góðan og snjóþungan vetur og ætlum við meðal annars að bjóða upp á skálavörslu í Landmannalaugum og jafnvel víðar þar sem skálaverðir taka vel á móti gestum,“ segir Páll og bendir á að allar nánari upplýsingar megi nálgast á heimasíðu félagsins www.fi.is. Þar sé skráning þegar hafin.



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Ferðafélagi Íslands, segir fjölbreyttar ferðir í boði á nýju ári, fyrir byrjendur sem lengra komna. MYND/ANTON



Flestir krakkar elska að svamla um og leika sér í vatni. Sundnámskeið eru því afar vinsæl meðal yngstu kynslóðarinnar. Þó börnin verði kannski ekki synd á einu námskeiði læra þau að bjarga sér í vatni, leika sér, kafa og láta sér líða vel.

# Í boði fyrir börnin

**Hreyfing er mikilvæg hvort sem fólk er þrítugt, áttrætt eða þriggja ára. Ýmislegt er í boði fyrir yngstu börnin enda hafa þau mikla hreyfiþörf og þykir fátt skemmtilegra en að hlaupa um, hoppa og hía.**



Fótboltaskólar eru reknir í tengslum við ýmis íþróttafélög. Þar geta bæði stelpur og strákar lært grunntæknina í knattspyrnu en saman við er blandað leik og gleði..



Dans er fínasta líkamsrækt fyrir unga krakka en einnig kennir hann þeim tækni og aga. Krakkar, allt frá þriggja ára aldri, geta farið í dansforskóla bæði í ballett og samkvæmisdönsum.



Gott er að byrja sem fyrst að læra á skíði ef árangurinn á að verða sem bestur.



Fimleika er hægt að stunda frá unga aldri. Íþróttin eflir bæði vöðva og jafnvægi.

# Suðurhús 13
112 Reykjavík

**Stærð: 350,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1990**
**Fasteignamat: 61.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha



**Opið Hús**








**Sunnudaginn 8.janúar kl.13:30 - 14:30**

**Verð: 79.800.000**

**FALLEGT EINBÝLI - FRÁBÆRT ÚTSÝNI**

Glæsilegt einbýlishús á einum besta stað í Grafarvogi. Sérlega mikið útsýni. Húsið er einstaklega bjart og fallegt og engu hefur verið tilsparað í þessa eign. Stutt er í skóla, sundlaug, fallegar gönguleiðir og skíðabrekku m/lyftu.Húsið hefur að geyma stóra og bjarta stofu með samlyggjandi borðstofu. Fjögur sérlega rúmgóð svefnherbergi, fataherbergi innaf hjónaherbergi. Smekklega hannað eldhúsið er samlyggjandi borðstofunni. Innréttingar eru úr Hlyn og Fuglsauga og borðplötur úr graníti. Leikherbergi Fjölskyldunnar!-45 fm fjölskylduherbergi/tómstundaherbergi.Tvö baðherbergi og eitt gestasalerni.Granít á borðplötum og gólfi á tveimur baðh.Vola blöndunartæki. Stórt og gott þvottahús með góðu geymsluplássi. Innréttingar í húsinu eru sérsmíðaðar og vel til vandað. Lýsingin er hönnuð af Lumex. Gólfefni: gegnheilt parket á öllu, nema vandaðar flísar á baðherbergjum, þvottahúsi og anddyri. Innangengur 45,6 fm tveggja bíla bílskúr
Allar nánari upplýsingar veitir Þórdís Davíðsdóttir í síma 8621914 eða netfang thordis@remax.is og Reynir Logi Ólafsson hdl.lgf reynir@remax.is



Brynjólfur
Þorkelsson
Sölufulltrúi **820-8080**
binni@remax.is



Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
**8621914**
thordis@remax.is



Reynir Logi
Ólafsson
Lögg. fast. hdl. **4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Þinghólsbraut
200 Kópavogur
Einbýlishús á sjávarlóð

**Stærð: 305 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1948**
**Fasteignamat: 63.700.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha





**Glæsilegt útsýni**

**Verð: 68.000.000**

305 fm. einbýlishús á besta stað í vesturbæ Kópavogs með glæsilegu útsýni til Bessastaða,Snæfellsjökuls og víðar. Neðri hæðin er steypt en efri hæðin er úr timbri með standandi klæðningu og var byggð um 20 árum seinna ásamt bílskúr. Tveir inngangar eru í húsið annar að framan á efri hæð og
hinn baka til á neðri hæð. Möguleiki er að vera með tvær íbúðir í húsinu hvora með sér inngangi, lagnir til staðar. Þetta er eign sem býður upp á mikla möguleika og vert er að skoða.



Haukur Hauksson
Sölufulltrúi
**699-2900**
haukur@remax.is



Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Verslun til sölu
101 Reykjavík
á frábærum stað á Laugaveginum !

**Stærð: 0 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Lind







**Viltu vita meira ? -> hannes@remax.is**

**Verð: 0**

Um er að ræða verslun á tveimur hæðum, samtals 250 fm.
Jarðhæð og kjallari. Verslunin selst með öllum innréttingum, tölvukerfi og öllu því sem við kemur verslunarrekstri, en án lagers og vörumerkis. Góður leigusamningur.
Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja hefja verslunarrekstur á einum besta stað borgarinnar.
**Fyrir nánari upplýsingar má senda fyrirspurnir á hannes@remax.is**



Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur




- **Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.**
- **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**

**www.RE/MAX.is**

# Krossgáta



**Lárétt**

**1.** Alþýða aum á aðalbraut (8)
**4.** Aðstoðað Báru í útvarpinu (11)
**11.** Smurði hreysi sem bera sitt barr á jólum (9)
**13.** Dugar sem vísdómsvarsla þótt dýptina skorti (12)
**14.** Útlenskur jólasveinn uni skál (7)
**15.** Minningin um góðviðrið er öllum öðrum horfin (14)
**16.** Setti glaðs manns nafn fyrst í rugl (5)
**17.** Ef gyðju í oss gróðguðum með sykruðum (7)
**20.** Fer 24 tommur í norðaustur til ræktaðra (6)
**24.** Rambaði á krána snjóugur uppfyrir haus (10)
**27.** Viðbótarstoðtæki á eftir kommu (10)
**28.** Náfölar vegna nepju (10)
**31.** Fjölskylduuppskrift að hefðarhætti (7)
**32.** Heyra sírennsli tíðinda á internetinu (12)
**34.** Prísinn er hólsauðurinn (9)
**36.** Sleginn af samheiti lýsingarorðsins „stíf" (7)
**38.** Nærðu í þá gömlu? (6)
**39.** Grösug mýri er þannig til að sjá (7)
**40.** Með bitans bala og bál í lautarferðina (13)

**Lóðrétt**

**1.** Heyri hinn nytsama félaga baula á gagnlega tudda (9)
**2.** Hún gekk edrú í hús og fann galladan (11)
**3.** Álíka bjartur og Erlendur og hans bláa týra (9)
**5.** Planta sem vex um allar jarðir er kennd við gróðurlausan fylgihnött (9)
**6.** Asískar núðlur á síðasta snúningi? (7)
**7.** Skinnkoppur að skála með (9)
**8.** Andvaraleysi og blíða eru eitt (9)
**9.** Neðanröð ríki um fósturjörð (11)
**10.** Feitatá finnst í Kópavogi (8)
**12.** Ef þú skáldaðir vafa (9)
**18.** Kappnógar fyrir skjáturnar (5)
**19.** Gusur gera skissur (7)
**21.** Flokkakeppni forsenda sveigjanlegra útlima? (7)
**22.** Dynur rófa í söfnun efnis af Netinu (9)
**23.** Rokkhátíð kallar á kirtlasvif (10)
**24.** Greiðsla fyrir að skila glötuðu og mæta á þing (10)
**25.** Komast kjúklingar, kumpánar? (7)
**26.** Fullkomlega uppiskroppa með varning er hlægileg (10)
**29.** Konungur huldufólks uppgötvar bor (8)
**30.** Að lána gamm til að naga málm er bara ruglað grín (8)
**33.** Ég borða áður en þau gerðust, en þú? (6)
**35.** Smásneið af djasstríói (4)
**37.** Svona er fýlan ef skatan er kæst í rugl (4)



ENDUR-
VINNSLA

Lausnarorð síðustu viku var **endurvinnsla**.

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr. Vinningshafi síðustu viku var **Helga Brynjólfsdóttir, Reykjavík**.



## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skygggðu reitunum er raðað rétt saman birtist töfrandi menningarsetur á Norðvesturlandi. Sendið lausnarorðið fyrir 11. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „7. janúar".





| | | |
|---|---|---|
| | Fundarstjóri: Helga Jörgensdóttir geðhjúkrunarfræðingur | |
| 08:00 - 08:30 | Skráning og afhending ráðstefnugagna | |
| 08:30 - 08:40 | **Setning ráðstefnu** Unnur Heba Steingrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og móttökustjóri BUGL | |
| 08:40 - 09:15 | **Þroski í gegnum þjáningu? Heimspekileg hugleiðing** Vilhjálmur Árnason prófessor í heimspeki við HÍ | |
| 09:15 -10:15 | **Brennt barn forðast eldinn: Þegar eldurinn verður að martröð- áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð fyrir börn** *Ágústa I. Arnardóttir sálfræðingur BUGL* | |
| 10:15 - 10:35 | Kaffihlé | |
| | Salur A Fundarstjóri: *Hrefna Haraldsdóttir foreldraráðgjafi, Sjónarhóli ráðgjafarmiðstöð* | Salur B Fundarstjóri: *Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sálfræðingur, sviðstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis* |
| 10:35 -11:00 | **Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir** *Bryndís Björk Ásgeirsdóttir PhD, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík* | **Deilur í fjölskyldum og líðan íslenskra unglinga** *Geir Gunnlaugsson landlæknir* |
| 11:05 -11:30 | **Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir, frh.** *Bryndís Björk Ásgeirsdóttir PhD, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík* | **Ábyrgð og aðgerðir: Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi** *Daníel Reynisson lögfræðingur, Hjördís Árnadóttir skólafélagsráðgjafi og Sjöfn Kristjánsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur* |
| 11:30 -11:55 | **Börnum straffað með hendi og vendi - Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum** *Steinunn Bergmann félagsráðgjafi Barnaverndarstofu* | **Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli: Árangur í 21 grunnskóla í Reykjavík í ljósi efnahagskreppu** *Þorlákur H. Helgason framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar* |
| 12:00 - 13:00 | Hádegisverðarhlaðborð | |
| 13:00 - 13:55 | **Healing the origins of trauma: EMDR in psychotherapy with children and adolescents** *Dr. Robbie Adler-Tapia Psychologist, EMDRIA therapist certified in EMDR* | |
| 14:00 - 14:20 | Kaffihlé | |
| 14:20 - 15:05 | **Healing the origins of trauma: EMDR in psychotherapy with children and adolescents, framhald** *Dr. Robbie Adler-Tapia Psychologist, EMDRIA therapist certified in EMDR* | |
| 15:05 - 15:50 | **Sjúkratilfelli og EMDR meðferð** Ragna Kristmundsdóttir sérfræðingur í geðhjúkrun barna og unglinga, BUGL Unnur Heba Steingrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, BUGL | |
| 15:50 - 16:00 | **Ráðstefnuslit með söng** *Barnakór Kársnesskóla* | |

**Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 10. janúar 2012**
**Verð: kr. 9.500 - kaffi og hádegisverðarhlaðborð innifalið. Starfsmenn LSH og nemar verð kr. 6.000**
**Skráning fer fram á vef Landspítalans: www.lsh.is/?PageID=15361**
**Þökkum styrktaraðilum**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS BUGL


Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1979

# Ógnarstjórn Pol Pot steypt af valdastóli

**Pol Pot og Rauðu Khmerarnir voru hraktir frá völdum í Kambódíu árið 1979.**



**HARÐSTJÓRINN** Talið er að allt að tvær milljónir manna hafi látið lífið vegna grimmdarverka Rauðu Khmeranna á árunum 1975 til 1979.

Á þessum degi fyrir réttum 33 árum, hinn 7. janúar árið 1979, var Rauðu Khmerunum í Kambódíu og leiðtoga þeirra, Pol Pot, steypt af stóli. Með því var bundinn endi á eina hræðilegustu harðstjórn síðari hluta tuttugustu aldarinnar, en allt að tvær milljónir Kambódíumanna eru taldar hafa látið lífið undir fjögurra ára ógnarstjórn Pol Pots og hans manna.

Khmerarnir voru byltingarsinnaðir kommúnistar sem komust til valda árið 1975, en þeir höfðu lengi notið aðstoðar Norður-Víetnama, sem börðust um svipað leyti gegn Bandaríkjamönnum.

Markmið Khmeranna var að skapa fyrirmyndarland sem væri byggt upp með landbúnaði og áætlunarbúskap, en það snerist fljótt upp í andhverfu sína. Hundruð þúsunda létu lífið í skipulögðum hreinsunum þar sem öll erlend áhrif voru dauðasök sem og að eiga nútímauppfinningar eins og gleraugu eða armbandsúr.

Mikill fjöldi lét einnig lífið vegna hungursneyðar sem kom til vegna stefnu Khmeranna.

Víetnamar gripu í taumana árið 1979, hröktu Khmerana út í skóg og komu upp hófsamari kommúnistastjórn. Pol Pot og félagar stóðu þó fyrir skæruliðahernaði gegn stjórnvöldum allt fram á tíunda áratuginn þegar tók að fjara hratt undan samtökunum.

Pol Pot sjálfur féll í ónáð innan eigin raða og var dæmdur af Khmerunum í lífstíðarfangelsi árið 1997 og lést ári síðar.

Rauðu Khmerarnir liðu undir lok og hafa margir forystumenn þeirra mátt svara til saka fyrir glæpi sína. - þj

*Heimildir: History.com og Brittanica*







# Heillakeðja barnanna 2012

Árið 2012 munu tólf íslensk fyrirtæki helga börnum og réttindum þeirra einn mánuð. Þá munu þau ásamt viðskiptavinum safna fé til styrktar starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, mannréttindasamtaka barna. Við köllum verkefnið Heillakeðju barnanna.

Fyrirtækin munu sinna verkefninu hvert á sinn hátt og við hvetjum alla til að fylgjast með Heillakeðjunni og leggja söfnuninni lið.

**Með sameiginlegu átaki getum við haldið utan um öll börn, hér á landi og erlendis. Þau þurfa á stuðningi þínum að halda.**

Fylgstu með okkur á facebook – www.facebook.com/heillakedjan – og vertu hlekkur í Heillakeðju barnanna 2012.

Heillakeðja barnanna 2012

Barnaheill
Save the Children Iceland


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
20% afsláttur
1998 kr. kg
Verð áður 2498 kr. kg
ÍM kjúklingabringur
1498 kr. kg
Lambalæri, ferskt
15% afsláttur
593 kr. kg
Verð áður 698 kr. kg
ÍM kjúklingabitar
1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín
799 kr. kg
Lamba súpukjöt, 1. fl.
DÚNDUR GOTT VERÐ
8 stk. í pakka
699 kr. pk.
Bounty Zewa WC pappír, 8 rúllur í pk.
99 kr. pk.
Casa Fiesta tortilla chips, Cheese, 453 g
119 kr. kg
Heinz bakaðar baunir, 415 g
198 kr. stk.
Pepsi og Pepsi Max, 2 l
Þú kaupir 3 pakka en borgar aðeins fyrir 2
1,6 kg
1298 kr. pk.
Iceland family lasagne, 1,6 kg
Þú kaupir 3 pizzur en borgar aðeins fyrir 2
598 kr. stk.
Iceland pizzur
Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is
GJAFAKORT
KRÓNAN
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# ÚRVALS KONFEKT Á FRÁBÆRU VERÐI!

## 50% afsláttur

– komdu og gerðu frábær kaup!




| | | |
|---|---|---|
| Bismarck Stokke, 12 stk. | 175 kr. | ~~349~~ kr. |
| Kinder jólasveinar, 3 stk. | 165 kr. | ~~329~~ kr. |
| Riegelen jólasveinar | 195 kr. | ~~389~~ kr. |
| Bangsi og nammi, í neti | 240 kr. | ~~479~~ kr. |
| Toffee jólasveinn | 400 kr. | ~~799~~ kr. |
| Jóladagatöl | 115 kr. | ~~229~~ kr. |
| Exelcium Chokolade | 250 kr. | ~~499~~ kr. |
| Konfektkassi með rós | 275 kr. | ~~549~~ kr. |
| Jólakrús með súkkulaði | 295 kr. | ~~589~~ kr. |

| | | |
|---|---|---|
| Smarties jólasveinn | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Kit Kat jólasveinn | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| After eight jólasveinn | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Smarties jólafígúrur | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| After Eight jólasveinar | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Kit Kat jólasveinar | 200 kr. | ~~399~~ kr. |
| Trumpf konf. m/brandýfyllingu | 440 kr. | ~~879~~ kr. |
| Trumpf konf. hvítt | 440 kr. | ~~879~~ kr. |
| Trumpf konf. m/líkjörfyllingu | 440 kr. | ~~879~~ kr. |

| | | |
|---|---|---|
| Haribo Merry Christmas | 150 kr. | ~~299~~ kr. |
| Nóa konfekt Gunella, 300 g | 633 kr. | ~~1569~~ kr. |
| Nóa konfekt Gunella, 600 g | 1300 kr. | ~~2599~~ kr. |
| Nóa konfekt, 135 g | 324 kr. | ~~649~~ kr. |
| Nóa konfekt, 800 g | 1449 kr. | ~~2898~~ kr. |
| Nóa Pipp molar | 349 kr. | ~~698~~ kr. |
| Nóa konfekt, 400 g | 1100 kr. | ~~2199~~ kr. |
| Nóa konfekt, 500 g | 935 kr. | ~~2298~~ kr. |

## Breyttur opnunartími á Akranesi, Bíldshöfða og Granda

## Opið alla daga frá kl. 10-20

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



55 **KRISTJÁN HREINSSON** skáld er fimmtíu og fimm ára.

*„Hjálpsemi er huglægt fljót sem heimsins fegurð geymir.“*


**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf**



Davíð Ósvaldsson
*Útfararstjóri*
S. 551 3485/896 8284 (24 tíma vakt)

Óli Pétur Friðþjófsson
*Útfararstjóri* - S. 892 8947


## Merkisatburðir

**1906** Fyrsta ungmennafélag á Íslandi, Ungmennafélag Akureyrar, er stofnað.

**1927** Fyrsta símhringingin yfir Atlantshafið fer fram frá New York til London.

**1944** Helgi Hjörvar útvarpsmaður byrjar lestur sögunnar Bör Börsson eftir Johan Falkberget sem laðar landsmenn að viðtækjum sínum.

**1953** Harry Truman, forseti Bandaríkjanna, tilkynnir að vetnissprengja hafi verið þróuð í Bandaríkjunum.

HINSEGIN KÓRINN: HELDUR SÍNA FYRSTU SJÁLFSTÆÐU TÓNLEIKA

# Stelpur geta sungið tenór og strákar alt ef því er að skipta



**HINSEGIN KÓRINN** „Þetta er rosalega skemmtilegur hópur. Mikið hlegið og sungið og gleðin alltaf við völd,“ segir Gunnlaugur Bragi sem er rauðhærði gaurinn á miðri mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er klassískur áhugamannakór með fólki úr öllum áttum,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson, sem syngur tenór í Hinsegin kórnum og heldur líka utan um buddu hans. Fyrstu sjálfstæðu tónleikar kórsins er í dag í Norræna húsinu og hefjast þeir klukkan 16. Allur ágóði fer í ferðasjóð. Kórinn ætlar nefnilega til Færeyja næsta sumar á hinsegin daga þar, þá fyrstu sem skipulagðir eru af nýstofnuðu félagi homma og lesbía í Færeyjum og þeim fyrstu sem haldnir eru síðan árið 2007. Þegar Gunnlaugur Bragi er minntur á að ekki hafi verið vel tekið á móti forsætisráðherranum okkar þar í landi, svarar hann: „Nei, það er ákveðinn hópur í Færeyjum sem er ekki mjög opinn fyrir þessum félagsskap. En það er mikill áhugi hjá kórnum á því að fara út og taka þátt í gleðigöngunni með frændum okkar og við höfum fengið jákvæð viðbrögð að utan, meðal annars ábendingar um færeysk lög í kórútsetningum.“

Hinsegin kórinn byrjaði að æfa í lok júlí á nýliðnu ári. Gunnlaugur Bragi rekur stofnun hans til formannsins, Ástu Óskar Hlöðversdóttur sem var þá nýflutt frá Þýskalandi þar sem hún hafði verið í sambærilegum kór. Í október var svo ráðinn stjórnandi, Helga Margrét Marzellíusardóttir sem er að læra söng og kórstjórn í Listaháskólanum. „Þegar Helga var komin fór allt á fullt,“ segir Gunnlaugur Bragi. En er öðru vísi raðað upp í raddir í hinsegin kórum en öðrum?

„Við erum ekki föst í að vissar raddir séu kvennaraddir og aðrar karlaraddir. Stelpur geta sungið tenór og strákar alt ef því er að skipta. Fólk fer í raddpróf þegar það kemur í kórinn og er raðað upp eftir því,“ upplýsir hann.

Um tónleikana í dag segir Gunnlaugur Bragi: „Við leggjum upp úr því að vera með fjölbreytt og skemmtilegt lagaval. Erum með allt frá klassískum íslenskum kórverkum til nýrra dægur- og popplaga. Það er lagavals- og nótnanefnd í kórnum þannig að þeir félagar sem hafa áhuga á að leita að nótum geta lagt sitt af mörkum og þeir sem hafa þekkingu og áhuga á að útsetja lög hafa þann möguleika. Kórstjórinn okkar er líka duglegur að breyta og bæta eftir því sem hentar.“

Margir innan kórsins eru annað hvort í öðrum kórum eða í tónlist á öðrum vettvangi að sögn Gunnlaugs Braga, aðrir eru að feta sín fyrstu spor í svona starfi. Skyldi hann hafa verið í söng áður? „Ég hef verið í kórum áður og um tíma í Nýja söngskólanum. Þó ég þekkti engan í þessum hópi þá ákvað ég að prófa og sé ekki eftir því. Þetta er rosalega skemmtilegur hópur. Mikið hlegið og sungið og gleðin alltaf við völd,“ segir Gunnlaugur Bragi. Hann tekur fram að kórinn sé opinn öllum og hvetur áhugasama til að mæta á æfingu næsta mánudagskvöld kl. 20 í húsnæði Samtakanna 78, á Laugavegi 3.

**gun@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Kristján Sigurðsson**
Fannborg 3, Kópavogi,

lést mánudaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, mánudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Oddný Helgadóttir**

---



†

*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug, veittu okkur styrk á erfiðum tímum í gegnum veikindi og andlát okkar ástkæra*

**Erlings Ingvasonar**
byggingatæknifræðings,
Stóragerði 11, Reykjavík.

Alúðar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeilda Landspítalans, Ljósinu, stuðningsaðilum í Bandaríkjunum, Heimahlynningu Landspítalans og starfsfólki Líknardeildar í Kópavogi fyrir kærleiksríka umönnun í veikindum hans í gegnum árin og fram á síðasta dag. Megi fjársjóður guðs, kærleikur, hamingja og friður verða gjöf til ykkar allra inn á nýtt ár.

**Birna Róbertsdóttir**
**Sveinn Erlingsson** **Christian Krebs**
**Soffía Erlingsdóttir**
**Hildur Erlingsdóttir** **Ástþór Helgason**
**Adam Freyr, Þóranna Vala, Kristófer Helgi**
**Helga Clara Magnúsdóttir** **Gísli Jónsson**
**Sandra Karen Magnúsdóttir**
**Alexander Róbert Magnússon**

---



†

*Okkar ástkæri*

**Jón Arndal Stefánsson**
Óðinsgötu 16, Reykjavík,

lést mánudaginn 26. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 10. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. En þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Auður Kristjánsdóttir**
**Agnes Aðalgeirsdóttir** **Hersteinn Brynjúlfsson**
**Ellert Friðrik Berndsen** **Eydís Mikaelsdóttir**
**Birgir Stefán Berndsen**
**Björgvin Ragnar Berndsen**
**Davíð Berndsen**
**Viðar Berndsen**
**Kári Hersteinsson**

---



†

*Kæru vinir og vandamenn um land allt, innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og vináttu vegna fráfalls okkar elsku hjartans eiginmanns, pabba, tengdapabba, afa og langafa,*

**Alfreðs Sigurlaugs Konráðssonar**
frá Hrísey, Kirkjuvegi 14 Dalvík.

Guð gefi ykkur öllum gleðilegt nýtt ár.

**Valdís Þorsteinsdóttir**
**Þórdís Alfreðsdóttir** **Steingrímur Sigurðsson**
**Konráð Alfreðsson** **Agnes Guðnadóttir**
**Sigurður Alfreðsson** **Sólborg Friðbjörnsdóttir**
**Sigurjón Alfreðsson** **Margrét Kristmannsdóttir**
**Blængur Alfreðsson** **Þórdís Þorvaldsdóttir**
**Kristín Alfreðsdóttir** **Ásgeir Stefánsson**
**afabörn og langafabörn**

---


Athöfn ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg þjónusta



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir



Ólafur Örn Pétursson

Sími: 551 7080 · 691 0919 · athofn@athofn.is · www.athofn.is


---



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem veittu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóhanns Haukssonar**
Skarðshlíð 23b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

**Sigríður Hermanns**
**Friðrik Jóhannsson** **Eygló Björnsdóttir**
**Sólveig Margrét Jóhannsdóttir** **Sushant Sinha**
**Ásta Jóhannsdóttir**
**Guðrún Birna Jóhannsdóttir** **Guðmundur Örn Njálsson**
**afa- og langafabörn**

---



†

*Við þökkum innilega þann hlýhug og vináttu sem okkur var sýnd við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Valdimarssonar**
frá Teigi í Vopnafirði

og heiðruðu minningu hans á margvíslegan hátt. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

**Sólveig Einarsdóttir**
**Þorsteinn Gunnarsson** **Árþóra Ágústsdóttir**
**Erla Gunnarsdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir** **Rolf Eliassen**
**Einar Gunnarsson** **Dóra Lúðvíksdóttir**
**barnabörn og langafabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# SAMFÉLAGSSJÓÐUR VALITOR















**Baldvin Oddssson**
*til að stunda framhaldsnám í trompetleik við San Francisco Conservatory of Music*

**Hrund Gunnsteinsdóttir**
*til að sinna Young Global Leader (YGL) á vegum World Economic Forum*

**Stykkishólmskirkja**
*til kaupa á pípuorgeli*

**Félags Heyrnarlausra**
*til að styrkja Menntunarsjóð heyrnarlausra og einnig til kynningar á táknmálinu*

**Ásdís Hjálmsdóttir**
*spjótkastari, til undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London 2012*

**Helga M. Þorsteinsdóttir**
*sjöþrautarkona, til undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London 2012, þar með talið að ná tilskildum lágmarksárangri fyrir leikana*

**Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**
*til hjálparstarfs í Reykjavík fyrir jólin 2011*

**Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði kross Íslands**
*til hjálparstarfs á höfðuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni fyrir jólin 2011*

## Stuðningur til góðra verka

Samfélagssjóður Valitor var stofnaður árið 1992 og hét þá Menningarsjóður Visa. Allar götur síðan hefur sjóðurinn lagt ótal góðum málefnum lið. Hlutverk sjóðsins er að styðja margvísleg menningar-, líknar- og samfélagsmál.

Nú er haustúthlutun 2011 nýlokið, en úthlutun fer fram tvisvar á ári. Árið 2011 var 15 milljónum veitt til 16 fjölbreyttra verkefna. Það er með stolti sem við tilkynnum um styrkþega haustúthlutunar. Næsta úthlutun fer fram á vormánuðum og tekið er við umsóknum til 1. apríl n.k.

*Starfsfólk Valitor óskar styrkþegum til hamingju og hlakkar til að fylgjast með afrekum þeirra í framtíðinni.*

www.valitor.is

VALITOR
*Lausnir án landamæra*



†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Þóra Kristín Kristjánsdóttir**

frá Ísafirði, til heimilis að Sogavegi 158, Reykjavík,

andaðist aðfaranótt 6. janúar sl. á Hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Börn hinnar látnu.**

---



†

*Hjartans þakkir færum við þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu í veikindum og við andlát ástkærs sonar okkar, unnusta og bróður,*

**Inga Þór Hafbergssonar**

guðfræðinema
Frostafold 42, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum og gjörgæsludeildinni í Fossvogi.

**Freydís, Hafberg, Anna Birna, Lára og Sóley.**

---



†

*Elskulegur bróðir, frændi og vinur okkar*

**Sigurður Sigurðsson**

Sléttuvegi 9,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 11. janúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Vin, Hverfisgötu 47.

**Valgerður Jóna Sigurðardóttir**
**Ragnar Aðalsteinn Sigurðsson**
**Stefán Sigurðsson**
**og fjölskyldur þeirra.**
**Leifur Leifs og aðrir vinir að Sléttuvegi 9**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingigerður Jónsdóttir**

Aflagranda 40, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 4. janúar s.l.

**Egill Á. Kristbjörnsson**
**Auður Egilsdóttir** — **Einar Guðlaugsson**
**Kristbjörn Egilsson** — **Ólafur Guðbrandsson**
**Guðbjörg Egilsdóttir** — **Steingrímur Þormóðsson**
**Logi Egilsson** — **Anna Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför*

**Kristjáns Jónssonar**

Sléttuvegi 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk 4. hæðar á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir umönnun hans.

**Guðbjörg Óskarsdóttir,**
**Olga, Hrönn, Lilja og Lára Kristjánsdætur**
**Dóra Hjálmarsdóttir**
**Andri, Kristján, Hákon, Dagur, Steinar Valur**
**Guðbjörg, Lára Kristín, Ingunn og Fríða.**

---



†

*Elsku frænka okkar,*

**Sesselja Guðmundsdóttir**

Grandavegi 47,

lést á Hjúkrunarheimilinu í Sóltúni 20. desember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Elísabet Eygló Jónsdóttir**
**Jóna Gréta Jónsdóttir**
**Dagbjört Erla Kjartansdóttir**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Bára Sigrún Björnsdóttir**

Safamýri 50, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 31. desember.

**Pétur Þór Sigurðsson** — **Jónína Bjartmarz**
**Birna Sigurðardóttir** — **Björn Óli Pétursson**
**Sigurður Birkir Sigurðsson** — **Sigrún Vésteinsdóttir**
**Sólveig Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ólafíu Guðmundsdóttur**

frá Böðmóðsstöðum,
Hvassaleiti 58, Reykjavík.

Með ósk um gæfuríkt nýtt ár.

**Inga K. Guðmundsdóttir** — **Bjarni Guðmundsson**
**Þórdís K. Guðmundsdóttir**
**Pálmar Guðmundsson** — **Erla Rannveig Gunnlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Baldur Ingólfsson,**

menntaskólakennari og þýðandi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, fimmtudaginn 5. janúar.

**Baldur J. Baldursson** — **Halla Hauksdóttir**
**Hans Eiríkur Baldursson**
**Magnús D. Baldursson** — **Sigríður Þorgeirsdóttir**
**Elísabet Magnúsdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gísli Eiríksson**

Trönuhjalla 5, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 2. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Inga Rósa Guðjónsdóttir**
**Ágúst Magnússon** — **Silvana Castellana**
**Kristín G. Gísladóttir**
**Hrönn Gísladóttir** — **Arnar Björnsson**
**Elín Stella, Ragnar Bergur og Hafþór Orri.**

---



**LEIÐSÖGN** Myndir Errós verða notaðar sem kveikja að skapandi teiknivinnu í Hafnarhúsi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skapandi teiknismiðja í Hafnarhúsi

Hugrún Þorsteinsdóttir safnakennari leiðir skapandi teiknismiðju og leiðsögn í Hafnarhúsi Listasafns Íslands á morgun klukkan 15. Leiðsögnin er sérstaklega sniðin fyrir börn á aldrinum 5 til 10 ára, en foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt. Í upphafi verður gengið um sýningar Errós þar sem könnuð verða valin verk sem virka sem kveikja að teiknismiðjunni. Í kjölfarið tekur við skapandi smiðja sem byggir á spuna og öðrum fjölbreyttum æfingum í teikningu.

Á sýningunni Erró – Teikningar eru sýndar um 200 teikningar sem Erró vann frá unga aldri til vorra daga og sjá má þá fjölbreyttu tækni og aðferðir sem listamaðurinn beitti við gerð þeirra. Ákveðin þáttaskil urðu þó í sköpun Errós í byrjun sjöunda áratugarins þegar höndin var ekki lengur aðaltúlkandinn í myndverkinu heldur fyrst og fremst tæki til að yfirfæra myndir á pappír, striga og aðra miðla, oft með hjálp skuggamyndavéla eða skjávarpa. Á sýningunni Erró – Plaköt má skoða úrval plakata sem tengd eru einkasýningum Errós. Þar sameinast í einni svipan gagnlegar upplýsingar í máli og myndum um einstaka listviðburði og gott yfirlit yfir 50 ára starfsferil listamannsins.

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra,*

**Sigmundar Jónssonar**

bónda frá Vestari-Hóli í Fljótum.

**Ólína Guðmundsdóttir og aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Vilborg Jakobsdóttir**

áður til heimilis í Minni-Vogum, Vogum,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík, þriðjudaginn 3. janúar. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju, þriðjudaginn 10. janúar kl. 14.00.

**Sigurður Vilberg Egilsson** — **Selma Jónsdóttir**
**Sveinbjörn Egilsson** — **Sara Björk Kristjánsdóttir**
**Klemenz Egilsson** — **Anna Margrét Gunnlaugsdóttir**
**Guðrún Egilsdóttir** — **Jón Ingi Baldvinsson**
**Sæmundur Kristinn Egilsson** — **Guðmunda Anna Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigurbjörns Óskars Kristinssonar**

málarameistara,
Naustahlein 21, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11 B og 11 G á Landspítalanum við Hringbraut sem hafa annast hann af alúð síðustu árin.

**Margrethe Kristinsson**
**Björn U. Sigurbjörnsson** — **Bjargey Einarsdóttir**
**Anna G. Sigurbjörnsdóttir** — **Sævar G. Jónsson**
**Edda B. Sigurbjörnsdóttir** — **Eiríkur Benediktsson**
**Helga S. Sigurbjörnsdóttir** — **Rúnar J. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTSALAN HEFST Í DAG
15-80% afsláttur
HÚSGAGNAHÖLLIN
ÚTSALA!
ALLAR VÖRUR Á ÚTSÖLU!
LE KLINT JOKER
loftljós, 35 og
50 cm.
30-40%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM LE KLINT
LJÓSUM!
20-50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
LA-Z-BOY!
5.997
FULLT VERÐ: 19.990
70%
AFSLÁTTUR
70%
AFSLÁTTUR
71.994
FULLT VERÐ: 119.990
20-50%
AFSLÁTTUR
AF ALLRI
SMÁVÖRU!
7.197
FULLT VERÐ: 23.990
3.897
FULLT VERÐ: 12.990
LA-Z-BOY
COLE La-z-boy stóll, vínrautt, natur, svart áklæði.
B:85 D:80 H:103 cm.
MEGAN borðstofustóll. Brúnt eða svart
leðurlíki. Grátt áklæði.
LAXI borðstofustóll.
Lakkaður svartur eða hvítur.
30%
AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR
49.995
FULLT VERÐ: 99.990
181.993
FULLT VERÐ: 259.990
FARO hornsófi, fæst með gráu
eða brúnu áklæði. 232x232 H:76 cm.
50%
AFSLÁTTUR
64.995
FULLT VERÐ: 129.990
CAYENNE stóll á snúningsfæti.
Svart leður eða svart áklæði.
44.995
FULLT VERÐ: 89.990
40%
AFSLÁTTUR
59.994
FULLT VERÐ: 99.990
50%
afsláttur
af öllum
DÝNUM!
FLEXA
WAVE svefnsófi,
orange áklæði. B.198
D. B:196 D:130
H:42 cm.
50%
afsláttur af
öllum FLEXA
fylgihlutum!
KIEL svefnsófi, svart áklæði.
B.198 D. 90/122 H:83 cm.
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 OPIÐ Virka daga 10-18 laugard. 12-18 sunnud. 13-17



BÚÐU TIL ÞINN EIGIN SÓFA!

FULLT VERÐ: 129.950

# 89.950

HORNSÓFI

**OHIO sófasett**
Búðu til þinn eigin sófa! Hér geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Flottir sófar með slitsterku, gráu áklæði. Settu saman að vild!
Hornsófi fullt verð: ~~129.950~~ nú: **89.950**

SPARIÐ **40.000**

# ÚTSALA!



FULLT VERÐ: 99.950

# 69.950

STÆRÐ: 140 X 200 SM.

SPARIÐ **30.000**

FRÁBÆRT VERÐ!

Sweet Dreams

Bonell gormar | Svampur | Yfirdýna | Miðlungs | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

**SWEET DREAMS amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONELL gormar pr. m². Fætur fylgja með.
Stærð: 140 x 200 sm. Fullt verð: ~~99.950~~ nú: **69.950**



ALLAR PARKETMOTTUR **40%** AFSLÁTTUR

**Pottasett**
Virkilega gott og flott pottasett.
3 pottar með lokum á frábæru tilboði!
Verð áður: ~~13.995~~ nú: **6.995**

50% AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR: 13.995

# 6.995

**HÖIE SPECIAL sæng**
Góð sæng með polyestertrefjafyllingu á frábæru verði!
Þyngd: 2 x 650 gr.
Má þvo á 60°C
Sængurtaska fylgir.
Sæng: 140 x 200 sm.
Verð áður: ~~12.995~~
nú: **6.995**

HREIN EFNI
Inniheldur engin skaðleg efni skv. Øko-Tex Staðli 100 Nr. CXX 16360 TESTEX Zürich

60°

46% AFSLÁTTUR

FRÁBÆR GÆÐI!



VERÐ ÁÐUR: 12.995

# 6.995

høie OF SCANDINAVIA



# SPARIÐ 60.000

**VEJLE sófasett 3+2**
Flott, svart sófasett með svörtu PU áklæði. Nú á frábæru tilboði!
Fullt verð: ~~149.950~~
nú: 89.950

FULLT VERÐ: 149.950

# 89.950

SÓFASETT 3 + 2



# ALLT AÐ 42% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 5.995

# 3.995

**Úlpur á börn og fullorðna**
Flottar úlpur á börn og fullorðna með loðkraga. Barnaúlpur fást í rauðu, svörtu og camo lit áður: ~~5.995~~ nú: 3.995
Einlitar dömuúlpur fást í rauðu, svörtu og hvítu áður: ~~6.995~~ nú: 3.995
Einlitar herraúlpur fást í svörtu áður: ~~6.995~~ nú: 3.995

# 25-75% AFSLÁTTUR

DREAMZONE™

**PLUS T10 yfirdýna**
Eggjabakkalöguð yfirdýna úr svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Þykkt: 5 sm.
90 x 200 sm. áður ~~4.995~~ nú 2.995
140 x 200 sm. áður ~~6.995~~ nú 4.995



# SPARIÐ 10.000

VERÐ ÁÐUR: 29.950

# 19.950

STÆRÐ: 90 X 200 SM.

Sérhannaður svampur með þrýstijafnandi eiginleika



# ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 4.995

# 2.995

STÆRÐ: 90 X 200 SM.

MEMORY FOAM

**Heilsudýna úr MEMORY FOAM**
Góð heilsudýna úr MEMORY FOAM svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Svampurinn er sérhannaður með þrýstijafnandi eiginleika og veitir líkamanum góðan stuðning.
Þykkt: 15,2 sm. Fæst í 4 stærðum.
90 x 200 sm. áður ~~29.950~~ nú 19.950
120 x 200 sm. áður ~~39.950~~ nú 29.950
140 x 200 sm. áður ~~44.950~~ nú 34.950
152 x 203 sm. áður ~~49.950~~ nú 39.950

**MUFFINS kökudiskur**
Flottur 3ja hæða kökudiskur á frábæru verði! Tilvalinn í afmæli og aðrar veislur.
Verð áður: ~~1.295~~
nú: 775

# 40% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.295

# 775



høie OF SCANDINAVIA

**MAGNUS sængurverasett**
Efni: 100% bómullarflónel. Köflótt sængurverasett, fæst í vínrauðu, bláu og brúnu. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Verð áður: ~~7.995~~ nú: 3.995

# 50% AFSLÁTTUR



FRÁBÆR GÆÐI!

VERÐ ÁÐUR: 7.995

# 3.995

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**DR.DK/UNDERVISNING/NORDEN/IS** er vefsíða fyrir börn og unglinga. Á vefsíðunni eru myndskeið frá norrænum ríkissjónvarpsstöðvum. Þar eru geymdar upplýsingar um Norðurlöndin sem nýta má í skóla og frítíma.






## BRANDARAKISTAN

**Heyrðu, hvernig finnst þér hárið á mér?**
**Alveg prýðilegt, af hverju spyrðu?**
**Jú, ég var að reyna nýja olíu, sem reynist ágætlega, en ég veit ekki hvað ég á að gera við allar sardínurnar.**

**Veistu hvað klukkan er?**
**Já.**
**Takk.**

**Þjónn, þessir kjúklingar eru alveg ferlega litlir.**
**Já, herra.**
**Svo eru þeir gamlir og bragðvondir.**
**Já, þá er nú betra að þeir séu ekki stærri.**

**Svo var það maðurinn sem var svo ljótur að ef hann var settur út sem fuglahræða, þá komu fuglarnir aftur með það sem þeir höfðu stolið árið áður.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***




# LANGAR AÐ VERÐA DANSARI

**Ísold Ylfa Schweitz Jakobsdóttir söng sig inn í hjörtu Íslendinga í lokalagi Áramótaskaupsins. Hún spilar á píanó og hana langar til að verða söngkona, leikkona og dansari þegar hún verður stór.**

*Í hvaða skóla ertu og í hvaða bekk?* Ég er í 5-GG í Víðistaðaskóla.

*Hvað er skemmtilegast að læra í skólanum?* Smíðjur, til dæmis heimilisfræði og textíl.

*En leiðinlegast?* Náttúrufræði.

*Hver eru áhugamálin þín?* Söngur, leiklist, dans, íþróttir og dýr.

*Hvaða leikur finnst þér skemmtilegastur?* Flestir útileikir, til dæmis „Lögga og bófi" og að spila.

*Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?* Egg í feluleik! (egg sem eru steikt inni í brauði).

*Áttu gæludýr?* Já, ég á labradorhund sem heitir Steini (eins og bróðir hans pabba;-)).

*Hver er uppáhaldssöngkonan þín?* Ég á margar uppáhaldssöngkonur, til dæmis Rihönnu, Adele, Ragnheiði Gröndal og Eivöru.

*En uppáhaldssöngvarinn?* Að sjálfsögðu Justin Bieber.

*Hver er uppáhaldshljómsveitin þín?* The Charlies og Dikta.

*Hver er uppáhaldsleikarinn þinn?* Gói.

*En leikkonan?* Ilmur Kristjánsdóttir.

*Hvaða mynd fórstu á síðast í bíó?* Stígvélaði kötturinn.

*Spilarðu á eitthvert hljóðfæri?* Já, ég spila á píanó.

*Var erfitt að læra lagið sem þú söngst í skaupinu?* Nei, ekkert svo — en sum orð voru svolítið flókin.

*Hefurðu leikið eitthvað áður í sjónvarpi eða í leikhúsi?* Já, það hef ég gert. Í sjónvarpi hef ég verið í Spaugstofunni, Hlemma-vídeó, Stundinni okkar, ýmsum stuttmyndum og svo dansaði ég smá í Áramótaskaupinu 2010. Ég tala líka fyrir Agnesi í myndinni „Aulinn ég". Í leikhúsi hef ég tekið þátt í nemendasýningum hjá Sönglist, sem er söng- og leiklistarskólinn sem ég er í, síðan árið 2007 en þar eru nemendasýningar í lok hverrar annar. Svo var ég líka í jólaleikriti Borgarbarna, sem er barna- og unglingaleikhús, árið 2010 í leikriti sem heitir „Leikfangalíf".



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég á margar uppáhaldssöngkonur til dæmis Rihönnu, Adele, Ragnheiði Gröndal og Eivöru.

*Hvernig var að sjá sjálfa sig í sjónvarpinu?* Skrítið, en skemmtileg upplifun.

*Þekkir fólk þig úti á götu eftir skaupið?* Nei, ég hef ekki tekið eftir því.

*Gætirðu hugsað þér að leika meira?* Já að sjálfsögðu — sem allra mest!

*Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?* Mig langar mikið til að verða söngkona, leikkona og dansari.

## Fígúrur úr góðu grænmeti

Grænmeti er eins og allir vita hollt og gott og þá sérstaklega fyrir krakka sem eru að þroskast og stækka. Til að gera grænmetisát skemmtilegra má leika sér að því að búa til alls kyns fígúrur úr því og eru möguleikarnir óþrjótandi. Hins vegar ber alltaf að fá einhvern fullorðinn til að hjálpa sér ef það þarf að skera.

Hér má sjá snjókarl úr brokkolí, gulrótum og gúrkum, fiðrildi úr ólífum og papríku og stelpu í spergilkáli, gulrótum og kotasælu.

Bara það að skera grænmetið niður í litla bita gerir það meira spennandi og getur verið gott að dýfa til dæmis rófum, gulrótum og gúrkum ofan í litla skál með pítusósu. Það er frábært millimál.



# HELGARTILBOÐ

## FLOTT HELGARTILBOÐ Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND!




**TOSHIBA**
### FARTÖLVA
**Toshiba Satellite C670-15F**
Toppvél með stórum og flottum 17,3" LED skjá, 2.2GHz Intel Core i3-2330M örgjörva, Intel HD Graphics 3000 skjákorti, 4 GB vinnsluminni og 500GB hljóðlátum hörðum diski.
**99.990**




AÐEINS 10.000 PR. TB
**HITACHI**
### FLAKKARI
**Hitachi XL Desk**
Traustur 3TB flakkari fyrir gögnin, ljósmyndirnar, kvikmyndirnar og tónlistina.
**29.990**

KOMINN AFTUR!
**SAMSUNG**
### 320GB VASAFLAKKARI
**Samsung G72**
Lentur aftur! Vorum að fá aftur bleika og netta vasaflakkarann frá Samsung. 2.5" 320GB innbyggður diskur. Mjög léttur í vasa og tengist beint í USB.



**12.990**

ÞRÁÐLAUS PRENTUN



**9.990**
**EPSON**
### ÞRÁÐLAUST FJÖLNOTATÆKI
**Epson SX420W**
Losnaðu við snúrurnar með þráðlausum prentara fyrir allar tölvur heimilisins. Líka skanni og ljósritunarvél. Kemur með kortalesara og góðum LCD skjá.

THX
THX HLJÓMUR



**39.990**
Logitech
### Logitech Z623 THX 2.1 HÁTALARAKERFI
Magnaður hljómur úr þessu 2.1 THX hátalarakerfi. 200W RMS kraftur og hrikalega djúpur bassi. Hæsti gæðaflokkur fyrir tónlistina, bíómyndirnar og leikina.

Wi-Fi AFSPILUN



**29.990**
**WD**
### MARGMIÐLUNARSPILARI
**WD TV HD Live media**
Fullkominn margmiðlunarspilari sem streymir efni úr tölvu í sjónvarp í gegnum þráðlaust net. Hægt að tengjast mörgum netsvæðum eins og Facebook og Youtube beint. Möguleiki að nota með þráðlausu lyklaborði og mús.

27" LED GÆÐASKJÁR




**44.990**
### Philips 273E3LSB 27" GÆÐASKJÁR
Ótrúlegt verð á 27" W-LED skjá frá Philips með mikilli skerpu og SmartImage Lite tækni fyrir birtustillingu og meiri litadýpt.

ÞRÁÐLAUST HDMI
**32.990**



**ASUS**
### Asus WAVI ÞRÁÐLAUST HDMI
Tengdu tölvuna og sjónvarpið saman þráðlaust í fullum 1080 HD gæðum! Hægt að nota sjónvarpið sem tölvuskjá með því að nota þráðlausa mús og lyklaborð þó að tölvan sé í öðru herbergi. 5GHz bandvídd og Blu-Ray stuðningur.

tl.is

**SÉRSTÖK HELGAROPNUN Á SUÐURLANDSBRAUT 26.**




**LAU. 11-16**
**SUN. 13-17**

# TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** berjast, **6.** rún, **8.** efni, **9.** lærdómur, **11.** tveir eins, **12.** flaga, **14.** leiðsögn, **16.** mun, **17.** meiðsli, **18.** tál, **20.** þessi, **21.** flauel.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, **3.** tveir eins, **4.** eldsneyti, **5.** eyrir, **7.** illfygli, **10.** stúlka, **13.** angan, **15.** mannvíg, **16.** kóf, **19.** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** eyja, **6.** úr, **8.** tau, **9.** nám, **11.** rr, **12.** sneið, **14.** fylgd, **16.** ku, **17.** mar, **18.** agn, **20.** sá, **21.** flos.
**LÓÐRÉTT:** **1.** púns, **3.** tt, **4.** jarðgas, **5.** aur, **7.** ránfugl, **10.** mey, **13.** ilm, **15.** dráp, **16.** kaf, **19.** no.


**Nýlistasafnið auglýsir eftir verkum að láni eftir listakonuna Myriam Bat-Yosef vegna sýningar sem opnar í safninu í lok janúar.**



Öll verk verða tekin til skoðunar en sérstaklega er lýst eftir þrívíðum, máluðum hlutum (Painted objects).

Töluvert var af slíkum verkum á sýningu í Norræna húsinu árið 1971. Allir þeir sem vita um verk eftir Bat-Yosef í einkaeigu, vinsamlega hafið samband við Nýlistasafnið nylo@nylo.is sími 551-4350 eða Gunnhildi Hauksdóttur gunnhildur@nylo.is sími 843-6576









**Hópþjálfun Gigtarfélags Íslands**

**Nokkur pláss eru laus á nýhafin námskeið í vatnsleikfimi, jóga, karlaleikfimi og léttri leikfimi**

**Sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingur sjá um þjálfun.**
**Fagfólk með áralanga reynslu.**
**Þægilegt og rólegt umhverfi**

**Ný og spennandi námskeið að fara af stað á næstu vikum**

**Námskeið í STAFGÖNGU hefst laugardaginn 14. janúar**

**STOTT-PILATES byrjendanámskeið hefst þriðjudaginn 24. janúar.**

**STYRKUR - JAFNVÆGI - THI CHI.**
Létt leikfimi bygg á grunnæfingum TAI CHI hefst þriðjudaginn 24. janúar. Tai chi er ævaforn kínversk heilsurækt og var raunar upprunalega sjálfsvarnaríþrótt. Einkenni tai chi eru hægar, mjúkar og flæðandi hreyfingar. Lögð er áhersla á slökun í hreyfingum og öndun. Rannsóknir benda til að þetta form æfinga geti hentað gigtarfólki einstaklega vel og bætt líkamlega færni þess.

Nánari upplýsingar undir hópþjálfun á heimasíðunni www.gigt.is
Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í.
Ármúla 5, sími 5303600


# Köllun forseta

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Varla hafði forseti Íslands lokið nýársávarpi sínu þar sem hann gaf í skyn að hann myndi ekki gefa kost á sér til endurkjörs í sumar, fyrr en samkvæmisleikurinn „Finnum forseta“ upphófst í fjölmiðlum og hvar sem fólk kom saman. Í sjálfu sér er ekkert athugavert við að þjóðin svipist nú um eftir heppilegum frambjóðendum í sínum röðum og ástæðulaust er að setja út á að fjölmiðlar taki að sér hlutverk ákveðins leitarljóss í þessari eftirgrennslan. Að mínu mati væri þó afar óæskilegt ef fyrir því myndaðist sú stemning að fjölmiðlar einir hefðu tillögurétt í þessum efnum.

**ÞJÓÐIN** hefur aðeins einu sinni áður verið í þessari stöðu síðan ég fór að fylgjast með þjóðmálaumræðunni af einhverju viti, á vormánuðum 1996. (Ég var 15 ára árið 1980.) En mér er enn í fersku minni hvernig þessi samkvæmisleikur fór smám saman að tröllríða allri opinberri umræðu. Það þótti sjálfsögð kurteisi, ef þjóðþekktur einstaklingur var í útvarpsviðtali, að inna hann eftir því hvort hann hefði hugleitt forsetaframboð og nánast dónaskapur að láta það ógert. Sömuleiðis minnir mig að erfitt hafi verið að tjá sig opinberlega um þjóðfélagsmál á þessum tíma án þess að vera gerðar upp annarlegar hvatir fyrir því. Fólk var þá bara að vekja athygli á sér. Það var nefnilega afar mikilvægt að vera ekki að trana sér fram með framboði til forseta heldur voru framboð bara til að anna eftirspurn, til að láta undan þrýstingi. Fljótlega fór umræðan svo að snúast um fas, þokka, framkomu og jafnvel fjölskylduhagi frambjóðenda, rétt eins og mikilvægasta verkefni forseta Íslands sé að jólakort Bessastaðafjölskyldunnar sé nógu snoturt.

**ER EINHVER** leið framhjá þessu? Kannski ekki. En ég velti því fyrir mér hvaða áhrif það hefði ef þjóðin myndi kalla forseta frekar en kjósa hann. Þá væri enginn í framboði – eða öllu heldur væru allir í framboði. Hver einstaklingur með kosningarétt fengi að kalla hvern þann til forseta sem uppfyllir skilyrði um aldur og óflekkað mannorð. Síðan kæmi í ljós hvern flestir hefðu kallað til embættisins.

**AUÐVITAÐ** myndu myndast hópar um ákveðna einstaklinga og fólk gæti eftir sem áður lýst yfir sérstökum áhuga á embættinu. En ég er ekki frá því að þetta gæti hlíft okkur við hvimleiðustu birtingarmyndum þessa samkvæmisleiks. Hugsanlega gæti þetta líka breytt viðhorfi okkar til embættisins.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

# RISAÚ

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afslætti**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti**
Saumavélar með allt að 32% afslætti
**Þvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Whirlpool ofnar helluborð og háfar á frábærum verðum**
Brauðvélar frá 9.995
42" sjónvörp frá 99.995
Frystikistur frá 39.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ 10-18 VIRKA DAGA**
LAUGARDAGUR 7. JANÚAR 11-18
SUNNUDAGUR 8. JANÚAR 12-18

**Heimilistæki**
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

# menning

menning@frettabladid.is

**SÝNINGIN PLEASER** opnar í dag í Sverrissal í Hafnarborg. Þar eru verk eftir myndlistarkonuna Hörpu Björnsdóttur sem fjalla á einn eða annan hátt um hlutverk og stöðu listamannsins, þau skilaboð sem hann ber umhverfi sínu og þann menningarlega hugmynda- og táknheim sem listamenn sækja í.



**ÓLÖF K. SIGURÐARDÓTTIR** Ekki fást margir listamenn við kyrralífsmyndir í dag segir sýningarstjóri sýningarinnar Kyrralífs.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk myndlist skoðuð í gegnum kyrralífsmyndir

**Sýningin Kyrralíf verður opnuð í Hafnarborg í dag. Á henni gefur að líta kyrralífsmyndir eftir marga helstu listamenn Íslands. Ólöf K. Sigurðardóttir sýningarstjóri segir kyrralífsmyndir iðulega hafa verið neðarlega í goggunarröðinni í myndlistinni.**

„Með sýningunni Kyrralífi erum við að skoða safneign Hafnarborgar um leið og við vildum takast á við íslenska myndlistarhefð í gegnum kyrralífsmyndir. Þó að verk í eigu Hafnarborgar séu kveikjan fengum við fjölmörg lánuð hjá öðrum söfnum, söfnurum og listamönnum,“ segir Ólöf K. Sigurðardóttir annar sýningarstjóra sýningarinnar Kyrralífs sem opnar í Hafnarborg í dag.

„Kyrralífsmyndir eiga sér langa sögu, það má segja að á sextándu öld hafi þær orðið að sérstakri grein innan myndlistar. Þegar svo Íslendingar fara að mennta sig í myndlist í lok nítjándu og í upphafi tuttugustu aldarinnar fara þeir að takast á við uppstillingar enda eru þær hluti af akademískri þjálfun.“

Þrátt fyrir þessa tengingu við hefð, formfestu og myndlistarnám segir Ólöf að inntak verkanna hafi breyst í takt við tíðarandann. Upphafnar uppstillingar af blómum hafi til að mynda vikið fyrir hversdagslegri hlutum á borð við hveitipoka. Höfundareinkenni komi svo glöggt fram í kyrralífsmyndum sem hafi í gegnum tíðina oft verið neðarlega í goggunarröð myndlistarinnar. „En það má segja að kyrralífsmyndir séu áberandi í verkum kvenna. Kristín Jónsdóttir vann til að mynda mikið af kyrralífsmyndum sem endurspeglar stöðu kvenna og aðstæður þeirra til þess að sinna myndlist. Kristín var gift kona og vann myndlist mikið á sínu heimili.“

Meðal annarra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Jón Stefánsson, Júlíana Sveinsdóttir, Kjarval, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Gunnlaugur Scheving, Þorvaldur Skúlason, Karl Kvaran og Louisa Matthíasdóttir. Flest verkin eru frá miðri 20. öld en einnig eru eldri verk og samtímalistamenn koma einnig við sögu eins og Helgi Þorgils Friðjónsson, Húbert Nói, Guðbjörg Lind, Pétur Gautur og Áslaug Thorlacius.

„Það eru ekki mjög margir að fást við kyrralíf í dag, Pétur Gautur hefur gert það mjög ákveðið og hefur þar ákveðna sérstöðu,“ segir Ólöf og bætir við að sumir listamenn fáist í dag við uppstillingar í öðrum miðlum, en sú leið hafi verið valin á þessari sýningu að beina sjónum eingöngu að málverkum og teikningum.

Þess má geta að í tengslum við sýninguna verður boðið upp á námskeið í kyrralífsmálun og teikningu fyrir fullorðna og börn. Sýningin verður opnuð í dag klukkan þrjú. Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga frá 12 til 17, á fimmtudögum er opið til 21.

sigridur@frettabladid.is

# Kafað djúpt í sál karlmannsins

Ég skora á kvenþjóðina að sjá þetta verk og upplifa hvernig við karlmenn vinnum saman í návígi,“ segir Valdimar Örn Flygenring, leikstjóri leikverksins Póker eftir Patrick Marber sem verður frumsýnt í Tjarnarbíói á morgun klukkan 20.

Leikverkið er svört kómedía sem kafar í heim karlmennsku, valdatafls, pókerspilamennsku, keppnisanda og fíknar. Valdimar segir verkið eiga vel við í dag, ekki síður en á 10. áratugnum þegar það var skrifað. Það var meðal annars valið besta West End-leikritið af samtökum leikskálda árið 1995. „Karlmenn í dag eru á margan hátt óskaplega týndir, því það eru svo margvíslegar kröfur gerðar til þeirra. Þeir eiga að vera allt í senn mjúkir, harðir, ákveðnir, undirgefnir og þægilegir. Þetta leikrit kafar djúpt í sál karlmannsins,“ segir hann.

Leikarar í verkinu eru sex: Jón Stefán Sigurðsson, Ellert A. Ingimundarson, Þorsteinn Gunnar Bjarnason, Magnús Guðmundsson, Finnbogi Þorkell Jónsson og Ingi Hrafn Hilmarsson. „Þetta eru mjög ólíkir og flottir leikarar. Þrír þeirra hafa ekki leikið mikið hérna heima. Við sjáum þetta sem þeirra sýningarglugga fyrir íslenska markaðinn,“ segir Valdimar um leikhópinn.

Þetta er fyrsta leikstjórnarverkefni Valdimars með atvinnuleikhópi. Hann kann vel við sig í leikstjórastólnum. „Þetta er alveg æðislegt. Eiginlega finnst mér þetta skemmtilegra en að leika sjálfur og ég get vel ímyndað mér að gera meira af þessu.“ - hhs



**VALDIMAR ÖRN FLYGENRING** Leikstýrir hópi ólíkra karlleikara í verkinu Póker sem verður frumsýnt í Tjarnarbíói annað kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

Aukið úthald, þrek og betri líðan
Árangur strax!

Blágrænir þörungar frábærir fyrir íþróttir, vinnunna og skólann
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.




Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Fríhöfninni og Hagkaup
www.celsus.is



**Styrktarsjóður Svavars Guðnasonar listmálara og Ástu Eiríksdóttur**

Styrktarsjóður Svavars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur óskar hér með eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum. Styrkirnir eru tveir að upphæð kr. 400.000, hvor og veitist tveimur ungum, efnilegum myndlistarmönnum.

**Eftirfarandi upplýsingar og gögn þurfa að fylgja umsóknum:**
Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang og símanúmer, þrjár til fimm ljósmyndir, litskyggnur eða stafrænar myndir af verkum umsækjanda ásamt ítarlegum náms- og listferli.

**Umsóknir merktar:** Styrktarsjóður Svavars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur, sendist **fyrir 12. janúar 2012** til Listasafns Íslands, Laufásvegi 12, 101 Reykjavík.

**Í dómnefnd sitja:**
Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, s. 515-9600,
Þuríður Sigurðardóttir, myndlistarmaður, SÍM, s. 551 1346 og Hulda Stefánsdóttir, prófessor, LHÍ, s. 552-4000.



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2012 - 2013.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 1. - 20. júlí 2012.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík **fyrir 1. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.

PIPAR\TBWA-SÍA

## Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



# Hvatningaverðlaun ferðamálaráðherra

Þróunarfélagið óskar Heilsuhóteli Íslands til hamingju með að hljóta nýverið hvatningarverðlaun ferðamálaráðherra fyrir verkefnið „Heilsu og trú“. Verkefnið felst í að bjóða heilsuferðir fyrir Bandaríkjamenn. Hver hluti verkefnisins er nátengdur trú og heilbrigði og hefur sterka tilvísun í íslenska náttúru og menningu.
Að verkefninu standa Heilsuhótel Íslands, dr. Haukur Ingi Jónasson, Icelandair, Kadeco, Nordic eMarketing og Team Work/David Jack.

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS** er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

**www.heilsuhotel.is**

ÁSBRÚ

**Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.**
Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja.
Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.




Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

Tónleikar ★★★

**Vínartónleikar**

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Stjórnandi:** Willy Büchler, einsöngvari: Sigrún Hjálmtýsdóttir.

## Dauft en samt fyndið



Ég hugsa að ekkert sé eins klassískt og Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þeir hafa verið haldnir í kringum þrettándann á hverju einasta ári, lengur en ég man eftir. Og nánast alltaf er spiluð sama tónlistin. Til tilbreytingar eru mismunandi söngvarar í aðalhlutverki – yfirleitt konur. Annað er ekki á boðstólum.

Sinfónían er ekki eini tónlistarhópurinn sem heldur slíka tónleika. Tríó Reykjavíkur hefur gert það, sem og Salon Islandus. Rétt eins og hjá Sinfóníunni er efnisskráin þar mjög hefðbundin.

Auðvitað er ekkert að því. Þótt fátt sé eins útjaskað og Vínartónlist, getur hún verið skemmtileg í réttu samhengi. Yfirleitt tengist hún ýmiss konar sprelli, eins og títt er um uppákomur í kringum áramótin. Mælikvarðinn á það hversu góðir slíkir tónleikar eru brandararnir. Ef þeir eru fyndnir fyrirgefst margt.

Tónleikarnir nú voru nokkuð ærslafengnari en undanfarin ár. Það gerðist eitt og annað skondið. Fólk skellti upp úr.

Diddú var einsöngvarinn að þessu sinni, og það var gaman að því hversu vel heyrðist í henni alla leiðina upp á 22. bekk. Ég vona að fólkið á efstu svölum hafi líka greint sönginn almennilega. Maður heyrði sjaldnast í söngvurunum á Vínartónleikum í Háskólabíói!

Þrátt fyrir nokkra brandara var spilamennskan sjálf reyndar ekkert sérstaklega ærslafengin. Það var ekki alveg ásættanlegt. Þótt aðalmálið á Vínartónleikum sé húmorinn, verður flutningurinn líka að vera í lagi. Hann verður að vera fjörugur og kraftmikill.

Söngurinn sjálfur var vissulega líflegur og léttur, alveg eins og hann átti að vera. En Diddú kom bara fram í örfáum lögum. Í aðalhlutverkinu var hljómsveitin sjálf. Stjórnandinn að þessu sinni, Willy Büchler, var fremur stífur fyrst framan af. Sérstaklega þegar hann spilaði líka á fiðlu. Það vantaði fútt í túlkunina. Í lögum þar sem engir brandarar voru, og enginn söngur, var ekki laust við að manni leiddist.

Sem betur fer rættist úr þessu. En það var samt ekki fyrr en í aukalögunum að stemningin var orðin eins og hún átti að vera. Þá voru fagnaðarlætin líka hamslaus. Það var undarlega seint, þegar haft er í huga að léttleiki átti að einkenna ALLA dagskrána.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** **Húmorinn bjargaði fremur dauflegum flutningi á Vínartónleikum Sinfóníunnar.**





| | | |
|---|---|---|
| | Fundarstjóri: Helga Jörgensdóttir geðhjúkrunarfræðingur | |
| 08:00 - 08:30 | Skráning og afhending ráðstefnugagna | |
| 08:30 - 08:40 | **Setning ráðstefnu**<br>Unnur Heba Steingrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og móttökustjóri BUGL | |
| 08:40 - 09:15 | **Þroski í gegnum þjáningu? Heimspekileg hugleiðing**<br>Vilhjálmur Árnason prófessor í heimspeki við HÍ | |
| 09:15 -10:15 | **Brennt barn forðast eldinn: Þegar eldurinn verður að martröð-áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð fyrir börn**<br>*Ágústa I. Arnardóttir sálfræðingur BUGL* | |
| 10:15 - 10:35 | Kaffihlé | |
| | Salur A<br>Fundarstjóri:<br>*Hrefna Haraldsdóttir foreldraráðgjafi, Sjónarhóli ráðgjafarmiðstöð* | Salur B<br>Fundarstjóri:<br>*Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sálfræðingur, sviðstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis* |
| 10:35 -11:00 | **Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir**<br>*Bryndís Björk Ásgeirsdóttir PhD, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík* | **Deilur í fjölskyldum og líðan íslenskra unglinga**<br>*Geir Gunnlaugsson landlæknir* |
| 11:05 -11:30 | **Ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir, frh.**<br>*Bryndís Björk Ásgeirsdóttir PhD, lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík* | **Ábyrgð og aðgerðir: Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi**<br>*Daníel Reynisson lögfræðingur, Hjördís Árnadóttir skólafélagsráðgjafi og Sjöfn Kristjánsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur* |
| 11:30 -11:55 | **Börnum straffað með hendi og vendi - Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum**<br>*Steinunn Bergmann félagsráðgjafi Barnaverndarstofu* | **Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli: Árangur í 21 grunnskóla í Reykjavík í ljósi efnahagskreppu**<br>*Þorlákur H. Helgason framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar* |
| 12:00 - 13:00 | Hádegisverðarhlaðborð | |
| 13:00 - 13:55 | **Healing the origins of trauma: EMDR in psychotherapy with children and adolescents**<br>*Dr. Robbie Adler-Tapia Psychologist, EMDRIA therapist certified in EMDR* | |
| 14:00 - 14:20 | Kaffihlé | |
| 14:20 - 15:05 | **Healing the origins of trauma: EMDR in psychotherapy with children and adolescents, framhald**<br>*Dr. Robbie Adler-Tapia Psychologist, EMDRIA therapist certified in EMDR* | |
| 15:05 - 15:50 | **Sjúkratilfelli og EMDR meðferð**<br>Ragna Kristmundsdóttir sérfræðingur í geðhjúkrun barna og unglinga, BUGL<br>Unnur Heba Steingrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, BUGL | |
| 15:50 - 16:00 | **Ráðstefnuslit með söng**<br>*Barnakór Kársnesskóla* | |

**Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 10. janúar 2012**

**Verð: kr. 9.500 - kaffi og hádegisverðarhlaðborð innifalið. Starfsmenn LSH og nemar verð kr. 6.000**

**Skráning fer fram á vef Landspítalans: www.lsh.is/?PageID=15361**

**Þökkum styrktaraðilum**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS BUGL


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 7. janúar**

### ➜ Tónleikar

**16.00** Hinsegin kórinn stendur fyrir þrettándatónleikum í Norræna húsinu. Þetta eru fyrstu sjálfstæðu tónleikar kórsins og rennur allur ágóði í ferðasjóð vegna ferðar þeirra á Gay Pride í Færeyjum í júlí næstkomandi. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**17.00** Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verða haldnir í Hörpu. Einsöngur verður í höndum Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, Diddú. Stjórnandi tónleikana er Willy Büchler sem er aðalgestastjórnandi Strauss-hátíðarhljómsveitarinnar í Vínarborg. Miðaverð er frá kr. 3.000.

**17.00** Kór Akraneskirkju heldur nýárstónleika í Tónbergi, sal Tónlistarskólans á Akranesi. Flutt verður tónlist eftir Georg Shearing og Freymóð Jóhannesson. Ásamt kórnum koma fram þeir Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari.



**22.00** Rokktónleikar verða haldnir á Gauk á Stöng í kvöld. Fram koma Wistaria, Moldun, **Endless Dark** og I Need Pills To Sleep. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og það er 20 ára aldurstakmark.



**22.00** The Dam sisters, Josefin Winther og **Cynic Guru** halda tónleika á Rósenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### ➜ Fundir

**13.30** Félag kennara á eftirlaunum heldur fræðslu- og skemmtifund ársins á Grand Hótel.

### ➜ Sýningar

**15.00** Tvær nýja sýningar verða opnaðar í Hafnarborg. Um er að ræða sýningarnar Kyrralíf þar sem athygli er beint að kyrralífsmyndum eftir íslenska listamenn og sýninguna Pleaser sem sýnir verk Hörpu Björnsdóttur.

**16.00** Úlfur Loga opnar ljósmyndasýninguna Sumartíminn í Gallerí Tukt. Til sýnis verða verk sem hann vann að sumarið 2011.

**17.00** Formleg opnun á sýningunni Doubt By Two með verkum eftir listakonurnar Amy Revier og Elizabeth Tuburgen verður í sal Íslenskrar grafíkur Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Aðgangur er ókeypis

**20.00** Fyrsta sýning ársins opnar í Gallerí Klósetti í umsjá hópsins Conclusion of solution. Hópurinn samanstendur af sjö listamönnum sem eiga það sameiginlegt að hafa útskrifast frá Listaháskóla Íslnds á árunum 2008-2009. Allir velkomnir.

### ➜ Uppákomur

**15.45** Barnaheill - Save the Children á Íslandi ýta af stað átakinu Heillakeðju barnanna 2012 sem verður í gangi allt árið og er ætlað að vekja athygli á málefnum um réttindi barna. Öllum börnum er velkomið að taka þátt. Mæting er á pallinn framan við Iðnó þar sem allir fá neonljós áður en farið verður í keðju í kringum tjörnina.

### ➜ Tónlist

**22.00** Hljómsveitin **Nýdönsk** setur upp sögustund í litla sal Borgarleikhússins. Farið verður yfir sögurnar á bakvið lögin og textana, skandalana og stórsigrana, auk þess sem tónlistin umvefur allt. Miðaverð er kr. 4.400.

**16.00** Fjölbreytt samansafn hátalara flytur nýja íslenska tónlist í sal



Tónverkamiðstöðvar Íslands, Skúlatúni 2 (efstu hæð). Tónleikarnir eru í umsjón S.L.Á.T.U.R samtakanna sem er sameiginlegur vettvangur frumlegustu tónskálda Íslands, og öll tónlist sem flutt verður er eftir meðlimi þeirra. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** **Gunnar Þórðarson** og Tómas Tómasson halda tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



**22.00** Dj Krúsi heldur uppi stuðinu á Prikinu.

**22.00** Dj Einar þeytir skífum á Glaumbar.



**22.00** Tónleikar í tilefni sextugsafmælis **Péturs Wigelund Kristjánssonar** verða haldnir á Spot. Allur ágóði mun renna í Minningarsjóð Péturs sem úthlutar sigurvegurum Músíktilrauna styrk ár hvert. Þorgeir Ástvalds verður kynnir og fjöldi listamanna mun stíga á stokk og heiðra minningu Péturs. Þar á meðal eru þeir Stefán Hilmarsson, Páll Rósinkranz, Magni Ásgeirsson, Bjartmar Guðlaugsson og Guðmundur Jónsson. Hljómsveitin Gildran mun svo spila á dansleik að tónleikunum loknum. Miðaverð er kr. 2.500.

**23.00** Gullkistan, skipuð þeim Ásgeiri Óskarssyni, Gunnari Þórðarsyni, Jóni Ólafssyni og Óttari Felix Haukssyni, spilar á Þrettándagleði Kringlukráarinnar í kvöld. Aðgangseyrir er kr. 1.500, en frítt fyrir konur til miðnættis.

### ➜ Uppistand

**22.30** Pétur Jóhann Sigfússon og Þorsteinn Guðmundsson slá saman í uppistandsveislu í Gamla Bíói. Þeim til aðstoðar er tónlistarmaðurinn Helgi Svavar Helgason. Miðaverð er frá kr. 2.900.

**Sunnudagur 8. janúar**

### ➜ Tónleikar

**18.00** Útskriftartónleikar Birgis Þórissonar úr Listaháskóla Íslands verða haldnir á Kjarvalsstöðum. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Leiklist

**20.00** Leikhópurinn Fullt Hús sýnir leikverkið Póker eftir Patrick Marber í Tjarnarbíó. Um er að ræða svarta kómedíu í leikstjórn Valdimars Arnar Flygenring. Miðaverð er kr. 3.400.

### ➜ Félagsvist

**14.00** Allir velkomir að koma og spila félagsvist í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14.

**19.00** Bridge „Tvímenningur" verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### ➜ Sýningar



**16.00** **Lára Sveinsdóttir** leik- og söngkona mun flytja ýmis vinsæl lög Judy Garland og leiða áhorfendur inn í stormasamt líf hennar. Henni til aðstoðar verður Djasshljómsveit Úlfs Eldjárns. Sýningin er sýnd í Leikhúskjallaranum og er miðaverð kr. 2.900.

### ➜ Dansleikir

**20.00** Félag eldri borgara í Reykjavík stendur fyrir dansleik í félagsheimili sínu, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

### ➜ Myndlist

**15.00** Hugrún Þorsteinsdóttir safnakennari leiðir skapandi teiknismiðju og leiðsögn í Hafnarhúsinu. Viðburðurinn er sniðin fyrir börn á aldrinum 5-10 ára en þátttöku foreldra er einnig vænst.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

**Arion banki** er stoltur bakhjarl HSÍ

—

# Má bjóða þér á landsleik?

**Arion banki ætlar að bjóða landsmönnum á vináttulandsleik Íslands og Finnlands í handbolta föstudaginn 13. janúar.** Leikurinn fer fram í Laugardalshöll og hefst kl. 19:30. Morguninn eftir heldur svo landsliðið til Serbíu til að taka þátt í EM 2012.

Í boði eru tveir miðar á mann á meðan birgðir endast. Miðunum verður dreift í öllum útibúum Arion banka á höfuðborgarsvæðinu **þriðjudaginn 10. janúar milli kl. 15 og 16**. Auk þess, munu leikmenn landsliðsins taka á móti þér í eftirtöldum útibúum.

Höfða, Bíldshöfða 20
Kringlan, Kringlunni 8-12
Aðalútibú, Laugavegi 120
Vesturbæjarútibú, v/Hagatorg

Garðabær, Garðatorgi
Hafnarfjörður, Firði
Smáraútibú, Smáratorgi
Mosfellsbær, Þverholti 1

**Fyllum höllina og hvetjum strákana okkar til dáða!**



arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

# Fólk

folk@frettabladid.is



**1,5 MILLJARÐA KRÓNA** kostar glæsivillan sem Elin Nordegren, fyrrverandi eiginkona kylfingsins Tigers Woods, lét eyðileggja til að geta byggt draumahúsið sitt á sama stað á Flórída.

## Adele komin á fast

Söngkonan Adele var nýlega mynduð með manni sem fjölmiðlar ytra telja að sé nýi kærastinn hennar.

Adele er 23 ára, en hinn meinti kærasti er 36 ára og heitir Simon Konecki. Útlit hans þykir svipa til leikarans Zach Galifianakis og er ekki leiðum að líkjast. Hann starfar hjá góðgerðarsjóðnum Drop4Drop, sem vinnur að því að gefa fólki aðgang að hreinu vatni.

Adele sló í gegn í fyrra með plötunni 21 en uppspretta hennar er sambandsslit Adele og fyrrverandi kærasta hennar.


KENNARASAMBAND ÍSLANDS

**Ferðatilboð fyrir kennara 2012**

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands óskar eftir ferðatilboðum fyrir kennara árið 2012.

Tilboðin geta verið margvísleg svo sem í skipulagðar utanlandsferðir, gönguferðir, hestaferðir, veiðiferðir, golfferðir og fleira bæði innanlands og erlendis

Ferðirnar skulu vera með afslætti frá ferðaþjónustuaðila og verða einnig niðurgreiddar af Orlofssjóði KÍ.

Upplýsingar um ferðir og tilboð skilist til skrifstofu Orlofssjóðs KÍ Laufásvegi 81 og á netfangið orlof@ki.is **fyrir 20. janúar n.k.**

*Orlofssjóður Kennarasambands Íslands*
*Laufásvegi 81*
*101 Reykjavík*

Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Þórisdóttir í síma 595-1122, netfang: orlof@ki.is fax: 595-1112.





FJALLAKOFINN www.fjallakofinn.is SECURITAS Fylgjumst með á facebook fjallavinir.is TM




**RÓMANTÍK UM JÓLIN**

Justin Timberlake og Jessica Biel trúlofuðust um jólin, rétt eins og stjörnur á borð við Drew Barrymore, Halle Berry, Matthew McConaughey, Aretha Franklin, Steven Tyler og Michael Jordan. NORDICPHOTOS/GETTY





# Trúlofuðust á jólahátíðinni

**Rómantíkin sveif yfir vötnunum um jólin því hver stjarnan á fætur annarri ákvað að nota hátíðina til að trúlofast elskunni sinni.**

Jólin eru alltaf jafnvinsæll tími til að biðja elskuna sína um að giftast sér. Fregnir af trúlofun hverrar erlendu stjörnunnar á fætur annarri hafa birst að undanförnu og verður gaman að fylgjast með framvindu mála hjá turtildúfunum á nýju ári.

Justin Timberlake skellti sér á skeljarnar á dögunum og bar upp bónorðið við leikkonuna Jessicu Biel. Þetta staðfesti amma popparans og leikarans, Sadie Bomar, fyrir skömmu.

Önnur leikkona er á leiðinni upp að altarinu, eða Drew Barrymore, og það í þriðja sinn. Núna er það listræni ráðgjafinn Will Kopelman sem ætlar að kvænast henni. Gerði hann sér lítið fyrir og smeygði fjögurra karata demantshring á fingur hennar eftir að hún játaðist honum. Barrymore giftist leikaranum Tom Green árið 1999 og Jeremy Thomas árið 1994. Bæði hjónaböndin urðu skammlíf.

Leikkonan Halle Berry er sögð hafa trúlofast Frakkanum Olivier Martinez eftir að sást til hennar með gylltan glæsihring á baugfingri sínum á veitingastað í Los Angeles. Berry hefur áður verið gift hafnaboltakappanum David Justice og söngvaranum Eric Benét.

Matthew McConaughey bar upp sitt bónorð á jóladag við barnsmóður sína Camilu Alves. Leikarinn var ekki lengi að greina frá tíðindunum á vefsíðu sinni, enda yfir sig hamingjusamur.

Sálarsöngkonan Aretha Franklin, sem verður sjötug á árinu, trúlofaðist kærasta sínum til langs tíma, William „Willie“ Wilkerson, og reikna þau með að ganga upp að altarinu í sumar.

Önnur aðeins yngri stjarna úr tónlistarheiminum, hinn 63 ára Steven Tyler úr Aerosmith, trúlofaðist einnig um jólin. Hin heppna heitir Erin Brady og verður þetta þriðja hjónaband rokkarans. Annar tónlistarmaður, John Legend, var upp bónorð sitt við fyrirsætuna Crissy Teigen og svarið var sem betur fer jákvætt.

Tveir af bestu körfuboltamönnum sögunnar voru einnig í rómantíska gírnum um jólin. Goðsögnin Michael Jordan trúlofaðist kúbversku fyrirsætunni Yvette Prieto eftir þriggja ára samband. Þetta verður annað hjónaband kappans, sem á þrjú börn með fyrri konu sinni.

Arftaki hans, Lebron James, vildi ekki vera minni maður og notaði gamlárskvöld til að biðja æskuástina sína, Savönnuh Brinson, um að giftast sér en þau eiga tvö börn saman. Spurningin var borin upp í næturklúbbi í Miami á Flórída.

# Kiwanuke er bjartasta von BBC

Sálarsöngvarinn Michael Kiwanuke hefur verið kjörinn bjartasta von ársins 2012 af breska ríkisútvarpinu, BBC.

Honum hefur verið líkt við Bill Withers sem er þekktur fyrir lög á borð við Ain´t No Sunshine og Just the Two of Us. Þrír af helstu áhrifavöldum Kiwanuke eru Otis Redding, Bob Dylan og Miles Davis.

„Þetta kom mér mjög á óvart. Vonandi mun tónlistin mín ná til fleira fólks og það eru mikil forréttindi fyrir tónlistarmann eins og mig,“ sagði Kiwanuke. Í öðru sæti á listanum lenti Frank Ocean sem hefur unnið bæði með Kanye West og Jay-Z og í því þriðja varð rapparinn Azelia Banks frá New York.



**SIGURVEGARI** Michael Kiwanuke hefur verið kjörinn bjartasta von ársins af BBC. NORDICPHOTOS/GETTY

Kiwanuke hefur hitað upp bæði fyrir Adele og Lauru Marling á tónleikaferðum og þykir hafa ýmislegt til brunns að bera. „Ég valdi Michael vegna þess að tónlistin hans hreif mig þegar ég heyrði fyrst í honum í sumar,“ sagði gagnrýnandi London Evening Standard í viðtali við BBC.

Alls tóku 184 tónlistargagnrýnendur, útvarpsmenn og bloggarar sem eru búsettir í Bretlandi þátt í valinu, sem fór nú fram í tíunda sinn. Á meðal fyrri sigurvegara eru Jessie J, Adele, Mika, Ellie Goulding, Corrinne Bailey Rae, Keane og 50 Cent.

Margir þekktir flytjendur hafa komist á topp fimm á listanum, eða The Vaccines, Hurts, Florence and the Machine, Bloc Party og Franz Ferdinand.


SÉRHANNAÐ FYRIR
KONUR
SÉRHANNAÐ FYRIR
SÍTT HÁR
SÉRHANNAÐ FYRIR
KARLMENN
Sex sérhannaðar línur fyrir slétt -, ljóst og dökkt hár, krullur, raka og lyftingu
Gefur góðan raka og nærir endana vel
Hentar karlmönnum á öllum aldri
TREVOR SORBIE
professional
Hannað af hinum heimsfræga og margverðlaunaða hárgreiðslumeistara Trevor Sorbie, á verði sem kemur á óvart.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Styrkir frá NATA

NATA North Atlantic Tourism Association

Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu á milli landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til nýsköpunar- og vöruþróunarverkefna
- Til þekkingarheimsókna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

Um er að ræða ferðastyrki til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 1.000 danskar krónur vegna ferða milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar, en styrkur getur þó ekki numið meira en 25% ferðakostnaðar. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar og uppihalds.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtaldra:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á vef Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is.
Umsóknir skulu vera á ensku eða dönsku.

Lokafrestur til að skila umsókn er 13. febrúar 2012
og mun niðurstaða stjórnar NATA liggja fyrir eigi síðar en 30. mars.

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirkni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.





# 17 ára aldursmunur

Leikarinn Ryan Philippe er byrjaður með fyrirsætunni og leikkonunni Paulinu Slagter en 17 ára aldursmunur er á parinu. Philippe er 37 ára gamall og Slaget nýorðin 20 og slá slúðurmiðlar vestanhafs því upp að daman hafi ekki einu sinni aldur til að kaupa sér áfengi.

Slagter er að koma sér áfram í Hollywood sem leikkona og hefur hingað til leikið í sjónvarpsþáttunum Entourage. Philippe var giftur leikkonunni Reese Witherspoon í sjö ár en hún gekk í það heilaga með umboðsmanninum Jim Toth í fyrra.



**BYRJAÐUR MEÐ FYRIRSÆTU** Ryan Philippe og fyrirsætan Paulina Slagter eru nýjasta parið í Hollywood.



**AÐALLEIKONAN** Gina Carano fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni. Hún keppti í blönduðum bardagaíþróttum áður en hún lagði leiklistina fyrir sig. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hörku frumsýning

**Hasarmyndin Haywire var frumsýnd á fimmtudaginn og mættu leikarar og aðstandendur myndarinnar í sínu fínasta pússi á viðburðinn. Með aðalhlutverkin fer fríður hópur leikara og má þar á meðal nefna Ginu Carano, Antonio Banderas, Ewan McGregor, Channing Tatum og Michael Fassbender. Myndin fjallar um hermann sem leitar hefnda eftir að hafa verið svikinn af félögum sínum.**



**REFFILEGUR** True Blood-leikarinn Joe Manganiello mætti í fallega sniðnum jakkafötum á viðburðinn.



**FLOTT SAMAN** Ewan McGregor fer með hlutverk í kvikmyndinni og bauð eiginkonu sinni, Evu Mavrakis, með sér á frumsýninguna.



**HJÓNIN** Leikarinn Antonio Banderas mætti á frumsýninguna ásamt leðurklæddri eiginkonu sinni, leikkonunni Melanie Griffith.

# Nýtt lag frá Doors

Bandaríska hljómsveitin The Doors ætlar að gefa út sitt fyrsta „nýja“ lag í fjörutíu ár. Það verður frumflutt á Facebook-síðu sveitarinnar á mánudaginn.

Söngvarinn sálugi Jim Morrison syngur lagið, sem nefnist She Smells So Nice. Það var upphaflega tekið upp vegna plötunnar LA Woman sem kom út 1971 en komst ekki inn á hana. Það var upptökustjórinn Bruce Botnick sem fann upptökuna og dustaði rykið af henni. Lagið mun vera mjög blúsað og kraftmikið. Það verður að finna á tvöfaldri viðhafnarútgáfu LA Woman, auk annars óútgefins lags, Rock Me.



**NÝTT LAG** Hljómsveitin The Doors ætlar að gefa út lagið She Smells So Nice.

SÝRLAND NÁMSKEIÐ



# Talsetningarnámskeið

## Langar þig að talsetja teiknimyndir?

Hefur þig alltaf langað til þess að sýna hvað í þér býr?
Nú er tækifærið því við erum að fara af stað með námskeið í talsetningu teiknimynda. Undanfarin ár höfum við staðið fyrir námskeiðum í talsetningu fyrir börn, unglinga og fullorðna við góðar undirtektir. Mörg þeirra barna og unglinga sem sótt hafa námskeið hjá okkur í talsetningu hafa fengið tækifæri til að tala inn á teiknimyndir, bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndir.



## Námskeið fyrir fullorðna

**Næstu námskeið hefjast 28. janúar**

**Fjöldi kennslustunda:** 10
**Hámarksfjöldi í hóp:** 12
**Tími:** Laugardagar kl. 10:30-13:30 og 14-17

**Verð:** 29.900 kr.

## Barna- og unglinganámskeið

**Næstu námskeið hefjast 24. janúar**

**Fjöldi kennslustunda:** 10
**Tími:** Þriðjudagar kl. 17:15 – 19:15 og 19:30 – 21:30
**Hámarksfjöldi í hóp:** 12
**Aldur:** 9 - 13 ára og 14 - 18 ára

**Verð:** 29.900 kr.




# Hljóðvinnslunámskeið

## Áttu hugmynd að lagi?

Nú er tækifærið til að koma því á varanlegt form.
Á námskeiðinu er farið skref fyrir skref í gegnum ferlið að taka upp lag frá hugmynd að lokaútgáfu.

Notast verður við sýndarhljóðfæri (virtual instruments) til þess að búa til undirleik, því næst er hljóðfæraleikur og söngur tekinn upp ofan á undirleikinn.

Kennslan fer fram í tölvuveri Sýrlands sem er útbúið 20 nýjum Apple tölvum og hefur því hver og einn nemandi aðgang að Pro Tools á meðan á kennslu stendur.

Leitast er við að hafa námskeiðið sem líkast því sem gerist í einföldum heimastúdíóum og því notast við einfalda hljóðnema, heyrnartól og tölvu. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að Pro Tools 8 eða ofar.




## Pro Tools - Frá hugmynd að lagi

**Námskeiðið hefst 28. janúar**

Kennt verður í 5 lotum á laugardögum (4 klukkustundir í senn)

**Fjöldi kennslustunda:** 20
**Tími:** Laugardagar kl. 11-15
**Hámarksfjöldi:** 20

**Verð:** 49.900 kr.

Námskeiðið er niðurgreitt af öllum helstu stéttarfélögum.
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sýrlands, www.syrland.is eða í síma 563-2910.

Skráning er hafin og er hægt að senda tölvupóst á bokanir@syrland.is eða hringja í síma 563-2910

SÝRLAND
- ekki bara í hljóði

Vatnagörðum 4 | Sími: 563 2910 | info@syrland.is | www.syrland.is

# Gítarleikari Morrissey með Smutty Smiff á Ellefunni

**Gítarleikarinn Boz Boorer er einn nánasti samstarfsmaður söngvarans Morrissey. Hann er á leiðinni til landsins í næstu viku og kemur fram ásamt hljómsveit Smutty Smiff.**

„Boz er hljómsveitarstjóri Morrissey.“ segir rokkabillífrumkvöðullinn og útvarpsmaðurinn Smutty Smiff.

Gítarleikarinn Boz Boorer er væntanlegur til landsins í næstu viku og kemur fram ásamt hljómsveitinni Smutty‘s 302 á Ellefunni á laugardaginn. Boorer þessi er helsti meðhöfundur tónlistarmannsins Morrissey, söngvara hinnar sálugu The Smiths, ásamt gítarleikaranum Alain Whyte. Morrissey og Boz Boorer hófu samstarf skömmu eftir að The Smiths lagði upp laupana eftir stuttan en ótrúlega farsælan feril. Hann er meðhöfundur Morrissey í gömlum slögurum á borð við Now My Heart Is Full, Spring-Heeled Jim og The More You Ignore Me, the Closer I Get. Hann hefur fylgt Morrissey í gegnum tíðina og á meðal nýrri laga sem félagarnir hafa samið saman eru The World is Full of Crashing Bores, I‘m Throwing Myself Around Paris og That‘s How People Grow Up.

Smutty Smiff kynntist Boorer áður en hann hóf að vinna með Morrissey. „Hann er vinur minn,“ segir Smiff. „Í rokkabillíbyltingunni á níunda áratugnum voru aðalhljómsveitirnar The Rockats, The Polecats og The Stray Cats. Hann er stofnmeðlimur The Polecats.“ Smiff var sjálfur í The Rockats á þessum tíma.

„Ég reyndi að sjálfsögðu líka að fá Morrissey,“ segir Smiff og hlær. „Boz ætlar að spila í Reykjavík með nýju hljómsveitinni minni. Við ætlum að spila lög eftir The Polecats, ég býst ekki við að við spilum Morrissey-lög þar sem hann verður ekki á svæðinu. Boz er hrifinn af hljómsveitinni og sagðist vilja koma í heimsókn, skoða landið og spila á tónleikum. Svo daginn eftir ætla ég að fara með hann í Bláa lónið og sýna honum landið.“

Tónleikarnir verða þeir fyrstu sem Smutty‘s 302 spilar á. Hljómsveitina stofnaði Smutty Smiff nýlega ásamt Pétri Hallgrímssyni gítarleikara og trommuleikaranum Erik Qvick. Saman eru þeir búnir að semja tíu lög sem verða tekin upp í næstu viku. „Þetta er allt að gerast mjög hratt,“ segir Smiff.

**atlifannar@frettabladid.is**



**MEÐ MORRISSEY** Boz Boorer á tónleikum með söngvaranum Morrissey. Boorer kemur til landsins í næstu viku og spilar á Ellefunni með hljómsveitinni Smutty‘s 302, sem er leidd af sjálfum Smutty Smiff.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Gleðilegt nýtt bíóár!

TILNEFND TIL 3 GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA M.A BESTA MYNDIN OG BESTA LEIKKONAN – MY WEEK WITH MARILYN
midi.is – LÚXUS – TINKER TAILOR SOLDIER SPY – ÞRÆLMÖGNUÐ SPENNUMYND ÞAR SEM GARY OLDMAN FER Á KOSTUM!
The Sitter – VERSTA BARNAPÍA ALLRA TÍMA!
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3
THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO – 2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR

SMÁRABÍÓ – GLERAUGU SELD SÉR – AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY LÚXUS | KL. 2 -5.20 -8 -10.40 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.50 - 8 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1(TILBOÐ) -3 -5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 1(TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 1(TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 1(TILBOÐ) - 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS – AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 3.30 (TILBOÐ)- 6.45 -9 -10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 (TILBOÐ) - 6 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 (TILBOÐ) | L |
| JACK AND JILL | KL. 10.20 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| ALVIN 3 KL. 2 (TILBOÐ) - 4 L | ELÍAS KL. 2 (TILBOÐ) | L |
| MIDNIGHT IN PARIS KL. 4 | THE SITTER KL. 6 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is – Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ – www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
TINKER TAILOR SOLDIER SPY – MISSION: IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL – THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO – The Sitter
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

LAUGARÁSBÍÓ – Sýningartímar

| | |
|---|---|
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 7, 10 |
| THE SITTER | 8 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 7, 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNANIR | 2(700 kr), 4, 6 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 2(950 kr), 4 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 2(950 kr), 4 |

SAMBÍÓIN – SAMbio.is
STÆRRI BETRI FYNDNARI – EMPIRE
SHERLOCK HOLMES A GAME OF SHADOWS – „Betri en sú fyrsta. Sjáðu hana núna, og þá helst í stórum sal.“ Kvikmyndir.is/Séð & Heyrt
TOM CRUISE, SIMON PEGG, PAULA PATTON OG JEREMY RENNER Í BESTU HASARMYND ÁRSINS! – 80/100 BoxOffice Magazine – 88/100 Chicago Sun Times – MISSION: IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL
NEW YEAR'S EVE – PUSS IN BOOTS – FJÖRFISKARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10 - 10:40 - 10:50 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 1 - 3:30 - 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| HAROLD AND KUMAR Með texta | kl. 8(2D) | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:20 - 3:20 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:20 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 2 - 4 | L |
| A VERY HAROLD AND KUMAR CHRISTMAS | kl. 5:50 | 16 |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 2 - 4 | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 6 - 8 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN | kl. 1:30 - 3:30 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:15 - 8 - 9:30 - 10:45 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 3:10 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 3:10 | 2D | L |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 3 - 5:10 | 2D | L |
| HAROLD & KUMAR 3D ótextuð | kl. 7:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 M/ísl. Tali | kl. 1:3 | L |
| PUSS IN BOOTS M/ísl. Tali | kl. 3:30 | L |

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMbíóklúbbinn á SAMbio.is

TILBOÐSBÍÓ
ALVIN OG ÍKORNARNIR – STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D – ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR
SMÁRABÍÓ – midi.is

| | | |
|---|---|---|
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 1 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM | KL. 1 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | KL. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ – midi.is

| | | |
|---|---|---|
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 3.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 3.30 | 7 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 | L |

FJÖRFISKARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI – PUSS IN BOOTS 3D
tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN – SAMbio.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus – Ódýrt í bíó
ATH 700 KR – ALVIN OG ÍKORNARNIR SÝND KL.2 – STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D SÝND KL.2 950 KR. / 3D – ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM SÝND KL.2 950 KR. / 3D
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*
Bíó Paradís er nú hluti af EUROPA CINEMAS
THIS MUST BE THE PLACE – SEAN PENN – ELDFJALL – SÝND Í NOKKRA DAGA VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA

DANSGLEÐI með:

skemmtilegri

# GLEÐILEGT NÝTT DANSÁR!

## VIÐ ÞÖKKUM VELUNNURUM SKÓLANS FYRIR VIÐBURÐA- & KÆRLEIKSRÍKT ÁR!

**ÞÖKKUM:**
Nemendum – Foreldrum – Kennurum
ÍTR – Þrótti – HK – Sjálandsskóla – Hörpu
STÖÐ 2 – Ölgerðinni - Panartica Pegasus
Bláa Lóninu – JÁ.is – Smáralind & Rolf Johansen
Erlendum samstarfsaðilum


Jóhanna Margrét


Lelita


Júlí Heiðar


Anný


Rai


Guðrún Kara


Steinunn


Inga Rún

## GLÆSILEG SÝNING Í LOK ANNAR!

Fáðu útrás fyrir DansGleðinni og skráðu þig strax á dancecenter.is!

## REYKJAVÍK - KÓPAVOGUR - GARÐABÆR

**Í glæsilegri aðstöðu:**
**REYKJAVÍK –** ÞRÓTTI, Þróttur, Engjavegi 7
**KÓPAVOGUR –** HK, Digranesvegi
**GARÐABÆ** – SJÁLANDSSKÓLA, 2. HÆÐ Löngulínu 8.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK. Einnig er hægt að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is eða hringja í síma 777 3658 hjá DanceCenter Reykjavík.

## DÖNSUM svo lengi sem lifum!

Jazzfunk | Street | Hip hop | Break |
Sér tímar að hætti **MEISTARA** Michael Jacksson!
Barnadansar & Ballett

Aldur: 3-4 ára, 5-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára, 20-24 ára, 25-34 ára, 35+

## DANSSTJARNA úr SO YOU THINK YOU CAN DANCE?
## kemur í heimsókn á önninni! ÁRSKORTSHAFAR njóta sérkjara!

DansLið þáttanna kemur sérstaklega á vegum:



DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

# sport

sport@frettabladid.is

9 DAGAR EM í handbolta 2012

**SNOBBI** eins og þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson hafa stundum kallað sig eru báðir að fara að taka þátt í sínu tíunda stórmóti á EM í Serbíu. Snorri Steinn var fyrst með á HM í Portúgal 2003 og hefur verið á öllum stórmótum síðan nema á HM í Túnis 2005. Róbert var fyrst með á EM í Slóveníu 2004 og hefur ekki misst úr stórmót síðan. Þeir eru á leiðinni á sitt fimmta Evrópumót saman.



**KOLLEGAR** Sir Alex Ferguson heilsar Roberto Mancini. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fjörug bikarhelgi á Englandi:

## Stórslagur í Manchester

**FÓTBOLTI Þriðja umferð ensku bikarkeppninnar fer að mestu leyti fram um helgina en hennar er ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu af áhugamönnum um enska boltann. Liðin í efstu tveimur deildum Englands koma nú inn í keppnina og mæta mörg hver liðum úr neðri deildunum og jafnvel utandeildum sem hafa komist í gegnum langa og stranga undankeppni sem hófst um miðjan ágúst.**

**Alls voru 759 lið skráð til þátttöku í þessari fornfrægu keppni sem er elsta bikarkeppni heims. Lægst skrifaða liðið sem enn er með í keppninni er Salisbury City úr sjöttu efstu deild Englands en liðið mætir C-deildarliðinu Sheffield United á útivelli.**

**Augu flestra munu þó beinast að viðureign Manchester liðanna City og United á morgun. Þó svo að 64 lið hafi verið í pottinum drógust þessir erkifjendur saman en þau sitja nú í efstu tveimur sætum ensku úrvalsdeildarinnar.**

**Heiðar Helguson, nýkrýndur íþróttamaður ársins, og félagar í QPR mæta MK Dons, sem leikur í C-deildinni, á útivelli klukkan 15.00 í dag.** - esá

### Helstu leikir helgarinnar

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 12.30 | Birmingham - Wolves | Stöð 2 Sport |
| 15.00 | Barnsley - Swansea | |
| 15.00 | Everton - Tamworth | |
| 15.00 | Fulham - Charlton | |
| 15.00 | Gillingham - Stoke | |
| 15.00 | Hull - Ipswich | |
| 15.00 | MK Dons - QPR | |
| 15.00 | Macclesfield - Bolton | Stöð 2 Sport |
| 15.00 | Newcastle - Blackburn | |
| 15.00 | Reading - Stevenage | |
| 15.00 | Swindon - Wigan | |
| 15.00 | Tottenham - Cheltenham | |
| 15.00 | Watford - Bradford | |
| 15.00 | West Brom - Cardiff | |
| 17.30 | Bristol R. - Aston Villa | Stöð 2 Sport |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | Man. City - Man. Utd. | Stöð 2 Sport |
| 15.00 | Chelsea - Portsmouth | |
| 15.30 | Peterb. - Sunderland | Stöð 2 Sport |

# Árið 2011 var mitt besta á ferlinum

**Arnar Þór Viðarsson er lykilmaður hjá Cercle Brugge í Belgíu og hefur spilað hverja einustu mínútu á tímabilinu. Hann mun sennilega hefja störf hjá félaginu sem þjálfari að leikmannaferlinum loknum.**



**Í BARÁTTUNNI** Arnar Þór Viðarsson er hér til vinstri í búningi Cercle Brugge í leik gegn erkifjendunum og grönnunum í Club Brugge. Leikurinn fór fram í nóvember og hafði Club Brugge betur, 1-0. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Undanfarin misseri hefur lítið borið á Hafnfirðingnum Arnari Þór Viðarssyni í íslenskum fjölmiðlum þrátt fyrir að hann sé enn að spila af fullum krafti í sterkri atvinnumannadeild í Evrópu. Fimmtánda ár hans í atvinnumennskunni er nýhafið en hann segir við Fréttablaðið að árið 2011 hafi verið hans besta á ferlinum. Arnar lék síðast með íslenska landsliðinu árið 2007.

Arnar samdi fyrst við belgíska liðið Lokeren árið 1997, en hann hefur lengst af haldið sig þar í landi og er nú á sínu fjórða tímabili hjá Cercle Brugge.

Hann er uppalinn FH-ingur enda af mikilli FH-ætt. Faðir Arnars, Viðar Halldórsson, er formaður félagsins og föðurbróðirinn Jón Rúnar formaður knattspyrnudeildar. Bræður hans, Davíð Þór og Bjarni Þór, eru báðir atvinnumenn í knattspyrnu.

### Sáttir við stöðuna í deildinni

Óhætt er að fullyrða að Arnar Þór sé í hópi leikreyndustu knattspyrnumanna Íslands í dag, en hann hefur síðustu ár verið lykilmaður í uppgangi Cercle Brugge.

„Við erum nú í sjöunda sæti deildarinnar eftir nítján leiki og erum bara mjög sáttir við það," segir Arnar. „Við erum enn í baráttunni um að komast í umspil efstu sex liðanna um meistaratitilinn í vor. Þangað stefnum við."

Arnar var alls hjá Lokeren í sjö ár eftir að hann fékk langtímasamning hjá liðinu árið 1998. Hann stoppaði svo í Hollandi í þrjú ár áður en hann samdi við Cercle Brugge.

### Spilar hverja einustu mínútu

„Það gekk á ýmsu fyrsta tímabilið hjá Cercle og ég náði ekki að mynda nógu gott samband við þjálfarann. Svo kom nýr þjálfari og síðan þá hef ég verið fastamaður í liðinu." Til marks um það má nefna að Arnar hefur spilað í 90 mínútur í öllum nítján deildarleikjum liðsins til þessa á tímabilinu.

„Árið 2011 var það besta á ferli mínum hingað til," segir hann. „Reynslan kemur með aldrinum og þá verður auðveldara að takast á við þær aðstæður sem geta komið upp í leikjum. Maður þekkir þetta orðið allt. Líkaminn er líka góður og mér líður vel. Með aldrinum áttar maður sig á því að ferlinum gæti lokið hvenær sem er – þá er um að gera að njóta þess að spila á meðan maður getur."

### Hefur ekkert hugsað um landsliðið



Arnar Þór Viðarsson er í fámennum hópi en aðeins 21 leikmaður á meira en 50 landsleiki að baki. Arnar hefur spilað 52 landsleiki á ferlinum en á þó ekki sérstaklega góðar minningar frá síðasta landsleik, en þá tapaði Ísland fyrir Liechtenstein ytra, 3-0. Eyjólfur Sverrisson hætti sem landsliðsþjálfari eftir leikinn og Arnar hlaut aldrei náð fyrir augum Ólafs Jóhannessonar, sem tók við.

„Ég sé ekki eftir neinu og er mjög sáttur við minn feril," segir Arnar. „Það hefur aldrei skipt mig máli hvað öðrum finnst um mig – bara að fólkið sem þekkir mig og hefur unnið með mér sé sátt við mig."

Lars Lagerbäck er nýtekinn við íslenska landsliðinu og með nýjum þjálfara koma ný tækifæri fyrir leikmenn. „Hver þjálfari velur sitt sterkasta lið hverju sinni. Ef ég er ekki hluti af því þá er það bara þannig," segir Arnar, sem hefur þó auðvitað sínar skoðanir á þessum málum. „Ég teldi það eðlilegt ef leikmaður sem væri búinn að vera í atvinnumennsku í öll þessi ár og enn að spila í hverri viku teldi sig nógu góðan fyrir landsliðið. En staðreyndin er sú að það eru 3-4 ár síðan ég talaði við landsliðsþjálfara síðast og ef kallið kæmi nú myndi ég bara skoða það. Ég hef ekki verið að velta þessum málum fyrir mér. Kannski hefur það hjálpað mér hjá mínu félagsliði að hafa ekki verið að spila og ferðast með landsliðinu á sama tíma."

### Útskrifast sem þjálfari í vor

Arnar skrifaði undir nýjan tveggja ára samning í vor en ef líkaminn verður enn í fínu standi að þeim tíma loknum mun hann spila áfram. Ef ekki mun hann líklega hefja störf sem þjálfari hjá liðinu. „Ég hef verið að sækja þjálfaranám hér í Belgíu og mun útskrifast með UEFA-A þjálfaragráðu í vor," segir hann, en það er næsthæsta stig þjálfaramenntunar hjá Knattspyrnusambandi Evrópu. Þrátt fyrir það var hann ekki harðákveðinn í að fara út í þjálfun.

„Ég ætlaði bara að fara í námið og sjá svo til. Staðan er þannig núna að mér líður mjög vel hjá Cercle og það er einnig ánægja með störf mín hjá félaginu. Það er litið á mig sem framtíðarmann í þjálfarateymi félagsins, fyrst um sinn sem aðstoðarmaður."

### Ekkert ritað í stein

Hann tekur þó öllu með hæfilegum fyrirvara. „Maður veit aldrei. Kannski gerir maður eitthvað af sér í næstu viku og verður umsvifalaust sparkað út," sagði hann í léttum dúr. „Það er ekkert ritað í stein."

Arnar er fjölskyldumaður. Hann á eiginkonu og tvö börn, sjö ára stelpu og fjögurra ára strák, og líður mjög vel í Belgíu. „Ég er hamingjusamur ungur maður og okkur líður mjög vel. Við erum ekki á heimleið í bráð, sérstaklega ef maður fengi tækifæri í þjálfuninni hér úti. Það eru örugglega margir sem myndu borga góðan pening fyrir slíkt tækifæri."

eirikur@frettabladid.is





GUÐMUNDUR Stýrir Íslandi gegn Slóveníu í dag, verðandi andstæðingum Íslands á EM í Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísland mætir Slóveníu í dag:

# Gæti reynst okkur vel

**HANDBOLTI Ísland mætir í dag Slóveníu á æfingamótinu í Danmörku en þessi lið eru reyndar einnig saman í riðli á EM í Serbíu sem hefst eftir rúma viku.**

**Guðmundur Guðmundsson, þjálfari landsliðsins, segir það ekki endilega vera slæmt. „Þessi mót eru skipulögð áður en dregið er í riðla og því er einfaldlega ekki hægt að forðast svona lagað,“ segir hann. „Ég tel það þess utan ekki vera slæmt að mæta þeim nú – það gæti þess vegna reynst okkur vel.“**

**Hann segir að þjálfarateymið muni fylgjast vel með öllum leikjum Slóvena á mótinu. „Við höfum líka verið að viða að okkur efni með Noregi og Króatíu [sem eru einnig með Íslandi í riðli] til þess að greina leik þeirra.“**

**Ísland mætir Slóveníu í lokaumferð riðlakeppninnar 20. janúar næstkomandi.** - esá



TIM TEBOW Fær heimaleik gegn Pittsburgh annað kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

NFL-deildin:

# Úrslitakeppnin að hefjast

**NFL** Deildarkeppnin er búin og alvaran byrjar í kvöld. Þá hefst fyrsta umferð úrslitakeppninnar, svokölluð „Wild Card“ helgi. Átta lið spila um helgina en fjögur sitja hjá í fyrstu umferð.

Einn áhugaverðasti leikurinn er viðureign Denver og Pittsburgh í Denver. Bíða menn spenntir eftir því að sjá hvort leikstjórnandi Denver, hinn heittrúaði Tim Tebow, eigi inni eitt kraftaverk í viðbót. Það vinnur með Denver að aðalhlaupari Pittsburgh spilar ekki og svo er leikstjórnandinn, Ben Roethlisberger, meiddur á ökkla en mun samt spila.

Heitasta lið deildarinnar um þessar mundir, New Orleans, mætir Detroit sem koma einna mest liða á óvart í vetur. New Orleans hefur verið að skora afar mikið síðustu vikur og leikstjórnandi þeirra, Drew Brees, sló í vetur metið fyrir flesta kastmetra á einu tímabili. Spá því margir að New Orleans fari alla leið að þessu sinni.

Úrslitakeppnin og Super Bowl-leikurinn eru sýnd á ESPN America sem má nálgast á fjölvarpi Digital Ísland. - hbg

### Leikir helgarinnar

**Laugardagur:**
Houston - Cincinnati
New Orleans - Detroit
**Sunnudagur:**
NY Giants - Atlanta
Denver - Pittsburgh
**Liðin sem sitja hjá:**
Green Bay Packers
New England Patroits
Baltimore Ravens
San Francisco 49ers

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 13 mörk í 31-31 jafntefli handboltalandsliðsins við Pólverja í gær:

# Sem betur fer vöknuðu menn í hálfleik

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið komst yfir brösuga byrjun og slakan fyrri hálfleik og náði að tryggja sér 31-31 jafntefli á móti Pólverjum í fyrsta undirbúningsleiknum sínum fyrir EM í Serbíu. Þetta var fyrsti leikur landsliðsins á fjögurra þjóða æfingamóti, Total Kredit Cup, sem fram fer í Danmörku um helgina.

Pólverjar voru 17-11 yfir í hálfleik og með 29-26 forystu þegar fimm mínútur voru eftir. Íslenska liðið vann lokakaflann 5-2 og línumaðurinn Kári Kristjánsson skoraði jöfnunarmarkið af miklu harðfylgni. Guðjón Valur Sigurðsson fór á kostum í leiknum og skoraði 13 mörk. Aron Pálmarsson skoraði fimm mörk og þeir Kári og Alexander Petersson voru með fjögur mörk hvor.

„Þetta var mjög kaflaskipt. Þetta var slakur fyrri hálfleikur hjá okkur eiginlega á öllum sviðum en mjög góður síðari hálfleikur og það má jafnvel segja að hann hafi verið frábær,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari.



GUÐJÓN VALUR 13 mörk í gær.

„Þetta byrjaði illa en strákarnir komu aldeilis með réttu svörin í hálfleik og leystu þetta mjög vel bæði varnar- og sóknarlega. Það var jákvætt að enda þetta á þennan hátt.“

„Þetta var ekki okkur samboðið í fyrri hálfleik. Við gerðum alltof mikið af tæknimistökum og afhentum þeim boltann ítrekað. Ég hef sjaldan upplifað annað eins því menn voru bara á hælunum. Sem betur fer vöknuðu menn í hálfleik og komu mjög grimmir til leiks í síðari hálfleik. Það var allt annað að sjá til liðsins og þannig þarf það að vera. Það tekur tíma að spila liðið í gang og það er ágætt að fá æfingaleikina til þess. Þegar upp var staðið þá var þetta mjög jákvætt hjá okkur,“ sagði Guðmundur. - óój



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Hreiðar Levý Guðmundsson er í góðu formi fyrir Evrópumeistaramótið í Serbíu sem hefst eftir rúma viku:

# Hef fengið aukið sjálfstraust með Nøtterøy

**HANDBOLTI** Hreiðar Levý Guðmundsson hefur fundið sig vel á æfingum íslenska landsliðsins síðan það hóf undirbúninginn sinn fyrir EM í Serbíu. Mótið hefst eftir rúma viku en Hreiðar er í góðu formi eftir að hafa spilað mikið með liði sínu í Noregi.

„Mér líður vel. Ég er búinn að æfa vel og það hefur verið mikið um styrktaræfingar hjá liðinu mínu í Noregi. Það er ekkert nema gott um það að segja," segir Hreiðar sem hefur ásamt Björgvini Páli Gústavssyni varið mark íslenska landsliðsins með miklum myndarskap undanfarin ár.

Fyrir tímabilið gekk hann til liðs við Nøtterøy sem situr nú í níunda sæti norsku úrvalsdeildarinnar. Honum líður vel þar en þar áður lék hann með Emsdetten í þýsku B-deildinni. „Mér leið svo sem ekkert illa hjá Emsdetten en mér hefur gengið mjög vel síðan ég kom til Noregs. Ég óttaðist ekki að þetta væri skref niður á við enda mæti ég í hvert verkefni með því hugarfari að standa mig eins vel og ég mögulega get."

Hreiðar spilar nánast hverja einustu mínútu með Nøtterøy og segir að sér hafi gengið vel. „Með því fær maður aukið sjálfstraust sem skiptir vitanlega miklu máli. Ég er líka með öfluga vörn fyrir framan mig en það er fyrst og fremst sóknarleikurinn sem hefur verið okkar vandamál."

Þess má svo geta að Björgvin Páll skipti einnig um lið í sumar en hann leikur nú með Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni. Samstarf þeirra í landsliðinu hefur verið gott og það breytist ekki. „Við reynum ávallt að hjálpa hvorum öðrum og skila sem mestu til liðsins. Það er alltaf gaman að hefja þessa janúartörn og nú getur maður leyft sér að hugsa um ekkert annað en handbolta næsta mánuðinn."

**- esá**



**HREIÐAR LEVÝ** Mun væntanlega verja mark íslenska landsliðsins á EM í Serbíu ásamt Björgvini Páli Gústavssyni. Hér eru þeir félagar saman eftir stórsigur Íslands á Austurríki í undankeppni EM í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Komdu að æfa sund

Sund er holl og góð alhliða íþrótt sem sameinar líkamsrækt, leik, aga og slökun í góðum félagsskap

SUNDDEILD ÁRMANNS

Býr yfir áralangri reynslu í sundkennslu og þjálfun. Þjálfun er miðuð út frá aldri og getu hvers og eins.

Allir velkomnir að koma á æfingar og prufa!

Sundæfingar og kennsla eru í boði á eftirtöldum stöðum:

Sundhöll Reykjavíkur—byrjendur frá 6 ára aldri
Laugardalslaug—frá 6 ára byrjendum upp í afrekshópa
Árbær—Ungbarnasund, Sundskóli fyrir 2-6 ára, æfingar fyrir 6 ára og eldri

Allar nánari upplýsingar á www.armenningar.is
Upplýsingar um sundþjálfun—Þuríður yfirþjálfari, sími 691-7959 og thurye@internet.is
Ungbarnasund og sundskóli—Stella sími 557-6618 e.kl. 17 og stella.gunnars@gmail.com






Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 31. janúar í 7 nætur á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábær sértilboð á hinum vinsælu íbúðarhótelum Parque Sol og Jardin del Atlantico. Einnig Barcelo Margaritas **** hótelinu með öllu inniföldu ásamt öðrum hótelum. Ekki missa af þessu einstaka tilboði. Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!

Kr. 75.900 – Parque Sol
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Parque Sol í 7 nætur.
Verð m.v. 4 fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum kr. 82.800 á mann.
Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum kr. 99.900 á mann.

Kr. 109.900 – Jardin del Atlantico með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð í 7 nætur.

Kr. 105.500 – Barcelo Margaritas með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi í 7 nætur.
Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi 124.900.



Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is




**FÚLSKEGGJAÐUR** Róbert Gunnarsson á æfingu íslenska landsliðsins nú á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ég er ekki sáttur við mína stöðu

**Róbert Gunnarsson hefur lítið fengið að spila með Rhein-Neckar Löwen en gegnir stóru hlutverki í landsliði Íslands. Sami þjálfarinn er á báðum stöðum.**

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson hefur undanfarin ár gegnt algjöru lykilhlutverki í íslenska landsliðinu í handbolta. Það mun hann sjálfsagt gera áfram en hann hefur þó fengið lítið að spila með félagsliði sínu, Rhein-Neckar Löwen, í Þýskalandi að undanförnu.

„Ég er auðvitað ekkert sáttur við sjálfan mig og mína stöðu. Maður vill helst spila 60 mínútur í hverjum einasta leik," segir Róbert. „En ég vissi að ég myndi þurfa að deila mínútunum með öðrum þegar ég gekk til liðs við félagið á sínum tíma. Svo hefur þeim bara fækkað," segir hann og brosir. „Maður verður bara að taka því og læra af mótlætinu. Það þýðir ekkert annað en að halda áfram að æfa vel og vera tilbúinn þegar kallið kemur."

> Það þýðir ekkert annað en að halda áfram að æfa vel og vera tilbúinn þegar kallið kemur.
>
> **RÓBERT GUNNARSSON** LANDSLIÐSMAÐUR Í HANDBOLTA

## Öðruvísi á þýsku

Róbert er í þeirri óvenjulegu stöðu að þjálfari hans hjá félagsliðinu er einnig landsliðsþjálfari hans. Hann segir að það skipti þó litlu sem engu máli.

„Ég kynntist þessu þegar ég var með Alfreð [Gíslason] á báðum stöðum líka. Þetta er vissulega skrýtið því félagsliðsþjálfarinn Guðmundur og landsliðsþjálfarinn Guðmundur er ekki sami maðurinn. Hann er öðruvísi á íslensku heldur en á þýsku og þetta tvennt er í raun alveg aðskilið."

Róbert segist þó ekki óttast að hann sé ekki í nógu góðu leikformi fyrir landsliðið en viðtalið var tekið áður en landsliðið hélt utan til Danmerkur þar sem það spilar á æfingamóti um helgina. „Ég skil vel að það skuli vera einhverjar efasemdir um það en það verður þá bara að koma í ljós. Nú fáum við þrjá leiki í Danmörku til að fínpússa okkar leik og þá munu allir leikmenn sjá hvar þeir eru staddir. En það hjálpar mér eins og öðrum hversu lengi flestir okkar í landsliðinu hafa spilað saman. Ef maður ætti að passa inn í eitthvað lið þá væri það þetta. Ég mun einbeita mér að því jákvæða."

Sjálfur hefur Guðmundur ekki áhyggjur af því að Róbert sé ekki í nægilega góðu standi fyrir landsliðið. Hann sagði við Fréttablaðið í desember síðastliðnum að þrátt fyrir allt hafi Róbert fengið sínar mínútur. „Robbi er í fínu standi en það er við ramman reip að draga þegar maðurinn sem hann er að keppa við [Bjarte Myrhol] er að spila mjög vel," sagði Guðmundur.

## Sama spurningamerkið

Róbert segir erfitt að meta stöðu liðsins þar til að EM hefst í Serbíu. „Þegar janúar hefst finnst mér alltaf vera þetta sama spurningamerki yfir liðinu," segir Róbert. „Æfingarnar ganga vel og menn leggja sig fram. Svo þegar út í alvöruna er komið sjá menn fyrst hvernig þeir standa."

Þess má svo geta að samningur Róberts við Rhein-Neckar Löwen rennur út í sumar. Hvað tekur við er óvíst en Róbert hefur ekki átt í viðræðum við önnur lið að undanförnu. „Það er ekkert í gangi eins og er og þannig verður það þangað til að mótinu lýkur í Serbíu. Menn vilja sem minnst hugsa um svona mál í miðju stórmóti í handbolta," segir Róbert.

eirikur@frettabladid.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10




498 KR. 1 KG

498 KR. 1 KG

FROSNIR ÁVEXTIR
Í HEILSUDRYKKINN




498 KR. 1.2 KG

PHILIPS



7998 KR. STK.

**BLANDARI** - *MIXER*
600 WATTS
(SÉRVÖRUVERSLANIR BÓNUS)




498 KR. 240 GR




598 KR. 240 GR

**VILLT ÍSLENSK AÐALBLÁBER OG KRÆKIBER 240 GR**
FRÁ BERJABÚINU Á VÖLLUM




1695 KR. KG




998 KR. KG

**GRÍSAVEISLU FERSK PURUSTEIK**




495 KR. 518 GR

**CHEERIOS 518 GR**




195 KR. 2 LTR

195 KR. 2 LTR

*FJÓRIR FERSKIR 80 GR NAUTAVEISLU*
**NAUTAHAMBORGARAR**
MEÐ BRAUÐI




598 KR. PK.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | 5 | | | | 2 |
| | | 2 | | 9 | 6 | | 1 | 5 |
| 8 | | | | | 4 | | 6 | |
| | | | | 4 | | | 2 | |
| | | 3 | 6 | | 8 | 7 | | |
| | 2 | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 7 | | | | | 9 |
| 5 | 7 | | 9 | 3 | | 6 | | |
| 2 | | | | 6 | 1 | | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTUNNI ER Á BONUS.IS



BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

## > Jon Hamm

„Mér hefur fundist ég komast upp með heilan helling í lífinu. Eftir því sem ég verð eldri þá átta ég mig betur á því að ég hef í raun ekki komist upp með neitt því allt tekur sinn toll einhvers staðar. “

***Leikarinn Jon Hamm virðist algjörlega vera með færnina við að eldast á hreinu, en hann á 2 mánuði eftir í 41s árs aldurinn. Hamm leikur auglýsingamógúlinn Don Draper í Mad Men sem er sýndur á Stöð 2 í kvöld klukkan 21.50.***



# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 21.05
### The Kennedys

Í kvöld hefst á Stöð 2 sjónvarpsþáttaröð sem hefur vakið mikla athygli og umtal í Bandaríkjunum. Þar er sögð saga Kennedy-fjölskyldunnar og fylgst með lífshlaupi John F. Kennedy, allt frá fyrstu skrefum hans í stjórnmálum að sviplegu dauðsfalli. Þáttanna var beðið með mikilli eftirvæntingu en hver sjónvarpsstöðin af annarri hætti við að sýna þættina og leikstjórinn Jon Cassar sagði ástæðuna vera að valdamiklir menn úr heimi stjórnmálanna og með tengingar í Kennedy-fjölskylduna hefðu beitt áhrifum sínum. Þættirnir voru að lokum sýndir á kapalstöð og hlutu mjög góðar viðtökur. Þáttaröðin vann til þrennra Emmy-verðlauna á síðustu verðlaunahátíð. Með aðalhlutverk fara Greg Kinnear, Tom Wilkinson og Katie Holmes.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Heimsendir verður á morgun **11.00** Guðsþjónusta í Breiðholtskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Galdra - Loftur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.35 Áramótamót Hljómskálans**
**11.25 Trompeteria** (e)
**12.00 Landinn** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.55 Innherjarán** (Inside Job)
**15.40 Bikarkeppnin í körfubolta** (Stjarnan - Snæfell) BEINT
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Pálína** (35:54)
**17.35 Veröld dýranna** (40:52)
**17.41 Hrúturinn Hreinn** (38:40)
**17.48 Skúli Skelfir** (52:52)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Við bakaraofninn** (1:6) (Camilla Plum: Boller af stål) Í þessari dönsku þáttaröð bakar Camilla Plum girnileg brauð.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 Downton Abbey** (7:9) (Downton Abbey II)
**21.05 Jón og séra Jón** Heimildamynd eftir Steinþór Birgisson um séra Jón Ísleifsson sóknarprest í Árnesi Ströndum í 12 ár.
**22.35 Sunnudagsbíó - Kabarett** (Cabaret) Bandarísk söngvamynd frá 1972. Stúlka sem er skemmtikraftur í klúbbi í Berlín á tíma Weimar-lýðveldisins er í tygjum við tvo karlmenn meðan nasistar eru að komast til valda.
**00.35 Silfur Egils** (e)
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.20 The Golden Compass**
**09.10 Wordplay**
**10.40 There's Something About Mary**
**12.35 Prince and Me II**
**14.10 Wordplay**
**16.00 There's Something About Mary**
**18.00 Prince and Me II**
**20.00 The Golden Compass**
**22.00 Köld slóð**
**00.00 The Chumscrubber**
**02.00 Unknown**
**04.00 Köld slóð**
**06.00 Rain man**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 Tricky TV** (19:23)
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 American Dad** (1:18)
**14.10 Norður-Evrópumeistaramótið í samkvæmisdönsum.**
**15.00 Spaugstofuannáll 2011**
**15.50 Í nýju ljósi** (1:10)
**16.25 Spurningabomban** (11:11)
**17.35 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (17:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk** (13:38)
**20.20 The Mentalist** (3:24)
**21.05 The Kennedys** (1:8) Ein umtalaðasta sjónvarpssería síðustu ára. Fylgst er með lífshlaupi John F. Kennedy, frá fyrstu skrefum hans í stjórnmálum, valdatíð hans, velgengni og leyndarmálum á forsetastóli og sviplegu dauðsfalli. Meðal þeirra sem koma við sögu eru Jaqueline Kennedy, Frank Sinatra, Marilyn Monroe, J. Edgar Hoover og Lyndon B. Johnson.
**21.50 Mad Men** (9:13)
**22.40 60 mínútur**
**23.25 The Glades** (1:13) Sakamálaþættir sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins og kvennagullsins Jim Longworth. Sá söðlar um og reynir að fóta sig í nýju starfi á Flórída eftir að hafa verið rekinn frá störfum í fyrra starfi sínu í Chicago þegar honum var ranglega gefið að sök að hafa sofið hjá eiginkonu yfirmanns síns.
**00.15 Capturing Mary**
**02.00 Kidnap & Ransom (1:2)** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Dominic King er sérfæðingur í að semja við mannræningja og er fremstur á sínu sviði. Hann leggur allt í sölurnar fyrir skjólstæðinga sína.
**03.15 Kidnap & Ransom (2:2)**
**04.25 The Mentalist** (3:24)
**05.05 Mad Men** (9:13)
**05.50 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**08.45 Spænski boltinn: Spænski boltinn 11/12**
**10.30 Bristol Rovers - Aston Villa**
**12.15 FA Cup - Preview Show**
**12.45 Man. City - Man. Utd.** BEINT. Leikur í 3. umferð ensku bikarkeppninnar (FA Cup).
**15.15 Peterborough - Sunderland** BEINT. Leikur í 3. umferð ensku bikarkeppninnar (FA Cup).
**17.30 Spænski boltinn: Spænski boltinn 11/12** BEINT. Leikur í spænsku úrvalsdeildinni.
**19.15 Man. City - Man. Utd.**
**21.00 Peterborough - Sunderland**
**22.45 Spænski boltinn: Spænski boltinn 11/12**

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**14.00 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1996**
**14.30 PL Classic Matches: Tottenham - Man. Utd., 2001**
**15.00 Season Highlights 2010/2011**
**15.55 Premier League World**
**16.25 Tottenham - WBA**
**18.15 Arsenal - QPR**
**20.05 Peter Schmeichel** Einn besti markvörður veraldar fra upphafi verður kynntur til sögunnar að þessu sinni. Peter Schmeichel, danska tröllið, gerði garðinn frægann með Manchester Utd. og þykir einn besti markvörður heims fyrr og síðar.
**20.35 Season Highlights 1996/1997**
**21.30 PL Classic Matches: Man Utd - Ipswich, 1994**
**22.00 PL Classic Matches. Wimbledon - Newcastle, 1995**
**22.30 Liverpool - Newcastle**

## STÖÐ 2 EXTRA

**14.25 Íslenski listinn**
**14.50 Bold and the Beautiful**
**15.10 Bold and the Beautiful**
**15.30 Bold and the Beautiful**
**15.50 Bold and the Beautiful**
**16.10 Bold and the Beautiful**
**16.30 Falcon Crest** (1:30)
**17.20 ET Weekend**
**18.05 Tricky TV** (20:23)
**18.30 The Glee Project** (1:11)
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 Entourage** (10:12)
**20.05 Love Bites** (6:8)
**20.50 The Reckoning** (1:2)
**21.40 The Reckoning** (2:2)
**22.30 Falcon Crest** (1:30)
**23.20 ET Weekend**
**00.05 Entourage** (10:12)
**00.35 Íslenski listinn**
**01.05 Sjáðu**
**01.30 Tricky TV** (20:23)
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Golf fyrir alla 2 **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldhús meistaranna **16.00** Hrafnaþing **17.00** Svartar tungur **17.30** Græðlingur **18.00** Jón Baldvin **18.30** Tölvur, tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Bubbi og Lobbi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.50 Rachael Ray** (e)
**10.35 Rachael Ray** (e)
**11.15 Dr. Phil** (e)
**12.00 Dr. Phil** (e)
**12.45 Dr. Phil** (e)
**13.30 Hæ Gosi - bak við tjöldin**
**14.00 America's Next Top Model** (4:13) (e)
**14.45 Kitchen Nightmares** (12:13) (e)
**15.35 Once Upon A Time** (1:22) (e)
**16.25 HA?** (15:31) (e)
**17.15 Outsourced** (17:22) (e)
**17.40 The Office** (12:27) (e)
**18.05 30 Rock** (19:23) (e)
**18.30 Survivor** (5:16) (e)
**19.20 Survivor** (6:16) (e)
**20.10 Top Gear Best of** (3:4)
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (15:24)
**21.50 Dexter** (9:12) .
**22.40 The Walking Dead** (3:6) (e)
**23.30 Neverland** (2:2)
**01.00 House** (18:23) (e)
**01.50 Whose Line is it Anyway?** (17:20) (e)
**02.15 Whose Line is it Anyway?** (18:20) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Tournament of Champions 2012 (2:4)**
**12.40 Global Golf Adventure (2:4)**
**13.05 Tournament of Champions 2012 (2:4)**
**17.35 Inside the PGA Tour (1:45)**
**18.00 Tournament of Champions 2012 (2:4)**
**22.30 Tournament of Champions 2012 (3:4)**
**03.00 ESPN America**

## BBC entertainment

**06.10** My Family **06.40** QI **08.15** My Family **08.45** EastEnders **10.45** QI **11.45** My Family **12.15** QI **13.15** QI **14.15** Top Gear **15.55** Top Gear **17.45** QI **19.45** Jack Dee - Live And Uncut **20.35** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **21.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.00** Live at the Apollo **23.45** Live at the Apollo **00.35** QI **01.35** QI **02.00** QI Children in Need Special **02.30** Top Gear **03.45** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **04.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **05.25** QI

## DR 1

**08.30** Lille Nørd **09.20** Fanboy og Chum Chum **09.35** Rablende robotter **09.40** Pingvinerne fra Madagascar **10.00** ICarly **10.25** Isas Stepz **10.40** Isas Stepz **10.55** Osman og Jeppe **11.10** Gepetto News **11.40** Cowboy, indianer og hest **12.00** DR Update - nyheder og vejr **12.10** Boxen **12.25** Nyt hus midt i historien **14.00** Gudstjeneste i DR Kirken **15.45** Sport 2011 **18.30** TV Avisen med Sport og Vejret **19.00** Sportsrevyen 2011 **20.00** Dronning Margrethe **21.00** 21 Søndag **21.40** SportNyt **21.50** Clement Søndag **22.30** Torpedo

## NRK 1

**07.25** Idrettsgalla 2012 **09.25** V-cup kombinert **10.15** Sport i dag **10.25** V-cup alpint **11.15** Sport i dag **11.45** Tour de Ski **12.00** EM skøyter all round **12.25** Tour de Ski **13.25** V-cup skiskyting **14.15** Tour de Ski **15.25** V-cup skiskyting **16.15** EM skøyter all round **16.50** Sport i dag **17.30** Ingen grenser **18.25** Norsk attraksjon **19.00** Søndagsrevyen **19.45** Sportsrevyen **20.15** Ingen grenser **21.10** Lilyhammer **21.55** Kilden **23.00** Kveldsnytt **23.15** Broen **00.15** Ikke gjør dette hjemme **00.45** Lille Dorrit

## SVT 1

**08.00** Svea kanal **09.00** Rapport **09.05** Kjell 5000 **09.15** På spåret **10.15** Vinterstudion **10.30** Alpint **11.15** Längdskidor **11.45** Alpint **12.30** Skidor **13.10** Vinterstudion **13.30** Alpint **14.15** Vinterstudion **14.30** Skidor **15.05** Vinterstudion **15.25** Rapport **15.30** Handboll. Elitserien **17.15** Vinterstudion **17.55** Sportnytt **18.00** Rapport **18.10** Regionala nyheter **18.15** Landet runt årskrönika **19.00** Sportspegeln **19.55** Regionala nyheter **20.00** Benny Anderssons orkester **21.00** Riktiga män **23.00** Damages

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Sony Center

www.sonycenter.is




**HÁGÆÐA 40" 3D LED SJÓNVARP** KDL-40EX720

ANBEFALT! HJEMMEKINO 6

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi
- 200Hz myndvinnsla
- Þráðlaus nettenging
- Bravia Internet sjónvarp

**189.990.-** Verð áður 249.990.-

SKJÁREINN

Þriggja mánað áskrift að SkjáEinum fylgir öllum sjónvörpum!

VISA

6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER




**FLOTTUR MP3 SPILARI Á FRÁBÆRU VERÐI!** NWZB163FB

- 4 GB minni
- Allt að 1000 lög
- Góð heyrnatól fylgja
- Innbyggt útvarp

**9.990.-** Verð áður 16.990.-




**DSLR MYNDAVÉL Á FLOTTU VERÐI**
DSLR-A230

- 10.2 megapixla CCD myndflaga
- Tökuhraði 2,5 rammar á sekúndu
- 18-55 mm linsa
- Rykvarnarkerfi

**49.990.-** Verð áður 99.990.-




**MYNDAVÉL MEÐ DSLR EIGINLEIKUM**
NEX-3

- 14.2 megapixla Exmor myndflaga
- 3" Trueblack skjár
- HD Movie
- 16mm linsa

**69.990.-** Verð áður 119.990.-




**HÁGÆÐA 46" 3D LED SJÓNVARP**
KDL-46EX720

- Full HD 1920 x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi
- Bravia Internet sjónvarp

**259.990.-** Verð áður 319.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

**Takmarkað magn!**

## > Stöð 2 kl. 21.30

### State of Play

*Russell Crowe leikur rannsóknarblaðamann í þessari mögnuðu spennumynd um efnilegan þingmann sem lendir í klípu þegar aðstoðarkona hans og hjákona er myrt. Ben Affleck leikur þingmanninn unga en auk þeirra leika Helen Mirren og Rachel McAdams stór hlutverk.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON GRÉT MEÐ AMIRU OG YAHYA

# *Sorglegar sögur frá Gaza*

Oft og mörgum sinnum hef ég dásamað skandinavísku ríkissjónvarpsstöðvarnar fyrir heimildarmyndirnar sem þær sýna á þriðjudögum og þá sérstaklega danska ríkissjónvarpið DR2 sem sýnir slíkar myndir undir samheitinu Dokumania.



Síðustu vikur sá ég tvær mjög áhugaverðar heimildarmyndir. Önnur var sýnd á DR2 og fjallaði um fjármálakreppuna í Bandaríkjunum. Hin var sýnd á SVT1, sænsku ríkisstöðinni, og hét Tár Gaza. Hún er úr smiðju norsku leik- og kvikmyndagerðakonunnar Vibeke Løkkeberg og fjallar um ástandið á Gaza-svæðinu í Palestínu og séð með augum barnanna sem þar búa við skelfilegar aðstæður.

Myndin var tekin upp á árunum 2008 til 2009 og eru unglingsstúlkan Amira og hinn ungi Yahya í forgrunni og deila sögu sinni með áhorfendum. Sögur barnanna og hrottalegt myndefni af látnum börnum í húsarústum nýstir inn að innstu hjartarrótum og framkalla vissulega tár hjá þeim sem á horfa. Heimildarmyndir sem þessar eru þó nauðsynlegar því það er auðvelt að gleyma umheiminum þegar lífið gengur sinn vanagang hér heima á Íslandi. Það væri gaman ef íslenska ríkissjónvarpið tæki nú upp á því að feta í fótspor hinna skandinavísku stöðvanna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Hnapparatið **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Hans og Gréta **21:00** Ég var ofvirk og dansandi **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Landsmót UMFÍ 50 ára og eldri**
**11.00 Leiðin að bronsinu** (e)
**11.30 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.10 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.50 Kastljós** (e)
**13.20 Gott silfur gulli betra** (e) Heimildamynd um Handknattleikslið Íslands á Ólympíuleikunum í Peking 2008.
**14.50 Bakka-Baldur** (e)
**15.55 Útsvar** (Seltjarnarnes - Skagafj.) (e)
**17.05 Ástin grípur unglinginn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.58 Bombubyrgið** (Blast Lab) (e)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Áramótaskaupið** (e)
**20.30 Evan almáttugur** (Evan Almighty) Guð setur sig í samband við þingmanninn Evan Baxter og segir honum að smíða örk til að vera viðbúinn miklu flóði.
**22.10 Hjartaknúsarinn** (The Heartbreak Kid) Nýgiftur maður sem telur sig hafa náð í hina fullkomnu konu hittir aðra dís í brúðkaupsferðinni sinni.
**00.10 Glímukappinn** (The Wrestler) Glímukappi verður að hætta keppni en á erfitt með að fóta sig utan bardagapallsins. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.40 Mamma Mia!**
**08.30 Old Dogs**
**10.00 The Holiday**
**12.15 Happily N'Ever After**
**14.00 Old Dogs**
**16.00 The Holiday**
**18.15 Happily N'Ever After**
**20.00 Mamma Mia!**
**22.00 Titanic**
**01.10 Premonition**
**02.45 Feast**
**04.10 Titanic**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 The Glee Project** (1:11) Frábær þáttaröð sem gengur út á það að finna og þjálfa upp ótrúlega hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 The X Factor** (25:26)
**14.50 The X Factor** (26:26)
**16.20 ET Weekend**
**17.05 Two and a Half Men** (4:16)
**17.30 Íslenski listinn**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief** Spennandi ævintýramynd um strákinn Percy Jackson sem uppgötvar að hann er í raun sonur Gríska sjávarguðsins Poseidons. Með hjálp vina sinna leggur hann á sig mikið ferðalag m.a. til undirheima til að bjarga heiminum frá tortímingu, og þarf auk þess að berjast við Grísku guðina sem ætla í stríð.
**21.30 State of Play**
**23.35 Platoon** Mögnuð mynd sem hlaut 4 Óskarsverðlaun í leikstjórn Olivers Stone og fjallar um ungan hermann í Víetnam sem lendir í siðferðislegri kreppu þegar hann upplifir hryllinginn í stríðinu. Með aðalhlutverk fara Charlie Sheen og Johnny Depp.
**01.35 The Lodger** Spennumynd með Simon Baker úr The Mentalist. Hrottafengið morð er framið í Hollywood.
**03.10 The Secret Life of Bees** Stórbrotin mynd sem gerist í Suður-Karólínu árið 1964 og segir frá 14 ára hvítri stúlku sem strýkur að heiman ásamt hörundsdökkri fóstru sinni. Með aðalhlutverk fara Dakota Fanning, Queen Latifah og Jennifer Hudson.
**04.55 ET**
**05.40 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**11.50 FA Cup - Preview Show**
**12.20 Birmingham - Wolvs** BEINT.
**14.45 Macclesfield - Bolton** BEINT.
**17.15 Bristol Rovers - Aston Villa** BEINT
**19.25 Feherty: Greg Norman**
**20.20 La Liga Report**
**20.50 Spænski boltinn: Spænski boltinn 11/12** BEINT.
**23.00 Birmingham**
**00.45 Macclesfield - Bolton**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 Season Highlights 2008/2009**
**14.55 Premier League World**
**15.25 Premier League Review 2011/12**
**16.20 Man. City - Liverpool**
**18.10 Newcastle - Man. Utd.**
**20.00 Football Legends: Ronaldinho**
**20.25 Season Highlights 2009/2010**
**21.20 Everton - Bolton**
**23.10 Chelsea - Aston Villa**

## 2 EXTRA

**15.15 Celebrity Apprentice** (8:11)
**16.40 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**17.40 Nágrannar**
**18.00 Nágrannar**
**18.25 Cold Case** (5:22)
**19.10 Spurningabomban** (11:11)
**20.15 Wipeout - Ísland**
**21.10 Twin Peaks** (2:22)
**22.00 Numbers** (1:16)
**22.45 Cold Case** (5:22)
**23.30 My Name Is Earl** (19:27)
**23.55 My Name Is Earl** (20:27)
**00.20 My Name Is Earl** (21:27)
**00.45 My Name Is Earl** (22:27)
**01.10 Íslenski listinn**
**01.35 Sjáðu**
**02.05 Spurningabomban** (11:11)
**03.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.00 Rachael Ray** (e)
**11.45 Rachael Ray** (e)
**12.30 Rachael Ray** (e)
**13.15 Dr. Phil** (e)
**14.00 Dr. Phil** (e)
**14.45 Being Erica** (8:13) (e)
**15.30 Live To Dance** (1:8) (e)
**16.20 Charlie's Angels** (5:8) (e)
**17.10 Pan Am** (7:13) (e)
**18.00 The Jonathan Ross Show** (7:19)
**18.50 Minute To Win It** (e)
**19.35 Mad Love** (9:13) (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (4:48)
**20.25 Eureka** (1:20)
**21.15 Once Upon A Time** (1:22) Emma Swan er ung kona sem býr og starfar í Boston. Í fyrsta þættinum hittir Emma Henry, tíu ára gamlan son sinn sem hún gaf til ættleiðingar. Henry heldur því fram að móðir hans komi frá annar veröld og hún heldur með honum til bæjarins Storybrooke.
**22.05 Saturday Night Live** (3:22)
**22.55 Rocky** Rocky Balboa fær loks tækifæri til að sanna sig þegar honum býðst að slást við sitjandi heimsmeistara.
**01.00 Neverland** (1:2)
**02.30 HA?** (15:31) (e)
**03.20 Whose Line is it Anyway?** (16:20) (e)
**03.45 Real Hustle** (1:10) (e)
**04.10 Smash Cuts** (8:52) (e)
**04.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.35** Tournament of Champions 2012 (1:4) **12.05** Golfing World **12.55** Inside the PGA Tour (1:45) **13.20** Tournament of Champions 2012 (1:4) **17.35** Global Golf Adventure (1:4) **18.00** Tournament of Champions 2012 (1:4) **22.30** Tournament of Champions 2012 (2:4) **03.00** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## BBC entertainment

**06.15** EastEnders **07.15** EastEnders **08.15** My Family **08.45** Top Gear **10.30** QI **11.30** My Family **12.30** QI **13.35** QI **14.35** Top Gear **15.25** Top Gear **16.15** Top Gear **17.10** Top Gear **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** My Family **19.30** My Family **20.00** Silent Witness **20.55** Silent Witness **21.50** Waking the Dead **22.40** Waking the Dead **23.30** Silent Witness **00.25** Silent Witness **01.20** Waking the Dead **02.15** Waking the Dead **03.05** Silent Witness **04.00** Silent Witness **04.55** My Family **05.25** My Family

## DR 1

**07.30** Løgnhalsen som frisør **08.00** Disney Sjov **09.20** Fanboy og Chum Chum **09.40** Pingvinerne fra Madagascar **10.00** Dragejægerne **11.15** Batman - Den tapre og den modige **11.40** Troldspejlet **12.00** DR Update - nyheder og vejr **13.20** Ved du hvem du er? **14.10** Price og Blomsterberg **14.40** Her er dit liv **15.40** X Factor **16.40** X Factor **17.40** Før søndagen **17.50** Sporløs **18.20** Held og Lotto **18.30** TV Avisen med vejret **18.55** SportNyt **19.10** De kære dyrebørn **20.00** Sport 2011 **21.30** The Medallion

## NRK 1

**06.50** Førkveld **07.30** Førkveld **08.10** Norge rundt **08.35** Popstokk **09.25** V-cup kombinert **10.15** Sport i dag **10.25** V-cup alpint **11.40** Sport i dag **12.00** Tour de Ski **13.45** Sport i dag **14.25** V-cup skiskyting **15.45** Tour de Ski **16.45** EM skøyter all round **17.30** Snøbrett **18.25** Sport i dag **19.00** Lørdagsrevyen **19.45** Lottotrekning **19.55** Idrettsgalla 2012 **21.55** Norsk attraksjon **22.25** Tess av slekta D'Ubervilles **23.15** Kveldsnytt **23.30** The Boat That Rocked **01.40** Dansefot jukeboks m/chat **04.05** Adele i Royal Albert Hall

## svt1

**08.55** Anslagstavlan **09.00** Rapport **09.05** Inför Idrottsgalan 2012 **09.15** Vintermagasinet **10.15** Vinterstudion **10.30** Alpint **11.15** Vinterstudion **11.45** Alpint **12.30** Skidor **13.30** Alpint **14.15** Vinterstudion **15.45** Skidor **16.20** Rapport **16.25** Vinterstudion **16.55** Bilar, 50-tal & rock'n'roll **17.50** Helgmålsringning **17.55** Sportnytt **18.00** Rapport **18.10** Vasa 1628 **18.55** Musik, det är roligt det! **19.30** Rapport **19.45** Sportnytt **20.00** Stjärnorna på slottet **21.00** Morden i Midsomer **22.40** Rapport **22.45** Boardwalk Empire

## iNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Græðlingur **22.00** Jón Baldvin **22.30** Tölvur, tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


5. - 16. JANÚAR
JANÚAR TILBOÐ!
LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM VÖRUM FRÁ:
adidas
hummel
NIKE
PUMA
RUSSELL ATHLETIC
RÖHNISCH
SKECHERS
SPEEDO
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA
EXPO • www.expo.is

**PERSÓNAN**

*Anna Gunndís Guðmundsdóttir*



**Aldur:** 28 ára.
**Búseta:** Bý upp úr tösku í Reykjavík.
**Fjölskylda:** No comment.
**Foreldrar:** Guðmundur Karl Sigurðsson verslunarmaður og Laufey Brynja Einarsdóttir, hjá Atlantsflugi. Ég hef líka búið mikið hjá móðursystur minni, Hallfríði Einarsdóttur ritara, og Jónasi Sigurjónssyni smiði.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Anna Gunndís sló í gegn í hlutverki Hildar Lífar í Áramótaskaupinu.

# Friðrik mætti með mömmu sína á Bessastaði

„Þetta er miklu meira en við bjuggumst við," segir söngvarinn Friðrik Ómar.

Rúmlega sautján milljónir króna söfnuðust á samstöðutónleikum hans og Jógvans Hansen í Hörpunni í nóvember vegna óveðursins sem gekk yfir Færeyjar í nóvember í fyrra. Tónleikarnir voru sýndir í Sjónvarpinu og þeim útvarpað á Rás 2 og á meðan voru landsmenn hvattir til að leggja söfnuninni lið.

Friðrik Ómar, Jógvan og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhentu formanni Björgunarsveitarinnar í Færeyjum upphæðina í pönnukökuboði á Bessastöðum í gær. „Þetta var bara mjög notalegt. Það var vel tekið á móti öllum og allt saman afskaplega flott," segir Friðrik Ómar, sem var að koma á Bessastaði í fyrsta sinn. Hann hitti ekki Dorrit Moussaieff eins og hann hafði vonast eftir en Ólafur Ragnar var „alveg eldhress". „Hann stillti okkur hérna upp í hljómsveitinni eins og hann væri þaulvanur rótari," segir hann, ánægður með forsetann. „Hann sá um allt væri á réttum stað og það var greinilegt að hann hafði gert þetta áður."

Friðrik Ómar og Jógvan sungu nokkur lög bæði á íslensku og færeysku við góðar undirtektir. Á meðal gesta var móðir Friðriks Ómars og var hún að vonum ánægð með að koma á Bessastaði. „Það var gaman að fá hana. Hún var óvænt í borginni," sagði Dalvíkingurinn knái. **- fb**



**Á BESSASTÖÐUM** Friðrik Ómar og Jógvan sungu nokkur vel valin lög fyrir forsetann á Bessastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**ÁNÆGÐ** Katrín Alda Rafnsdóttir, til hægri, hér ásamt systur sinni Rebekku, er mjög ánægð með hrifningu Löru Stone á hönnun sinni enda ein af hennar uppáhaldsfyrirsætum.



**ÞAKKAÐI FYRIR SIG** Þessa mynd tók Lara Stone sjálf og sendi Katrínu með kærri þökk fyrir kjólinn góða en þær hyggja á áframhaldandi samstarf í framtíðinni.

**KATRÍN ALDA RAFNSDÓTTIR:** FRÁBÆR AUGLÝSING OG VIÐURKENNING

# Lara Stone hélt upp á afmælið sitt í kjól frá Kalda

„Þetta er mjög gaman enda er hún ein af mínum uppáhaldsfyrirsætum," segir Katrín Alda Rafnsdóttir fatahönnuður. Ofurfyrirsætan Lara Stone klæddist kjól frá merki hennar Kalda á dögunum.

Katrín og Stone eiga sameiginlegan kunningja en það var Stone sjálf sem hafði samband við Katrínu og bað hana um þennan tiltekna kjól því hana langaði að klæðast honum á afmælinu sínu í lok desember. „Það var gaman að hún skyldi hafa samband að fyrra bragði en hún hafði séð kjólinn hjá vinkonu minni. Það var auðvitað lítið mál að senda henni kjólinn og ég laumaði nokkrum flíkum í viðbót ofan í pakkann," segir Katrín, hönnuður og eigandi Kalda ásamt systur sinni Rebekku en þær eru einnig með búðina Einveru á Laugavegi.

Lara Stone er ein frægasta fyrirsæta heims og meðal annars andlit Calvin Klein, Prada, Louis Vuitton, H&M og Versace. Árið 2010 var hún á toppnum yfir vinsælustu fyrirsætur heims og er í sjöunda sæti á lista Forbes yfir launahæstu fyrirsætur síðasta árs. Stone giftist breska grínistanum David Walliams úr Little Britain árið 2010.

Stone sendi Katrínu mynd af sér í kjólnum og þakkaði kærlega fyrir sig í leiðinni. „Hún var mjög ánægð með allt sem við sendum og við ætlum að vera í áframhaldandi samstarfi. Það er gaman að fá svona viðurkenningu frá einhverjum sem maður hefur fylgst með lengi og hvetur mann áfram," segir Katrín en fatamerkinu Kalda hefur verið vel tekið og hafa til að mynda sænska fyrirsætan Carolina Winberg og breska söngkonan Pixie Lott sést klæðast fatnaði frá þeim. „Lott er með blogg á heimasíðu breska Vogue og hefur ítrekað klæðst flíkum frá Kalda sem er hið besta mál."

Katrín Alda fullyrðir að þetta sé besta markaðssetningin og raun betra fyrir þær en að kaupa auglýsingu í blaði. „Þetta skiptir miklu máli og við höfum alveg hugsað út í að senda frægum einstaklingum fatnað en það eru hönnuðir að gera reglulega," segir Katrín sem þessa dagana er að undirbúa sig fyrir tískuvikurnar í New York, London og París þar sem Kalda verður til sýnis. Kalda er selt í versluninni Liberty í London og hefur Katrín því í hyggju að vera með annan fótinn úti á þessu ári. „Við ætlum að herja á erlenda markaðinn núna en stígum varlega til jarðar og tökum einn dag í einu í þeim efnum."

**alfrun@frettabladid.is**

# Ragnar í Pain of Salvation

Tónlistarmaðurinn Ragnar Sólberg, úr hljómsveitinni Sign, hefur gengið til liðs við sænsku progg-þungarokkhljómsveitina Pain of Salvation, sem er gríðarlega stórt nafn í heimi þungarokksins.

Ragnar er því á leiðinni í tveggja mánaða tónleikaferðalag um Evrópu með hljómsveitinni, sem hefst 10. febrúar í Glasgow í Skotlandi. Hann var valinn úr tæplega hundrað manna hópi umsækjenda og samkvæmt yfirlýsingu á heimasíðu sveitarinnar er gríðarleg ánægja með valið. „Við erum handvissir um að Ragnar hefur það sem þarf til að sparka í rassgötin á ykkur á væntanlegum tónleikum, fyrstu æfingadagarnir undirstrika það," segir í yfirlýsingunni. „Hann er stórkostlegur gítarleikari, framúrskarandi söngvari og hann kann að nota hæfileikana til að rokka á sviði. Svo er hann æðisleg manneskja!"

Ekki náðist í Ragnar í gær, en í orðsendingu til aðdáenda Pain of Salvation á vefsíðu hljómsveitarinnar segist hann vera gríðarlega þakklátur og spenntur fyrir væntanlegu tónleikaferðalagi. Þá segir hann það vera ótrúleg forréttindi að deila sviði með einni af uppáhaldshljómsveitunum hans. „Ég get ekki beðið eftir að byrja að rokka með tónlistinni sem við elskum öll svo mikið,"



**NÝTT VERKEFNI** Ragnar Sólberg spilar á gítar með Pain of Salvation á tveggja mánaða tónleikaferðalagi.

# ÚTSALA Í KAUPTÚNI

FEIKIFALLEG HÚSGÖGN OG SMÁVARA Á FEIKNAGÓÐU VERÐI

HEFST Í DAG

*allt að 60% afsláttur*

FEIKIFALLEG HÚSGÖGN OG SMÁVARA Á FEIKNAGÓÐU VERÐI

FEIKIFALLEG HÚSGÖGN OG SMÁVARA Á FEIKNAGÓÐU VERÐI

OPIÐ
LAUGARDAG 10-17
SUNNUDAG 13-17

habitat

TEKK COMPANY

KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### VG kokkar og kvissar

Þau Elías Jón Guðjónsson og **Silja Bára Ómarsdóttir** munu leiða saman hesta sína utan pólitíkurinnar á föstudaginn 13, nánar tiltekið næstkomandi föstudag. VG efnir þá til kvöldverðar og pub quiz í höfuðstöðvum flokksins, Suðurgötu 3. Elías Jón og Silja Bára munu elda ofan í mannskapinn og með því er talið að matseldin muni „endurspegla að þau keppi sem fulltrúar ólíkra sjónarmiða innan flokksins, það er fullveldissinna og alþjóðasinna.“ Elías býður upp á sérstakan fæðuöryggismatseðli á meðan Silja Bára verður á alþjóðlegum nótum. Að loknu borðhaldi verður matargestum svo gert að skera úr um hvor máltíðin hafi verið betri.



### Toppar Billboard

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu þá sendu Nanna Bryndís og félagar í hljómsveitinni Of Monsters and Men frá sér stuttskífu í gegnum vefverslun iTunes í desember. Platan komst þar á lista yfir mest seldu plöturnar, sem er frábær árangur hjá hljómsveitinni sem sigraði Músiktilraunir árið 2010. Stuttskífan heldur áfram að seljast og trónir nú á toppi bandaríska Billboard-listans yfir svokallaðar Heatseekers-plötur, sem eru með nýjum og spennandi hljómsveitum, en fyrir neðan má finna listamenn á borð við James Blake og Gotye. Þá er skífan í 130. sæti yfir allar plötur, en þar er hin sívinsæla Adele á toppnum.

**- sv, afb**



## Mest lesið vísir

1. Munu reyna að fjarlægja 90 kílóa æxli
2. Rannsókn lýkur í dag
3. Ljósmyndari heillar Breta með íshellum
4. Sérsveitarmaður sýndi stelpu byssu á bar og skaut sig óvart..
5. Kennedy fjölskyldan aftur á leið á þing í Bandaríkjunum





